birta
KESARA ANAMTHAWAT
*Máttur menntunar*
tíska matur heilsa
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIRKUS
VERTU Í TÍSKU
*Konurnar sem klæða þjóðina*
Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. nóvember 2006 — 301. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Sextugur, sætur og fínn



Gylfi Ægisson tónlistarmaður fagnar sextugsafmæli sínu með fjölskyldunni.

TÍMAMÓT 40

### Rousseau í stað Marx?

„Marxistar stefndu að frekari iðnvæðingu en kapítalistar, örari hagvexti, öflugri virkjunum, stærri fyrirtækjum," segir Hannes H. Gissurarson.

Í DAG 30

### Jólin byrja í desember



Atli Týr Ægisson hefur opnað heimasíðu og berst gegn snemmbúnum jólaundirbúningi.

FÓLK 62

### Tap hjá Haukum

Haukastúlkur töpuðu fyrir spænska liðinu Gran Canaria í Evrópukeppninni í gærkvöldi.



ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR -** Í dag verður suðvestan- og vestanstormur sunnan og vestan til annars hægari. Hvessir á Vestfjörðum og norðvestan til í kvöld. Töluverð rigning sunnan og vestan til en úrkomuminna nyrðra. Hiti 0-6 stig, svalast í kvöld.

# Sjötíu prósent vilja frekari takmarkanir á dvalarleyfum

**Ríflega 40 prósent telja fjölda útlendinga hér á landi vera lítið vandamál og um fjórðungur segir vandamálið ekkert, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þriðjungur segir vandamálið mikið. Framkvæmdastjóri Alþjóðahúss segir að líti fólk í kringum sig sé líklegt að fáir komi auga á vandamál.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Mikill meirihluti, eða 73,1 prósent telur að takmarka þurfi frekar veitingu dvalarleyfa til útlendinga. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á þriðjudaginn. 26,9 prósent telja að þess þurfi ekki.

Þá segir þriðjungur, eða 32,9 prósent, að fjöldi útlendinga á Íslandi sé mikið vandamál hér á landi. Tveir þriðju svarenda telja hins vegar að vandamálið sé lítið eða ekkert.

Minnsti hópurinn, eða 23,6 prósent, telur að fjöldinn sé ekkert vandamál. 43,6 prósent telja vandamálið lítið.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segist viss um að umræða síðustu daga hafi villt fólki sýn.

„Ég held að ef fólk lítur í kringum sig þá sé líklegt að fáir komi auga á mikil vandamál," segir Einar. „Til dæmis hefur komið fram að hlutfallslega eru íslenskir ríkisborgarar líklegri til að fremja afbrot en erlendir ríkisborgarar."

Varðandi dvalarleyfin segist Einar telja að almennt skorti fólki þekkingu á fyrirkomulagi á veitingu slíkra leyfa.

„Ég velti því fyrir mér hvort fólk geri sér grein fyrir hversu mörgum er hafnað. Eins og umræðan hefur verið síðustu daga má álykta að allir fái leyfi en það er ekki þannig. Hundruðum umsækjenda hefur verið hafnað á síðustu mánuðum, þá aðallega fólki sem kemur frá löndum utan EES-svæðisins."

Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur segir niðurstöðuna kannski sýna að fólki finnist nóg um fjölda útlendinga á Íslandi.

„Það er erfiðara að túlka hvað fólk vill að verði gert," segir Birgir. „Það getur verið að fólk hafi áhyggjur af því að fjöldi útlendinga breyti þjóðinni eða þeim fylgi glæpir. Þetta sé ógn og spilling erlendis frá sem leggist á þjóðarlíkamann og spilli honum."

Hann segir þó erfitt að segja til um hve hræðslan vegi þar mikið.

- ss/ sjá síðu 4

**Er fjöldi útlendinga á Íslandi ekkert, lítið eða mikið vandamál?**






Afmælisgleði í Landakotsskóla Þessir kátu námsmenn við Landakotsskóla voru komnir í veisluskap í gær því á morgun á skólinn þeirra 110 ára afmæli. Af því tilefni verður opið hús frá kl. 14 til 17 og hátíðarstund í Kristskirkju kl. 15. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spáð er ofsaveðri:

# Öllu millilandaflugi frestað

**VEÐUR** Icelandair og Iceland Express ákváðu í gærkvöldi að fresta öllu millilandaflugi sínu nú í morgunsárið vegna spár um ofsaveður. Gert er ráð fyrir að flug muni hefjast upp úr níu hjá Iceland Express og um hádegi hjá Icelandair miðað við upplýsingar í gærkvöld. Þá var ekki búið að gera neinar ráðstafanir varðandi frestun á innanlandsflugi á Reykjavíkurflugvelli.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur á NFS, spáir ofsaveðri vestan til á Suðurlandi og við sunnanverðan Faxaflóa, fram að hádegi en þá fer heldur að lægja. Má búast við 22-33 m/s á þessu svæði og að vindhviður nái um eða yfir 50 m/s til fjalla. Úrhellisrigning mun fylgja hvassviðrinu. Að mati Sigurðar verður veðrið verst á Reykjanesi og á Suðurlandi. -ifv/sdg

Iceland Express í félagi við Astraeus skoðar Bandaríkjaflug og fraktflutninga:

# Aukin samkeppni við Icelandair

**VIÐSKIPTI** Breska leiguflugfélagið Astraeus, sem flýgur frá Gatwick, ætlar á næstunni að sækja um leyfi til íslenskra stjórnvalda fyrir flugi frá Íslandi til Bandaríkjanna. Þetta verður gert í samvinnu við lággjaldaflugfélagið Iceland Express sem hefur kynnt áform sín um flug til Boston og New York frá og með næsta vori, í beinni samkeppni við Icelandair.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru stjórnendur Iceland Express með til skoðunar að fara einnig í samkeppni við Icelandair í fragtflutningum og telja sig vera samkeppnishæfa á því sviði.



**NÝR VALKOSTUR** Vélar Astraeus verða notaðar í Bandaríkjaflugi Iceland Express.

Astraeus og Iceland Express eru tengd sterkum eignaböndum. Á dögunum eignaðist Fons, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, 51 prósents hlut í Astraeus á móti sjóðum og stjórnendum félagsins. Greiddu þeir 650 milljónir króna fyrir hlutinn. Fons á jafnframt Iceland Express að öllu leyti.

Ætlunin er að nýta Boeing 757-vélar Astraeus til Bandaríkjaflugsins en þetta eru vélar sem taka um það bil tvö hundruð farþega. Iceland Express á hins vegar engar vélar en býr yfir öflugu söluneti og leiðakerfi til Skandinavíu. Farþegum Iceland Express á Norðurlöndum býðst þannig að fljúga til Íslands og þaðan til Bandaríkjanna eða öfugt. - eþa

5 sæti



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR
TILBÚIN!
NÝ RÖDD Á ÞING
Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóv. Þú þarft ekki að vera í flokknum til að kjósa!
Samfylkingin
kristrun.is

FORSALAN Á NÝJU JAMES BOND MYNDINA ER HAFIN Á MIDI.IS/BIO



SPURNING DAGSINS



*Magnús Þór, þurfið þið ekki að breyta um nafn?*

Nei alls ekki, grundvallarlínan er frelsi einstaklingsins og að erlent fólk sem hingað komi geti fengið að blómstra.

Magnús Þór Hafsteinsson er varaformaður Frjálslynda flokksins. Hann hefur verið mikið í umræðunni vegna afstöðu sinnar til innflytjendamála.

Ísraelsmenn halda uppi skothríð á íbúðahverfi á Gaza:

# Ríkisstjórnin fordæmir árásir Ísraela

**PALESTÍNA** Valgerður Sverrisdóttir ætlar að fordæma árásir Ísraelsmanna á óbreytta borgara Gaza-svæðisins á fundi með sendiherra Ísraelsríkis, sem kemur til landsins í næstu viku. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður vinstri grænna, impraði á því í gær að það mætti taka til athugunar hvort Íslendingum væri stætt á því að halda stjórnmálasambandi við ríki sem fremji fjöldaaftökur á saklausu fólki.

Halldór Blöndal, formaður utanríkismálanefndar, segir farsælast að Íslendingar vinni að því að byggja upp traust og samvinnu innan Sameinuðu þjóðanna. „Þessi árás var forkastanleg og því verður komið kröftuglega til skila við sendiherrann," segir Halldór. Varðandi hugsanleg slit stjórnmálasambands ríkjanna telur hann að lítill tilgangur sé fólginn í því að þjóðir heims hætti að tala saman.

Hamas-samtökin hafa hótað að hefja árásir að nýju á borgara í Ísrael, eftir að 18 Palestínumenn létust í sprengjuárás á miðvikudaginn. Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, kennir tæknilegum mistökum um mannskaðann, en sagði í gær að Ísraelsmenn myndu halda áfram árásum sínum, þó að hann gerði sér grein fyrir hættunni sem af því stafaði fyrir almenning. Hann kvaðst viljugur til að funda og vinna að friði með Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, hvenær og hvar sem er. **- kóþ**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞRIGGJA ÁRA STÚLKA BORIN TIL GRAFAR Á GAZASVÆÐINU Í GÆR** Mörg þúsund Gaza-búar fylgdu til grafar þeim átján sem létust í árásinni. Þessar konur grétu sáran þegar líkin fóru hjá og kröfðust hefnda.

Skæð magakveisa:

## Smitandi veirusýking gýs upp

**HEILSUFAR Upp á síðkastið hafa nokkrir sjúklingar verið lagðir inn á Landspítalann með noroveirusýkingu, en hún er árlegur fjandi landsmanna. Einkenni pestarinnar eru meðal annars mikill niðurgangur og uppköst. Þeir sem leggjast inn á sjúkrahús þjást yfirleitt af uppþornun og eru undir eftirliti lækna á meðan þeim er bætt upp vökvatapið úr líkamanum. Sýkingin leggst verst á eldra fólk og þá sem eru heilsutæpir fyrir.**

**Már Kristjánsson, smitsjúkdómalæknir á Landspítalanum, segir að engin sérstök hætta sé á ferðum fyrir heilsuhraust fólk. „Þetta er ein af þessum miðsvetrarskitupestum sem ganga alltaf. Þetta eru yfirleitt stutt veikindi sem vara í einn eða tvo daga," segir Már en tekur fram að veiran geti þó verið hættuleg þeim sem eru veikburða fyrir af öðrum orsökum. - kóþ**

Sparisjóðurinn í Keflavík:

## Tekur yfir Sparisjóð Ólafsvíkur

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá yfirtöku Sparisjóðsins í Keflavík á Sparisjóði Ólafsvíkur. Stefnt er að fullum samruna sjóðanna fyrir áramót, eftir samþykki fundar stofnfjáreigenda.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa stjórnir beggja sjóða samþykkt samninginn auk þess sem hann hefur uppáskrift Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðirnir renna saman með þeim hætti að hlutfall eiginfjár þeirra er reiknað upp og stofnfjáreigendum úthlutað stofnfé í þeim hlutföllum. Ljóst má þó vera að Sparisjóður Keflavíkur verður ráðandi enda nærri tuttugu sinnum stærri. **- óká**

# Gervihnattadiskur veldur harðri deilu

**Borgin afturkallar leyfi fyrir gervihnattadiski sem innflytjandi frá Kosovo setti upp utan á tíu hæða blokk á Boðagranda. Tveir íbúðareigendur hótuðu málaferlum. Útlendingahatur, segir diskeigandinn sem gengur illa að fá húsfund.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég og fjölskylda mín erum í sjokki," segir Sokol Hoda, íbúi á Boðagranda 7.

Í lok september fékk Sokol bréf frá byggingafulltrúanum í Reykjavík. Þar sagði að leyfi sem Sokol fékk í júní í fyrra fyrir gervihnattadiski utan á blokkinni á Boðagranda yrði afturkallað. Tveir íbúðareigendur í blokkinni hefðu kært diskinn og þeir hefðu réttinn sín megin þar sem byggingafulltrúinn hafði heimilað diskinn án þess að nægjanleg mæting hefði verið á aðalfund félagsins. Á aðalfundinum í þvottahúsinu á Boðagranda í maí í fyrra samþykktu fimmtán diskinn en tveir voru á móti. Alls er sextíu íbúðir í húsinu.

Sokol er frá Kosovo en flutti til Íslands fyrir meira en áratug og er íslenskur ríkisborgari.

„Þetta er bara útlendingahatur hjá heimsku fólki. Diskurinn er bak við hús og ekki fyrir neinum. Ég setti hann upp til að börnin mín gætu séð sjónvarp frá föðurlandi mínu og lært móðurmálið," segir Sokol.

Gunnar H. Sigurgeirsson á tvær af þremur íbúðum á 10. hæð hússins og Kristín Hinriksdóttir þá þriðju. Gunnar og Kristín vilja diskinn burtu þar sem hann spilli útliti hússins. Þau hafi hins vegar ekkert á móti því að diskinum yrði komið fyrir upp á þaki.

Sokol segir að diskur hans sé einfaldlega of lítill og veikbyggður til að standast þá vinda sem leiki um þak hússins á Boðagranda 7.

Að sögn Sokols hefur hann þegar fengið undirskriftir allra í blokkinni nema Gunnars og Kristínar en til þess að fá aftur leyfið fyrir diskinum þarf að kalla saman húsfund þar sem tveir þriðju hlutar íbúðareigendanna mæta og meirihluti þeirra þarf að samþykkja diskinn. En Sokol gengur illa að fá fund í húsfélaginu. Nýlega tók annar andstæðinga hans í diskamálinu, Kristín Hinriksdóttir, við formennsku í félaginu.

„Lögfræðingur minn sendi formanni húsfélagsins bréf fyrir nokkrum vikum og óskaði eftir því að boðað yrði til húsfundar eins og ég á rétt á. Hún hefur einfaldlega ekki svarað bréfinu," segir Sokol.

„Ég vil ekki svara þessu," svarar Kristín formaður, aðspurð hvort það væri rétt að hún hefði ekki svarað beiðni Sokols um húsfélagsfund. **gar@frettabladid.is**



**SOKOL HODA** Gervihnattadiskur Sokols á Boðagranda 7 truflar meðeigendur hans á 10. hæð. Hann setti diskinn upp svo börn hans gætu lært móðurmálið frá Kosovo.

Kunnur fréttamaður fellur frá:

## Ed Bradley lést úr hvítblæði

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamaðurinn Ed Bradley, einn stjórnenda fréttaskýringaþáttarins 60 mínútur, lést í gær úr hvítblæði á sjúkrahúsi í New York í Bandaríkjunum.



**ED BRADLEY**

Bradley, sem var 65 ára gamall þegar hann lést, gekk til liðs við 60 mínútur árið 1981.

Bradley vann til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir fréttaflutning sinn um ævina og þar á meðal 19 Emmy-verðlaun.

Bradley var heiðraður með verðlaunum fyrir ævistarfið af Blaðamannafélagi blökkumanna í Bandaríkjunum. **- sdg**

Íbúðalán SPRON:

## Bjóða aftur 90 prósenta lán

**VIÐSKIPTI SPRON býður viðskiptavinum sínum, sem skrá sig í nýja þjónustu undir nafninu DMK, sem stendur fyrir debet með kredit, nú kostur á að taka níutíu prósenta íbúðalán. Markhópur þeirrar þjónustu er ungt fólk sem er að fara út í lífið.**

**Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri SPRON, segir þá lækkun sem orðið hefur á lánshlutfalli íbúðalána hafa torveldað ungu fólki að fjármagna sína fyrstu íbúð. Það hafi leitt til þess að margir séu á leigumarkaði eða hafi neyðst til að leita á náðir ættingja, þrátt fyrir að hafa greiðslugetu til að standa undir afborgunum. Hann segir íbúðamarkaðinn nú vera að ná jafnvægi og með þessu sé SPRON að bregðast við því. - hhs**


**Búðu til þín eigin kerti!**

Í bókinni **Kerti í nýju ljósi** er kennt að búa til allra handa kerti, s.s. klakakerti, ávaxtakerti, flotkerti, friðarljós og kyndla.

Fjöldi mynda prýðir bókina og aðgengilegar leiðbeiningar eru með hverri uppskrift. Auk þess er fjallað um helstu áhöld og efni sem þarf til kertagerðar.






Edda
edda.is


Hundruð aldraðra á biðlistum í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum:

# Aukið fé til aldraðra á fjárlögum

**VELFERÐARMÁL** Aðstandendur og baráttufólk um bættan hag aldraðra munu halda baráttufund laugardaginn 25. nóvember í Háskólabíói. Þar verður skorað á Alþingi og ríkisstjórn að í fjárlögum sem gengið verður frá fyrir áramót verði umtalsvert fjármagn lagt í málaflokk aldraðra. „Við vonumst til að þjóðin mæti og það verði skilaboð til ráðamanna að nú sé mál að linni," sagði Reynir Ingibjartsson, formaður Aðstandendafélags aldraðra, AFA, sem hélt blaðamannafund í gær í félagi við Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga og Félag aðstandenda heimilisfólks á Skjóli.

Reynir segir tilefni fundarins nýlega yfirlýsingu heilbrigðisráðherra um að byggja eigi hjúkrunarheimili á næstu fjórum árum. „En þegar skoðað er hvernig á að fjármagna er það ekki fyrr en á fjárlögum 2008 og 2009." Reynir bendir á að kosið verði um þing og ríkisstjórn í millitíðinni og ekki sé forsvaranlegt að leysa þennan vanda með slíkri ávísun inn í framtíðina. „Aðalpunkturinn er sá að ef hugur hefði fylgt máli varðandi fjölgun hefði verið eðlilegra að ráðstöfun fjár hefði verið á næstu fjárlögum."

Á fundinum kom fram að hundruð einstaklinga séu á biðlistum í bráðri þörf eftir hjúkrunarrýmum. Og tæplega eitt þúsund aldraðir búa enn í fjölbýli á hjúkrunar- og dvalarheimilum. **- sdg**



**FUNDARMENN** Margir tóku til máls á fundinum og ræddu nauðsyn þess að grípa til aðgerða í málefnum aldraðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Við styðjum Steinunni Valdísi ...
Aðalheiður Franzdóttir
framkvæmdastjóri Mæðrastyrksnefndar
Aðalsteinn Leifsson
lektor HR
Anna Katrín Árnadóttir
rekstrarstjóri
Anna Geirsdóttir
læknir
Anna Kristín Ólafsdóttir
skrifstofustjóri
Arnór Sigfússon
fuglafræðingur
Ágúst Hjörtur Ingþórsson
forstöðumaður
Árdís Sigurðardóttir
upplýsingafulltrúi
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
lektor HÍ
Árni Daníel Júlíusson
sagnfræðingur
Ása Hauksdóttir
myndlistarmaður
Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri
Áslaug Aðalsteinsdóttir
sjúkraþjálfari
Áslaug Thorlacius
myndlistarmaður og formaður SÍM
Áslaug Þórisdóttir
skrifstofumaður
Auður Styrkársdóttir
stjórnmálafræðingur
Birgir Hermannsson
stjórnmálafræðingur
Bjarni Jónsson
leikskáld
Borgþór S. Kærnested
leiðsögumaður
Bragi Guðbrandsson
forstj. Barnaverndarstofu
Brimrún Höskuldsdóttir
kennari
Dóra Hansen
innanhússarkitekt
Drífa Hrönn Kristjánsdóttir
mannfræðingur
Elsa Guðmundsdóttir
rekstrar- og gæðastjóri
Edda Heiðrún Bachmann
leikari og leikstjóri
Erla Þórarinsdóttir
myndlistarmaður
Eydís Sveinbjarnardóttir
sviðsstjóri á LSH
Felix Bergsson
leikari
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
félagsfræðingur
Guðbrandur Stígur Ágústsson
forstöðumaður
Guðmundur Haraldsson
ráðgjafi í brunamálum
Guðrún Árnadóttir
verkefnastjóri
Guðrún Erla Geirsdóttir
kennari og myndhöfundur
Gunnar Hjálmarsson
tónlistarmaður
Gunnar Pálsson
kvikmyndagerðarmaður
Gunnar Þórðarson
húsasmiður
Gunnhildur Óskarsdóttir
lektor, KHÍ
Gylfi Arnbjörnsson
framkvæmdastjóri ASÍ
Halla B. Þorkelsson
öryrki
Halldór Guðmundsson
bókmenntafræðingur
Hallgrímur Helgason
rithöfundur
Hallgrímur H. Helgason
handritshöfundur og þýðandi
Helga Sigrún Sigurjónsdóttir
líffræðingur
Helgi Pétursson
fyrrv. borgarfulltrúi
Hera Ólafsdóttir
leikstjóri
Hilmar Oddsson
kvikmyndaleikstjóri
Hólmfríður Garðarsdóttir
dósent, HÍ
Hreinn Hreinsson
vefstjóri
Hulda Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri
Hulda Stefánsdóttir
myndlistarmaður
Hörður Oddfríðarson
form. Sundsambands Ísl.
Inga Kjartansdóttir
skrifstofumaður
Ingibjörg Stefánsdóttir
verkefnisstjóri
Ingimundur Pétursson
í stjórn Félags einstæðra foreldra
Jódís Hlöðversdóttir
textílhönnuður
Jóhanna Gunnarsdóttir
íþróttakennari og kvikmyndaframleiðandi
Kristín Bogadóttir
ljósmyndari
Kristín Dýrfjörð
lektor og leikskólakennari
Margrét Sigurðardóttir
kennari
Margrét Sæmundsdóttir
leikskólakennari
Oddný Sturludóttir
tónlistarmaður og varaborgarfulltrúi
Oddgeir Eysteinsson
kennari
Pétur Jónsson
fyrrv. borgarfulltrúi
Pétur Már Ólafsson
útgefandi
Ragnar Helgi Ólafsson
myndlistarmaður
Ragnheiður Skúladóttir
deildarforseti
Ragnheiður Sigurjónsdóttir
forstöðumaður
Ragnhildur Vigfúsdóttir
deildarstjóri
Ranneveig Guðjónsdóttir
bókasafnsfræðingur
Rúnar Geirmundsson
útfararstjóri
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur
Sigrún Óskarsdóttir
prestur
Sigurbjörg Ásgeirsdóttir
verkakona
Sigurður Bessason
formaður Eflingar
Sigurður Gylfi Magnússon
sagnfræðingur
Sigþór Ari Sigþórsson
verkfræðingur
Silja Aðalsteinsdóttir
ritstjóri
Sjöfn Kristjánsdóttir
handritavörður
Snorri Traustason
skólastjóri
Snær Karlsson
starfsmaður Starfsgreinasambandsins
Sólveig Thorlacius
mannfræðingur
Sólveig Jónasdóttir
ritstjóri
Stefán Benediktsson
arkitekt
Stefán Jóh. Stefánsson
hagfræðingur og varaborgarfulltrúi
Svanhildur Gunnarsdóttir
íslenskufræðingur
Unnur Birna Karlsdóttir
sagnfræðingur
Vanda Sigurgeirsdóttir
lektor KHÍ
Védís Skarphéðinsdóttir
íslenskufræðingur
Þorsteinn Bachmann
leikari
Þorsteinn Óskarsson
rafeindavirkjameistari
Þóranna Pálsdóttir
veðurfræðingur
Þórey Sigþórsdóttir
leikkona
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
varaform. Eflingar
Steinunn Valdís
4. sæti
Allir geta tekið þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík!
Prófkjörið verður haldið á morgun, laugardaginn 11. nóvember, í Þróttarheimilinu í Laugardal.
Allir þeir sem eru á kjörskrá í Reykjavík geta tekið þátt ef þeir undirrita stuðningsyfirlýsingu við Samfylkinguna.

## GENGIÐ 09.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,92 | 68,24 |
| Sterlingspund | 129,53 | 130,15 |
| Evra | 86,76 | 87,24 |
| Dönsk króna | 11,631 | 11,699 |
| Norsk króna | 10,541 | 10,603 |
| Sænsk króna | 9,506 | 9,562 |
| Japanskt jen | 0,5756 | 0,579 |
| SDR | 100,74 | 101,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,874

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umræða um innflytjendur raskar ekki samstarfsáformum stjórnarandstöðunnar:

# Stefna ótrauð saman í ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær fengju stjórnarandstöðuflokkarnir þrír meirihluta á Alþingi.

Samfylkingin, VG og Frjálslyndi flokkurinn stefna enn að stjórnarsamstarfi eftir næstu alþingiskosningar þrátt fyrir snarpa umræðu um innflytjendur.

„Það er ekki hægt að segja að það hafi orðið stefnubreyting hjá flokknum þótt einstakir menn innan hans tali með hætti sem manni líkar ekki. Það eru auðvitað samþykktir flokksins og yfirlýsingar forystunnar sem gilda,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, aðspurð hvort stefna Frjálslynda flokksins í innflytjendamálum setji strik í reikninginn.

„Ég tek orð formanns Frjálslynda flokksins gild. Hann segir að stefna síns flokks sé óbreytt og vísar í stefnuskrá flokksins. Ég hef lesið hana og þar sem um þessa hluti er fjallað er ekkert sem veldur mér vandræðum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður frjálslyndra, segir þá ekki hafa sagt annað í þingræðum nú en þeir sögðu í apríl. „Við vorum bara að vara við því að hingað kæmi ofboðslega mikill fjöldi af útlendingum. Það hefur gengið eftir. Og það sem ríkisstjórnin lofaði að gera hefur ekki verið gert.“ **- gar**



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON** Samfylkingin og vinstri grænir hyggja áfram á samstarf með Frjálslynda flokknum og formanni hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagar í Eflingu:

# Fimmti hver er erlendur

**VINNUMARKAÐUR** Erlendir starfsmenn eru yfir tuttugu prósent í Eflingu og flestir þeirra eru Pólverjar. Erlendir starfsmenn eru fjögur þúsund talsins, þar af eru Pólverjarnir yfir 1.200 manns. Karlar eru í meirihluta, eða fimmtíu og fimm prósent.

Erlendu starfsmennirnir í Eflingu eru flestir á aldrinum 20-39 ára, eða um sjötíu prósent. Þetta kemur fram á vef Eflingar og segir þar að með auknu erlendu vinnuafli hafi samhliða fjölgað töluvert erlendum börnum í leik- og grunnskólum landsins. **- ghs**

# Þriðjungur telur fjölda útlendinga hér vera vandamál

**Tæplega sjötíu prósent landsmanna telja fjölda útlendinga hérlendis vera lítið eða ekkert vandamál samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Þriðjungur telur fjölda þeirra aftur móti vera mikið vandamál.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 76,5 prósent svarenda telja fjölda útlendinga hér á landi vera eitthvað vandamál samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Þar af segja 32,9 prósent vandamálið vera mikið en 43,6 telja vandamálið vera lítið. 23,6 prósent segja fjölda útlendinga á Íslandi vera ekkert vandamál. 66,5 prósent telja því vandamálið vera lítið eða ekkert.

Lítill munur er á afstöðu fólks eftir búsetu. Jafnmargir segja vandamálið vera mikið, en örlítill munur er á því hvort fólk telur vandamálið vera ekkert eða lítið eftir búsetu. 24,6 prósent svarenda á landsbyggðinni segja vandamálið vera ekkert, á móti 22,9 prósentum íbúa á höfuðborgarsvæðinu. 42,6 prósent svarenda á landsbyggðinni telja að vandamálið sé lítið á móti 44,2 prósentum íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Meiri munur er á afstöðu fólks eftir kyni og telja konur frekar að fjöldi útlendinga sé vandamál en karlar. 25,3 prósent karla telja fjölda útlendinga hér á landi ekkert vandamál og eru 21,8 prósent kvenna sama sinnis. 44,1 prósent karla telur fjölda útlendinga lítið vandamál, en 43 prósent kvenna. Þá telja 30,6 prósent karla fjölda útlendinga vera mikið vandamál, en 35,2 prósent kvenna.
Einnig var spurt hvort takmarka eigi frekar veitingu dvalarleyfa og eru 73,1 prósent svarenda því samþykkir en 26,9 prósent eru því andsnúnir.

Nokkuð margir svarendur vildu þó tiltaka að vandamálið fælist ekki í fjöldanum einum og sér, heldur hvernig tekið væri á móti útlendingum af hendi hins opinbera.

Nokkur munur er á afstöðu eftir kyni en minni munur er á afstöðu eftir búsetu.

Fleiri konur eru á því að takmarka eigi frekar veitingu dvalarleyfa en karlar, eða 77,2 prósent kvenna á móti 69,1 prósenti karla. Þá segja 74,8 prósent íbúa landsbyggðarinnar að veitingu dvalarleyfa eigi frekar að takmarka, en 71,9 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Hringt var í 800 kjósendur þriðjudaginn 7. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Spurt var: Er fjöldi útlendinga á Íslandi ekkert, lítið eða mikið vandamál? Svarhlutfall var 91,3 prósent. Einnig var spurt: Þarf að takmarka frekar veitingu dvalarleyfa útlendinga? Svarhlutfall við síðari spurningunni var 88,8 prósent. **svanborg@frettabladid.is**






**AMAL TAMIMI** Fræðslufulltrúi Alþjóðahúss segir viðmælendur sína ekki hafa orðið vara við aukna fordóma.

Fræðslufulltrúi Alþjóðahúss:

# Fordómar hafa ekki aukist

**SKOÐANAKÖNNUN Umræður síðustu daga um innflytjendamál hafa greinilega haft mikil áhrif á fólk að sögn Amal Tamimi, fræðslufulltrúa Alþjóðahúss og varaformanns Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Hún segir taki greinilega mark á því sem kjörnir þingmenn eins og Magnús Þór Hafsteinsson og Guðjón Arnar Kristjánsson segi.**

**„Við höfum verið að spyrja fólk í kringum okkur hvort það hafi fundið fyrir auknum fordómum vegna umræðu seinustu daga en enginn segist finna fyrir því,“ segir Amal. „Flestir Íslendingar í kringum okkur spyrja hvernig bæta megi þjónustu við innflytjendur, það sé aðalmálið. - sdg**

## LEIÐRÉTTING

Röng fyrirsögn var á grein um rannsókn Rögnu B. Garðarsdóttur sem birtist í blaðinu í gær. Þar stóð að ríkir væru óhamingjusamir en hið rétta er að efnishyggjufólk er óhamingjusamara en annað fólk. Ekki er heldur rétt að erlendar rannsóknir sýni að Íslendingar mælist hamingjusamasta fólk í heimi vegna þess að þeir hafi efni á þunglyndislyfjum eins og sagt er í fréttinni.

Pétur H. Blöndal, nefndarmaður í félagsmálanefnd Alþingis:

# Umræðan fari fram án öfga

„Þessar niðurstöður eru ekki úr takt við það sem ég hafði ímyndað mér. Fjölgun útlendinga hefur verið mjög hröð á síðustu tveimur árum og stjórnvöld hafa ekki náð að vinna úr öllum þeim fjölda. En það er vaxandi skilningur á því að gera þurfi átak í því að kenna útlendingum íslensku og íslenska siði og venjur,“ segir Pétur H. Blöndal, nefndarmaður í félagsmálanefnd Alþingis.



**PÉTUR BLÖNDAL**

„Hins vegar ættu menn að varast að draga of harkalegar ályktanir af þessu og sérstaklega að varast að fara út í öfgakennda umræðu. Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir okkur að heiftarleg umræða getur skapað vandamálið sjálft. Það er mun skynsamlegra að fara í gegnum þetta málefnalega. Fyrst og fremst þarf að gæta þess að umræðan sé málefnaleg og öfgalaus. Við erum að ganga í gegnum það sama og aðrar þjóðir; við höfum leitað eftir vinnuafli til landsins en fengið fólk. Fólk sem er með þarfir rétt eins og annað fólk og það er mikill vilji til að taka vel á móti því.“

BÍLL DAGSINS
PEUGEOT 307
Nýskr. 10.03 - Beinskiptur - Ekinn 36 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VONSKUVEÐUR Í KORTUNUM
Ekkert ferðaveður er nú með morgninum víða á suðvestanverðu landinu. Má búast við 18-28 m/s á þessu svæði en smám saman hvessir þó suðaustan til og á Vestfjörðum í kvöld. Þá má búast við mjög miklum vindhviðum víða um land. Vindurinn verður stöðugt að breytast þar sem lægð er á leið yfir landið en stórviðrið verður þó yfirleitt vestanstætt.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI.
Suðvestan og vestan stormur fram eftir degi. Rigning. Hiti 3-6 stig.

um hádegi »




» á morgun




13-18 m/s austan til, annars hægari.

» sunnudagur




Suðaustan 8-15 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | London | 12°C alskýjað | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C rigning | París | 12°C hálfskýjað | Barcelona | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Frankfurt | 11°C hálfskýjað | Algarve | 22°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 8°C hálfskýjað | Krít | 21°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C léttskýjað | Berlín | 9° C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



## SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR

### að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 800 g kjúklingalundir
- 100 g grófkorna sinnep
- 50 g dijon sinnep
- 25 g whisky BBQ sósa
- 25 g ólífuolía
- salt og pipar
- grillpinnar

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2-3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3-4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.














Kjöt & fisktorgið

| | | |
|---|---|---|
| Lambasirloin í bláberjalegi | TILBOÐ 1.798kr/kg | ~~1.998~~kr/kg |
| Kindalundir | TILBOÐ 2.098kr/kg | ~~2.585~~kr/kg |
| Nautafile | TILBOÐ 2.344kr/kg | ~~3.349~~kr/kg |




**Hornafjarðar kartöflur 2 kg.**
- þessar einu sönnu



**Bahlsen stollen og smákökur**
- 6 tegundir




**Chicago Town desertar**
- toffee fudge kaka

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Stundar þú bankaviðskipti á netinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,4% |
| Nei | 14,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Ísland að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Styrkir til barna og unglinga í æskulýðs-, íþrótta- og menningarstarfi í Reykjavík:

# Borgin veitir foreldrum frístundakort

**BORGARMÁL** Frístundakort er nýtt styrktarkerfi vegna þátttöku barna og unglinga á aldrinum sex til átján ára í æskulýðs-, íþrótta- og menningarstarfi í borginni sem reiknað er með að komist í gagnið eftir tæpt ár. Borgarráð hefur falið íþrótta- og tómstundaráði og ÍTR að vinna tillögur um kerfið og skila fyrir 1. desember næstkomandi.

Gert er ráð fyrir að frístundakortið verði innleitt í þremur áföngum. Hefjist sá fyrsti haustið 2007 þar sem miðað verði við 12.000 króna framlag. Annar áfangi hefjist 1. janúar 2008 með 25.000 króna framlag. Með þriðja áfanga ljúki innleiðingu frá og með 1. janúar árið 2009 með 40.000 króna framlagi.

Miðað er við að fjárhagsrammi í hverjum hinna þriggja áfanga miðað við 70 prósent nýtingu styrkjanna verði 180 milljónir króna árið 2007, 400 milljónir árið 2008 og 640 milljónir króna árið 2009.

Vonir standa til að þetta geti farið fram með rafrænni skráningu, líkt og skráð er í tónlistarskóla borgarinnar í dag, að sögn Björns Hrafnssonar, formanns borgarráðs. „Þar geti foreldrar fengið aðgang fyrir sitt barn og valið listnám, tónlistarskóla eða íþróttagreinar. Þannig verði þetta gert með einföldum og aðgengilegum hætti.“ **- sdg**



**BÖRN Í SKYLMINGUM** Reykjavíkurborg verður með þessu í fremstu röð að sögn Björns Inga bæði hvað varðar breitt aldursbil og fjárhæð.




Ásta R.
áfram
4.
sæti
Prófkjör
11. nóvember
Samfylkingin




**GATES OG BUSH** Væntanlegur varnarmálaráðherra ásamt forseta Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Andstæða forverans

**Væntanlegur varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Robert Gates, er líklegur til þess að gera verulegar breytingar á stríðsrekstrinum í Írak. Hann þykir gerólíkur forvera sínum í embætti, hinum umdeilda Donald Rumsfeld.**

**BANDARÍKIN** Robert Gates, næsti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, þykir að flestu leyti alger andstæða Donalds Rumsfeld, sem hættir nú í kjölfar þingkosninganna á þriðjudaginn.

Rumsfeld þykir harður í horn að taka, hvatvís og áræðinn, en Gates lætur minna yfir sér, fer sér hægar og kýs að ígrunda hlutina áður en hann framkvæmir. Hann hefur aldrei haft mikið álit á því hvernig staðið er að stríðinu í Írak.

Gates hefur undanfarna mánuði tekið þátt í ítarlegri rannsókn á framkvæmd stríðsins í Írak, þar sem hann situr í rannsóknarnefndinni um Írak sem James Baker, fyrrverandi utanríkisráðherra, er í forsvari fyrir.

Niðurstöður skýrslunnar á að birta núna á næstunni, þegar kosningarnar eru afstaðnar, en fyrir kosningarnar komust fjölmiðlar yfir upplýsingar úr henni þar sem fram kemur hörð gagnrýni á stríðsreksturinn.

Með því að gera Gates að varnarmálaráðherra í stað Rumsfeld þykir nokkuð ljóst að Bush ætli sér að fara að tillögum nefndarinnar og gera veigamiklar breytingar á því hvernig staðið er að málum í Írak.

Gates er 63 ára og hefur allt fram á síðustu ár starfað innan leyniþjónustunnar CIA. Hann gekk til liðs við hana ungur maður árið 1966, þá nýskriðinn úr háskólanámi í sagnfræði og hafði aflað sér sérfræðiþekkingar á málefnum Sovétríkjanna. Árið 1991 gerði síðan George H.W. Bush, þáverandi forseti, Gates að yfirmanni leyniþjónustunnar.

Gates sætti gagnrýni á sínum tíma, meðal annars vegna tengsla við Iran-Contra málið, þegar bandarísk stjórnvöld urðu uppvís að því að selja vopn til Írans og nota hagnaðinn til stuðnings Contra-skæruliðum í Níkaragva.

Undanfarin sjö ár hefur Gates haldið sig innan veggja Texas A&M háskólans, fyrst sem yfirmaður stjórnmálafræðideildar sem kennd er við George H.W. Bush eldri, en síðustu tvö árin sem rektor alls háskólans.

Á síðasta ári hafnaði Gates boði frá Bush um að gerast æðsti yfirmaður allra leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, embætti sem John Negroponte gegnir nú.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## FERILL GATES

| | |
|---|---|
| **1943** | Fæddur í Wichita, Kansas. |
| **1966-74** | Starf hjá CIA. |
| **1974** | Doktorsgráða frá Georgetown-háskóla. |
| **1974-79** | Situr í Þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna. |
| **1979** | Aftur til CIA. |
| **1982-89** | Einn af aðstoðaryfirmönnum hjá CIA. |
| **1989-91** | Aðstoðarþjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjanna. |
| **1991-93** | Yfirmaður CIA. |
| **1999-2001** | Formaður stjórnmálafræðideildar við Texas A&M háskólann. |
| **2002-2006** | Rektor Texas A&M. |


Manneskja er verðmæti



Þórhildur Þorleifsdóttir
6. til 8. sæti
í prófkjöri Samfylkingarinnar
Samfylkingin
www.torhildur.is



4. SÆTI
Ágúst Ólafur Ágústsson
varaformaður Samfylkingarinnar
Traustur efnahagur — aukin velferð

- Lækkum skatta á lífeyristekjur í 10%
- Fjárfestum í menntun
- Afnemum fyrningarfresta í kynferðisafbrotum gegn börnum
- Lækkum verð á matvælum



Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóvember | www.agustolafur.is


Tímamót í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna:

# Rumsfeld hverfur úr embætti

**BANDARÍKIN, AP** „Þetta byrjaði að þróast smám saman,“ sagði Tony Snow, fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins, í gær um brotthvarf hins umdeilda varnarmálaráðherra Donalds Rumsfeld.

Snow hélt því fram að þeir Rumsfeld og Bush forseti hefðu ekki tekið þessa ákvörðun í neinni skyndingu þegar ljóst var að kjósendur hefðu hafnað stefnu þeirra í Írak, eins og margir hafa talið, heldur hafi ákvörðunin átt sér mun lengri aðdraganda.

Rumsfeld er eini maðurinn sem tvisvar hefur gegnt embætti varnarmálaráðherra. Fyrst var það á árunum 1975 til 1977, þegar Gerald Ford var forseti, og þá var hann yngsti maður sem nokkru sinni hafði gegnt þessu embætti. Síðan tók hann aftur við því í ársbyrjun 2001 þegar George Bush var orðinn forseti, og er nú elsti maðurinn sem gegnt hefur þessu starfi.

Rumsfeld hefur annars ekki látið aldurinn flækjast mikið fyrir sér. Þótt hann sé orðinn 74 þykir hann fullur orku og hefur til að mynda jafnan haft þann sið að standa við púlt á skrifstofu sinni í Pentagon-byggingunni, frekar en að sitja við skrifborð.

Til marks um ósvífni hans, sem hefur farið í taugarnar á mörgum, jafnt samstarfsmönnum sem andstæðingum, má nefna stutta athugasemd sem hann skrifaði í desember árið 2002 á minnisblað bandaríska hersins um aðferðir, sem beita mátti við yfirheyrslur fanga í Guantanamo. Eftir að hafa undirritað skjalið, og þar með veitt heimild sína meðal annars til að láta fangana standa í „álagsstöðu“ í allt að fjóra tíma, skrifaði Rumsfeld: „Hins vegar stend ég sjálfur í 8 til 10 tíma á dag. Hvers vegna er staða takmörkuð við fjóra tíma?“ **- gb**



**DONALD RUMSFELD** Situr í embætti þangað til nýkjörið þing hefur fallist á eftirmann hans.


KR.
ÚRVALS BÍLAR!
GÆÐA-BÍLAR
OPIÐ:
Föstud.: 9-20
Laugard. & sunnud.: 10-16
BÍLÆÐI!
SPRENG-HLÆGILEGT!
Núna stendur yfir Bílæði hjá Betri notuðum bílum
þar sem þú getur fengið draumabílinn á draumaverði.
Og þetta eru engir venjulegir bílar. Allir bílar hjá Betri notuðum bílum eru Úrvalsbílar og Gæðabílar sem hafa gengist undir nákvæma skoðun til að tryggja að þið séuð ánægð og örugg.
RISA OPNUN!
990.000.-
Nissan Micra 5 Gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 7.000 km
Verð: ~~1.420.000~~ kr. Skr.nr. VF343
1.690.000.-
MMC Pajero Langur Int.Turbo sjsk.
Á götuna: 12.99 Ekinn: 135.000 km
Verð: ~~1.930.000~~ kr. Skr.nr. VV320
1.590.000.-
Suzuki Liana 5 gíra
Á götuna: 08.06 Ekinn: 2.000 km
Verð: ~~1.920.000~~ kr. Skr.nr. IU370
1.890.000.-
Renault Kangoo 4WD 5 gíra
Á götuna: 07.05 Ekinn: 33.000 km
Verð: ~~2.250.000~~ kr. Skr.nr. RM116
950.000.-
Subaru Forester Luxury sjsk.
Á götuna: 09.01 Ekinn: 73.000 km
Verð: ~~1.290.000~~ kr. Skr.nr. NJ979
390.000.-
Subaru Forester AX sjsk.
Á götuna: 08.98 Ekinn: 113.000 km
Verð: ~~700.000~~ kr. Skr.nr. VH711
490.000.-
VW Passat W/G 4WD 5 gíra
Á götuna: 06.99 Ekinn: 125.000 km
Verð: ~~790.000~~ kr. Skr.nr. JE464
450.000.-
VW Bora 5 gíra
Á götuna: 08.99 Ekinn: 125.000 km
Verð: ~~730.000~~ kr. Skr.nr. RZ277
390.000.-
Chrysler Voyager sjsk.
Á götuna: 01.96 Ekinn: 205.000 km
Verð: ~~650.000~~ kr. Skr.nr. SA605
850.000.-
Volvo S40 sjsk.
Á götuna: 06.99 Ekinn: 105.000 km
Verð: ~~1.090.000~~ kr. Skr.nr. OL597
1.290.000.-
Hyundai Santa FE sjsk.
Á götuna: 10.01 Ekinn: 93.000 km
Verð: ~~1.620.000~~ kr. Skr.nr. PB578
790.000.-
MMC Pajero Sport GLSi 5 gíra
Á götuna: 03.99 Ekinn: 134.000 km
Verð: ~~1.150.000~~ kr. Skr.nr. RB941
1.490.000.-
Skoda Octavia 5 gíra
Á götuna: 04.05 Ekinn: 35.000 km
Verð: ~~1.670.000~~ kr. Skr.nr. KO050
650.000.-
Nissan Terrano II 5 gíra
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km
Verð: ~~890.000~~ kr. Skr.nr. ZU939
Líttu inn hjá umboðsmönnum Toyota um allt land eða komdu á malarplanið við hliðina á Toyota á Nýbýlavegi.
Nýbýlavegur
TOYOTA
Dalbrekka
Hafnarfjarðarvegur
Skeljabrekka
Auðbrekka
BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.
BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070
ÚRVALSBÍLL
GÆÐABÍLL

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða stjórnmálaflokkur fimmfaldaði fylgi sitt í nýjustu könnun Fréttablaðsins?*

*2. Hvaða stjórnmálaflokkur hlaut meirihluta á Bandaríkjaþingi eftir þingkosningarnar nú í vikunni?*

*3. Hvaða heimsfræga söngkona hefur sótt um skilnað við eiginmann sinn?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Eðlilegt að Eir byggi menningarmiðstöð segir framkvæmdastjóri:

# Byggingin er ætluð öldruðum

**BORGARMÁL** Sigurður Helgi Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Eirar, telur ekkert óeðlilegt við að Eir standi að byggingu og rekstri menningarmiðstöðvar fyrir Reykjavíkurborg í Spönginni í Grafarvogi og sjái um útboð vegna hennar. Menningarmiðstöðinni er ætlað að hýsa starfsemi sem ekki tengist þjónustu við aldraða beint. Í skipulagsskrá fyrir Eir segir að markmið og hlutverk stofnunarinnar sé að reisa og reka hjúkrunarheimili er veiti öldruðum umönnun og hjúkrun. Sigurður Helgi segir einnig að starfsemin sem verður í menningarmiðstöðinni sé að mestu leyti nátengd öðru starfi aldraðra sem staðsett verður í Spönginni.

Í október var gengið frá viljayfirlýsingu um byggingu menningarmiðstöðvarinnar. Engin samþykkt borgarráðs var fyrir þeirri ráðstöfun. Björn Ingi Hrafnsson, formaður ráðsins, segir að mistök hafi verið gerð í orðalagi viljayfirlýsingarinnar en hún sé ekki bindandi á neinn hátt. Hún fjalli aðeins um það sem á að ræða og mikil vinna sé enn eftir. Viljayfirlýsingin verður látin standa og Eir mun sjá um útboðið ef samningar nást.

Samfylkingin lagði fram fyrirspurn til borgarstjóra vegna málsins á fundi ráðsins í gær. **- shá**



**FRÁ EIR** Starfssemi menningarmiðstöðvar mun nýtast öldruðum segir framkvæmdastjóri Eirar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ferðamálaráð Íslands:

# 300 milljónir í landkynningu

**FERÐAMÁL Ferðamálaráð Íslands hefur samþykkt að beina því til samgönguráðherra að fjárframlög til landkynningar á næsta ári verði stóraukin og stefnt að því að fjármunir til markaðssóknar verði um 300 milljónir árlega.**

**Sturla Böðvarsson segist fagna þessum tillögum sem hann mun skoða nánar.**

**Þá leggur ferðamálaráð til að hlutlaus aðili verði fenginn til að fá heildarmynd af áhrifum hvalveiða í atvinnuskyni á íslenska ferðaþjónustu og ímynd landsins á erlendum mörkuðum.** **- hs**


ALDARMINNING
EYSTEINS JÓNSSONAR,
ráðherra, alþingismanns og formanns Framsóknarflokksins
*Málþing í Þjóðmenningarhúsinu*
sunnudaginn 12. nóv. 2006 kl. 14.00


# Bush skiptir um gír

**Bush forseti á erfið tvö ár í vændum þar sem demókratar hafa náð meirihluta í báðum deildum þingsins í fyrsta sinn í tólf ár. Bush virðist fús til samstarfs við Demókrataflokkinn og er engu líkara en tapið sé honum ákveðinn léttir.**

**BANDARÍKIN** Síðustu tvö árin sem eftir eru af forsetatíð George W. Bush þarf hann að starfa í náinni samvinnu við Demókrataflokkinn. Þetta verða mikil umskipti, því undanfarin sex ár hefur hann nánast aldrei sýnt nokkurn minnsta samstarfsvilja við demókrata í neinum málum.

Hann hefur farið hörðum orðum um Nancy Pelosi, sem verður leiðtogi demókrata á þinginu næstu tvö árin, og hún hefur ekki sparað stóru orðin um forsetann heldur, þannig að mörgum þykir forvitnilegt að sjá hvernig samstarf þeirra verður.



**MORGUNVERÐUR Í HVÍTA HÚSINU** Bush forseti bauð í gærmorgun helstu leiðtogum repúblikana í morgunverð hjá sér í Hvíta húsinu til þess að fara yfir stöðu mála, nú þegar repúblikanar hafa tapað þingmeirihluta sínum. Síðar um daginn snæddi Bush kvöldverð með Nancy Pelosi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Niðurstaða kosninganna**




Bæði hafa þau samt sýnt ótvíræðan sáttavilja eftir kosningarnar, enda er mikið í húfi hjá báðum. Bandaríska dagblaðið Washington Post segir engu líkara en Bush hafi fundið til léttis eftir að hafa tapað þingmeirihlutanum, „eins og úrslitin hafi gert honum kleift að hætta að láta eins og allt sé í besta lagi, sem æ meir var farið að stangast á við hinn pólitíska raunveruleika.“

Ekki þykja miklar líkur á því að hann komi þeim stefnumálum sínum, sem honum sjálfum eru kærust, í gegnum þingið, svo sem varanlegri skattalækkun. Þegar við bætist að demókratar ætla sér að láta nefndir þingsins fara vandlega ofan í saumana á flestu því sem úrskeiðis hefur farið í stríðsrekstrinum í Írak, auk þess sem grafið verður upp hvernig farið hefur verið með fangana í Guantanamo og víðar um heim í leynilegum fangelsum CIA, þá má búast við að forsetinn eigi tvö býsna erfið ár í vændum.

Demókratar hafa hins vegar líka miklu að tapa, því þeir gætu sem hægast misst þingmeirihlutann aftur eftir tvö ár ef kjósendur fá það á tilfinninguna að þeir ætli bara að vera til trafala en komi engum góðum málum í framkvæmd.

Framferði þeirra á þinginu mun líka hafa veruleg áhrif á það hvernig væntanlegum forsetaframbjóðanda flokksins vegnar í forsetakosningunum árið 2008.

gudsteinn@frettabladid.is










OROBLU

KYNNINGAR
á nýju vetrarvörunum frá OROBLU í Lyf og heilsu í dag og á morgun:

- Föstudag, kl. 13-17 í Domus
- Föstudag, kl. 13-17 í Mjódd
- Laugardag, kl. 12-16 í Kringlunni

Kaupauki fylgir hverri OROBLU vöru




Lyf & heilsa
Við hlustum!


Forstjóri Landspítala svarar ásökunum Læknafélagsins:

# Læknafélag ályktar æði mikið

**STJÓRNSÝSLA** Yfirstjórn Landspítalans virti í engu meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og framganga hennar gegn Stefáni E. Matthíassyni var ólögmæt. Yfirmenn LSH beittu Stefán jafnframt einelti.

Svo segir í ályktun Læknafélags Íslands um samskipti yfirstjórnar LSH og Stefáns, en hann var áminntur og síðar rekinn úr starfi á grundvelli þess að hann lokaði ekki einkastofu sinni, þrátt fyrir að starfa á sjúkrahúsinu.

Magnús Pétursson, forstjóri LSH, svarar því til að sjúkrahúsið hafi margsinnis reynt að koma til móts við Stefán, þótt honum hafi verið gerð grein fyrir því við ráðningu að sem yfirlæknir þyrfti hann að loka stofu sinni. Einnig var samkomulag gert við Stefán til þess að hann gæti flutt starfsemi stofu sinnar yfir á spítalann. Stefán hafi hins vegar ekki efnt sinn hluta samkomulagsins. Að tveimur árum liðnum, síðasta sumar, var Stefáni boðin önnur staða við sjúkrahúsið. Stefán hafi ekki svarað tilboðinu.


STEFÁN E. MATTHÍASSON


MAGNÚS PÉTURSSON

Annars vill Magnús ekki tjá sig um ályktun Læknafélagsins, nema að hún virðist fáum rökum studd. „Læknafélagið er búið að álykta æði mikið að undanförnu og þessi yfirlýsing er umhugsunarverð. Sérstaklega má þar nefna orð eins og „einelti“. Það væri gott að vita hvað þeir meina með því.“ - kóþ

Framhaldsskóli á Hvolsvelli:

## Ekki fremst í forgangsröð

**STJÓRNMÁL** Stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu er ekki fremst í forgangsröð nýrra framhaldsskóla í landinu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra greindi frá því á Alþingi í vikunni.

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni spurði ráðherra hvort til stæði að stofna framhaldsskóla í sýslunni og fékk þau svör að svo væri ekki. Stafaði það bæði af góðum samgöngum í Rangárvallasýslu og fámennum árgöngum á svæðinu.

Björgvin var ekki ánægður með svörin og hvatti til að málið yrði skoðað betur. -bþs

# Landsvirkjun vill öll vatnsréttindi í ánni

**Vatnsréttarhafar við Jökulsá á Dal telja að Landsvirkjun hafi komið fram með nýja kröfu um öll vatnsréttindi í farvegi Jökulsár á Dal en því mótmælir lögmaður Landsvirkjunar harðlega. Málið er til meðferðar hjá matsnefnd.**

**VATNSRÉTTUR** Landsvirkjun hefur, að mati vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal, sett fram nýja kröfu um að fá til ráðstöfunar öll vatnsréttindi við Jökulsá á Dal, ekki bara vatnið sem nýtt er við Kárahnjúkastíflu heldur líka yfirfallsvatnið sem ekkert er nýtt og rennur í farveginum til sjávar og öll vatnsréttindi sem koma neðar í ána. Jón Jónsson hdl. segir þessa kröfu koma vatnsréttarhöfum mjög á óvart.

„Við getum ekki sagt til um hver ástæðan fyrir þessari kröfu er en hugsanlega er Landsvirkjun að huga að frekari virkjunum út Jökulsá á Dal. Það verða þó nokkrir virkjunarkostir út ána en þá er þetta mál farið að snúast um allt annað en það ætti að gera,“ segir Jón og telur enga nauðsyn eða tilgang fyrir Landsvirkjun að eiga þessi réttindi.

„Þetta verður þeim dýrt því þeir þurfa að leysa til sín meiri réttindi en þeir þurfa. Þetta hefur komið okkur mjög á óvart og við áttum okkur ekki alveg á þessari kröfu,“ segir hann og telur að krafan geti ekki náð fram að ganga með vísan til eignarnámsreglna.

Þórður Bogason hdl., lögmaður Landsvirkjunar, mótmælir því að um nýja kröfu sé að ræða. Hann segir að þarna sé bara verið að gefa nánari útskýringar að ósk vatnsréttarhafa. Hann segir að Landsvirkjun telji að ekki sé unnt að framselja hluta orkunýtingarréttindanna vegna farvegar Jökuls-ár á Dal enda gegni þessi farvegur áfram hlutverki fyrir Kárahnjúkavirkjun. Alltaf hafi verið miðað við það. Hann tekur skýrt fram að vatnsréttindi í hliðarám Jöklu neðan stíflu verði alfarið áfram í eigu vatnsréttarhafa.


**VATNSRÉTTINDI VIÐ JÖKULSÁ Á DAL** Vatnsrétthafar árinnar telja að Landsvirkjun vilji nú fá til ráðstöfunar öll vatnsréttindi hennar, ekki bara vatnið sem nýtt er við Kárahnjúkastíflu.

„Það eru engin áform mér vitanlega um virkjanir í Jökulsá á Dal og ég dreg í efa að það sé fýsilegt, bæði af hagkvæmnisástæðum og ekki síður umhverfisástæðum,“ segir hann.

Vatnsréttarhafar við Jökulsá á Dal höfðu gert kröfu um 60 milljarða króna fyrir vatnsréttindin vegna Kárahnjúkavirkjunar og byggðist sú krafa fyrst og fremst á markaðsverði. Landsvirkjun hefur boðið 150–375 milljónir króna sem samsvarar tekjum vatnsréttarhafa af tíu megawatta smávirkjun. Kárahnjúkavirkjun er 690 megawött.

Vatnsréttindamálið er til meðferðar hjá matsnefnd og má búast við að hreyfing komist á það í byrjun næsta árs.

ghs@frettabladid.is

Lögfræðingur frá Minnesota:

## Kosinn á þing fyrstur múslima

**BANDARÍKIN, AP Múslimi var í fyrsta sinn kosinn á þjóðþing Bandaríkjanna í Washington á þriðjudaginn. Keith Ellison er lögfræðingur frá Minneapolis og hefur setið á ríkisþinginu í Minnesota.**


KEITH ELLISON

**Í kosningabaráttunni talaði hann lítið um trúmál og stærir sig af því að hafa notið stuðnings jafnt múslima, kristinna, gyðinga sem og og búddista.**

**Hann krefst þess að Bandaríkjaher verði þegar í stað kallaður heim frá Írak.** - gb

Ljós punktur fyrir repúblikana:

## Schwarzenegger snýr aftur

**BANDARÍKIN, AP** Arnold Schwarzenegger vann sætan sigur í Kaliforníu þegar hann var endurkjörinn í ríkisstjóraembættið með yfirgnæfandi meirihluta og situr því annað kjörtímabil.

„Ég hef gaman af að gera framhaldsmyndir,“ sagði hann á sigurfagnaði í Beverly Hills, og bætti við: „Þetta er tvímælalaust uppáhaldsframhaldið mitt.“

Fyrir ári naut Schwarzenegger lítilla vinsælda, en sneri þá við blaðinu og hefur forðast flesta helstu leiðtoga Repúblikanaflokksins í kosningabaráttunni. Hann gerði samninga við demókrata á ríkisþinginu, til dæmis um harðar aðgerðir gegn losun gróðurhúsalofttegunda. - gb


CAJ P’S HELGARSTEIK






Fram til áramóta fá nýir viðskiptavinir í *DMK* gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsinu.

# Tímamót!

*DMK* markar tímamót í bankaþjónustu við fólk á fullri ferð út í lífið.

Það er í nógu að snúast á árunum í kringum lok framhaldsnáms, þegar atvinnuferillinn er að byggjast upp, fjölskyldan að vaxa og dafna, framtíðaríbúðin í sjónmáli og svo mætti lengi telja. Ný *DMK þjónusta* SPRON miðar að því að mæta þörfum þeirra sem standa í þessum sporum og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.

Samsetning *DMK þjónustunnar* og helstu kostir eru:*

- ***DMK DEBETKORT*** – fæst án árgjalds og með 200 fríum færslum
- ***DMK KREDITHEIMILD*** – fylgir debetkortinu og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – hefðbundin og á hagstæðum vöxtum
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – óhagstæðum skammtímaskuldum breytt í eitt hagstætt lán, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK LÉTTLÁN*** – viðskiptavinir stýra afborgunum í takt við getu hverju sinni, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – og sérkjör á brunatryggingu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin ráðgjöf að þörfum fólks á leið út í lífið
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – er verðlaunaður með sérstöku mótframlagi, styrkjum og sérkjörum
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af árgjaldi kreditkorta SPRON
- ***DMK TILBOÐ*** – hjá völdum verslunum og þjónustufyrirtækjum

**Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*




Fulltrúar Samfylkingar um söluna á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun:

# Vilja sjá verðmat Landsvirkjunar

**STJÓRNMÁL** Fyrirspurnir um sölu Reykjavíkurborgar á hlut sínum í Landsvirkjun, sem fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði lögðu fram á fundi í síðustu viku, voru ekki útræddar á fundi ráðsins í gær.

Fyrirspurnirnar snerust um að borgarstjóri Reykjavíkur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefði selt hlutinn fyrir ¿smánarverð¿ og rökstuddu þeir þá skoðun með því að vísa til verðmats á Landsvirkjun upp á 91,2 milljarða sem gert var í lok árs 2005. Reykjavíkurborg seldi hlutinn miðað við að verðgildi Landsvirkjunar væri 60,5 milljarðar.



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Formaður borgaráðs segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um það hvort verðmatið verði lagt fyrir borgarráð.

Í Fréttablaðinu á laugardaginn sagðist borgarstjóri ekki kannast við 91,2 milljarða verðmatið, meðal annars vegna þess að það hefði aldrei verið lagt fyrir borgarráð.

Á fundinum í gær lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram ósk um að 60,5 milljarða verðmatið, sem lá til grundvallar samningnum um sölu hlutarins í Landsvirkjun, verði lagt fyrir borgarráð.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segir að „engin ákvörðun hafi verið tekin“ um hvort verðmatið verði lagt fyrir ráðið en segist „reikna með“ að fulltrúar Samfylkingarinnar fái svör við þeim spurningum sem þeir hafa lagt fram.

Á laugardaginn verður aukafundur í borgarráði þar sem meðal annars verður fjallað um fyrirspurnir fulltrúa Samfylkingarinnar. - ifv




# Átta sækjast eftir þremur þingsætum

**Eining er um að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Bjarni Benediktsson alþingismaður skipi tvö efstu sætin á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Hörð barátta er um önnur sæti listans.**

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn á sex þingsæti í Suðvesturkjördæmi. Flokkurinn fékk fimm menn kjörna í síðustu kosningum og honum bættist einn þingmaður árið 2005 þegar Gunnar Örn Örlygsson gekk úr Frjálslynda flokknum í Sjálfstæðisflokkinn. Ekkert þeirra sem skipuðu þrjú efstu sætin í síðustu kosningum eru nú í framboði í kjördæminu. Árni M. Mathiesen færði sig yfir í Suðurkjördæmi, Gunnar I. Birgisson lét af þingmennsku á kjörtímabilinu og varð bæjarstjóri í Kópavogi og Sigríður Anna Þórðardóttir sækist ekki eftir endurkjöri. Það gera hins vegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir sem tók sæti Gunnars Birgissonar á þingi. Sigurrós sækist eftir fjórða sætinu, líkt og Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri, Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Bryndís Haraldsdóttir varaþingmaður sem stefnir á 4.-5. sæti. Fimmta sætið ætti að heita öruggt þingsæti og raunar sýnir nýleg skoðanakönnun að Sjálfstæðisflokkurinn geti jafnvel vænst sjö þingmanna í kjördæminu.

Um þriðja sætið bítast Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Bæði eru sjóuð í sveitarstjórnarmálum en reyna nú fyrir sér í landsmálunum og stefna á öruggt þingsæti. Árni Þór Helgason arkitekt og Pétur Árni Jónsson skattaráðgjafi gefa kost á sér í fimmta sæti listans og Steinunn Guðnadóttir íþróttakennari í sjötta sætið.

Prófkjörið fer fram á morgun og er kosið í öllum sex bæjarfélögum kjördæmisins. Hefst kjörfundur klukkan níu og stendur til 18. Þá er fyrstu talna að vænta. Tæplega 16.500 kusu Sjálfstæðisflokkinn í Suðvesturkjördæmi í síðustu kosningum. bjorn@frettabladid.is



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins sækist ein eftir fyrsta sætinu í Suðvesturkjördæmi. Bjarni Benediktsson alþingismaður getur gengið að öðru sætinu vísu. Hart er barist um næstu sæti á listanum.

### ÞAU TAKA ÞÁTT

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra |
| 2. sæti | Bjarni Benediktsson alþingismaður |
| 3. sæti | Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs<br>Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ |
| 4. sæti | Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri<br>Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra<br>Sigurrós Þorgrímsdóttir alþingismaður |
| 4.-5. sæti | Bryndís Haraldsdóttir varaþingmaður |
| 5. sæti | Árni Þór Helgason arkitekt<br>Pétur Árni Jónsson skattaráðgjafi |
| 6. sæti | Steinunn Guðnadóttir íþróttakennari |




Eldri Danir gefnir fyrir sopann:

## Þrefalt meiri ofdrykkja

**DANMÖRK** Fimmti hver karlkyns Dani sem náð hefur sextíu og fimm ára aldri á við áfengisvandamál að stríða. Mælist ofdrykkja í þessum hópi þrefalt meiri nú en hún gerði fyrir tólf árum. Tíunda hver kona á sama aldri drekkur einnig of mikið. Þetta kom fram í Nyhedsavisen. Sérfræðingur danska heilbrigðisráðuneytisins segir kjarnann í þessum hópi hafa misnotað áfengi í rúm tuttugu ár og því muni áfengistengdir sjúkdómar verða algengari í framtíðinni. - ks

**BORGARMÁL**

### Davíð sá ellefti

Brjóstmynd af Davíð Oddssyni, fyrrverandi borgarstjóra, hefur verið afhjúpuð í Ráðhúsinu. Er þetta ellefta brjóstmyndin af fyrrverandi borgarstjórum í húsinu.



# Þorgerður Katrín í fyrsta sæti

## 1. Sigrum saman

## – vinnum saman

**Ágætu sjálfstæðismenn**

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum síðasta áratug. Hagvöxtur hefur verið með því mesta sem þekkist meðal vestrænna þjóða og lífskjör almennings hafa aldrei verið betri. Undir forystu okkar sjálfstæðismanna hefur náðst framúrskarandi árangur og það skiptir okkur miklu máli að haldið verði áfram á sömu braut.

Með prófkjöri gefst tækifæri til að stilla upp sigurstranglegum lista sem líklegur er til að skila Sjálfstæðisflokknum glæsilegum kosningasigri í vor. Það er mikilvægt að sterkur hópur einstaklinga með framsækna og skýra framtíðarsýn skipi framboðslista flokksins í komandi kosningum.

Sjálfstæðismenn eru hvergi öflugri en í okkar kjördæmi og það viljum við undirstrika með eindrægni og samheldni með góðri þátttöku í prófkjörinu laugardaginn 11. nóvember.

**Sigrum saman – framtíðin er full af tækifærum.**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,**
**menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins**

*Velkomin á kosningaskrifstofu Þorgerðar Katrínar, Dalshrauni 1, Hafnarfirði.*


Mad gør dig glad!
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
498 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 500 kr. kg
GRÍSAHNAKKI
ÚRBEINAÐUR
1.098 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
Þú sparar 300 kr. kg
RAUÐSPRETTA
EFTIR DÖNSKUM SIÐ
1.398 kr. kg
30% afsláttur
GOURMET RAFTASKINKA
Í HEILU
1.485 kr. kg
28% afsláttur
ÍSLENSK ÖND
HIN EINA SANNA
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
DANSKAR KJÖTBOLLUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
TUBORG
Carlsberg Light
TUBORG GRÖN
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
CARLSBERG
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
PöVlsemes-
Danskar pylsur
40% afsláttur
Góða dönsk lifrarkæfa
Dönsk lifrarkæfa
30% afsláttur
Ora Síld
hátíðarsíld 398 kr. stk.
& Myllu danskt rúgbrauð 30% afsláttur
NÓATÚN


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Danskar freistingar!
Úr Kjötborði Nóatúns
DÖNSK FLESKSTEIK
SKORIN Í PÖRU
798 kr. kg.
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 600 kr. kg
GRÍSAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
LÍNU – EKTA DANSKT SMURBRAUÐ
BEIKON & KÆFA - RAUÐSPRETTA - REYKTUR LAX - ROASTBEEF - RÆKJA - SPÆGIPYLSA
498 kr. stk.
Girnilegir danskir ostar
Bakkelsi að dönskum hætti
Allt að 60% afsláttur
Velbekomme!

Varnir Íslands



AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Dvínandi gildi hornsteinanna

**Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin hafa í meira en hálfa öld verið hornsteinar öryggis- og varnarmálastefnu Íslands. Margt hefur grafið undan þessum hornsteinum á síðustu árum.**

*Önnur grein.*



**NATO OG ÍSLAND** Frá utanríkisráðherrafundi NATO í Reykjavík í júní 2002. Breytingarnar sem orðið hafa á NATO frá lokum kalda stríðsins hafa dregið úr gildi þess fyrir varnir Íslands, þótt enn sé aðildin að bandalaginu meðal hornsteina öryggis- og varnarmálastefnu landsins. NORDICPHOTOS/AFP

„Tímabært er að samstarf [Íslands við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið í öryggis- og varnarmálum] verði aðlagað frekar þeim breytingum sem orðið hafa í umheiminum á síðustu árum og að Íslendingar taki aukinn þátt í vörnum landsins.“

Þetta mátti lesa í skýrslunni „Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót“, fylgiskjali með ræðu utanríkisráðherra á Alþingi 25. febrúar 1999, en höfundar þess voru þáverandi fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum NATO og þáverandi yfirmenn skrifstofa varnarmála og alþjóðamála í utanríkisráðuneytinu.

Sex og hálfu ári eftir að þessi orð voru skrifuð gerðist það loks, að þetta samstarf var „aðlagað frekar þeim breytingum sem orðið hafa í umheiminum á síðustu árum“ með einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um brottför varnarliðsins og nýju samkomulagi um framhald varnarsamstarfs landanna án fastrar viðveru bandarísks herliðs hérlendis.

Enn er hins vegar eftir að skilgreina nánar með hvaða hætti Íslendingar taka aukinn þátt í vörnum landsins.

### Grefst undan hornsteinum varnarstefnunnar

Í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál hefur í áratugi verið fastur liður að geta þess, að hornsteinar öryggis- og varnarmálastefnu Íslands væru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Þetta tvennt hefur tryggt varnir Íslands í yfir hálfa öld.

En óhætt er að fullyrða að gildi hvors tveggja hefur rýrnað á síðustu árum. NATO hefur breytzt úr hávígvæddu varnarbandalagi Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku gegn sovézku ógninni í kalda stríðinu, í laustengdari öryggismálasamtök hátt í þrjátíu ríkja - eða yfir fjörutíu ríkja ef með eru talin öll samstarfsríkin í Evró-Atlantshafssamstarfsráðinu. Hinni miklu fjölgun aðildarríkja í bandalaginu hefur fylgt, að kjölfesturíkið Bandaríkin hefur að mörgu leyti hætt að líta á NATO sem meginumgjörð tengsla við bandamenn sína.

Og margir eiga erfitt með að sjá að „hreyfanlegar varnir“ og leynileg varnaráætlun nýja samkomulagsins við Bandaríkin jafnist á við þær „sýnilegu og trúverðugu“ varnir sem hér voru með varnarliðinu, einkum og sér í lagi með orrustuþotum þess.

### Atlantshafsbandalagið hið nýja

Allt frá því járntjaldið féll og Varsjárbandalagið var leyst upp í byrjun tíunda áratugarins hefur andláti NATO ítrekað verið spáð. Slíkum spám fjölgaði til muna er deilurnar stóðu sem hæst um Íraksstríðið árið 2003. Sérfræðingar telja þó að ástæðulaust sé að ætla annað en að NATO takist að tryggja tilveru sína um fyrirsjáanlega framtíð.

„Frá því um aldamótin hafa ráðamenn bandalagsins lært að virða og starfa innan þeirra takmarkana sem bandalagið verður að virða ef það á að lifa af,“ skrifar danski varnarmálafræðingurinn Sten Rynning í nýjasta NATO Review.

Rynning segir að í lok tíunda áratugarins hafi „pólitískur metnaður og raunveruleikinn lent í árekstri í Kosovo“, sem hafi leitt til verstu kreppu NATO frá því kalda stríðinu lauk, og sú kreppa dýpkaði enn í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001 og hernaðarins sem fylgdi í kjölfarið í Afganistan og Írak.

Að sögn Rynnings er metnaður NATO nú kominn í betri takt við veruleikann og bandalagið á góðri leið með að endurnýja sig. Íhlutun NATO í Kosovo, fyrsta „utan-svæðis“-hernaðaraðgerð bandalagsins, leiddi til djúpstæðra deilna innan bandalagsins um það hvert hlutverk þess skyldi vera. Þessar deilur leiddu Bandaríkjamenn til að álykta að hernaðaraðgerðir sínar framkvæmdu þeir heldur án þess að blanda hinu fjölþjóðlega bandalagi í þær, og leiðandi ríki meginlands-Evrópu til að styðja frekar nýja öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins.

Deilurnar sýndu í reynd að ekki væri lengur hægt að halda sömu einingu innan bandalagsins og hin sameinandi ógn úr austri hafði gert mögulega allan kaldastríðstímann. „Lærdómar sem dregnir voru af þessu urðu kveikjan að breyttum áherslum NATO. … Umskiptaáætlunin sem nú stendur til að uppfæra [á leiðtogafundinum] í Ríga [í lok þessa mánaðar], endurspeglar að pólitískur metnaður er kominn í takt við veruleikann,“ skrifar Rynning. „Útgangspunkturinn er ekki metnaður til einingar um allar aðgerðir, heldur þörfin á að byggja upp bandalag sem stendur sameinað en er sveigjanlegt, þar sem mismunandi samsettir hópar aðildarríkja taka höndum saman um ólík verkefni á grunni hagsmuna og getu.“

Kjarninn í aðdráttarafli NATO er enn fimmta grein stofnsáttmálans, sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll, og að á bak við þá tryggingu standi kjarnorkuvopnabúr Bandaríkjanna og sameinaður hernaðarmáttur aðildarríkjanna. Enda bíða þjóðir í Suðaustur- og Austur-Evrópu enn í röðum eftir að fá inngöngu í bandalagið. Hugmyndir um að raðir þess verði opnaðar fyrir samherjum fjarri Evrópu og Atlantshafssvæðinu á borð við Ástralíu og Japan og verði þar með eins konar „OECD öryggismála“ hafa þó ekki hlotið hljómgrunn innan bandalagsins, enn sem komið er að minnsta kosti.

### Bandamönnum gert lægra undir höfði

Er Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, lýsti því yfir að framvegis myndi hvert verkefni ráða því hvaða bandamenn Bandaríkin fengju til liðs við sig, virtist hann með því ætla NATO veigaminna hlutverk. En ófarirnar í Írak hafa kennt ráðamönnum í Washington að án bandamanna getur jafnvel mesta herveldi sögunnar ekki verið, ætli það sér að ná árangri í öðrum eins metnaðarfullum verkefnum og að „flytja út“ lýðræði og gildi réttarríkis og mannréttinda til heimshluta eins og Miðausturlanda. Þetta eru einmitt þau gildi sem NATO stendur vörð um. Þetta hefur aukið aftur gagnsemi NATO í augum ráðamanna vestra. Í nýjustu þjóðaröryggisáætlun Bandaríkjanna (National Security Strategy) stendur að NATO-samstarfið sé enn grundvallarþáttur í bandarískri varnarmálastefnu.

Þegar þjóðaröryggisáætlanir Bandaríkjanna sem gerðar hafa verið í sex ára stjórnartíð George W. Bush (frá árinu 2002 og 2006) eru skoðaðar nánar, er annars greinilegt að samstarfi við bandamenn er þar gert mun lægra undir höfði en áður var. Michael T. Corgan, dósent við Boston-háskóla og gestakennari í alþjóðastjórnmálum við Háskóla Íslands, kemst að þeirri niðurstöðu í nýrri rannsókn á þessu efni, að „mikilvægi Íslands í varnaráætlunum Bandaríkjanna … er nú aðeins skugginn af því sem það var einu sinni.“ Varnarþarfir Íslands séu lentar mjög neðarlega í forgangsröðun utanríkis- og öryggismálastefnu Bandaríkjanna.

### Hernaðargetugjáin

Á fyrstu árunum eftir lok kalda stríðsins drógu evrópsku NATO-ríkin verulega úr útgjöldum til varnarmála. Þessi samdráttur jók enn á það gríðarstóra bil sem er á milli hernaðargetu Evrópuríkjanna annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar. Að evrópsk varnarútgjöld deilist þar að auki á ótal aðskilda heri þjóðríkjanna gerir þau enn óskilvirkari í samanburðinum við Bandaríkin. Þessi „getugjá“ á sinn þátt í léttara vægi NATO í huga bandarískra ráðamanna. Bandaríkjamenn hafa lengi þrýst mjög á evrópska bandamenn sína að auka útgjöld til varnarmála og fjárfesta í samhæfðari og skilvirkari herafla sem betur er í stakk búinn að bregðast við hættum og verkefnum nútímans.

Þetta hefur meðal annars orðið til þess að NATO hefur gert nýju aðildarríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal Eystrasaltslöndunum þremur, að gera skuldbindandi áætlanir um að auka framlög sín til varnarmála í áföngum upp í tvö prósent af vergri landsframleiðslu.



**ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN** Sýnilegasta framlag Íslands til sameiginlegs öryggis NATO er Íslenska friðargæslan. Hér sjást liðsmenn hennar í Kabúl í Afganistan. LJÓSMYND/TÍMARIT VÍKURFRÉTTA

Þar sem Eystrasaltslöndin þiggja aðstoð annarra NATO-landa við að annast lofthelgiseftirlit í lögsögu þeirra, sem að miklu leyti er kostað af útgerðarríkjum þotnanna sem sinna því, leggja stjórnvöld í Tallinn, Ríga og Vilníus sig fram um að standa undir þessum væntingum NATO, þrátt fyrir að þröngt sé í búi hjá sovétlýðveldunum fyrrverandi.

### Dreifing byrða og Ísland

Erfitt er að sjá að NATO, eða eitthvert eitt eða fleiri evrópsk aðildarríki bandalagsins, muni taka í mál að efla varnarskuldbindingar sínar gagnvart Íslandi nema gegn því að Íslendingar leggi mun meira „í púkkið“ en þeir gera nú.

Um þetta segir varnarmálafræðingurinn Julian Lindley-French við rannsóknamiðstöðina Centre for Applied Policy við Münchenarháskóla: „Jafnvel minnstu aðildarþjóðir bandalagsins verða að hlíta því að á meðan aðild færir þeim öryggi hins sterkasta, verða þau einnig að axla sinn skerf af alþjóðlegum skuldbindingum.“

*Leiðrétt: Þau mistök urðu við vinnslu korts af varnarsvæðinu sem birtist í blaðinu í gær að Sandgerði var merkt sem Hafnir.*

**Á MORGUN:** Varnarsamstarf við Norðurlönd?

## Helstu atriði varnarsamstarfs

- Varnaráætlun Bandaríkjanna gerir ráð fyrir að varnir Íslands séu tryggðar með hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla, stutt bandarískum hernaðarmætti.
- Gerðar eru ráðstafanir til að tryggja hröð og skilvirk samskipti milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda á hættutímum, þar á meðal við hernaðaryfirvöld.
- Bandaríkin ætla að halda árlega tvíhliða eða fjölþjóðlegar heræfingar á íslensku landsvæði og í íslenskri lofthelgi og landhelgi.
- Bandaríkin munu reka fjórar ratsjárstöðvar íslenska loftvarnarkerfisins til 15. ágúst 2007. Viðræður um fjármögnun starfseminnar hefjast milli ríkjanna og NATO.
- Reglubundið samráð verður viðhaft milli Íslands og Bandaríkjanna um öryggismál. Mun það samráð vera á vettvangi ráðherra en einnig embættismanna.
- Skipaður verður fulltrúi Íslands hjá Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi, sem mun annast tengsl við bandarísk hernaðaryfirvöld og upplýsingamiðlun.
- Leitað verði leiða til að auka samstarf milli bandarísku strandgæslunnar og Landhelgisgæslunnar með æfingum, þjálfun og starfsmannaskiptum.
- Bandaríkin og Ísland ætla að auka og styrkja samstarf á sviði löggæslu og landamæraöryggis til þess að hamla gegn og verjast ógnum sem steðja að báðum ríkjum.




Sony Ericsson
CASINO ROYALE 007
Frumsýning 17. nóvember
Upplifðu Casino Royale í farsímanum þínum
Þú getur fengið það besta úr James Bond með því að senda textann „bond" í númerið 1900. Þú getur valið skjámyndir, skjáhvílur og hringitóna og hlaðið beint í Sony Ericsson símann þinn.
Lestu meira og náðu þér í spennuþrungnar Bond myndir á: www.sonyericsson.com/casinoroyale.
Munið vefverslun Símans á siminn.is. Hægt er að fá allar vörur sendar heim þér að kostnaðarlausu.
Tilboðsverð: 19.900 kr. Sony Ericsson Z550i Almennt verð: 24.980
Tilboðsverð: 39.900 kr. Sony Ericsson K790i Almennt verð: 47.980
Tilboðsverð: 19.900 kr. Sony Ericsson K510i Almennt verð: 22.980
Síminn
Tilboðin gilda til 27. nóvember eða á meðan birgðir endast.

## „ORÐRÉTT“

### Nöturleg staðreynd

**„Þegar börn eru komin á fermingarárið, það er að segja orðin þrettán ára, þá koma þau ítrekað við sögu hjá Barnaverndarnefnd vegna fíkniefnaneyslu.“**

HALLDÓRA GUNNARSDÓTTIR, FORMAÐUR BARNAVERNDARNEFNDAR REYKJAVÍKUR.

Fréttablaðið 9. nóvember.

### Nasistar

**„Stundum hef ég velt því fyrir mér hvers konar fólk það hafi verið sem fylgdi nasistum að máli á sínum tíma. Nú veit ég það.“**

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR UM FÓLKIÐ SEM LÝSIR YFIR HRIFNINGU Á MÁLFLUTNINGI FRJÁLSLYNDRA Í SÍMATÍMUM ÚTVARPSSTÖÐVA.

Blaðið 9. nóvember.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞÓRUNN ERLU VALDIMARSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

## Fánaberi sporðdrekans



„Ég er nú bara öll í honum Matthíasi, það er Matthíasarstefna í Þjóðarbókhlöðunni á laugardaginn, þar verða alls fimm erindi og opnuð sýning,“ segir Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, sem hefur nýlega gefið út bók um Matthías Jochumson. „Síðan fer ég til Akureyrar og verð þar á sunnudaginn með erindi um daginn og upplestur um kvöldið. Þá syngur Megas ljóð Matthíasar í Akureyrarkirkju og leikarar leika úr Skugga-Sveini. Þetta verður gleðileg innkoma í stóra kirkju. Svo var æfing fyrir þetta á mánudaginn hérna heima hjá mér með Guðrúnu Ásmundsdóttur, Lilju [hornleikara og systur Þórunnar] og Megasi, svo þetta er nú kannski svolítið þétt dagskrá. Þetta er allt sem líf mitt snýst um núna.

Ég er yfirleitt svo feimin að kynna sjálfa mig ef ég er með skáldskap en núna er ég með þennan flotta karl sem allir hafa vitlausa mynd af en er samt með svo góð skilaboð til okkar um allt mögulegt. Fyrir utan að við þurfum að vita hver þessi karl er því hann samdi nú þjóðsönginn. Þannig að mér finnst gott mál að kynna hann og get gert það án þess að vera feimin. Svo ég er eiginlega fánaberi hans þessa dagana. Hann náði alltaf svo mikilli athygli, því hann er svo sterkur sporðdreki og það er svo fyndið að hann nær henni enn þá þótt nú séu hundrað ár síðan. Það er svo mikið bestseller-syndróm hérna og venjulega er mjög erfitt að vekja athygli á bók og þær drukkna þess vegna margar í flóðinu. Ég vil því nýta tækifærið og hvetja þjóðina til að hafa ekki bara bókaflóð heldur líka fjöru, því þar má finna þær sem drukknuðu í flóðinu.“

## BRASILÍA:
### JARÐARFARAFÍKILL

■ Luis Squarisi, 42 ára maður frá 60.000 manna bæjarfélaginu Batatais í Brasilíu, er jarðarfarafíkill og hefur verið við hverja einustu jarðarför í bænum síðustu 23 árin. Fíknin byrjaði þegar pabbi Luis var jarðaður og Luis hefur nú hætt í vinnunni til að einbeita sér að jarðarförunum. Luis fylgist vel með fréttum og hringir í spítala og útfararstofur ef hann fer að lengja eftir andlátum. Bæjarbúar vilja alls ekki að Luis hætti iðju sinni því þeir eru svo vanir því að hann sé á svæðinu.



## SJÓNARHÓLL
### FYLGISAUKNING FRJÁLSLYNDRA

## Pottur brotinn



MAGGA STÍNA
Söngkona

„Það að Frjálslyndi flokkurinn skuli margfalda fylgi sitt í kjölfar miður smekklegrar og í raun stórhættulegrar umræðu um innflytjendur er auðvitað mjög sorglegt og verður að vekja okkur hin og vonandi Frjálslynda flokkinn líka hratt og örugglega til umhugsunar um hvort einhvers staðar sé ekki pottur brotinn í þjóðarsálinni hjá okkur,“ segir Magga Stína. „Ég get ekki lesið annað úr orðræðunni undanfarið en að forsvarsmenn Frjálslynda flokksins séu hræddir. Hræddir við breytingar sem „hugsanlega“ verða á samfélaginu við aukningu innflytjenda til landsins. Höfum það í huga að það erum við sem sækjumst eftir starfskröftum þessa fólks. Og líka að það erum við sem borgum þessu sama fólki lægri laun fyrir sömu vinnu en okkur sjálfum. Löngum þótti það dyggð að ræða málin af rósemi og jákvæðni og með opnum huga, en hér virðast menn halda helst á lofti ótta og hugmyndum um boð og bönn. Ég leyfi mér að halda því fram að sá sem er haldinn miklum ótta við þjóðfélagsbreytingar ætti kannski bara að leggja stund á eitthvað annað en pólitík. “


Sterkt Suðurkjördæmi

Helgu Þorbergsdóttur
á þing



4. sætið

Ágæti kjósandi
í Suðurkjördæmi!

Ég vil vinna fyrir þig að framgangi mála er varða þinn hag.

Því leita ég eftir stuðningi þínum í prófkjöri sjálfstæðismanna þann 11. nóvember næstkomandi.

www.helgathorbergs.blog.is


# Selkjötið er hin flottasta steik

**Fyrr á tímum var selkjöt ásamt hreifum og spiki mikilvæg fæða í mörgum landshlutum. Selkjötsát hefur minnkað stórlega og selaafurðir eru hvergi sjáanlegar í matvörubúðunum í dag. Breiðfirðingurinn Guðmundur Ragnarsson hefur boðið til selaveislu árum saman og segir selkjöt, sé það rétt meðhöndlað, vera algjört hnossgæti. Annað kvöld er komið að selaveislu ársins.**



**GUÐMUNDUR RAGNARSSON MEÐ FERSKA SELSHREIFASULTU MEÐ MANGÓ OG ANANAS** Segir þetta gamla íslenska vera að verða aftur mjög vinsælt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta eru allt selir sem ég hef veitt í Breiðafirði,“ segir Guðmundur. Hann starfar við að kokka ofan í starfsfólk Latabæjar í stúdíóinu í Garðabæ en býður þeim þó ekki upp á sel. „Ég er ættaður úr Hergilsey og samkvæmt hlunnindaréttindum má ég veiða í Hergilseyjarlöndum. Veiðitímibilið er nú eiginlega einn mánuður, október. Ég veiði á bilinu 30-60 dýr og þetta eru allt útselskópar, 3-4 vikna gamlir. Þá hafa þeir stækkað úr um 15 kílóum og eru orðnir 80 kíló bara við það að drekka móðurmjólkina. Dýrin hafa aldrei borðað fisk og eru því algjör eðalmatur sem má líkja við frönsku mjólkurkálfana sem þykja það fínasta á frönskum veitingarhúsum.“

Bragðið segir Guðmundur að það minni helst á svartfugl og hreindýr í einum bita. „Selkjöt á árum áður var oft með þráa- eða lýsisbragði enda var lítið lagt upp úr meðhöndlun á kjötinu. Það fá margir sjokk þegar þeir smakka kjötið hjá mér því þetta er algjört lúxuskjöt sem jafnast fyllilega á við flottustu steikur.“

Guðmundur sér ekki fram á að selkjöt verði fáanlegt í kjötborðum landsins. „Nei, ég held að það kæri sig enginn um að selveiðar verði iðnaður. Veiðarnar eru erfiðar og veiðimenn bera mikla virðingu fyrir bráðinni og umhverfinu. Svo er öll vinnsla eftir kúnstarinnar reglum og mikil natni lögð í þetta. Þetta er engin færibandavinna.“

Fyrsta selaveislan var haldin fyrir átta árum og þá komu 40 manns. Nú á Guðmundur von á 250 gestum og segir að aðsóknin sé eiginlega farin úr böndunum. „Þetta hefur spurst svona svakalega vel út og fólk kemur aftur og aftur. Maður er upp með sér að sjá kannski ungar stelpur af mölinni sem finnst þessi gamli matur algjört æði. Það er einmitt þetta sem mér er hugleiknast: að koma aftur með það sem forfeður okkar borðuðu, en bara í nýtískulegri og betri útgáfu. Þetta gamla íslenska er að koma voða mikið inn aftur. Þegar við erum búin að vera í öllu öðru förum við að leita upprunans.“

Veislan fer fram annað kvöld, laugardagskvöld, í nýja Haukahúsinu að Ásvöllum í Hafnarfirði og má panta miða í síma 8486161 (4.900 kr. á mann). Á hlaðborðinu verður meðal annars boðið upp á



**ÚTSELUR Í SJÓNUM** Frábær á diskinn.

grillaðan, reyktan, saltaðan og soðinn sel og súrsaða selshreifasultu. Að borðhaldi loknu verður stiginn dans. Ef þér verður ekki um sel í selaveislunni má benda á að selsteikur fást á meðan birgðir endast í veitingahúsinu Laugaási sem faðir Guðmundar rekur.

gunnarh@frettabladid.is

Þriðja Eve-online hátíðin:

# Gaman að hittast í eigin persónu

Íslenski fjölnotendanetspunaleikurinn Eve-online hefur slegið í gegn á heimsvísu. Leikurinn gerist í geimnum í framtíðinni og í dag eru um 150.000 áskrifendur. Þegar mest lætur eru um 30.000 manns að spila leikinn í einu. Nú eru þeir allra hörðustu mættir á þriðju aðdáendahátíðina sem hófst í gær á Hotel Nordica – eða Hotel *Nördica* eins og réttara væri að kalla hótelið núna.

„Sá sem kemur lengst að er frá Nýja-Sjálandi, svo menn leggja ýmislegt á sig,“ segir Anna Katrín Ólafsdóttir hjá markaðsdeild CCP, sem stendur að baki leiknum. „Þessi hátíð hefur stækkað með hverju árinu, nú koma um 500 manns á hana, liðlega 350 spilarar að utan og 30 blaðamenn, bæði frá tölvublöðunum og danska sjónvarpinu.“

Anna segir margt í boði fyrir aðdáendur leiksins. „Menn spila náttúrulega bæði tölvuleikinn og safnkortaspil sem nýlega kom á markaðinn, og svo eru margir fyrirlestrar í gangi þar sem framtíð leiksins verður kynnt og spennandi nýjungar afhjúpaðar. Spilurum gefst tækifæri til að segja sína skoðun. Hönnuðir leiksins sitja fyrir svörum og dagskráin endar með fyrirlestri framkvæmdastjóra CCP, Hilmari Veigari Péturssyni. Margir gestirnir hafa þekkst mjög lengi í spilaheiminum svo það er gaman fyrir þá að hittast í eigin persónu.“

Karlmenn eru í miklum meirihluta, um 95 prósent spilara eru karlkyns, og nördastimpillinn hefur loðað við tölvuspilara. „Ég er nú bara mjög hugguleg og þokkalega ekkert nörd!“ segir



**ANNA KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR HJÁ CCP** Þokkalega ekkert nörd!
FRÉTTABLAÐIÐ/ F65091106 ANNA

Anna og hlær. „Ég byrjaði að spila leikinn þegar ég byrjaði hjá CCP og á þetta flotta geimskip í dag.“

Hátíðin endar á balli þar sem hljómsveit sem hönnuðirnir stofnuðu og vakti mikla lukku í fyrra leikur fyrir dansi. Hún heitir Röxör.



Starfsmenn SPV stilla sér upp í tilefni af 30 ára afmæli Sparisjóðsins árið 1991.

Kæri félagi!

Það hefir um nokkurn tíma verið í undirbúningi, að félagið stofnaði sparisjóð, og hefir félagsstjórnin haft framkvæmdir á hendi um það mál.

Undirtektir hafa verið sérlega góðar hjá þeim félögum, sem leitað hefir verið til um að gerast ábyrgðarmenn, en samkvæmt landslögum eiga þeir að vera minnst 30 að tölu.

Æskilegast væri þó, að þeir verði allmiklu fleiri. Stofnfé ábyrgðarmanna er í lögum um sparisjóði ákveðið kr. 2500.00, en auk þess er ábyrgð á öðrum kr. 2500.00.

Stofnfjárframlagið ber sparisjóðsvexti, á sama hátt og önnur innlögn í sjóðinn.

Það er álit og von þeirra, sem að framkvæmd þessari standa, að sparisjóðsstarfsemi geti orðið félagssamtökunum lyptistöng á margan hátt, þegar frá líður, og vonum við því, að þú verðir með og tilkynnir þátttöku þína sem allra fyrst.

Þeir, sem tilkynna þátttöku sína, áður en sjóðurinn tekur til starfa, teljast stofnfélagar.

Með félagskveðju.
Reykjavík 28. janúar 1960
Fh. Vélstjórafélags Íslands,

Tómas Guðjónsson
(SIGN)

# Við eigum 45 ára afmæli!

## Komdu í kaffi!

Við bjóðum þér í afmæli í dag
Heitt á könnunni.
Afmælisleikur fyrir alla.

**Komdu og láttu sjá þig!**

# 11.11.1961 ► 11.11.2006

spv

Borgartúni 18 – Síðumúla 1 – Hraunbæ 119 – www.spv.is – Þjónustuver, sími 575 4100 – Skiptiborð, sími 575 4000

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

t gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott

# NÝ S
# GLÆS

## lágvöruverðsvers
## í MOSFELLSBÆ

KRÓNAN

Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og got

STÓR
SILEG

slun opnar

Glæsileg opnunartilboð & kynningar alla helgina

í dag klukkan 14:00

Mosinn
Háholt 13-15
Mosfellsbær

KRÓNAN

Opið alla daga
virka daga 11- 20
lau-sun 11-19

## Svona erum við

> Fjöldi íslenskra ríkisborgara sem flyst úr landi.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÚTLENDINGAFÆLNI

# *Sjúklegur ótti við ókunnuga*



Sitt sýnist hverjum um aukinn fjölda útlendinga sem hingað sækja. Eftir að Magnús Þór, þingmaður Frjálslyndra, breytti afstöðu sinni til innflytjenda og reifaði hugmyndir sínar um takmarkanir á aðgengi þeirra að Íslands ströndum hafa orðin kynþáttahatur eða rasismi gjarnan verið nefnd í umræðunni. Þetta orðaval er ónákvæmt, því oft virðist sem fylgismenn strangari innflytjendalaga óttist helst nýbreytnina sem innflytjendum fylgir, að þeir „taki frá“ Íslendingum vinnu og hafi aðra siði, svo eitthvað sé nefnt. Þetta flokkast ekki beint undir rasisma, heldur það sem á erlendum málum heitir xenophobia; ótti við ókunnuga eða það sem er framandi, útlendingafælni.

**Hvað veldur fælninni?**
Sé flett upp í alfræðiriti má lesa að útlendingafælni, þegar hún beinist að erlendu vinnuafli, orsakist annars vegar af atvinnuleysi meðal innfæddra en það á varla við í þessu tilfelli. Hin orsökin er talin vera einsleitni menningar eða samfélags innfæddra.

**Hver er munurinn á ótta við ókunnuga og kynþáttahatri?**
Hin skýra íslenska tunga svarar þessari spurningu að miklu leyti sjálf. Annars vegar er hægt að beinlínis hatast við einhvern hóp manna, að telja þá illa í eðli sínu eða óæðri mannverur. Hins vegar er þessi fælni við það sem ekki er þekkt.

**Hvað er til ráða?**
Samkvæmt Vísindavef HÍ flokkast fælni undir „kvíðaröskun sem lýsir sér í mikilli og órökréttri hræðslu við tiltekið fyrirbæri“ og áhrifaríkasta meðferðin gegn henni mun vera atferlismeðferð. Ein meðferðin er kölluð flæði. Í flæði er „skjólstæðingurinn sífellt látinn horfast í augu við það sem hann óttast, þar til það hættir að vekja með honum kvíða.“ Þetta þykir líklegra til árangurs en að loka augunum fyrir hinu framandi og reyna að útiloka það úr huganum. Þessi aðferð, sé viðfang fælninnar erlent vinnuafl, gæti um leið bætt úr orsök hræðslunnar: einsleitni menningarinnar.

## SPURT & SVARAÐ
ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

### *140 tungumál á Íslandi*



**INGIBJÖRG HAFSTAÐ**
Kennslustjóri í íslensku í Alþjóðahúsi.

Nokkuð hefur verið rætt um innflytjendur sem koma hingað til lands. Fæstir tala íslensku og þurfa því að læra hana. Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri í íslensku í Alþjóðahúsinu, hefur kennt íslensku frá 1990.

**Hversu mörg tungumál eru töluð á Íslandi í dag?** „Ég hugsa að hér séu töluð um 140 tungumál í dag og sú gleðilega breyting hefur orðið á að fyrirtæki eru í auknum mæli farin að kaupa íslenskunámskeið hjá okkur fyrir erlenda starfsmenn.“

**Hvernig er námskeiðunum háttað?** „Byrjendanámskeiðin eru yfirleitt fjörutíu stundir og eftir það ætti fólk að vera komið með ákveðinn grunn til að geta bjargað sér.“

**Hver ber kostnað af námskeiðunum?** „Þau fyrirtæki sem bjóða starfsfólki sínu upp á námskeið á vinnutíma bera þann kostnað sjálf en fólk getur einnig komið á námskeið hjá okkur milliliðalaust og í þeim tilfellum greiðir fólk námskeiðin sjálft en getur síðan fengið niðurgreitt eða endurgreitt hjá stéttarfélögum.“

# Harðast barist um fjórða sætið

**Hörð samkeppni er um sæti á framboðslistum Samfylkingarinnar í Reykjavík. Sátt ríkir um frambjóðendur í þrjú efstu sæti prófkjörsins en tólf berjast um næstu sæti. Níu konur og sex karlar taka þátt í prófkjörinu á morgun.**



**ÞÁTTTAKENDUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson eru talin raða sér í þrjú efstu sætin en hörð samkeppni er milli tólf frambjóðenda um næstu sæti á eftir.



FRÉTTASKÝRING
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is

Samfylkingin á átta þingmenn í Reykjavík og sækjast þeir allir eftir endurkjöri. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður gefur ein kost á sér í efsta sætið en Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson, tveir öflugustu og reyndustu þingmenn flokksins, keppast um annað sætið og um leið að fara fyrir lista í öðru tveggja Reykjavíkurkjördæma. Össur gengur næstur formanninum að völdum og áhrifum í flokknum og Jóhanna nýtur mikillar og víðtækrar virðingar. Það kann að koma Jóhönnu til góða að þegar er ljóst að karlar leiða fjóra af sex listum flokksins í kosningunum í vor.

Össur og Jóhanna hafa ekki sótt hvort að öðru og reka ekki kosningaskrifstofur. Samherjabarátta, var orðið sem einn flokksmanna notaði yfir stöðuna.

Hörð barátta er hins vegar um fjórða sætið og setja sjö frambjóðendur stefnuna á það. Þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Helgi Hjörvar óska stuðnings í fjórða sætið, Guðrún Ögmundsdóttir í 4.-5. og Mörður Árnason í 4.-6. Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir vilja líka komast í röð allra efstu manna.

Samdóma álit viðmælenda Fréttablaðsins er að Ágúst Ólafur, Helgi og Steinunn Valdís eigi mestu möguleikana á fjórða sætinu, og þar með öðru sæti á lista. Þingmennirnir tveir hafa rekið kraftmikla kosningabaráttu með skrifstofuhaldi og úthringingum en Steinunn Valdís farið aðrar leiðir. Skammt er enda síðan hún tók þátt í prófkjörsslag vegna borgarstjórnarkosninganna.

Áhugi og athafnir Ágústs Ólafs í réttarfarsmálum eru sögð koma honum til góða en hann virðist ekki njóta þess sérstaklega að vera varaformaður flokksins. Hefur hann þurft að minna sérstaklega á þá staðreynd í auglýsingum. Helgi er vinsæll innan flokksins vegna starfa sinna og Steinunn Valdís þótti standa sig vel í embætti borgarstjóra í Reykjavík og vilja margir fá hana í þingliðið.

Þingmennirnir Ásta Ragnheiður, Guðrún og Mörður eru talin berjast um næstu sæti en að þeim sækja sjö aðrir frambjóðendur. Ásta hefur verið ötul í baráttu fyrir bættum kjörum lífeyrisþega, Guðrún hefur lagt ríka áherslu á aukin réttindi minnihlutahópa og almennt jafnrétti en Mörður fjallað einna helst um fjölmiðla og umhverfismál síðustu misseri.

Af þeim frambjóðendum sem eftir standa töldu viðmælendur Valgerði Bjarnadóttur og Kristrúnu Heimisdóttur líklegastar til að ná markmiðum sínum. Kristrún hefur starfað lengi innan Samfylkingarinnar og gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Hún er náin Ingibjörgu Sólrúnu og það eitt gæti fært henni atkvæði. Valgerður hefur verið viðloðandi pólitík um árabil, fyrst í Bandalagi jafnaðarmanna en síðan í Samfylkingunni.

Í hópi frambjóðenda eru tveir fyrrverandi Alþingismenn; Þórhildur Þorleifsdóttir var á þingi fyrir Kvennalistann og Ellert B. Schram fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Að auki gefa Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir og Glúmur Baldvinsson kost á sér.

Aðeins er einn kjörstaður í prófkjörinu og telja fróðir menn í flokknum að það muni hafa áhrif á kjörsókn. Aðeins hörðustu flokksmenn í úthverfum borgarinnar nenni í Laugardalinn til að taka þátt. Það kunni að gagnast sitjandi þingmönnum. Annars lýsa menn furðu á þessari tilhögun og benda á að í prófkjörinu í Suðurkjördæmi voru kjörstaðir bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri þótt aðeins sé þriggja mínútna akstur á milli byggðarlaganna.

### FYRIRKOMULAG PRÓFKJÖRSINS

Kjörfundur verður í félagsheimili Þróttar í Laugardal og stendur frá 10-18. Fyrstu talna er að vænta fljótlega eftir lokun kjörstaðar. Félagsmenn Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa kosningarétt sem og þeir sem lýsa skriflega yfir stuðningi við flokkinn. Flokksmenn geta kosið á netinu. Samfylkingin hlaut rúm 25.000 atkvæði í Reykjavík í síðustu Alþingiskosningum.

### ÞAU GEFA KOST Á SÉR

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður |
| **2.-3. sæti** | Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður |
| | Össur Skarphéðinsson alþingismaður |
| **3.-5. sæti** | Valgerður Bjarnadóttir sviðsstjóri |
| **4. sæti** | Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður |
| | Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður |
| | Helgi Hjörvar alþingismaður |
| | Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarfulltrúi |
| **4.-5. sæti** | Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður |
| **4.-6. sæti** | Mörður Árnason alþingismaður |
| **5. sæti** | Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur |
| **5.-8. sæti** | Glúmur Baldvinsson alþjóðastjórnmálafræðingur |
| **6. sæti** | Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir verslunarkona |
| **6.-8. sæti** | Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri |
| | Ellert B. Schram fv. forseti ÍSÍ tiltekur ekki sæti |







# Mögnuð saga um glæp

*– eftir einn fremsta glæpasagnahöfund landsins!*

## er komin út




## SÁ YÐAR SEM SYNDLAUS ER

GLÆPASAGA

### *Ólafur fann Guð...*

**– nú þarf lögreglan að finna morðingja Ólafs**

Miðaldra karlmenn sem skilja eftir áratuga hjónaband eru líklegri en aðrir til að missa tökin á tilverunni og lenda í gröfinni langt fyrir aldur fram – ef þeim lánast ekki að finna sér nýja konu fljótlega. Ólafi Áka Bárðarsyni tókst ekki að finna sér nýja konu eftir skilnaðinn en hann fann Meistara Magnús, Sannleikann og Guð.

Stefán, Katrín, Guðni og Árni, sem lesendur þekkja úr fyrri glæpasögum Ævars Arnar, þurfa hinsvegar að finna morðingja Ólafs.

### *Umsagnir um síðustu bók Ævars Arnar, Blóðberg:*

„Með þessari bók er Ævar Örn orðinn einn af aðalsakamálahöfundum landsins, ef ekki sá besti.“
*Þórarinn Þórarinsson, Fréttablaðið*

„Íslenskar sakamálasögur verða ekki betri en þetta.“
*Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðið*

***Útgáfutilboð í verslunum Pennans***

***uppheimar.is***

UPPHEIMAR



# Ósamstiga í mikilvægum málum

**Svör frambjóðenda í fjögur efstu sætin í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík draga fram mynd af skýrum ágreiningi milli frambjóðenda. Margir frambjóðendur sem náð hafa nokkrum pólitískum frama takast á um efstu sætin á listanum.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður eru ósammála um það hvort rétt hafi verið að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar. Einhverjum kann að finnast það einkennilegt að formaður og varaformaður stjórnmálaflokks séu ósamstiga í svo stóru og viðamiklu pólitísku máli eins og gerð Kárahnjúkavirkjunar, en óeining um þetta mál innan Samfylkingarinnar hefur áður verið opinberuð og sést skýrlega á svörum frambjóðenda.

Enn og aftur segja frambjóðendur stjórnvöld ekki gera nóg til þess að sporna gegn fíkniefnavandanum. Jóhanna Sigurðardóttir þingkona segir meðal annars að nauðsynlegt sé „að stórauka fjárframlög til forvarna.“

Þrátt fyrir ófá fögur fyrirheit stjórnmálamanna um úrbætur og frekari aðgerðir gegn þeirri samfélagslegu vá sem neysla fíkniefna og áfengis er, virðist sem stjórnvöld séu vanmáttug gegn fíkniefnavandanum. Það sjónarmið ætti að geta verið nægilegur hvati fyrir frambjóðendur til þess að beita sér fyrir frekari úrbótum í þessum mikilvæga málaflokki, og það er gleðiefni að almennur vilji sé fyrir því hjá frambjóðendum í prófkjörum stjórnmálaflokkanna að efla starf gegn fíkniefnavandanum, eins og fram hefur komið í svörum þeirra við spurningum í Fréttablaðinu að undanförnu.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa formenn stjórnmálaflokkanna fallist á að bókhald allra stjórnmálaflokkanna verði opnað, á grundvelli tiltekinna skilyrða sem ekki hafa verið opinberuð. Frambjóðendur eru á einu máli um að það sé skynsamlegt en eru ósammála um hvort banna eigi fyrirtækjum að styrkja við stjórnmálastarfsemi með fjárframlagi. Það mál virðist krefjast frekari umræðu innan flokksins.

### Innflytjendamál, einkavæðing og RÚV

Frambjóðendur eru allir sammála um að stjórnvöld hafi ekki staðið sig nægilega vel í málefnum innflytjenda. Sú afstaða kemur ekki á óvart. En svörin gefa vísbendingu um að frambjóðendur verði að móta sér skýra stefnu í þessu vandmeðfarna máli. Því vilji er ekki allt sem þarf þegar kemur að efnislegum lausnum á flóknum pólitískum vandamálum. Þar skiptir ábyrgð og framsýni ekki síður máli.

Einkavæðingarhugmyndum, hvort sem er í heilbrigðiskerfinu eða í orkumálum, er alfarið hafnað. Landsvirkjun skal ekki einkavæða, segja frambjóðendurnir. Lesendur geta út frá þeirri forsendu ályktað, að Samfylkingin telji ásættanlegt að ríkið stýri því hvaða auðlindir eigi að nýta, en jafnframt að ríkið eigi að vera við stjórnvölinn í fyrirtækinu sem sækist eftir því að nýta auðlindirnar. Þetta er umdeilt sjónarmið, sérstaklega út frá hugmyndum um náttúruvernd. Ingibjörg Sólrún segir að „virkjanir tengdar stóriðju eigi að reisa og reka á viðskiptalegum forsendum,“ sem gefur til kynna að hún vilji breyta regluverki og lögum frá því sem nú er.

Ágúst Ólafur er eini frambjóðandinn sem fellst á að Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag, líkt og frumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra gerir ráð fyrir. Hann segist ekki geta fallist á breytinguna nema á grundvelli þess að ritstjórnarlegt sjálfstæði RÚV haldist óskert og að allir kjörnir fulltrúar hafi óheftan aðgang að upplýsingum.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

## SPURNINGARNAR TÍU

1. Var rétt að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar?
2. Á að auka samstarf einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu?
3. Á að opna bókhald stjórnmálaflokkanna?
4. Á að gera fyrirtækjum óheimilt að veita fé til stjórnmálaflokka?
5. Gera stjórnvöld nóg til að sporna gegn fíkniefnavandanum?
6. Á að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?
7. Þurfa stjórnvöld að standa betur að málefnum innflytjenda?
8. Á að einkavæða Landsvirkjun?
9. Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?
10. Myndir þú beita þér fyrir breytingu á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra?

### 1. sæti INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



1. Ákvörðun Alþingis var skiljanleg í ljósi aðstæðna fyrir austan en ríkisstjórnin stóð rangt að málum fyrir og eftir ákvörðun.
2. Já, þar sem það á við.
3. Já.
4. Get fallist á það ef sett eru ákveðin mörk sem gilda jafnt um fyrirtæki og einstaklinga.
5. Nei.
6. Það þarf að feta sig í átt til meira samræmis milli skattlagningar fjármagns- og launatekna.
7 Já.
8. Nei, ekki í heild, en virkjanir tengdar stóriðju á að reisa og reka á viðskiptalegum forsendum.
9. Nei.
10 Já.

### 2.-3. sæti JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



1. Já, eins og forsendurnar voru á þeim tíma.
2. Svo fremi að aðgangur allra sé tryggður, óháð efnahag, en ég segi þvert nei við einkavæðingu.
3. Já.
4. Nei, það myndi opna fyrir neðanjarðarfjármögnun á stjórnmálastarfsemi. Gagnsæi er lykilatriði.
5. Nei, stórauka þarf fjármagn til forvarna.
6. Já, með ákveðnu frítekjumarki.
7. Já, sannarlega.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já, hef þegar lagt fram frumvarp um það á Alþingi.

### 2.-3. sæti ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



1. Það fannst meirihluta þings og þjóðar á þeim tíma. En hátækni er framtíðin.
2. Já, en einkavæðing kemur ekki til greina.
3. Já.
4. Já.
5. Nei.
6. Já, lækka skattinn sem lífeyrisþegar greiða af þeim hluta lífeyrisgreiðslna sem má skilgreina sem fjármagnstekjur.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 3.-5. sæti VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



1. Nei. Hún var of stór.
2. Fara þarf varlega í það.
3. Já.
4. Nei, ef allt er uppi á borðinu.
5. Nei.
6. Já.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 4. sæti ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



1. Nei, ekki miðað við þær forsendur sem nú blasa við og hraðann sem einkenndi málsmeðferðina.
2. Já, að því gefnu að aðgengi verði áfram óháð efnahag.
3. Já.
4. Nei, en allt þarf að vera uppi á borðinu.
5. Nei.
6. Ég er hlynntur því að tekið verði upp frítekjumark sem yrði skattalækkun fyrir tugþúsundir Íslendinga.
7. Já.
8. Nei.
9. Já, ef ritstjórnarlegt sjálfstæði helst óskert og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verði fyrir hendi.
10. Já. Sama rétt fyrir alla.

### 4.-6. sæti MÖRÐUR ÁRNASON



1. Nei, enda greiddi ég atkvæði gegn henni.
2. Já, en ekki einkavæða heilbrigðisstofnanir.
3. Já.
4. Já, og þá þurfa háar fjárhæðir frá einstaklingum að vera óheimilar.
5. Nei.
6. Já, það þarf að einfalda allt skatta- og bótakerfið.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 4.-5. sæti GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR



1. Það átti að bjarga Austfirðingum og þetta var erfitt mál í þingflokknum.
2. Já, ef ekki verður stigið skref í átt til einkavæðingar.
3. Já.
4. Nei, ef allt er uppi á borðinu.
5. Nei, það má alltaf gera betur.
6 Já.
7. Já, heildarstefnumótun vantar.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 4. sæti HELGI HJÖRVAR



1. Nei, enda greiddi ég atkvæði gegn henni.
2. Já, en ekki einkavæða heilbrigðisstofnanir.
3. Já.
4. Já, og þá þurfa háar fjárhæðir frá einstaklingum að vera óheimilar.
5. Nei.
6. Já, það þarf að einfalda allt skatta- og bótakerfið.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

### 4. sæti ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR



1. Nei. Ég var á móti henni.
2. Ég er á móti einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu en einkaaðilar geta tekið að sér ákveðin verk.
3. Já.
4. Nei, en allar upplýsingar verða þá að vera uppi á yfirborðinu.
5. Nei.
6. Já.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei. Ég er íhaldssöm í málefnum Ríkisútvarpsins enda vann ég þar í 20 ár.
10. Já. Ég var á móti því frumvarpi og greiddi atkvæði gegn því.

### 4. sæti STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR



1. Nei
2. Já, upp að vissu marki og með tilteknum skilyrðum um kostnað notenda.
3. Já.
4. Já og nei. Já, ef nægir fjámunir koma frá ríkinu. Nei, ef allt er uppi á yfirborðinu og allir sitja við sama borð.
5. Nei.
6. Já.
7. Já.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.




FORSALAN
ER HAFIN!
HEIMSFRUMSÝND 17.NÓVEMBER 2006
CASINO
ROYALE
007
Í FYRSTA SKIPTI Á ÍSLANDI ER FORSALA
AÐGÖNGUMIÐA Á midi.is
ATH: EINNIG ER HÆGT AÐ VERSLA MIÐA
Í EFTIRTÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM:
SMÁRA BÍÓ
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 19. NÓVEMBER
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
www.midi.is/bio
spron
REGNBOGINN
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 5.30 - 8.30 - 11.30
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 2.30 - 5.30 - 8.30 - 11.30
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 2.30 - 5.30 - 8.30 - 11.30
www.midi.is/bio
Borgarbíó
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 5 - 8 - 11
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
BÍÓ
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 4 - 7 - 10
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 4 - 7 - 10
SUNNUDAGUR 19. NÓVEMBER
SÝND KL. 4 - 7 - 10
SELFOSS BÍÓ
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 5 - 8 - 11
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 19. NÓVEMBER
SÝND KL. 4 - 7 - 10
ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 3 - 6 - 9 - 12
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 3 - 6 - 9 - 12
SUNNUDAGUR 19. NÓVEMBER
SÝND KL. 1.30 - 4.30 - 7.30 - 10.30
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER
SÝND KL. 7 -10
LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER
SÝND KL. 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 19. NÓVEMBER
SÝND KL. 4 - 7 - 10


Ódýrt og gott
998 kr. kg.
Krónu ferskt lambalæri
985 kr. kg.
Goða ungnautahakk
Tilbúnir fyrir Leifstöð
15% afsláttur
Shop R. ferðapokar
6 fyrir 4
Egils jólaöl 0,5 ltr
Lays snakk 3 teg
179 kr./pk.
2 fyrir 1
Goða skinka tvöfaldur pakki
McCain super wedges, 750g
269 kr./pk.
Rice Krispies 450g
249 kr./pk.
99 kr. stk.
Pepsi & Pepsi light 2 ltr
20% afsláttur
Nestlé barnamatur
Bambolina DuoPak bleyjur
899 kr./pk.
Neutral barna sjampó/sturtusápa
199 kr./stk.
Weetos morgunkorn
469 kr./pk.

KRÓNAN


238 kr. kg.
Kea londonlamb
998 kr. kg.
Goða grísagúllas /snitsel
41% afsláttur
687 kr. kg.
Ýsubitar
SPARAÐU STÓRT
Móa kjúklingabitar blandaðir
298 kr./pk.
Borgarnes kæfur, 3 teg
199 kr./pk.
Krónubrauð stórt & gróft
2 fyrir 1
20% afsláttur
Delfi ostur
Happy Day ávaxtasafar
269 kr./stk.
Gra Label strásykur 1 kg
77 kr./kg.
Nóa 200g kókósbitar
169 kr./pk.
Náttúra Frisee salat
199 kr./pk.
Hatting hvítlauksbrauð
199 kr./stk.
Hatting ostabrauð
184 kr./stk.
KRÓNAN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.239 **+0,70%** **Fjöldi viðskipta:** 330 **Velta:** 5.024 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +1,79% | **Avion** | -2,66% |
| **FL Group** | +1,77% | **Flaga** | -0,73% |
| **Landsbankinn** | +1,61% | **Marel** | -0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,60 -0,16% ... Alfesca 4,85 +0,00% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,34% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Avion 33,00 -2,66% ... Bakkavör 59,50 +0,17% ... Dagsbrún 4,65 -0,43% ... FL Group 23,00 +1,77% ... Glitnir 22,70 +0,00% ... Kaupþing 825,00 +0,86% ... Landsbankinn 25,30 +1,61% ... Marel 77,50 -0,64% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,10 +1,79% ... Össur 113,00 +0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Góður biti í hundskjaft**

Kaup Danske Bank á bankahluta Sampo-fjármálasamsteypunnar eru liður í því að styrkja samkeppnisstöðu danska bankans gagnvart Nordea, stærsta banka Norðurlanda en báðir bankarnir vilja stækka í gegnum Eystrasaltsríkin og Rússland. Kaupþing ætlar að stækka í gegnum Norðurlöndin og hafa boðað sölu á nýju hlutafé til erlendra fjárfesta. Ef Kaupþing hafði hugsað sér að taka yfir bankahluta Sampo þá eru þær hugmyndir foknar út í veður og vind. „Þar fór góður biti í hundskjaft," sagði mikill áhugamaður um íslensku útrásina við tíðindin. Sá hinn sami telst ekki til aðdáenda Danske Bank.



**Jón boðar breytingar í HoF**

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, var eins og oft áður eitt aðalumræðuefni breskra fjölmiðla í gær. Í viðtali við Times mun forstjórinn hafa kallað breskar verslanir leiðinlegar og þreytandi og að þær bjóði margar hverjar upp á sama vöruúrval. Sagði Jón House of Fraser, sem Baugur og aðrir fjárfestar luku við kaup á í gær, ætla að hætta sölu nokkurra þekktra vörutegunda, hefja sölu á nýjum merkjum og „krydda" vöruúrvalið. Kom það fram í Times að breytingar á House of Fraser muni taka um tvö ár og að kostnaðurinn við þær muni hlaupa á tugum milljóna punda.

## Gengi Actavis er yfir spám

Undirliggjandi hagnaður Actavis á þriðja ársfjórðungi þessa árs nemur tæpum 29 milljónum evra, eða rúmum 2,5 milljörðum íslenskra króna. Þetta er nokkuð yfir spám, en meðalspá greiningardeildar bankanna hljóðaði upp á 2,1 milljarð króna.

Kostnaður vegna misheppnaðarar tilraunar til yfirtöku á króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA varð hins vegar til þess að endanlegur hagnaður fjórðungsins nemur ekki nema 8,2 milljónum evra, eða tæpum 715 milljónum króna.

Tekjur Actavis á þriðja ársfjórðungi tvöfölduðust frá því á sama tíma í fyrra, eru tæpar 324 milljónir evra, en voru tæplega 161 milljón evra í fyrra. **- óká**

# Lánshæfi ríkisins staðfest í nýju mati Fitch

### Horfur eru þó enn sagðar vera neikvæðar.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfismat ríkissjóðs Íslands. Lánshæfiseinkunn fyrir erlendar langtímaskuldbindingar er AA- (AA mínus) og fyrir innlendar skuldbindingar AAA og horfur fyrir matið eru neikvæðar. Lánshæfiseinkunnin F1+ fyrir erlendar skammtímaskuldbindingar er einnig staðfest ásamt landseinkunninni AA.

Í þýðingu Seðlabankans á mati Fitch segir að staðfesting á gildandi mati með neikvæðum horfum endurspegli þá staðreynd að íslenska hagkerfið sé enn mjög skuldsett og eigi eftir að takast á við nokkur af meginatriðunum sem dregin voru fram við síðasta mat í febrúar, en þar á meðal var áhyggjur af því að ríkið styddi ekki nægilega við peningamálastjórn Seðlabankans.

„Fitch lítur jákvæðum augum á undangengna þróun í fjármálakerfinu sem miðað hefur að því að auka traust og trúverðugleika, en Fitch hefur áfram áhyggjur af þjóðhagslegu ójafnvægi og hvernig aðlögunin gæti orðið á endanum," er haft eftir Paul Rawkins, sérfræðingi hjá Fitch Ratings í Lundúnum. **- óká**

# DeCode tapar 4,2 milljörðum

DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, ÍE, tapaði 62,2 milljónum dala eða 4,2 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 41,6 milljónir dala eða 2,8 milljarða króna tap á sama tíma í fyrra.

Handbært fé deCode lækkaði úr 155,6 milljónum dala eða 10,6 milljörðum króna um áramótin í 126,8 milljónir dala eða rúma 8,6 milljarða króna í lok september. Lækkunin nemur um 2 milljörðum króna.

Kári Stefánsson, forstjóri deCode, sagði á símafundi um afkomutölurnar í gær að gert væri ráð fyrir því að handbært fé fyrirtækisins muni lækka um 3,7 til 4 milljarða króna á árinu öllu. **- jab**

**Dagsbrún hf.**

# - Hluthafafundur -

**FUNDARBOÐ**

**Hluthafafundur Dagsbrúnar hf. verður haldinn á Radisson Hótel Sögu við Hagatorg, Reykjavík, föstudaginn 17. nóvember n.k. og hefst kl. 8:30.**

**Dagskrá:**

1. Tillaga stjórnar Dagsbrúnar hf. um að félaginu verði í samræmi við skiptingaráætlun félagsins dags. 12. september 2006 og með vísan til ákvæða XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skipt upp í tvö rekstrarfélög sem bæði verði skráð í Kauphöll Íslands. Félögin verði annars vegar fjölmiðlafélag, 365 hf., og hins vegar fjarskipta- og upplýsingatæknifélag, Teymi hf.

2. Tillögur stjórnar Dagsbrúnar hf. um að gerðar verði breytingar á samþykktum félagsins er lúta að heiti þess, heimilisfangi, tilgangi og hlutafé, annars vegar lækkun á hlutafé er leiðir af skiptingu félagsins og hins vegar um að hlutabréf skuli gefin út rafrænt.

3. Kosning nýrrar stjórnar.

4. Önnur mál löglega fram borin.

Dagskrá fundarins ásamt tillögum stjórnar Dagsbrúnar hf., auk gagna vegna skiptingarinnar sem legið hafa frammi frá birtingu skiptingar- og samrunaáætlunar í Lögbirtingablaðinu þann 16. október 2006, liggja frammi til afhendingar hluthöfum Dagsbrúnar hf. á skrifstofu félagsins að Síðumúla 28, 105 Reykjavík.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum á fundarstað á fundardegi frá kl. 8.00 - kl. 8.30.

Verði tillaga stjórnar Dagsbrúnar hf. um skiptingu félagsins samþykkt, verður stofnfundur Teymis hf. haldinn strax í kjölfar slita á hluthafafundi Dagsbrúnar hf. á sama stað. Drög að samþykktum fyrir hið nýja félag liggja fyrir á skrifstofu Dagsbrúnar hf.

DAGSBRÚN

# Sviptingar hjá norrænum bönkum

### Danske Bank kaupir Sampo Bank sem Kaupþing hefur verið orðað við. Kaupþing hefur hagnast nokkuð á Storebrand.

Finnska fjármálafyrirtækið Sampo hefur samið um sölu á Sampo Bank til Danske Bank fyrir 350 milljarða króna að undangenginni tveggja milljarða arðgreiðslu. Til samanburðar nemur verðmæti Glitnis um 325 milljörðum.

Sampo Bank er þriðji stærsti banki Finnlands með 125 útibú í Finnlandi og starfsstöðvar í Eystrasaltslöndunum og Rússlandi.

Peter Straarup, forstjóri Danske bank, segir að kaupin séu liður í útrás bankans inn í Eystrasaltslöndin. Kaupin styrki aukinheldur stöðu Danske gagnvart aðalkeppinautunum í Nordea. Kostnaður vegna samruna bankanna er áætlaður rúmir fimmtán milljarðar króna.

Yfirtaka Danske Bank kann að breyta áformum Kaupþings um ytri vöxt í Skandinavíu en stærsti banki Íslands ætlar að selja nýtt hlutafé til erlendra fjárfesta fyrir um það bil 55 milljarða króna fyrir áramót. Kaupþing var meðal annars orðað við bankahluta Sampo.

Hlutabréf í Sampo-samstæðunni hækkuðu um tæp níu prósent en bréf Danske bank lækkuðu hins vegar um þrjú prósent, enda þykir mörgum sem Danske Bank hafi greitt fullhátt verð. Markaðsvirði Sampo Bank nemur þreföldu bókfærðu eigin fé.

Einnig hafa átt sér stað talsverðar breytingar á eignarhaldi í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand. Í vikunni keypti Gjensidige Forsikring tæp tíu prósent í Storebrand fyrir rúman 21 milljarð króna og voru bréfin mestmegnis keypt af Orkla.



**PETER STRAARUP, FORSTJÓRI DANSKE BANK** Danirnir hafa keypt bankahluta finnska fjármálafyrirtækisins Sampo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaupþing sjálft heldur utan um tæp átta prósent í Storebrand. Í norskum fjölmiðlum er því haldið fram að Gjensidige vilji koma í veg fyrir hugsanlega tilraun Kaupþings til að taka bankahluta Storebrands yfir. Forsvarsmenn Kaupþings hafa lýst því yfir að fjárfesting félagsins í norska fjármálafyrirtækinu sé einungis í því skyni að fjárfesta pundið vel. Óinnleystur gengishagnaður Kaupþings af hlutnum er vart undir tveimur milljörðum króna en gengi Storebrands hefur hækkað um þrjátíu prósent frá því um mitt sumar.

**eggert@frettabladid.is**

## Straumur losar um hluti í Scribona

Straumur-Burðarás hefur selt hluta B-bréfa sinna í sænska upplýsingatæknifyrirtækinu Scribona ásamt forkaupsrétti í fyrirhuguðu hlutafjárútboði. Um er að ræða fimm prósenta hlut en Straumur var fyrir söluna þriðji stærsti hluthafinn í Scribona. Á árinu hefur gengi Scribona lækkað um helming.

Straumur er mjög virkur fjárfestir á sænska markaðnum og heldur utan um hluti í Betsson, Intrum, Saab og SEB. Fyrir nokkru eignaðist Straumur tíu prósent í Pricer sem framleiðir verslunarlausnir og afgreiðsluhugbúnað. **- eþa**

10% vaxtaauki!

ARGUS / 06-0472

Kynntu þér málið á **spron.is**



spron

HAFÐU ÞAÐ **FLOTTASTA** Í STURTUNNI!

**SÉR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum



VELDU ÞITT GLER EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLER HURÐIR** stærðir
60, 70, 75, 80, 90, 100, 110, 120, 130 og 140 sm

VELDU RENNIHURÐ ÚR GLERI EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLER RENNIHURÐIR** stærðir
80 sm, 85 sm, 90 sm

STURTUHORN ÚR GLERI
- beint á gólf



VM 321
8 mm öryggisgler
Rammalaust bogahorn
m krómfestingum



VM 531
8 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á
**www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Málefni útlendinga og stjórnarmyndun:

## Að eiga kökuna og éta hana

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær felur í sér tvær afgerandi pólitískar vísbendingar: Í fyrsta lagi sveifla frjálslyndir til sín fylgi frá Framsóknarflokki og vinstri grænum. Í öðru lagi er meirihluti ríkisstjórnarflokkanna fallinn.

Í síðustu könnun Fréttablaðsins í ágúst voru frjálslyndir við það að þurrkast út. Á örfáum dögum tekst þeim nú að snúa pólitísku dauðastríði í stórsókn með því einu að krefjast frekari takmarkana varðandi komu útlendinga til landsins.

En hver er munurinn á hugmyndafræði flokkanna í þessum efnum? Með hæfilegri einföldun sýnist hann vera þannig vaxinn: Frjálslyndir vilja hertar reglur og meiri takmarkanir. Hinir flokkarnir telja nóg að gert í þeim efnum en segjast vilja bæta aðstöðu útlendinga og kenna þeim íslensku í ríkari mæli.

Margir halda því fram að þessi umskipti séu eins konar pólitísk bólga vegna skyndieitrunar. Hún muni síðan hjaðna þegar þjóðarlíkaminn hefur unnið á eitruninni. Með öðrum orðum: Umræðan muni falla í hefðbundinn farveg á ný.

Þó að ekkert sé unnt að fullyrða er þessi kenning um margt sennileg þó að glæður umræðunnar lifi. Ætli frjálslyndir hins vegar að viðhalda bólgunni þurfa þeir djörfung til að flytja ákveðnar tillögur til breytinga á gildandi lögum á þessu sviði í andstöðu við aðra flokka.

Fátt bendir til að slíkur tillöguflutningur muni sjá dagsins ljós. Það styrkir þá ályktun að hér hafi verið blásið til storms í vatnsglasi. Á þessu stigi í aðdraganda kosninga er hins vegar enginn vegur að sjá fyrir hvort súrefnið úr þeim goluþyt dugar til tímabundinnar eða varanlegrar endurlífgunar.

Vísbending um önnur stór pólitísk tíðindi í þessari könnun kemur fram í áframhaldandi tapi Framsóknarflokksins. Það þýðir að meirihluti stjórnarflokkanna er fallinn. Þetta gerist þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn bæti stöðu sína umtalsvert frá síðustu kosningum.

Reyndar er ekki vitað hvort stjórnarflokkarnir hafa áhuga á áframhaldandi samstarfi þó að þeir fái kjörfylgi til þess. Reynslan sýnir að Framsóknarflokkurinn bætir jafnan stöðu sína í kosningabaráttunni. En hvað sem þeirri staðreynd líður sýnist vera álitamál hvort forystumönnum hans takist að snúa taflinu svo afgerandi við að þessi ríkisstjórnarkostur verði áfram mögulegur.

Á hinn bóginn liggur fyrir að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa með formlegri yfirlýsingu sammælst um að reyna stjórnarmyndun fái þeir til þess meirihluta. Skoðanakönnunin bendir til þess að sú sé raunin. Samfylkingin hefur til að mynda nánast náð kjörfylginu.

En þá vaknar sú spurning hvort Frjálslyndi flokkurinn geri útlendingamálin að úrslitamáli við hugsanlega stjórnarmyndun. Eins og forystumenn hans hafa stillt málum upp sýnist ekki vera nokkur málefnalegur grundvöllur fyrir samstarfi á þeim forsendum.

Líklegast er þó að frjálslyndir hafni ekki ráðherrastólum verði þeir í boði og fórni til þess útlendingastefnunni. Ef staðan er sú meina þeir hins vegar ekki mikið með blæstri síðustu daga. Það er einfaldlega útilokað að gera hvort tveggja í senn að geyma kökuna og éta hana.

Kjarni málsins er sá að talsmenn frjálslyndra verða að skýra út hvernig málflutningur þeirra í útlendingamálum rímar við áformin um ríkisstjórnarsamstarf með hinum stjórnarandstöðuflokkunum. Það er spurning um trúverðugleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Skuggahirðir



MÖGNUÐ BÓK

Hefur selst í yfir milljón eintökum og verið þýdd á 32 tungumál

„ævintýralega spennandi“

OBSERVER

232 blaðsíður / innbundin

Útgefandi HLJÓÐBÓK.IS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ótrúverðugur

Margir hafa verið forvitnir um hverjir standi á bak við væntanlegt tilboð í fótboltaliðið West Ham United. Viðskiptablaðið sagði frá málinu á forsíðu í fyrradag og vitnaði í The Independent sem sagði Björgólf Guðmundsson standa á bak við tilboðið. „Talsmaður Björgólfs, Ásgeir Friðgeirsson, sagði það ekki vera rétt,“ segir í frétt blaðsins. Sama dag segir í frétt NFS: „Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, sendi í dag frá sér yfirlýsingu þar sem hann staðfestir að hann sé maðurinn sem standi á bak við“ stærstan hluta tilboðsins. Ætli það sé trúverðugt að vera með ótrúverðugan talsmann?



### Flokkur ríkisframtaks

„Já, frjáls kaup á fyrirtæki,“ svaraði Kristján Pálsson, fyrrverandi frambjóðandi T-listans, aðspurður í Fréttablaðinu í gær hvort rétt hefði verið að ríkisvæða prentfyrirtækið Samskipti. Svar Guðjóns Hjörleifssonar var bara einfalt „já“. Ágætt að kjósendur viti að þessir sjálfstæðismenn taka ríkisframtakið fram yfir einkaframtakið. Þingmennirnir Drífa Hjartardóttir og Árni Mathiesen segjast ekki þekkja til þessa prinsippmáls. Kallast það ekki meðvitað þekkingarleysi. Kári Sölmundarson segir hins vegar þvert „nei“. Ætli honum sé ekki best treystandi á þing!



### Óvæntur stuðningur

Nokkur örvænting er hlaupin í prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi. Ármann Kr. Ólafsson auglýsti sjálfan sig og stuðningsfólk á heilsíðu í Fréttablaðinu í gær. Neðst var boðið í kaffispjall með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Bjarna Benediktssyni. Sumir fóru að túlka það sem svo að Þorgerður og Bjarni styddu Ármann en svo mun ekki vera. Í fyrradag mátti reyndar sjá á heimasíðu Ármanns mynd af Bjarna á stuðningsmannalistanum. Var sú mynd ekki tekin af síðunni fyrr en Bjarni sjálfur hringdi í Ármann og óskaði eftir því.

bjorgvin@frettabladid.is

## Rousseau í stað Marx?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Fortíðardraugur

Fræg eru þau ummæli Karls Marx (og Friðriks Engels) í „Kommúnistaávarpinu“ 1848, að vofa kommúnismans fari ljósum logum um Norðurálfuna. Stjórnmálahugmyndir ganga ósjaldan aftur. Til dæmis minnti málflutningur auðlindaskattsmanna á Íslandi um 1990 á herferð bandaríska rithöfundarins Henrys George á síðari hluta nítjándu aldar gegn einkaeignarrétti á landi. Rödd Þorvalds Gylfasonar og skoðanabræðra hans var bergmál frá George, sem vildi gera arð landeigenda upptækan með sömu rökum og þeir Þorvaldur arð útgerðarmanna. Auðlindaskatturinn var uppvakningur. (Raunar hafði georgisminn áður verið hér á kreiki, í skrifum Jónasar Jónssonar frá Hriflu um 1915, en hann hvarf skjótlega frá honum af hagnýtum ástæðum.)

Sjálfur var marxisminn auðvitað annar draugur. Marx lofaði allsnægtum. Með kapítalismanum hefðu menn gert jörðina sér undirgefna, svo að fjármagnið gæti fallið eins og fullþroskaður ávöxtur í hendur öreigastéttinni. Marxistar stefndu að frekari iðnvæðingu en kapítalistar, örari hagvexti, öflugri virkjunum, stærri fyrirtækjum. Undirrót marxismans var að vísu ekki eymd verkalýðsins, heldur beiskja rótlauss menntafólks, sem þráði völd í krafti andlegra yfirburða sinna, og vildi endurskapa mannkynið, svo að það þyrfti sjálft ekki að vera háð markaðsöflunum. Ólíkt Sölku Völku taldi Arnaldur sig of góðan til að vinna í fiski hjá Bogesen.

Marxismanum lauk með ósköpum. Hann skildi við Rússland og Mið-Evrópu í rjúkandi rúst. Hvergi hefur umhverfi manna verið spillt jafn freklega. Ástæðan var auðvitað sameignarrétturinn. Það, sem allir eiga, hirðir enginn um. Kapítalisminn hvílir hins vegar á einkaeignarrétti, sem tryggir sæmilega nýtingu gæðanna. Hvers vegna eru nashyrningar í Afríku í útrýmingarhættu, en ekki sauðir á Íslandi? Vegna þess að sauðirnir eru í einkaeigu. Eigendur þeirra hirða um þá, merkja sér þá, girða þá af. Enginn á hins vegar nashyrningana, svo að enginn gætir þeirra. Hið sama er að segja um stöðuvatn, sem spillt er með úrgangi úr verksmiðju. Rétta ráðið er að mynda einkaeignarrétt á stöðuvatninu. Þá hættir verksmiðjan snarlega að losa þangað úrgang. Þegar gæði eru í einkaeigu, taka menn umhverfið með í reikninginn, ella ekki.

*Það var ekki heldur vegna hótana Sigríðar í Brattholti, sem horfið var frá virkjun Gullfoss, heldur sökum áhugaleysis erlendra fjárfesta.*

Heimurinn hefur gerbreyst eftir hrun marxismans. Undirrótin að andstöðu óánægðs menntafólks við kapítalismann er að vísu hin sama og áður: Í hugum þess er hann framandi og hættulegt afl. Þetta fólk er firrt, eins og Marx orðaði það. Því finnst það vera statt á röngum hnetti. En þessir andstæðingar kapítalismans vilja fara aðra leið en marxistar. Þeir lofa ekki örari hagvexti, heldur hafna honum með öllu. Þeir eru ekki framfaratrúar eins og marxistar, heldur vilja snúa aftur til náttúrunnar, til upphafsins. Þeir telja, að í lífsháttum frumstæðra þjóða, til dæmis frumbyggja Vesturheims, sé fólgin speki, sem nútímamenn hafi gleymt. Slíkar þjóðir hafi búið í sátt við náttúruna í stað þess að reyna að gera hana sér undirgefna eins og Vesturlandamenn.

Hér á Íslandi leitar slík hreyfing sér útrásar í baráttu við stórvirkjanir og stóriðju. Hún sækir fordæmi til Sigríðar í Brattholti, sem á að hafa stöðvað virkjun Gullfoss með því að hóta að kasta sér í fossinn. Sú rödd, sem þetta fólk bergmálar, kemur úr barka franska heimspekingsins Jeans-Jacques Rousseau, sem vildi hverfa aftur til náttúrunnar og taldi manninn njóta sín best í virkri fjöldahreyfingu, þar sem vilji allra einstaklinganna yrði að einum voldugum allsherjarvilja. Vofa Rousseaus gengur ljósum logum á Íslandi. Það liggur í hlutarins eðli, að erfitt er að rökræða við hana. Þó má benda á, að sögurnar fögru af frumbyggjum Vesturheims, sem bjuggu í sátt við náttúruna, eru goðsagnir. Þeir útrýmdu dýrum og brenndu skóga. Það var ekki heldur vegna hótana Sigríðar í Brattholti, sem horfið var frá virkjun Gullfoss, heldur sökum áhugaleysis erlendra fjárfesta.

Annars átti Voltaire besta svarið við þessum draugagangi: Hvatning Rousseaus til okkar um að fara aftur á fjóra fætur er vissulega skemmtileg, en það er allt of langt liðið frá því, að flest okkar lögðum þann sið niður, til að unnt sé að ætlast til þess, að við tökum hann upp aftur.

## Skiptum um áhöfn

UMRÆÐAN

Ríkisstjórnir



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Eitt brýnasta verkefni í íslensku samfélagi er að snúið verði af braut misskiptingar og ójafnaðar. Það verður ekki gert nema skipt verði um áhöfn í stjórnarráðinu og ríkisstjórn okkar jafnaðarmanna taki við. Mörgum ofbýður valdahroki ráðamanna og markaðsgræðgin sem sífellt er að auka á misskiptingu. Blind markaðshyggja – án þess að stoðir velferðarkerfisins séu styrktar um leið og stjórntækjum ríkisvaldsins beitt til jöfnunar í þjóðfélaginu – hefur leitt til gífurlegrar eigna- og tekjutilfærslu. Hvar sem litið er má sjá ójöfnuðinn og æpandi dæmi um að öryggisnet velferðarkerfisins er brostið og þetta hefur bitnað harkalega á lífeyrisþegum, barnafjölskyldum og tekjulágu fólki.

Forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar jafnaðarmanna verður að bæta kjör lífeyrisþega, bæði með því að hækka lífeyri og tryggja að atvinnu- og lífeyristekjur skerði ekki greiðslur almannatrygginga. Einnig hef ég lagt til að lífeyrisgreiðslur beri ekki hærri skatt en fjármagnstekjur. Ekki er síður brýnt að endurskipuleggja skattkerfið og lækka skattbyrði fólks sem sætt hefur skattahækkunum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Skattar um níutíu prósent skattgreiðenda hafa hækkað – þ.e. allra nema þeirra sem mest efnin hafa. Barnabætur, sem orðnar eru að láglaunabótum, verður að hækka og bæta þarf stöðu ungbarnafjölskyldna með lengra fæðingarorlofi og auknum greiðslum til foreldra langveikra barna. Markviss framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram launajafnrétti kynjanna á sömuleiðis að vera forgangsverkefni í nýrri ríkisstjórn jafnaðarmanna.

Í yfirstandandi prófkjöri býð ég mig fram til forystu, í 2.-3. sæti, en 2. sæti listans er leiðtogasætið í öðru Reykjavíkurkjördæmina. Ég hvet þig til að hafa áhrif með því að taka þátt í prófkjörinu og gera það sem glæsilegast. Mér þætti afar vænt um stuðning þinn til að vera áfram í forystusveit Samfylkingarinnar. Reynsla mín og þekking á löggjafarstarfi og stjórnsýslunni mun nýtast vel í þeirri baráttu sem framundan er.

*Höfundur er alþingismaður.*


EKKERT BRUDL
Frábær tilboð
í ÖLLUM Bónusverslunum
Sjáðu verðið!
2.5 kg
1598 KR.
Quality Street
Heilt kíló!
Kíló!
998 KR.
Bónuskonfekt
Nýtt kortatímabil!
Ís 2 lítrar
149 KR.
Bónusís
500 ml
69 KR.
Bónus malt
2 lítrar
98 KR.
Coca-Cola light
2 lítrar
98 KR.
Egils appelsín
AMERICA/CHEESE
98 KR.
200g
2 lítrar
89 KR.
Fanta free
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!



BÓNUS
Dásamlegir dagar í öllu
Sjáðu verðið!
12 FERSK STJÖRNUEGG
Stykkjaverð:
15 KR.
STJÖRNUEGG
FERSKIR BRINGUR
kílóverð nú:
1282 KR.
Merkt verð 2565KR.
Ferskar bringur
Ferskir leggir og vængir
HOLTAVÆNGIR FERSKIR
Kílóverð nú:
160 KR.
MERKT VERÐ 320KR.
Leggir
afsl
HOLT
ME
Holta-kjúklingur
PORK ROAST
Kílóverð nú:
899 KR.
MERKT VERÐ 1499KR.
Ali
Einfalt og þægilegt!
Pork Roast
helgarsteik frá ALI
40%
afsláttur
við kassann
Nýtt korta
...fyrir góðan dag!
KS
KS lambasvið
LAMBASVIÐ
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
Nautaveisla
FERSKT NAUTAHAKK
Kílóverð:
798
Ferskt ungnautahakk
8-12% fituinnihald
2 kíló!
39 KR.
PREMIER/RAUÐAR/
GULLAUGA
Kartöflukóngurinn slær
allt út núna!







# allt



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ HEIMILI ]

**Sushismiðjan** er með tilboð á milli klukkan 12.00 og 13.30 í hádeginu mánudaga til föstudaga í nóvember og desember. Á tilboðinu má fá sjö stóra sushibita og gos á 1.000 krónur.



**Dressmann** er með pakkatilboð á jakkafötum, skyrtum og bindum. Á pakkatilboðinu má fá ein jakkaföt, skyrtu og bindi á aðeins 17.990 krónur.

**Hljóðfærahúsið** er með frábær tilboð á trommusettum.

**Stórútsala** á mótorhjólum er í versluninni Nitro.

**Dýrafóður** fæst með tuttugu og fimm prósenta afslætti í Nettó til 12. nóvember.

**Indverskir** dagar standa yfir í versluninni Miru og verða allar indverskar vörur seldar með þrjátíu prósenta afslætti næstu daga.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 10. nóvember, 314. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.39 | 13.12 | 16.43 |
| Akureyri | 9.37 | 12.56 | 16.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Harpa Rún Ólafsdóttir kann að elda góðan mat úr því sem til er í ísskápnum.

FRETTABLADID/VILHELM

# Borðar ekki ávexti

***Harpa er fátækur námsmaður sem hefur gaman af því að halda matarboð. Hún borðar þó hvorki fisk né ávexti og segist nýbyrjuð að borða grænmeti.***

Harpa Rún Ólafsdóttir er það sem maður kallar „fátækur námsmaður“ en hún er að læra sálfræði við Háskóla Íslands. Þegar Harpa flutti úr foreldrahúsum fyrir tveimur árum fékk hún fyrst áhuga á matargerð, en þar sem tekjur námsmanna eru jú oft af skornum skammti þurfti hún að spreyta sig á listinni að elda góðan mat, án þess að hafa ótakmarkaða valkosti hvað hráefni varðar.

„Það hefur komið sér vel fyrir mig að fylgjast með tilboðum í Bónus og versla inn það sem er á góðum kjörum,“ segir Harpa, en henni finnst gaman að halda matarboð og það gerir hún reglulega eftir því sem tími og aðstæður leyfa.

Þótt henni þyki gaman að elda er hún samt sem áður það sem kallað er „matvönd“. Hún borðar t.d. hvorki fisk né ávexti og það var ekki fyrr en nýlega að hún fór að borða eitthvert grænmeti að ráði. „Ég borða það samt bara þegar ég set það í pottrétti og kássur,“ segir Harpa. Ástæðan fyrir matvendni Hörpu er aðallega sú að henni þykja þessar ákveðnu tegundir ekki góðar á bragðið, en hún segist samt búast við því að þetta gæti breyst með árunum.

Uppskriftin sem Harpa gefur Fréttablaðinu heitir Mexíkóskt gabbagule en þetta er ekta námsmannaréttur sem byggist fyrst og fremst á því sem til er í ísskápnum. Uppskriftina er að finna á síðu 4.

*mhg@frettabladid.is*

## Hollar hetjustangir

NÝTT OG HOLLT NAMMI ER KOMIÐ Í VERSLANIR NÓATÚNS OG KRÓNUNNAR. HETJUSTANGIR HEITIR ÞAÐ.

Náttúrulegar og hollar ávaxtastangir fyrir börn og unglinga eru komnar á markaðinn. Þær innihalda eingöngu þurrkaða ávexti og er ein stöng fimmtungur af ráðlögðum dagskammti ávaxta-og grænmetis. Stangirnar fást í þremur mismunandi bragðtegundum. Í einni er papaya, ananas og kókós, annarri ananas, mangó og epli og þriðgja gerðin er með blönduðum ávöxtum. Engin tilbúin bragð-, litar- eða rotvarnarefni eru í stöngunum. Ofurhetjur á borð við kóngulóamanninn og Hulk prýða umbúðirnar. Hetjustangirnar fást í verslunum Nóatúns og Krónunnar.




Hulk og kóngulóarmaðurinn eru á umbúðum ávaxtastanganna.




Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjóntækjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

GLERAUGNAVERSLUN
Gleraugað

Í bláu húsunum við Faxafen Sími: 568 1800

**Afgangar** af kvöldmatnum eru oft látnir kólna áður en þeim er stungið í kæli. Hins vegar er gerlamyndun í mat hraðari þegar maturinn stendur í stofuhita og því betra að stinga afgöngunum heitum í kælinn.



# Útlensk stemning í Vesturbænum

***Jaroon Nuamnui og eiginmaður hennar opnuðu „take away" stað í hjarta Vesturbæjar.***

Það virkar svolítið „útlenskt" að aka um í Vesturbænum og sjá að þar er allt í einu kominn svokallaður „grill-bar" eins og þeir eru gjarna kallaðir erlendis. Slíkir staðir eru þá aðallega hugsaðir fyrir fólk sem býr í hverfinu og sjaldan er verðið hátt.

Fyrir rétt rúmlega einu ári opnaði Thai Grill í Vesturbænum, eða að Hagamel 67 (í sama húsi og ísbúðin við Hagamel). Matreiðslumeistari Thai Grill er taílensk að uppruna. Hún heitir Jaroon Nuamnui og hefur rekið staðinn í rúmlega ár ásamt Sigurði Guðmundssyni eiginmanni sínum. Spurð að því hvernig það hafi komið til að þau hjónin opnuðu veitingastað inni í miðju íbúðahverfi segir Sigurður að þeim hafi bara þótt eitthvað vanta í Vesturbæinn. „Það eru pitsu- og hamborgarastaðir þarna í kring, en enginn staður sem selur austurlenskan mat."

Jaroon er ýmsu vön þegar kemur að matargerð, en fyrir nokkrum árum opnaði hún sambærilegan stað á Selfossi sem er rekinn enn í dag við góðan orðstír. Eftir að hafa búið á Selfossi fluttu þau hjónin til Noregs, en þegar þau sneru aftur til Íslands og fluttu í Vesturbæinn langaði hana aftur í eldhúsið. „Mig langaði að vera með eitthvað lítið svona „take away" og skapa mér góðan starfsvettvang. Ég lærði að elda í Taílandi og þess vegna hefur þetta alltaf legið svona beint við," segir Jaroon.




Jaroon Nuamnui fyrir utan Thai Grill sem er bæði söluturn og matsölustaður á Hagamelnum.

FRETTABLADID/VILHELM

Á Thai Grill er maturinn ekki dýr, en hægt er að fá máltíðir á bilinu 580-980 krónur. Fyrir 980 krónur fær fólk þriggja rétta máltíð. Sigurður segir að viðskiptavinahópurinn fari ört vaxandi en yfirleitt sjái hann sömu andlitin oftar en einu sinni. „Svo er líka mikið af eldra fólki sem kemur hingað. Fólk er orðið svo siglt í dag og vant að borða alls konar mat. Taílenskur matur er bæði saðsamur og hollur, og svo þetta er náttúrlega bara gott."

Matseðil Thai Grill má skoða á vefsíðunni www.thaigrill.is.

*mhg@frettabladid.is*

## Grísakjöt í kókos- og chili-sósu

UPPSKRIFT FRÁ THAI–GRILL

**Réttur fyrir tvo**

300 gr grísavöðvi
80 gr rófa
½ paprika rauð
½ paprika græn
½ tsk. rautt karrí pasta
¼ tsk. þurrkað mulið chili
300 ml kókosmjólk
1 tsk. sojasósa (eftir smekk)



Grísavöðvinn er skorinn í strimla. Einnig paprikan og rófan (mjög þunnt). Örlítil olía er sett á pönnuna. Karrí bætt út í og látið krauma létt. Svo koma grísastrimlarnir, rófan og paprikan. Látið steikjast í stutta stund, setjið chilli út í og svo kókosmjólkina. Eftir að suðan kemur upp er gott að láta sjóða í 2-3 mín. Bætið sojasósunni út í eftir smekk. Fersku kóríander er dreift yfir réttinn og svo er hann borinn fram með taílenskum jasmin hrísgrjónum. (athugið að hægt er að hafa meira af karrí og chili ef fólk vill hafa réttinn mjög sterkan).

Ath: Taílensk krydd og vörur til austurlenskrar matargerðar fást í Heildversluninni Eir, Bíldshöfða og Versluninni Mai-Thai, Laugavegi.

## Íslenskt sjávarfang í Flugstöð

FYLGIFISKAR MUNU OPNA SJÁVARRÉTTABAR Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR Á VORDÖGUM.

Fylgifiskar á Suðurlandsbraut 10 hafa sérhæft sig í sölu á tilbúnum fiskréttum og heitum mat í hádeginu. Nú munu þeir færa út kvíarnar og opna nýjan sjávarréttabar í Flugstöðinni í Keflavík. Þar verður gælt við bragðlauka farþega með ýmsum sjávarréttum; reyktum og gröfnum laxi, ostrum, kavíar og sushi svo eitthvað sé nefnt. Ýmsir fiskréttir sem fyrir löngu eru orðnir sígildir í söluborði Fylgifiska verða að sjálfsögðu á barnum líka auk nýjunga á borð við fiskibökur og sjávarréttasalöt. Að sögn Guðbjargar Glóðar Logadóttur, framkvæmdastjóra Fylgifiska, er hér um spennandi og ögrandi verkefni að ræða og skemmtilega viðbót við það sem fyrir er. Hún heitir því að bjóða upp á hraða og góða þjónustu á heimsmælikvarða.



Guðbjörg Glóð hlakkar til að færa út kvíarnar og koma upp sjávarréttabar í Leifsstöð.



RÚGBRAUÐSGERÐIN
Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 517-6545
www.rugbraudsgerdin.is

Veilsusalir fyrir öll tækifæri

Borgartúni • s. 517 6545 • www.rugbraudsgerdin.is

Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS

New Wave kristall



Villeroy & Boch
Kringlunni

Sérfræðingar í saltfiski
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


Gústav var mjög ánægður með móttökurnar á Ítalíu.

# Eitt kíló á 360.000 krónur

***Gústav Hannesson er matgæðingur mikill enda eru það hans ær og kýr að finna girnilegt hráefni fyrir landann.***

Síðastliðið sumar fór Gústav ásamt fríðu föruneyti kokka og sölumanna í hráefnisleit suður til Ítalíu. Gústav fór á vegum Ekrunnar, en fyrirtækið flytur inn mikið af matvörum frá Ítalíu. „Þetta eru vörur eins og pasta, vín, lúxuskaffi og tómatvörur, og við erum alltaf að leita að nýju góðu hráefni,“ segir Gústav.

Með það að leiðarljósi fór hópurinn til Bologna og sem leið lá niður með strönd Adríahafsins. Ýmis matvælaframleiðsla var skoðuð en áherslan var lögð á minni fyrirtæki í sveitaþorpum. „Ítalirnir voru ótrúlega gestrisnir og stöðugt var verið að elda dýrindis mat ofan í okkur. Allan daginn drukkum við ólífuolíu og rauðvín á milli þess sem við borðuðum pasta. Við byrjuðum að borða klukkan tíu á morgnana og vorum að til fjögur. Þá lögðum við okkur í tvo tíma og byrjuðum svo aftur að borða um níuleytið,“ segir Gústav og hlær.

Gústav vill meina að matarmenning Ítala sé á allt öðru plani en hér heima. Einfaldleikinn sé í hávegum hafður og allt kapp lagt á gott hráefni og hollustu. „Við sáum varla feitt fólk. Við spjölluðum við eina þriggja barna móður sem sagði okkur að þegar hún var í menntaskóla var þetta kennsluefni, samsetning í fæðutegundum.

Hún veit nákvæmlega hvað börnin hennar þurfa og hún sér til þess að þau fái það.“


Það þarf engan að undra að úr svona umhverfi komi góður matur.

Fyrir utan að skoða það sem kalla mætti hefðbundin hráefni var framleiðsla jarðsveppa könnuð. Jarðsveppir vaxa eingöngu villtir og djúpt í jörðu en notast er við svín eða hunda til að þefa þá uppi. Fyrirtækið sem skoðað var á sér merkilega sögu en það var stofnað af bréfbera nokkrum á eftirlaunum. Hann lagði bréfin á hilluna, fékk sér hund og lagði af stað í sveppaleit.

Fyrirtækið dafnaði og óx og vinnur nú hálf ættin hans í fyrirtækinu. „Þetta er algjört gull,“ segir Gústav. „Kílóið af jarðsveppunum kostar nefnilega 360.000 krónur.“

tryggvi@frettabladid.is


Ódýrt pasta í stórmörkuðum er yfirleitt þurrkað í tvo tíma og gufar mikið af næringarefnum upp við svo snögga verkun. Gott pasta er hins vegar þurrkað við vægan hita í allt að 56 tíma.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Saltfiskur Guðrúnar á Jómfrúnni

ÞETTA ER HVERSDAGSLEGUR OG GÓÐUR RÉTTUR, SPRIKLANDI FULLUR AF VÍTAMÍNUM OG NÆRINGU.

FYRIR FJÓRA:

### SALTFISKUR

Rótargrænmeti
1 stór sæt kartafla
1 bökunarkartafla
2 stk. gulrætur
1 lítil gulrófa
½ sellerírót
1 blaðlaukur

Grænmetið er flysjað og skorið í strimla, léttsoðið í saltvatni, sigtað og kælt, grænmetissoðið notað í sósuna.
Smjörbolla er bökuð upp með grænmetissoðinu og rjóma, bragðbætt með chilitómatsósu, fiskikrafti, salti og pipar.
Sósan látin sjóða í 3–5 mín. áður en grænmetið er sett út í, sósan á að vera þykk eins og jafningur.
Borið fram með saltfiskinum og rúgbrauði.



## Fagmenn í fóðurleit

ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL

### *Barónspöbbinn*

LAUGAVEGI 72

**Borðað:** For: Súpa með nautahakki, osti, tómötum, snakki og grænmeti. Aðal: Kjöt í karrí.

**Gæði fæðis:** Afskaplega bragð- og matarmikil súpa. Góð þefun og ef ekki hefði verið fyrir svelt allan daginn hefði súpan nægt sem fullbúinn hádegisverður.
Kjötið bragðaðist hins vegar líkt og sjálfdauð rolla sem rekið hefur daglangt í höfninni.

**Verð:** Eiturfínt alveg, for og aðal á fjólubláan karl.

**Dollan:** Skemmtilega ólystug, umtalsverðar saurleifar í skál og nokkuð um skítamix á tankinum. En þó góð til síns brúks.

**Þjónusta:** Eins og að koma í heimsókn til frænku sinnar. Manni er vel tekið en þiggur matinn eingöngu af væntumþykju.

**Stemning:** Hressandi Staupasteinsstemning. Menn með mottur og sólgleraugu innandyra. Stöð 2 bíó er í gangi og því varð ekkert úr djúpum samræðum fagmanna. Þess í stað var horft á viðbjóðinn Mean Girls og saurgudust hreinar sálir okkar við það.



Að þessu sinni látum við fylgja með brandara sem við heyrðum sagðan í þrígang. Hann var endurtekinn í tvígang því enginn fattaði djókið. „Achtung Stalíngrad, achtung Stalíngrad. Þá sögðu þeir: Hvernig gengur? Þá var svarað: Þeir eru farnir að nota bófaaðferðir, berjast úr kjöllurum og vaskahúsum.” Þess má geta að enginn náði brandaranum heldur í þriðja sinnið.

*Fagmenn þakka fóðrið.*

**KENNARAEINKUNN:**
EKKI UPP Á MARGA FISKA. 12 FISKAR AF 37.



## uppskrift Hörpu }

### Mexíkóskt gabbagulle

ÓDÝR EN BRAGÐGÓÐUR MATUR FYRIR NÁMSMENN OG AÐRA FÁTÆKLINGA.

**INNIHALD:**

Fullt af spagettíi (ef þú átt ekki spagettí er hægt að nota hrísgrjón)
1 stór paprika smátt skorin (þú mátt velja lit)
Hálfur mexíkó-ostur
Hálfur ferskur chilli (ekki fræin) mjög smátt skorin
eða 1–2 tsk. chillikrydd
Hálfur púrrulaukur
Hálfur laukur
1 dós af niðursoðnum tómötum, bituðum
1–2 dl vatn


Gabbagulle namm namm...

1 dós af tómatkrafti
Hálfur teningur af grænmetis- eða kjötkrafti
1 hvítlauksrif, smátt skorið
5 skinkusneiðar, skornar í bita
(ef þú átt ekki skinku þá virka 2–3 pylsur alveg líka)
salt og pipar ef vill

**AÐFERÐ:**

Setjið olíu á pönnu og vatn í pott.
Sjóðið hrísgrjónin eða spagettíið í pottinum. Brjótið samt spagettíið í litla búta fyrst.
Hellið öllum lauknum, paprikunni og skinkunni eða pylsunum á pönnuna og hitið í smástund. Bætið svo tómötunum, tómatkraftinum, kjötkraftinum, vatninu, kryddinu og chilliinu út í.
Látið þetta sjóða í ca 20 mínútur. Ef þið finnið eitthvað sniðugt í ísskápnum sem passar við, ekki hika við að henda því með á pönnuna. Hrærið spagettíinu eða hrísgrjónunum út í.
Skerið mexíkó-ostinn niður og bræðið hann saman við.

# Heitt og gott

***Heitir súkkulaðidrykkir ylja á köldum kvöldum.***

Heitir og kryddaðir súkkulaðidrykkir eru bæði bragðgóðir og hressandi. Flestir eru þeir upprunnir úr heitum og suðrænum löndum og fyrst íbúar þar þurfa á yl að halda frá slíkum drykkjum að halda er ekki að furða þó við Íslendingar freistumst. Hér eru tvær uppskriftir sem vert er að skoða nánar.

**FRANSKUR SÚKKULAÐIDRYKKUR**
75 g suðusúkkulaði
1 tesk. sýróp
5 dl vatn
5 dl mjólk
4 msk. appelsínusafi
þeyttur rjómi
appelsínubörkur
Hitið saman súkkulaði, síróp og vatn við vægan hita þar til súkkulaðið bráðnar. Hellið mjólkinni útí og hitið, látið þó ekki sjóða.
Bætið appelsínusafanum saman við.
Berið fram með þeyttum rjóma og strimlum af appelsínuberki.



**MEXÍKÓSKUR SÚKKULAÐIDRYKKUR**
50 g suðusúkkulaði
1 1/4 dl vatn
4 dl mjólk
salt á hnífsoddi
5 dl gott sterkt kaffi
Setjið kaffi og súkkulaði í pott og hitið við vægan hita þar til súkkulaðið bráðnar. Bætið mjólk og salti út í og hitið að suðu.
Bragðbætið hvern bolla með 1-2 tsk. sykri og 2-3 tsk. af rommi.
Berið fram með þeyttum rjóma.

*Heimild: Nýir eftirlætisréttir*





Haf og hagi, vinsæll réttur á matseðli Rauða hússins. Hér skreyttur með grillaðri bananasneið.

# Gott að borða á

***Rauða húsið á Eyrarbakka er veglegur veitingastaður á tveimur hæðum og úr eldhúsinu berst lykt af ljúffengum mat.***

„Lamb og fiskur er aðall okkar og við leggjum okkur fram um að fara vel með hráefnið hvort sem það er úr haga eða hafi," segir Pétur Andrésson veitingamaður sem tekur á móti okkur í Rauða húsinu. Þegar að er gáð er einmitt réttur á matseðlinum sem heitir „Haf og hagi"„ Það á einkar vel við í þessu plássi þar og sjávarloftið leikur um vangann og grösugir hagar eru í grenndinni. Snorri Jóhannsson kokkur er í eldhúsinu og fer öruggum höndum um hráefnið. Hann er meðal annars að matreiða steinbít. „Seinni part sumars og á haustin er steinbíturinn í mjög hagstæðum holdum og er því öndvegismatur," útlistar hann.

Þeir Pétur og Snorri segja fólk ekki hika við að fá sér rúnt á Bakkann til að fá sér eitthvað gott að borða enda séu þeir með opið allan daginn alla daga. Þeir sjá líka um matreiðslu fyrir skólana í kring. Í haust hafa þeir verið með dagskrá á laugardagskvöldum sem þeir kalla „Rafmagnslaust" og hefur gefist mjög vel. Þá hafa listamenn á borð við Ellen Kristjáns og KK komið með órafmögnuð hljóðfæri og skemmt fólki undir borðum.

Snorri eldaði tvo rétti fyrir Fréttablaðið, hvorn öðrum betri. Annars vegar steinbít á hvítvíns-rísottói og hins vegar hinn umrædda rétt „Haf og hagi" sem samanstendur af vænum humri, lambafillet, kartöflu og rótargrænmeti.


Snorri er sallarólegur þótt logarnir teygi sig hátt.


Steinbítur á hvítvíns-rísottói með anís-sósu og steinseljuolíu. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM





## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Sítrónumarengsbaka

Loksins er hægt að kaupa tilbúið útflatt bökudeig hér á landi. Hamingjunni sé lof, því það gerir konum og körlum mun auðveldara að útbúa bökur af öllum sortum og gerðum: Eplabökur, berjabökur, hnetubökur og svo þessa alle tides sítrónumarengsböku sem fengin er að láni frá bandarísku skáldkonunni Mayu Angelou. Að hennar sögn fylgir bökunni sá töframáttur að hver sá sem hana bakar og gefur sínum eða sinni heittelskuðu, fær ástina endurgoldna.

2 dl sykur
3 msk kartöflumjöl
1/8 tsk salt
3 dl heitt vatn
3 dl brauðmylsna
(úr mjúku brauði sem saxað er afarsmátt, ekki skorpan)
4 eggjarauður
1 msk smjör
Rifinn börkur af 1 sítrónu
Safi af tveimur sítrónum
1 pk wewalka tilbúið útflatt bökudeig

**MARENGS**
4 eggjahvítur
1/8 tsk salt
1 tsk hjartasalt
4 msk sykur

**1.** Smyrjið 28 cm bökuform, takið bökudeigið úr pakkanum og leggið það yfir formið. Þrýstið deiginu niður og upp að börmunum og skerið svo það deig sem stendur út af börmunum í burtu. Pikkið þá bökuna með gaffli. Setjið smjörpappír yfir bökuskelina og bakið hana í 200 gráðu ofni í 15 mín. Til þess að bökuskelin haldi formi sínu í bakstrinum er nauðsynlegt að fylla hana með 1-2 bollum af ósoðnum baunum. (Fransmenn notast við sérstaka litla steina fyrir bökufarg en baunirnar duga vel og má nota aftur og aftur )



**2.** Útbúið fyllinguna: Látið vatn í pott og kveikið undir. Setjið hitaþolna skál yfir pottinn (eða notið tvöfaldan vatnsbaðspott ef hann er til) og setjið sykur, kartöflumjöl og salt í skálina. Bætið næst heita vatninu út í og hrærið í þangað til blandan verður jöfn og kekkjalaus. Bætið þá brauðmylsnunni við og látið malla yfir sjóðandi vatni þar til fyllingin hefur þykknað nokkuð. Þeytið eggjarauður í lítilli skál og blandið dálítlu af fyllingunni saman við. Blandið síðan eggjarauðunum saman við fyllinguna, hrærið vel í og látið blönduna jafnast yfir meðalhita í 2-3 mínútur. Hrærið síðast sítrónubörk, sítrónusafa,og smjör út í. Takið fyllinguna þá af hitanum og látið kólna meðan marengsinn er útbúinn.

**3.** Setjið eggjahvíturnar og saltið í skál og þeytið þar til hvíturnar freyða, blandið þá sykrinum og hjartasalti hægt og hægt út í og þeytið áfram þar til marengsinn er stífþeyttur.

**4.** Setjið fyllinguna í bökuskelina og smyrjið marengsnum léttilega ofan á þannig að hann hylji fyllinguna alveg. Bakið við 200 gráður í 10 mínútur eða þar til marengsinn verður ljósbrúnn á lit.

# Bakkanum

**STEINBÍTUR Á HVÍTVÍNS-RÍSOTTÓ MEÐ ANÍSSÓSU OG STEINSELJUOLÍU**
300 g steinbítur
Ristaður á pönnu, kryddaður með salti og grófmöluðum pipar.

**RÍSOTTÓ**
100 g grjón
Steikt í potti með lauk, létt brúnuð. Kjúklingasoði hellt yfir, 1 dl hvítvíni og 1 dl af rjóma. Síðan er 50 g rifinn parmesanostur settur út í og grófmalaður svartur pipar eftir smekk.

**HAF OG HAGI**
200 g lambafillet steikt á pönnu, medium, kryddað með salti, pipar og ferskum kryddjurtum t.d. myntu, timjan, rósmarín og basil.

**SÓSA LÖGUÐ ÚR NAUTABEINUM**
Bein brúnuð í ofni, sett í pott með vatni, tómatpurré, lauk, gulrótum, svörtum pipar, lárviðarlaufi og maldonsalti.
Soðið í átta tíma. Þá er soðið sigtað frá beinunum og öllu öðru og soðið niður um 80 prósent.

Humarinn er látinn liggja ofan á skelinni og smjörbleyttur raspur settur ofan á.



**ANÍSSÓSA**
4 stk. stjörnuanís
1 tsk. fennelfræ
1/4 tsk. rósapipar
2 dl vatn
1 dl kjúklingasoð
Allt sett í pott og soðið niður um 1/3 þá er bætt út í 1 dl af rjóma og soðið niður um helming.

**STEINSELJUOLÍA**
1 búnt steinselja
100 ml ólífuolía
50 ml jurtaolía
Öllu blandað saman í matvinnsluvél, smá maldonsalt og svartur pipar úr kvörn.

Tvær bökunarkartöflur eru skornar í sneiðar og steiktar upp úr basilolíu, kryddaðar með salti, svörtum grófum pipar, fersku rósmaríni, basil og timjan. Síðan er hellt yfir 1 dl af rjóma og soðið niður.

Rótargrænmeti er skorið niður í tenginga og steikt upp úr olífuolíu, kryddað með maldon salti, grófum pipar og síðan dass af koníaki hellt yfir.

Þrír humarhalar eru klipptir í efri skel í sundur eftir endilöngu. Humri lyft upp úr og látinn liggja ofan á skelinni. Kryddaður með hvítlauk, salti og pipar. Smjörbleyttur raspur settur ofan á.


Tékkneski fjársjóðurinn




Hinn heimsþekkti Budweiser Budvar er seldur til 52 landa víðs vegar um heiminn. Vinsældir hans eru ekki síst að þakka þeirri staðreynd að hann er bruggaður á einum stað og eingöngu úr bestu fáanlegu hráefnum. Hann er alltaf, alls staðar jafn góður.

LÉTTÖL

Budweiser Budvar

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

# allt tilboð o.fl.

**75%** **Nettó slær metið þessa viku í afslættinum.** Tveggja kílóa pokar af íslenskum kartöflum lækka þar úr 199 í 49 krónur.

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 15. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| 1/1 ferskur kjúklingur | 468 | 669 | 468 | 30 |
| Úrb. kjúklingabringur án skinns | 1.686 | 2.409 | 1.686 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir, magnbakki | 484 | 692 | 484 | 30 |
| Nautahelgarsteik | 2.079 | 2.598 | 2.079 | 20 |
| Skinka 165 g | 219 | 275 | 1.327 | 20 |
| Sveitapaté í dós 200 g | 409 | 509 | 2.045 | 20 |
| BKI kaffi 500 g Classic | 399 | 419 | 798 | 5 |
| BKI Café late 216 g | 259 | 349 | 1.199 | 26 |
| Maxwell house 500 g | 419 | 474 | 838 | 12 |
| Swiss Miss 737g | 399 | 579 | 541 | 30 |
| Swiss Miss m/marshmellos 737 g | 399 | 479 | 541 | 15 |
| Doritos 200 g | 179 | 259 | 895 | 30 |
| Myllu orkubrauð 500 g | 189 | 279 | 378 | 30 |
| Feta í kryddolíu 250 g | 339 | 349 | 1.356 | 5 |
| Feta m. ólífum 250 g | 339 | 349 | 1.356 | 5 |

**Fjarðarkaup** – ekki bara verð! – Tilboðin gilda til 11. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Súpukjöt lauspakkað | 465 | 588 | 465 | 20 |
| Blóðmör ósoðinn frosinn | 375 | 536 | 375 | 30 |
| Lifrarpylsa ósoðin frosin | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Kindahakk frosið | 696 | 1.071 | 696 | 35 |
| Folaldagúllas úr kjötborði | 998 | 1.348 | 998 | 25 |
| Folaldabuff úr kjötborði | 1.198 | 1.458 | 1.198 | 20 |
| FK úrb. hangilæri | 1.998 | 2.698 | 1.998 | 25 |
| FK úrb. hangiframpartur | 1.398 | 1.698 | 1.398 | 15 |
| FK ofnsteik | 1.167 | 1.667 | 1.167 | 30 |
| Nautainnralæri | 2.198 | 2.998 | 2.198 | 25 |
| Ferskur kjúklingur 1/1 | 487 | 749 | 487 | 35 |
| Fersk kjúklingalæri | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Ferskir kjúklingavængir | 179 | 299 | 179 | 40 |

**Nóatún** – Tilboðin gilda til 12. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísalundir með sælkerafyllingu | 1.998 | 2.798 | 1.998 | 30 |
| Lambafille með kryddjurtum | 2.798 | 3.698 | 2.798 | 25 |
| Nóatúns kartöflusalat gourmet/oriental | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Grísafleskssteik, skorið í pöru | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Rauðspretta að dönskum hætti | 1.398 | 1.698 | 1.398 | 20 |
| Nóatúns bayoneskinka | 974 | 1.498 | 974 | 35 |
| Gourmet ofnsteik m/dönskum blæ | 1.236 | 1.765 | 1.236 | 30 |
| Gourmet raftaskinka í heilu | 1.485 | 2.122 | 1.485 | 30 |
| Móa læri/leggir magnkaup | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Móa kjúklingavængir magnpk. | 179 | 299 | 179 | 40 |

**Nettó** – Tilboðin gilda til 12. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða svið verkuð | 297 | 619 | 297 | 50 |
| Gourmet lambafillet m/fitu kryddað | 2.631 | 3.759 | 2.631 | 30 |
| Villikryddað hátíðarlæri | 995 | 1.995 | 995 | 50 |
| Hangiframpartur úrbeinaður | 1.307 | 1.867 | 1.307 | 30 |
| Frosnir kalkúnaleggir | 199 | 399 | 199 | 50 |
| Matf.kjúklingalæri magnkaup | 487 | 649 | 487 | 25 |
| Matf.kjúklingavængir magnkaup | 149 | 299 | 149 | 50 |
| Kartöflur íslenskar 2 kg | 49 | 199 | 24 | 75 |
| Lausfryst ýsa | 399 | 799 | 399 | 50 |
| Holta kjúklingapylsur 10 stk. kg | 684 | 855 | 684 | 20 |

**Krónan** – Tilboðin gilda til 12. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu lambalæri ferskt/snyrt | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| Gourmet ungnautahakk | 985 | 1.449 | 985 | 30 |
| Goða grísagúllas | 998 | 1.694 | 998 | 40 |
| Goða grísasnitsel | 998 | 1.694 | 998 | 40 |
| Kea Londonlamb | 1.238 | 1.769 | 1.238 | 30 |
| Spjátrungur ýsubitar | 687 | 859 | 687 | 20 |
| Krónu kjúklingabitar blandaðir | 298 | 429 | 298 | 30 |
| Borgarnes Hótel lifrarkæfa 165 g | 199 | 265 | 1.206 | 25 |
| McCain franskar supercut bátar 750 g | 269 | 399 | 359 | 35 |
| Pepsi light 2 l | 99 | 176 | 50 | 45 |

**Hagkaup** – Skemmtilegast að versla – Tilboðin gilda til 12. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta ferskar kjúklingalundir í magnpk. | 1.718 | 2.455 | 1.718 | 30 |
| Hornafjarðar kartöflur gullauga 2 kg | 164 | 329 | 82 | 50 |
| Hornafjarðar kartöflur rauðar 2 kg | 164 | 329 | 82 | 50 |
| Óðals svínahamborgarhryggur mb | 1.019 | 1.698 | 1.019 | 40 |
| Kjötborð kindalundir | 2.098 | 2.585 | 2.098 | 20 |
| Kjötborð bláberjalegið lambasirloin | 1.798 | 1.998 | 1.798 | 10 |
| Ben and Jerrys 473 ml | 419 | 699 | 419 | 40 |
| Earthbound farm salöt 142 g | 263 | 329 | 263 | 20 |
| Gulrætur íslenskar Akursel | 202 | 337 | 202 | 40 |

**Bónus** – Tilboðin gilda til 12. nóv.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Myllu heimilisbrauð 770 g | 98 | 179 | 127 | 45 |
| KS lambasúpukjöt 1 fl. | 399 | 499 | 399 | 20 |
| KS frosin lambasvið | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Egils 7up 2 l | 79 | 179 | 40 | 55 |
| GK suðusúkkulaði 300 g | 198 | 259 | 660 | 25 |
| ES bökunarmarsipan 500 g | 259 | 298 | 518 | 15 |
| Nautahamborgrar 4 stk. m/ brauði | 299 | 498 | 150 | 40 |
| Ferskt nautahakk | 798 | 1.259 | 798 | 35 |
| Lífrænir bananar | 195 | 259 | 195 | 25 |

## Afsláttur í Rúmgott



Um þessar mundir er 20-65 prósenta afsláttur af rúmum í versluninni Rúmgott, Smiðjuvegi 2 í Kópavogi. Rúmgott hefur verið leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Fyrirtækið hefur yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði sem notaður er til að mæla þrýstijöfnun á líkama einstaklingsins, svo hægt sé að framleiða svæðaskiptar dýnur, sniðnar að þörfum hvers og eins. Legugreining er frí og fagleg ráðgjöf fylgir. Rúmgott er höfð opin virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16. Hægt er að hafa samband í síma 544 2121. Nánar á www.rumgott.is.


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar

**4thfloorhotel**

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

**Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí**

| | |
|---|---|
| 1 manns herbergi | kr. 5.900 |
| 2ja manna herbergi | kr. 7.900 |
| Hópar 10+ | kr. 5.000 á mann |
| Helgarferð | kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi |

**Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð**

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is

**belladonna**

Skeifan 11, 108 Reykjavík, Sími: 517-6460, Fax: 517-6465, www.belladonna.is

**Belladonna flytur !!**

Opnum í dag nýja og glæsilega verslun

**í Skeifunni 11**

Í tilefni af opnuninni verður

**20% afsláttur**

af öllum vörum í dag og á morgun

Opið mán-fös 11-18 laugardaga 11-15



*Hlýir dagar í Tvö líf*

**Mið season útsala**

**í Tvö líf 9-11. nóvember.**

Verslunin býður **15%** afslátt af öllum buxum úr haust- og vetrarlínunni.

**20%** afsláttur af völdum peysum og yfirhöfnum.

***Nú er rétti tíminn að klæða bumbuna vel!***

Nýtt kortatímabil

tvö líf

Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is

Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum



***Sýnum LMC og FENDT hjólhýsin árgerð 2007***

Opið virka daga frá 9-18 og um helgina laugard 12-16 og sunnud 13-17

VÍKURVERK

*Víkurverk Tangarhöfða 1*
*Sími 557 7720 www.víkurverk.is*



## Flash tilboð fyrir jól

MARGT GOTT Á ÞÚSUND KRÓNUR.

Flash er með 30 prósenta afslátt af öllum vörum nema kjólum. Kjólar, pils, úlpur og fl. á 2.000 kr. Peysur, gallabuxur, kjólar við buxur, toppar og fleira 1.000 kr. Flash Laugavegi 54, 101 Reykjavík, sími 5525201 Flash sendir í póstkröfu.



## Gott í vetur

66° NORÐUR STENDUR FYRIR ÚTSÖLUMARKAÐI MEÐ ÝMISS KONAR ÚTIVISTARFATNAÐI.

Á útsölumarkaði 66° norður má finna mikið úrval regn- og kuldafatnaðar á alla fjölskylduna og auðveldlega hægt að gera góð kaup fyrir veturinn. Útsölumarkaðurinn er opinn alla virka daga frá klukkan 9.00 til 18.00 og laugardaga frá 10.00 til 16.00 og er að Faxafeni 12 í Reykjavík og Glerárgötu 32 á Akureyri.

## Innréttingar á baðið

NÚ ERU SÉRTILBOÐ Í GANGI Á ÝMSUM BAÐINNRÉTTINGUM OG TÆKJUM Í ÁRMÚLANUM.

Ekki er um eiginlega útsölu að ræða. „Okkur er illa við útsölur og erum heldur með sértilboð,“ segir Þórir Jensen, eigandi Innréttinga og tækja. „Ef við þurfum að losna við eldri vörur köllum við það rýmingarsölu.“



Afslátturinn af innréttingunum er á bilinu 20 til 30 prósent. Að sögn Þóris er um vandaðar vörur að ræða og ætti úrval þeirra að höfða til flestra. „Það fer bara eftir því hvað þú vilt. Viltu eitthvað klassískt eða ertu meira fyrir eitthvað stíliserað?“ spyr Þórir. „Svo er 10 til 50 prósenta afsláttur af völdum vörum, til dæmis sturtuklefum, salernum, handlaugum og fleiru. Hérna ættirðu að geta fundið allt á baðherbergið, sama hvort það er inn á lítið eða stórt heimili eða sumarhúsið.“

Þessi innrétting kostaði 123.900 krónur en kostar nú 98.900 krónur. Hún fæst því með 20 prósenta afslætti.



Bryndís Haraldsdóttir hvetur fólk til að mæta og kjósa í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi hvort sem þeir mæta í stígvélum eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ónothæf háhæluð stígvél

***Bryndís Haraldsdóttir stendur nú í ströngu í harðri prófkjörsbaráttu. Í þessari baráttu hefur Blackberry-síminn hennar verið henni ómetanlegur.***

„Blackberry-sími er sem sagt farsími sem virkar líka sem tölvupóstur,“ útskýrir Bryndís. „Í honum kemst maður á netið, geymir símanúmer og heimilisföng og heldur dagbók. Svo getur maður tengt hann við tölvuna heima.“

Bryndís segir símann hafa bjargað lífi sínu því með tilkomu hans hafi hún getað nýtt allan dauðan tíma í að lesa og svara tölvupósti. Dagbókin hefur einnig hjálpað henni að skipuleggja sig og muna eftir öllu sem önnum kafin manneskja þarf að muna.

Símann fékk Bryndís í janúar síðastliðinn. „Þetta er reyndar annar svona síminn sem ég á en hinn týndist,“ segir Bryndís. „Þegar hann týndist komst ég að því hversu mikilvægur hann var orðinn mér og að ég gæti ekki án hans verið. Þess vegna var ég ekki lengi að fá mér nýjan.“

Verstu kaup Bryndísar segir hún að séu án alls efa mjög háhæluð leðurstígvél sem hún fékk fyrir litlar 20 þúsund krónur. „Mér fannst þau rosalega flott, og þau eru enn mjög flott, en það er bara vonlaust að ganga á þeim heila kvöldstund,“ segir Bryndís. Þá spurði blaðamaður hvort hún hefði ekki mátað stígvélin fyrst. „Jú, auðvitað gerði ég það og það var ekkert mál að ganga á þeim í smá stund í búðinni,“ svarar Bryndís og hlær.

Stígvélin standa nú nánast ónotuð inni í skáp þar sem þau hafa hlotið nýja merkingu. „Maðurinn minn notar þessi kaup alltaf sem rök gegn mér þegar mig langar í dýra skó eða aðra slíka hluti,“ segir Bryndís hlæjandi og þrátt fyrir algjört hlutleysi blaðamanns verður hann að viðurkenna að eiginmaður Bryndísar hefur nokkuð til síns máls.

*tryggvi@frettabladid.is*





**Leirpottum** sem staðið hafa úti yfir hlýja haust- og sumarmánuði ætti nú að bjarga inn undan frostinu. Leirpottar springa mjög auðveldlega í frosti.











Svefn & heilsa
www.svefn.is





# *Tandurhrein og ilmandi*

***Það er fátt meira afslappandi en að leggjast ofan í heitt bað og láta þreytuna líða úr sér.***

Til að gera baðupplifunina sem besta, og einnig tilfinninguna þegar upp úr baðinu er komið, er hægt að gera sitt lítið af hverju. Margs konar fyrirtæki sérhæfa sig í því sem kallað er „heima spa“, en það gengur út á að fólk fái svipaða upplifun og það myndi fá í heilsulind, á baðinu heima hjá sér.

Hérlendis er úrvalið af baðvörum mikið. Hægt er að fá alls konar ilmandi olíur, sölt og freyðiböð til að setja út í baðvatnið, en líka krem, andlitssápur, bursta, klúta, svampa og svo mætti lengi telja. Baðvörur sem þessar eru líka skemmtilegar jólagjafir sem flest fólk kann vel að meta, því við förum jú öll reglulega í bað.





Lush er sérverslun með vörur sem láta þér líða vel og þar er af mörgu að taka. Alls konar baðsprengjur, maskar, krem og sjampó sem eru ótrúlega skemmtilega hönnuð og ilma vel. Sápurnar eru seldar eftir stærðarflokkum og allt lítur þetta einstaklega skemmtilega út.



Það vita það ekki allir, en í Karen Millen fást bæði bað- og snyrtivörur sem nú eru á 25% afslætti.



Body Shop býður upp á mikið úrval af ýmiss konar baðvörum og þangað er gaman að koma. Baðbursti, sturtusápa, kornakrem til að bera á sig í baðinu, líkamskrem eftir baðið og fleira sem angar af unaðslega kryddaðri vanillu. Body Shop er ævintýraheimur þeirra sem elska að fara í gott bað.



Ódýrir og góðir andlitsmaskar. Koddi til að gera baðið þægilegra, fótabursti til að bursta hælana og yndislegar lífrænar vörur sem gera gæfumuninn. Sápur, freyðibað og baðsölt í skemmtilega sveitalegum umbúðum. Fæst allt í Lyf og heilsu.

**FATAHÖNNUÐURINN IMBA Í NIKITA • Gerir það gott í New York [14]**

# SIRKUS

10. NÓVEMBER 2006

**REGGÍ Í JANÚAR THE WAILERS Á ÍSLANDI [4]**





SVAVA Í SAUTJÁN, ÍRIS Í GK OG SARA Í NAKTA APANUM ERU

## Konurnar sem klæða þjóðina



BERTI MILLJÓN Á HERRAKVÖLDI VALS

### Eyddi hundruðum þúsunda



GUÐJÓN Í OZ

### Aftur orðinn piparsveinn



VILLI NAGLBÍTUR MEÐ NÝTT LÚKK

### Skeggjaður á árshátíð SÍA




# Allir í Actionary

Nýbúar hafa verið mikið í umræðunni í vikunni. Stór orð hafa verið látin falla á Alþingi. Sum það stór að erfitt er að koma þeim út úr sér. Umræðan hefur samt svolítið farið upp um alla veggi og súlur að mínu mati. Sjómaðurinn með pólsku konuna hefur einungis verið að benda á útlendingavandamálin í löndunum í kringum okkur. „Getum við ekki lært af þeim?“ spyr Guðjón Arnar og er stimplaður rasisti.



Ýmiskonar vandamál fylgja útlendingum. Sláandi tölur heyrast eins og að 11 prósent útlendinga sem setjast hér að kunni ekki að lesa. Hvorki sitt móðurmál hvað þá önnur mál. Umræðan á alveg rétt á sér og þetta eru viðkvæm mál eins og bent hefur verið á. En stundum þurfa menn bara að ræða viðkvæm mál og koma með lausnir. Sumir vilja læra íslensku en aðrir ekki. Þannig er þetta bara.

Blákaldur raunveruleikinn sem blasir við okkur er hins vegar sá að okkur vantar vinnuafl. En við megum ekki líta á þetta fólk sem bara eitthvert vinnuafl, þetta er jú einu sinni fólk. Íslendingum hefur samt alltaf verið illa við útlendinga á Íslandi. Við erum jú best og flottust.

Útlendingar hafa alltaf verið spenntir fyrir konunum okkar. Einu sinni voru það breskir og síðar bandarískir hermenn sem voru að abbast í konunum okkar. Síðan svartir menn sem spiluðu körfubolta á milli þess sem þeir kynntust stúlkunum. Og það nýjasta eru Pólverjar. Þó að stúlkurnar séu nú ekki alltaf ON á því.

Innst inni erum við þó jákvæð í garð útlendinga. Það fer bara í taugarnar á sumum að þurfa að biðja um skiptimiða á pólsku. Og einhverjir rafvirkjar og píparar hafa þurft að rifja upp gamla takta úr Actionary spilinu á degi hverjum. Ég held hins vegar að við ættum að hætta þessum hroka. Við nennum ekki að læra dönsku, en viljum samt keyra strætó í Kaupmannahöfn.

Yagsemash!
*Andri Ólafsson*

**MILLJÓNAMÆRINGURINN ENGILBERT RUNÓLFSSON STYÐUR SÍNA MENN**

# Eyddi hundruðum þúsunda á herrakvöldi Vals

Fasteignamógúllinn Engilbert Runólfsson er einn dyggasti stuðningsmaður Vals. Hann var að sjálfsögðu mættur á herrakvöld félagsins um síðustu helgi í Laugardalshöllinni. Þar var margt um manninn og mikil stemning. Hápunktur kvöldsins var þó uppboð á nokkrum treyjum og málverki, en svona uppboð eru vinsæl á herrakvöldum. Voru boðnar upp tvær treyjur áritaðar af Eiði Smára Guðjohnsen og keypti Engilbert aðrar þeirra, Barcelona-treyju, á 70.000 krónur. Halldór Einarsson í Henson keypti treyjuna sem Ólafur Stefánsson klæddist í úrslitaleiknum í meistaradeildinni. Loks var komið að því að bjóða upp fallegt málverk.

Tilkynnt var að svona málverk færi á 400-500 þúsund í gallerí og því voru menn að vonast eftir háu boði.

Engilbert endaði hins vegar með málverkið og fór það á 300.000 krónur. Einhverjir höfðu á orði að uppboðið hefði verið of snemma kvölds og því hefði Engilbert í raun gert góð kaup.

Ágóðinn af uppboðinu fer víst í að kaupa einhvern sterkan leikmann fyrir næsta sumar. En flestir af nýju leikmönnum Vals voru mættir á herrakvöldið.

Þar mátti einnig sjá nokkra fræga karla, Rúnar Júlíusson, Heimi Karlsson, Geir Sveinsson, áðurnefndan Henson og Þorgrím Þráinsson.

Uppboðinu stjórnaði stjórnulögmaðurinn Brynjar Níelsson.



**Eiður Smári** Árituð Barcelona-treyja Valsarans Eiðs Smára var seld á uppboðinu.

**Flottur á því** Engilbert Runólfsson ásamt eiginkonu sinni, Eddu Sólveigu Úlfarsdóttur, á vorfagnaði Vals.

**Valur** Nýtur góðs af því að eiga jafn trausta stuðningsmenn og Engilbert Runólfsson.

## Bryndís Ísfold mælir með ...

### Kvikmynd

**Kvikmyndin Börn í leikstjórn Ragnars Bragasonar. Þetta er sú mynd sem ég sá síðast í bíó og hún er sú allra besta sem ég hef séð lengi. Myndin gefur kalda og ógnvekjandi sýn á stöðu þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu. Magnaður leikur hjá Vesturportsgenginu í einu orði sagt. Allir verða að sjá þessa bestu íslensku mynd sem hefur verið á boðstólum lengi.**




### Tónlist

**Ríkið á að rokka! Diskurinn sem ég gaf út samhliða kynningu á tónlistarstefnunni sem ég hef verið að tala fyrir í prófkjörinu. Á disknum eru Trabant, Hermigervill, FM Belfast, Hairdoktor, Capybara, Elín, Jeff Who?, Retro Stefson og Bertel. Algjörlega toppurinn á tónlistarflórunni í dag. Algjör stuðdiskur.**








### Bók

**An Inconvenient Truth eftir Al Gore. Enginn sem les þessa bók getur sloppið frá því að gerast umhverfissinni enda bendir Gore á hvernig jarðarbúar eru að ganga á náttúruna og umhverfið okkar eins og um einnota ílát sé að ræða. Þó að þetta sé ekki skáldsaga þá er þetta sannarlega spennusaga, því það er erfitt að hafa ekki áhyggjur af gróðurhúsaáhrifunum og langtímaáhrifum þeirra.**






**GUÐJÓN Í OZ OG HEIÐRÚN LIND**

# Hætt saman

Guðjón Már Helgason, oftast kenndur við Oz, og Heiðrún Lind Marteinsdóttir laganemi eru hætt saman. Heiðrún hefur verið að stimpla sig vel inn í pólitíkinni undanfarið. Hún var kosningastjóri Gísla Marteins í borgarstjórnarkosningunum og var einnig með Björn Bjarnason núna í prófkjörinu. Sjálf bauð hún sig fram til formanns Heimdallar fyrr í vetur. Guðjón starfar mikið erlendis í tölvubransanum og segja kunnugir að sambandið hafi ekki þolað þessi miklu ferðalög.

**SIRKUS**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




# Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



## Ég var að heyra ...






Að **Katrín.is** sé komin með kærasta / Að rangfærsla hefði verið í síðasta tölublaði Sirkuss. Þar var sagt að **Siffi á Kiss fm** og **Tinna Marína** væru hætt saman. Samkvæmt nánum vini parsins er það ekki rétt og leiðréttist það hér með / Að heimasíðan Klám.is hafi vaknað til lífsins síðustu vikurnar. Háværar raddir hafa þó heyrst utan úr bæ sem segja síðuna ýta undir niðurlægingu konunnar / Að **Sigtryggur Baldursson** og **Sammi í Jagúar** séu að gefa út jólaplötuna í ár, ber hún heitið Mæjonesjól / Að **Ívar Dr. Mister** dvelji hjá móður sinni á Hvolsvelli og taki því rólega þessa dagana. / Að blaðakonan fagra **Brynja Björk** af Séð og heyrt hafi skellt sér í kærkomið frí í vikunni. Dvelur hún nú með kærasta sínum, leikstjóranum **Guðjóni Jónssyni**, í Asíu en Guðjón er víst uppgefinn eftir að hafa framleitt sjónvarpsseríuna Gegndrepa fyrir Skjá einn. / Að frændurnir **Þór Jakobsson** og **Þór Jónsson** hafi hætt í sjónvarpi sama daginn. Magnað! / Að **Danny Masterson** úr That 70´s Show hafi verið sjóðheitur á Oliver um helgina ásamt kærustu sinni /

SIGURÐUR KAISER OG JÓN ÓLAFSSON HALDA TÓNLEIKA TIL HEIÐURS MEISTARANUM

# Kominn tími til að minnast Johns Lennon

„Þetta hefur nú legið í loftinu lengi og ástæðan er einfaldlega sú að þetta hefur aldrei verið gert. Við höfum verið að undirbúa þetta í rúmt ár og það er ekkert hlaupið að því að fá Sinfóníuhljómsveitina til liðs við sig,“ segir Sigurður Kaiser, annar tónleikahaldaranna.

„Við erum búnir að vera að útsetja þessi fallegu og vinælu lög hans sem hljómað hafa alveg frá því hann samdi þau til dagsins í dag. Það er kominn tími til þess að flytja þau í almennilegum búningi.“

Allir fremstu söngvarar þjóðarinnar munu flytja lög Lennons en rokkhljómsveit Jóns Ólafssonar mun spila með Sinfóníuhljómsveitinni í Háskólabíói 1. desember. „Tónlist hans er sterkt ákall til friðar og við þurfum alltaf að láta minna okkur á að friður í heiminum er það sem við virkilega þurfum að stefna að.“ Sigurður segir hljómleikana verða hina glæsilegustu í alla staði.

„Ástæðan fyrir tónleikunum er í raun einföld. Okkur langaði bara að minnast Lennons og tónlistar hans.“

Miðasala hefst mánudaginn 13. nóvember klukkan 10.00 á midi.is og í verslunum Skífunnar.




**John Lennon** Verður heiðraður með tónleikum í Háskólabíó 1. desember.



**Tónleikahaldarar** Sigurður Kaiser og Jón Ólafsson héldu fyrstu rokktónleikana með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir tíu árum. Þá var platan Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band tekin fyrir.

## The Wailers til Íslands

Samningaviðræður eru nú í gangi á milli tónleikahaldara á Íslandi og hinnar margrómuðu reggísveitar The Wailers. Ekki er hægt að greina frá því um hvaða tónleikahaldara er að ræða að svo stöddu enda samningaviðræður á viðkvæmu stigi. Heimildir Sirkuss herma þó að takist samningar munu The Wailers spila á Nasa hinn 6. janúar. Fyrir þá sem ekki vita er The Wailers hljómsveit reggíguðsins sáluga Bobs Marleys en sonur snillingsins hefur oftar en ekki fyllt í skarð föður síns á tónleikaferðum sveitarinnar.



**Bob Marley** Gerði reggísveitina The Wailers heimsfræga.


fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Innritun fyrir vorönn 2007**

Innritun fyrir vorönn 2007 stendur nú yfir. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is. Umsóknarfrestur er til 30. nóvember. Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

**Bóknámsbraut til stúdentsprófs:**
**málabraut,**
**félagsfræðibraut,**
**náttúrufræðibraut og**
**viðskipta- og hagfræðibraut.**
**Starfsnámsbraut;**
**upplýsinga- og fjölmiðlabraut –veftæknanám,**
**-viðbótarnám til stúdentsprófs**

**Heilbrigðisskólinn:**
**framhaldsnám sjúkraliða**
**heilsunuddarabraut,**
**hjúkrunar- og móttökuritarabraut,**
**lyfjatæknabraut,**
**læknaritarabraut,**
**sjúkraliðabraut og**
**tanntæknabraut.**
**-viðbótarnám til stúdentsprófs**
**Almenn námsbraut.**

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is.
**Skólinn býður einnig upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu.**

***Skólameistari***


## Auglýsingabransinn á eyrunum

SÍA, samband íslenskra auglýsingastofa, var með árshátíð á Hótel Sögu. Þar var allur bransinn mættur og var mikið stuð á fólkinu. Sirkus tók mikið af skemmtilegum myndum eins og sjá má hér.



**SíA** Þröstur 3000, Kiddi Bigfoot og Óli King voru mættir á árshátíð SÍA.



**Eldheitar** Margrét Þorsteinsdóttir og Nanna Ósk Jónsdóttir voru flottar.



**Frambjóðandinn** Guðmundur Steingrímsson og Alexía Björg kærasta hans á árshátíðinni.



**Geislabaugur** Rúvararnir Helgi Jóhannesson og Erla Tryggvadóttir voru með geislabaug.



**Flottir** Marshall, Siggi Hlö og Jón.



**Naglbíturinn** Villi Naglbítur var heldur betur flottur á árshátíð SÍA.



UNGLINGAR ERU EKKI VONDIR
ÉG ER MEÐ ÞESSUM FÍFLUM
VARÚÐ!
UNGLINGUR MIKLAR GEÐSVEIFLUR
VARÚÐ!
FÆRÐU ÞIG
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -2041
GAMAN AÐ SJÁ ÞIG!
Náðu þér í endurskinsmerki
í næsta útibúi Glitnis.
www.sjaumst.is
GLITNIR
UMFERÐARSTOFA

ELÍSABET ALMA SVENDSEN KLÓFESTIR REYKVÍSKA GÖTUTÍSKU Á BLOGGINU SÍNU:

# Face Hunter er fyrirmyndin

„Ég er nýbyrjuð með þessa síðu, hún er eiginlega enn þá bara í vinnslu,“ segir Elísabet Alma Svendsen í Rokki og rósum en hún heldur úti tískublogginu reykjaviklooks. blogspot.com. Á síðunni birtir Elísabet ljósmyndir af fólki sem klæðir sig á spennandi og frumlegan hátt.

„Þetta er bara fólk sem ég hitti á förnum vegi,“ segir Elísabet um viðfangsefni sín. Hún segir flesta taka vel í það þegar hún vindur sér upp og biður um að fá að smella af mynd. „Fólki finnst það bara skemmtilegt,“ segir hún.

Síðan hennar Elísabetar er byggð á fyrirmyndum um allan heim. Til dæmis Face Hunter-síðunni en maðurinn á bak við hana, Yvan Rodic, hefur vakið athygli fyrir götutískuljósmyndir sem hann birtir daglega á heimasíðu sinni. Yvan þessi var í Reykjavík í síðasta mánuði og fór meðal annars á Airwaves-hátíðina. „Ég hitti hann einmitt þegar hann var hérna á Airwaves. Við töluðum saman og hann nefndi við mig hvað honum þætti það skrýtið að það væri engin síða sem fangaði götutískuna í Reykjavík.“

Elísabet tók því áskorun Yvans og segir það verðugt verkefni að klófesta götutískuna í Reykjavík. „Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og svo finnst mér þetta bara svo gaman.“



**Elísabet Alma Svendsen**, áhugakona um tísku, starfsmaður í Rokk og Rósum. reykjaviklooks.blogspot.com



## tískumolar
Helgu Ólafsdóttur






## Allt búið!

Ég ætla að óska öllum þeim til hamingju sem náðu að krækja sér í Viktor & Rolf hönnun þegar H&M opnaði dyrnar í vikunni. Ég reikna með að það hafi verið kattaslagur um flíkurnar og allt sé búið í dag!



## Geggjaðar japanskar neglur!

Nýjasti aukahluturinn í Japan eru bling bling neglur. Mjög geggjað fyrirbæri, málið er að kaupa mismunandi lituð naglalökk og svo eru neglurnar skreyttar með alls konar steinum, demöntum og dúllerí eins og Japönum er einum lagið. Ef þú ert í aukahluta bling bling krísu þá er þetta alveg málið.

## Klæddu karlinn!

Y-3 heitir lína sem hinn japanski Yohji Yamamoto hannar fyrir adidas. Herralínan er nú fáanleg á Íslandi í hinni undurfögru nýju lífsstílsverslun 3 hæðir á Laugavegi 60. Ef þig vantar flotta og einstaka jólagjöf fyrir karlinn, þá mæli ég með Y-3. Það er samt bannað að láta jólainnkaupin bíða fram á Þorláksmessu, þá verður allt búið!









## Byrjar tískan fyrir austan?

Það er oft sagt að allir helstu tískustraumar byrji í Japan, sérstaklega innan götutískunnar. Þar er allt leyfilegt og því meira því betra. Fötin eru hlaðin af ótrúlegum smáatriðum sem hvergi hafa sést áður. Það sama á við um farða og hárgreiðslurnar. Japanar eru ekki hræddir við að feta ótroðnar slóðir í þeim efnum. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ansi hressilegt að rýna í japanska tísku, er ekki málið að hrista af sér stífleikann og taka þessar stúlkur frá Japan sér til fyrirmyndar??









## Engin míni-pils, takk!

Upp á síðkastið hef ég heyrt marga tískuspekúlanta segja að allt sé í tísku! Ekki falla í þá gildru að trúa þessu, því þetta er ekki rétt. Eitt af því sem er alls ekki í tísku eru stutt gallapils, hin svokölluðu mínípils. Ef þú ert ein af þessum forföllnu mínípilsa-gellum, plíssss, leggið þessum litlu pjötlum. Prófaðu í staðinn síða kósí peysu, með þykkum og hlýjum sokkabuxum, belti í mittið og flott stígvél eða hæla!




BASSHUNTER
á Íslandi 14. & 15. nóvember
FLASS 104.5
www.flass.net
Basshunter ásamt XXX Rottweiler
og óvæntum leynigestum á Broadway
og Nasa dagana 14. & 15. nóvember.
Miðasala aðeins í verslunum Skór.is
Miðaverð 3.000 kr.
Skráðu þig í Flass klúbbinn
og fáðu miðann á 2.000 kr.
Nánari upplýsingar á www.flass.net
FLASS.NET
14. 16 ára og eldri á Broadway kl. 21–01.
15. 13–16 ára á Broadway kl. 19–22.
15. 20 ára og eldri á Nasa kl. 22–01.
66° NORÐUR
PEPSI MAX
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is



SVAVA Í SAUTJÁN, ÍRIS Í GK OG SARA Í NAKTA APANUM ERU KRAFTMIKLAR KONUR Í TÍSKUBRANSANUM

# Konurnar sem klæða þjóðina

Það eru þrjár stórglæsilegar, ólíkar stelpur sem eru langatkvæðamestar í íslenska tískuheiminum. Ákvarðanir þeirra hafa ótrúleg áhrif á klæðaburð íslensku þjóðarinnar. Samt eru þær svo ólíkar. Svava í NTC rekur fimmtán verslanir og hefur verið lengur í bransanum en flestir. Sara í Nakta apanum selur föt eftir sjálfa sig og unga fatahönnuði í 101. Íris í GK keypti verslunina fyrir einu og hálfu ári og hefur hún blómstrað á Laugaveginum síðan. Sirkus hitti stelpurnar og ræddi við þær um tískuna, bissn-essinn og tískuborgina Reykjavík.

*Fyrsta spurningin er til Írisar. Af hverju keyptirðu eiginlega GK?*
„Ég leit fyrst og fremst á þetta sem viðskiptatækifæri. Ég er alls ekkert tískugúru heldur er þetta fyrst og fremst spennandi fyrirtæki sem ég er að byggja upp. Þar að auki er ég með frábært fólk sem aðstoðar mig, Arnar Gauta framkvæmdastjóra og Heiðu Agnarsdóttur verslunarstjóra. Saman erum við að fara að hanna nýja GK-línu sem Indriði klæskeri mun sjá um að framleiða fyrir okkur. Þessi lína verður tilbúin næsta vor."

*Sara hefur vakið mikla athygli undanfarið fyrir verslun sína, Nakta apann, á Laugaveginum. Verslunin hennar er samnefnari fyrir litríka og skapandi tískubylgju sem gengið hefur yfir 101 og er smátt og smátt að hafa áhrif víðar.*
*Hvernig byrjaði þetta allt hjá þér?*
„Ég hef alltaf verið að hanna og sauma föt. Síðan fór ég að starfa við hönnun og framleiðslu og fékk þá fullvissu um að ég gæti gert þetta sjálf. Ég lít ekki á mig sem listamann, eða einhvern svaka hönnuð heldur er ég að nýta hæfileika mína til þess að geta lifað á þeim. Maður vinnur hart að því að láta fyrirtækið vaxa og dafna."
Sara hjálpar líka ungum hæfileikaríkum hönnuðum að koma sér á framfæri með því að selja vörur þeirra í búðinni hjá sér. „Ég hef reynt að hjálpa þessu fólki að finna út hvernig það getur komið sínu til skila."

*Nú hefur oft heyrst sú klisja að við Íslendingar séum vel klæddir og fylgjumst vel með því sem er að gerast. Er þetta rétt?*
„Já. Algjörlega. Íslendingar hugsa rosalega mikið um útlitið og tískuna. Við viljum vera fyrst í öllu og erum einhvern veginn alltaf á tánum. Bíómyndir eru til dæmis oftast sýndar fyrst hérna og eins er þetta með tískuna," segir Sara og Íris bætir við: „Ég hef til dæmis ekki séð svona flottar konseptbúðir í nágrannalöndunum eins og eru hér. Ef þær eru til þá þarf þvílíkt að leita að þeim en hérna eru þær bara á Laugaveginum."

Sara segist til dæmis aldrei hafa komið til New York eða Tókýó en mikið af fólki þaðan sé hrifið af búðinni hennar. „Maður heldur náttúrlega alltaf að það sé allt stærra, flottara og betra í útlöndum. En það er ekkert endilega þannig. Við erum bara mjög sérstök, sterk, dugleg og sjálfstæð og það skilar sér."

## Tískudrottningin



**„Mér finnst konur sem þekkja sinn vöxt og vita hvað klæðir sig vera smart."**
Svava í Sautján

*Nú reka allar stelpurnar þrjár verslanir á Laugaveginum. Er hann eitthvað að breytast?*
„Ég tek náttúrlega bara við GK á Laugaveginum og hún virkar þar. Og myndi örugglega gera hvar sem er. Ég sé samt enga ástæðu til þess að breyta því þótt okkur hafi verið boðið að færa hana og stækka, en ég hef engan áhuga á því."

„Ég held hann sé bara að styrkjast og dafna," segir Sara og Íris bætir við: „Ef fólk er að versla á Laugaveginum þá er það að versla. Það leggur bara bílnum og fer og kaupir eitthvað. Í Kringlunni er fólk meira að kíkja og fá sér kaffi og svona."

„Á svo bara að vera einkaviðtal við mig," kallar Svava hlæjandi úr sminkinu þar sem hún situr og lætur fara vel um sig.

Svava hefur skoðanir á þessum umræðum um Laugaveginn enda rekur hún bæði verslanir þar og í Kringlunni. „Ég held þetta sé rétt að hluta til en þó alls ekki að fólk fari bara í Kringluna til að fá sér kaffi, þar fer eflaust fram mesta sala per fermetra á landinu – Kringlan er alveg svakalega skemmtilegt og vel heppnað verslunarhús en það er líka mikil uppbygging á Laugaveginum og á öllum pörtum hans. Þó sérstaklega efst á Laugaveginum hjá okkur í Galleri-húsinu og EVU. Þessi kafli var síðasti áfangi borgarinnar í að endurgera gangstéttir og götur og svo á sama tíma var Stjörnubíói breytt í 6 verslana- og íbúðarhús auk 200 bílastæðahúss sem hefur heppnast mjög vel."

Svava segir einnig að hún hafi gaman af þessum ólíka kúltúr sem einkennir Laugaveginn. „Það er þetta; Kaffibarinn, Kron Kron, Nakti apinn, Spútnik og sú markaðsstemning sem ég hef mjög gaman af. Það verður að vera þessi tegund verslana í hverri miðborg."

## Viðskiptakonan



**„Ég er alls ekkert tískugúru heldur er þetta fyrst og fremst spennandi fyrirtæki sem ég er að byggja upp."**
Íris í GK

„Þeir sem vilja ekki fara í verslunarmiðstöðvarnar og kaupa það sem er til í mörgum eintökum geta komið á Laugaveginn og fundið sér eitthvað meira sérstakt, segir Sara."

„Það er bara til fullt af fólki sem er sjálfstætt og með sinn eigin stíl. Þess vegna virka „second hand"-búðir. Ég verð nú samt bara að viðurkenna það að ég hef ekki farið svona neðarlega á Laugaveginn, nema þá bara að kvöldi til á einhvern bar," segir Svava og hlær.

Framhald á síðu 10 ▶


Peugeot Speedfight LC Vespa
24 tíma leikur
10-11 OG ZÚÚBER!
Skelltu þér í eina af 24 tíma verslunum 10-11 og nældu þér í orkudrykkinn Burn á súpertilboði! Svaraðu einfaldri spurningu og þá kemstu í útdráttarpott og getur unnið 50 þúsund króna úttekt í 10-11. Vinningshafar eru dregnir út í morgunþætti Zúúber á FM 957 á hverjum föstudagsmorgni í nóvember. 1. des verður aðalvinningurinn dreginn út.
Í aðalvinning er Peugeot Speedfight LC Vespa! Einnig hjálmur og alklæðnaður í vetraraksturinn frá 66° NORÐUR auk eldsneytis fyrir ökumanninn; kassa af Burn orkudrykknum.
Nú eru 10 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn.
10-11 Engihjalla | 10-11 Langarima | 10-11 Staðarbergi | 10-11 Lágmúla | 10-11 Barónsstíg
10-11 Garðabæ | 10-11 Hjarðarhaga | 10-11 Dalvegi | 10-11 Akureyri | 10-11 Keflavík
66° NORÐUR
FM957
BERNHARD
PEUGEOT Motocycles
burn
1011 ...alltaf opið!

Stelpurnar eru greinilega ólíkar því Sara fer sjaldan út fyrir sitt svæði. Sem er neðst á þessari aðalverslunargötu Reykjavíkur. Þar er búðin hennar og þar á hún líka heima. „Ég get sagt ykkur það að ég fór í Kringluna og Smáralind í síðustu viku í fyrsta skipti á árinu.“

„Þetta er það sem er að gerast í Reykjavík. Við erum að stækka, það er ekki lengur bara ein Reykjavík fyrir alla. Það eru frekar margar litlar borgir þar sem allar týpur geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Svava.

*Hvað er það sem skilgreinir vel klædda konu?* „Mér finnst konur sem þekkja sinn vöxt og vita hvað klæðir sig vera smart. Þetta er allt í lagi þegar þú ert svona 15–25 ára þá geturðu farið í hvað sem er. En eftir því sem fólk verður eldra,vöxturinn mótast og karekterinn kemur fram þarf maður að finna sinn stíl,“ segir Svava og stelpurnar eru hjartanlega sammála henni.

„Mér finnst þú til dæmis mjög sæt í þessum fötum, en ég er ekki þessi týpa,“ segir Svava við Söru sem situr í svarta og hvíta íþróttagallanum sínum með bleika og græna hálsfesti.

„Þú kaupir þér heldur ekki smekk. Þú getur sett einhverja manneskju í „átfitt“ fyrir 200.000 krónur en fólk kaupir ekkert endilega að það sé hún. Það er ekki hægt að kaupa þessa útgeislun, þetta sem gerir fólk fallegt,“ segir Íris.

Sara tekur til máls. „Ég geng í hælaskóm og joggingbuxum vegna þess að mér finnst það flott. Ég held einmitt að maður verði bara að þekkja sinn stíl…“

„Þegar ég fer í krumpugalla og háhælaða skó þá er bara hlegið að mér,“ segir Íris.

„Þá ertu bara Íris í Úðafossi,“ segir Svava og vísar í fyrra starf Írisar sem vann lengi við fatahreinsun í Úðafossi og stelpurnar hlæja.

*Þær eru sammála um að sömu lögmál gildi um klæðaburð karlmanna. En finnst þeim vera til margt fólk sem gengur of langt? Fer gjörsamlega „overboard“ í að reyna að hneyksla?*

„Nei, mér finnst nú bara gaman að svoleiðis týpum. Nauðsynlegt að hafa einn og einn sem fær mann til að brosa og um leið að skilja að hver hefur sinn stíl.“ segir Svava.

Spurningunni er þó aðallega beint til Söru sem hannar og selur föt sem þorri þjóðarinnar myndi ekki láta ferma sig í.



„Ég veit það alveg sjálf að ég vil alltaf ganga einu skrefi of langt og geri mér fullkomlega grein fyrir því. Ég kann ekki að meta „minimalisma“ en ég á sennilega eftir að læra að meta hann.“

„Nei, það er um að gera fyrir þig að blómstra í þessu umhverfi á meðan þú hefur það,“ skýtur Svava inn í.

„Ég kann mjög vel að meta þegar ég sé einhver svona smáatriði sem ná athygli manns. Þess vegna er ég með mikið af mismunandi dóti og það á líka að eiga við föt. Eitthvað sem gleður augað er það sem ég hugsa og það er það sem ég vil gefa fólki.“

*En nú eru þær allar frekar tískuþenkjandi. Hver eru algengustu mistökin í klæðaburði hjá stelpum?*

„Ég sé ekki þessi mistök,“ segir Íris en Svava segir algengast að fólk sé að reyna að vera eitthvað annað en það er. „Jú, eitt sem ég man eftir,“ segir Íris skyndilega. „Þegar konur eru komnar á aldur, kannski um fimmtugt og eru í magabolum.“

„Þú ert nú bara eitthvað skrýtin ef þú gerir það,“ segir Sara en Íris sannfærir okkur um að hún hafi sko séð svoleiðis slys.

„Já, eða þá bara þegar maður sér jafnvel sextán ára stelpur með mikinn maga. Þær standa þá bara í London með bjórinn og bumbuna út í loftið,“ bætir Svava við þessa magabolaumræðu.

„Það sem mér finnst vera mikil mistök er þegar stelpur reyna að klæða sig ofsalega sexí og eru kannski að reyna að láta sjást of mikið í brjóstin á sér. Þær eru þá að reyna eitthvað sem kannski er ekki til staðar,“ segir Sara.

„Eru þær ekki bara að reyna að fá sér frían drykk,“ skýtur Svava inn í.

„Já, vá ég er greinilega búin að misskilja þetta öll þessi ár,“ segir Íris og stelpurnar hlæja allar.

Svava segir þetta þó algjörlega fara eftir því hver þú ert. „Mér finnst konur alveg geta verið í einhverju flegnu ef hitt er klassískt. Eða í mínípilsi við klassíska skyrtu og jakka eða rúllukragapeysu. Mér finnst konur oft missa það með því að fara of langt, vera í flegnum bol, mínípilsi og svo kannski ökklaskóm með keðju,“ segir Svava að lokum.

## Hönnuðurinn



**„Ég kann ekki að meta „minimalisma“ en ég á sennilega eftir að læra að meta hann.“**

Sara í Nakta apanum

**LJÓSMYNDIR:** Heiða Helgadóttir
**FÖRÐUN:** Anna Kristín Óskarsdóttir
**STÓLL:** Epal
**FÖT:** Í einkaeigu
**TEXTI:** Andri og Breki




# Hverjir eru bestir?

## - í snakkinu okkar er 100% sólblómaolía

- mun hollara en frá erlendum framleiðendum
- aðeins 3% mettuð fita
- engin hert fita
- engar transfitusýrur, sem er mjög gott
- 30% minni fita en í kartöfluflögum
- þess vegna erum við bestir

**Í nýlegri bandarískri könnun fékk íslenska Stjörnusnakkið sérstaklega góð meðmæli.**

Umfjöllunin er á vefsíðunni: http://www.taquitos.net. Sjá einnig krækju á www.snakk.is

Stjörnu POPP



ÍSLENSKT STJÖRNUSNAKK BRAKANDI FERSKT OG GOTT

www.snakk.is

# DD unit með heitasta hollywoodslúðrið

## 1 Britney Spears loksins skilin



Loksins loksins - the haze of Red Bull and Cheetos hefur loksins runnið af henni og hún hefur séð K-Fed loks í réttu ljósi sem gullgrafarann sem hann svo augljóslega er. Hún henti inn skilnaðarumsókninni á mánudaginn 6.nóv og kennir um irreconcilable differences*. Aha það er einmitt það - hann hefur verið að dýfa framhjá* helvítis dýrið! En ég er glöð - mér sýnist vera meira bein í nefinu á Brit Brit en mig óraði fyrir! Og svo er hún líka bara farin að greiða sér þessi elska!

## 2



Þessi mynd var nú tekin þegar allt lék í lyndi en nú er öldin önnur og kornið sem fyllti mælinn á víst að vera vegna þess að K-Fed trompaðist þegar Brit Brit hló (réttilega) eitthvað að honum þegar hann kom fram á svona white trash galore* WWF-glímukeppni. Hann eipshittaði* bara og gargaði á hana, fleygði hlutum og hótaði öllu illu en Brit var ekki á þeim buxunum að láta neinn tala við sig svona og er líka með skotheldan pre-nup*! Annað en Reese og Ryan sem eru með lengjurnar í buxunum í þeim málum. Djöfull er ég ánægð með Brit - rock on wit yo bad self!*




## 3

En eins og ég hef tekið fram á síðunni minni koma reglulega fram svona bylgjur - trúlofunar og skilnaðar og núna eru það Reese og Ryan, Chris Rock og tjellingin hans, James Blunt og Petra Nemcova, Brit og K-Fed og núna síðast James Lewis úr SATC og Rosario Dawson eru líka calling it quits*.. mér er svo sem slétt sama en hey - það hlýtur að hafa verið þessi shitous* toppur sem hún klippti á sig sem gerði útslagið og hann pakkaði niður!




## 4

En svona on a happier note þá hefur horrenglan hún Nic Richie ákveðið að halla sér aftur að DJ Am enda traustur vinur í neyð - og hann mætti alveg benda „vinkonu" sinni á að þetta look aint doin her no favors yall*. En þau eru svona sagan endalaus og persónulega líkar mér best við hana Nic þegar hún er með DJ Am en hann kannski nær að halda henni á mottunni því hann var einu sinni lardy pants* sem át sig mjóan.



## 5

Og ein svona mega gleði frétt fyrir alla SATC fans* en dömurnar hafa ákveðið að hætta að vera með leiðindavesen og rifrildi og ætla að kýla á það að leika í SATC - The MOVIE!!!! U heard me bitches it´s on! Ég get ekki beðið and my and my girls will be there wit bells on* þegar þessi kemur í bíó! Oh nema ég meikaði aldrei þetta Emmy outfitt hjá My little pony*!



## 6



Jesús minn góður - týpískt Nelly Furtado rétt eftir að hún hefur náð að má af sér helsta looser dustið* sem mega sveppur* eftir að hún gaf út einhverja vælu-plötu sem hét Folklore og hún var eins og kúkur í sundlaug*! Anyways hún nær að meika það feitt með nýju Timbaland plötunni sinni - nei þá er einmitt málið að mæta á EMA´s MTV verðlaunin með Star Trek make-up* á höndunum! Það eru nefnilega sumir sem einhvern veginn eru bara með þetta og svo eru aðrir eins og Nelly sem greinilega eru bara sveppir og verða ekkert meir - ég meina´ða: henna træbal*!! Hvað ertu að spá? Einhversstaðar situr Fjölli tattoo og finnst þetta ýkt fínt en engum öðrum ok - get a grip*!

## GLÓSUR

# LÆRÐU LINGÓIÐ

**The haze of Red Bull and Cheetos**
Að hafa verið með óráði út af ofdrykkju á Red Bull og ofáti á ostasnakkinu Cheetos.

**Irreconcilable differences**
Óásættanlegur ágreiningur - yfirleitt notað þegar um framhjáhald er að ræða, penna orð en til dæmis: „skilnaður af því þú ert fokkin fáviti"

**Dýfa framhjá**
Halda framhjá

**Eipshittaði**
Bilaðist, að taka æðiskast

**White trash galore**
Hátíð fyrir og með hvítu rusli

**WWF-glímukeppni**
World Wrestling Federation er samband glímukappa og gerist ekki meira hvítt rusl

**Pre-nup**
Kaupmáli

**Rock on wit yo bad self**
Það var lagið stelpa

**SATC**
Sex and the city

**Calling it quits**
Hafa ákveðið að hætta saman

**Shitous**
Mega ljótur, skítljótur

**Lardy pants**
Feita bolla

**Look aint doin her no favors yall**
Þetta útlit er ekki beint að gera henni neina greiða

**SATC fans**
Aðdáendur Sex and the city

**U heard me bitches it´s on**
Þið heyrðuð rétt tíkur það á að kýla á þetta

**My and my girls will be there wit bells on**
Mætum í okkar fínasta pússi vinkonurnar

**My little pony**
Sarah Jessica Parker - kölluð þetta því hún er með svo langt andlit

**Looser dustið**
Aumingjarykið - þegar einhvern veginn allt sem þú snertir er glatað áttu líklega við aumingjaryk vanda

**Sveppur**
Lúði

**Kúkur í sundlaug**
Væntanlega vill enginn vera í kringum svoleiðis ófögnuð og koma sér undan

**EMA´s MTV verðlaunin**
Evrópsku MTV verðlaunin sem haldin voru í vikunni

**Star Trek make-up**
Eins og eitthvað úr vísindaskáldsöguþáttunum Star Trek sem annars eru fínir þættir nema blandast illa við fína kjóla eins og hér

**Henna træbal**
Henna er efni sem notað er til að teikna á húðina helgitákn og það fer af og træbal tattoo þóttu afar fín svona ´98 og sveitalubbarnir kokgleyptu það

**Get a grip**
Taktu þig taki

**Gangandi Tjernóbyl**
Tískuslys í ýktustu merkingu,

**For the love of God**
Sýndu smá miskunn

**Laura Ashley**
Frægt breskt fata-og heimilismerki sem sérhæfir sig í blóma og plöntu mynstri

**Strækaði**
Eitthvað sem var að trufla mig, minna mig á eitthvað

**Sjúti**
Myndatöku

**Before**
Fyrir eins og fyrir og eftir

**Feelin pissy**
Í afar tíkarlegu stuði

**Olsen tvibbunum**
Mary Kate og Ashley

**X-ið**
Fyrrverandi kærasti

**Slúzí**
Slúðri

**Covera**
Fjalla um

**Vadge - Madge**
Madonna

## 7

Ah Jess Jess Jess það mætti halda að hún hafi rekið stílistann sinn eða hann mögulega hætt - hún hefur ekkert verið nema gangandi Tjernóbyl* upp á síðkastið og hérna er hún eins og blóðhundur í framan með bauga í sikkað ljótum blómakjól og þegar ég meina ljótum blómakjól þá er ég að tala um að það blæddi úr augunum á mér þegar ég sá hann! Laura Ashley* sagði meira segja: „Nei hættu þessu!! For the love of God!"






**AÐGÁT** skal höfð þegar horft er beint á kjólinn og hárgreiðsluna!

**be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com**

## 8

Það er eitthvað með Hilton systurnar og vera alveg lausar við fágun! En þær virðast alltaf vera sjúkar í leifarnar hjá Olsen tvibbunum* en Nicky er hérna massa hress í hórubúning sem virðist vera það fáa sem þær systur geta - með David Katzenberg upp á arminn en hann er einmitt x-ið* hennar Ashley - en eins og fólk veit þá hakkaði Paris hann Stavros í sig sem var með Mary Kate á undan. Þetta er gjörsamlega naglanagandi spenna sem hér um ræðir!



## 9

Þetta fannst mér magnað á dögunum en það var eitthvað við svipinn á Cammie Diaz sem strækaði* mig en hún er hérna í sjúti* fyrir W-blaðið á dögunum og það var einmitt augnráðið í gegnum þetta dökka hár á henni sem ég er ekki beint að digga en ok hún sem sagt minnir mig á afgönsku stúlkuna sem Steve McCurry ljósmyndari tók fyrir National Geographic tjekkið á því.. og þegar ég meina að hún sé lík henni þá á ég sko við eldri myndina af stelpunni ekki before*.. iiiii dd-unit er í feelin pissy*! Meira segja skeggið er alveg eins - merkilegt!





Ég veit af svo mikið af slúzí* sem er að gerast sem ég bara nenni ekki að covera* einna helst ber að nefna skilnað McCartney-Mills sem er reyndar að ná hæstu hæðum, ættleiðingarvesen Vadge*, Matthew McConaughey á mega fylleríi, Brangelina í Pune á Indlandi, og ég veit ekki hvað og hvað en ég læt bara aðra um það.

# ÖRYGGI Á ÖLLUM EGO STÖÐVUM Í VETUR!



EGO býður viðskiptavinum sínum ekki aðeins ódýrt eldsneyti, heldur líka aukið öryggi með nýjum rúðuvökvadælum og nýjum loftjöfnunarbúnaði á öllum stöðvum. Það kemur sér vel í vetrarfærðinni.

Nýi búnaðurinn auðveldar þér að fylgjast með loftþrýstingi, fínstilla hann og jafna með það að markmiði að ökutækið sé sem best búið undir akstur við misjafnar aðstæður og ójafn þrýstingur valdi ekki óþarfa eyðslu. Þannig getur þú bæði sparað eldsneyti og aukið öryggi þitt og farþeganna.

***Þín er ábyrgðin – þinn er ávinningurinn!***

## ALLT AÐ 10% SPARNAÐUR




### Viðurkenning Orkuseturs

EGO fær sérstaka viðurkenningu fyrir tölvustýrða mælingu og loftjöfnun á hjólbörðum á öllum stöðvum.

Reynslan sýnir að réttur loftþrýstingur getur sparað eldsneytisnotkun um allt að 10% auk þess að auka öryggi í umferð.

Sigurður Ingi Friðleifsson,
*framkvæmdarstjóri Orkuseturs.*



Orkusetur

ego
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

***EGO er við: Fellsmúla, Hæðasmára, Salaveg, Smáralind, Stekkjarbakka og Vatnagarða!***

TEKINN TRYGGVI GUÐMUNDSSON

# Hættu þessu ertu alveg grillaður

Knattspyrnumaðurinn Tryggvi Guðmundsson fór í mat með Sigurvin Ólafssyni liðsfélaga sínum. Fljótlega mætir KR-ingur og spreyjar KR! á bílrúðu Tryggva. Að sjálfsögðu brást hann hinn versti við.







MÁNI MÆLIR MEÐ

**1** THE THERMALS
**A Pillar Of Salt**
„Krakkarnir verða hressir.“



**2** THE FRATELLIS
**Chelsea Daggar**
„Nýja æðið í Bretlandi. Svona happy … lalala rokk.“



**3**



BRAIN POLICE
**Black Tulip**
„Drengirnir í Brain hafa aldrei verið betri.“

## IMBA NIKITA STOFNAR FYRIRTÆKI MEÐ VINKONU SINNI

# Gerir það gott í New York

Fatahönnuðurinn Ingibjörg Finnbogadóttir, sem um langt bil vakti mikla athygli fyrir hönnun sína fyrir Nikita-merkið, býr nú í NewYork. Þar hyggur hún á stóra hluti því innan skamms kemst fyrirtæki sem hún hefur verið með í burðarliðnum á laggirnar. Hönnunarfyrirtæki þetta mun koma til með að heita Creativly Superior og verður Ingibjörg eigandi ásamt öðrum hönnuði að nafni Tiggy. Sú hefur getið sér gott orð í New York undanfarið fyrir frumlegan og ferskan stíl. Að sögn Imbu eru hún og Tiggy með svipaðan bakgrunn í tísku og eru til dæmis báðar sjálfmenntaðar í fræðunum.

Hvernig gengur?

„Það gengur vel,“ segir Imba þegar við sláum á þráðinn til hennar. „Ég er búin að vera að vinna sjálfstætt undanfarið og það hefur verið fínt. Það eru tvær búðir á Lower East Side sem selja fötin mín og síðan Nakti apinn heima. Það hefur selst það vel hjá mér að ég er núna að flytja framleiðsluna hingað út. Það verður mun ódýrara. Hingað til hafa saumakonur á Íslandi verið að sauma fyrir mig.“

Ingibjörg segir að fyrir fatahönnuði sem eru að reyna að koma undir sig fótunum í New York snúist allt um að mynda tengsl við áhrifafólk í tískunni.

„Þetta snýst mikið um að fara í partí, hitta fólk og kynna sjálfan sig og hönnun sína.“

Auk þess sem Ingibjörg, sem oftast er kölluð Imba af vinum sínum, hefur verið að hanna og selja föt hefur hún líka tekið að sér að stílisera hinar ýmsu tískumyndatökur.

Áhugasamir um hönnun Imbu geta skellt sér í Nakta apann um helgina en þar er hún aðallega með peysur og kjóla á boðstólum.



**Ingibjörg Finnbogadóttir fatahönnuður** Flutti nýlega til Bandaríkjanna og freistar nú gæfunnar í stóra eplinu.




SVALI MÆLIR MEÐ

**1**



DILANA
**Roxanne**
„Þetta er náttúrlega frábært lag og ekki er fluttningurinn slæmur hjá stúlkunni.“

**2** TRABANT
**The One**



„Þetta er svo flott lag, að mann skyldi ekki undra að þetta lag yrði vinsælt á erlendri grundu.“

**3** Á MÓTI SÓL
**Hver einasti dagur**
„Þetta er glænýtt og gott lag frá strákunum í ÁMS. Greinilegt að þeir eru að leggja mikið í tónsmíðar sínar núna.“



## Vertu með þetta ...




Það hefur sjaldan þótt töff að ganga með endurskinsmerki. En nú er orðin breyting þar á. Allir nemendur í 8., 9. og 10. bekk hafa fengið massa kúl endurskinsmerki frá Umferðarstofu. Er þetta liður í herferð undir heitinu Gaman að sjá þig!. Margar gerðir eru af endurskinsmerkjum sem eiga það öll sameiginlegt að vera kúl og fyndin. Nú er ekki lengur hallærislegt að vera sýnilegur. Sirkus mælir með því að allir nái sér í svona merki í útibúum Glitnis.

## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**Mikið er ég feginn að prófkjör eru ekki oftar**



Mikið ofboðslega er ég feginn að prófkjör eru ekki oftar en raun ber vitni. Ég sem málefnalegur kjósandi er óflokksbundinn. Sem þýðir að ég fæ drasl frá hverjum og einum einasta frambjóðanda. Ég finn ekki reikningana mína vegna þess að þeir eru á kafi í ruslpósti. Ég vil hvetja alla frambjóðendur til prófkjara að spara peninga, Koma sér upp e-mail adressu gagnagrunni og senda þetta með tölvupósti...það er nefnilega póstsía í e-mail forritunum.

vitleysingur.minnsirkus.is

**Spurningaflæði er þetta!**



Ég fór á Subway áðan þar sem ég var að drepast úr hungri, segi var þar sem að ég er búin að borða. Þegar ég var búin að kaupa og komin út í bíl fattaði ég allt í einu hversu miklu spurningaflóði ég hafði lent í. Þá fór ég að hugsa. Þetta er svona alls staðar! Hafiði tekið eftir þessu? Flóðið er einhvernveginn á þennan veg: Hvað má bjóða þér? Í hvernig brauði? Heilt eða hálft? Viltu ost? Örbylgju eða rist? Grænmeti? Hvernig sósu? Salt og pipar? Borða hér eða taka með? Viltu eitthvað að drekka? Viltu eitthvað fleira? Viltu kvittun? Nei en ég vil gjarnan fá matinn minn... :o/

Gaukdal.minnsirkus.is

## Vertu þarna ...



Grunnskóla- og framhaldsskólanemar geta tekið gleði sína á ný. Flass 104,5 mun halda tónleika með hinum eina sanna Basshunter á Broadway í næstu viku. Einnig mega hinir eldri mæta á tónleikana. Basshunter hefur gert allt vitlaust í Evrópu með lögunum Boten Anna og Vi sitter i ventrilo och spelar Dota. Þekkt íslensk bönd munu spila með Basshunter og svo verða óvæntar uppákomur til að tónleikar verði sem eftirminnilegastir. Sirkus mælir með þessu.

# FORSALAN Á NÝJU JAMES BOND MYNDINA ER HAFIN Á MIDI.IS/BIO

HEIMSFRUMSÝND 17.NÓVEMBER




NÚ GETUR ÞÚ LOKSINS KEYPT ÞÉR BÍÓMIÐA Á NETINU Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Í SMÁRABÍÓI OG REGNBOGANUM. **TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!**

midi.is

SMÁRABÍÓ REGNBOGINN



**stelpubögg með Siggu Dögg**

# Sjálfsvörn

Klamidía, kynfæravörtur, herpes, HIV, lekandi, lifrarbólga, sveppir, sárasótt, flatlús; höfum við einungis áhyggjur af þungun?
Það vekur undrun mína hversu erfitt það er að fá stráka hér á landi til að nota smokkinn. Ég hef heyrt allar afsakanirnar í bókinni, „þeir eru svo þröngir“, „latex ofnæmi“. Vandamálið liggur í smáborgarahætti; flestar stelpur eru á „pillunni“ og því þarf ekki að hafa neinar áhyggjur. Ef svo óheppilega vill til að við smitumst þá þarf bara að taka eina töflu og málinu er reddað. Hvað ef smitið greinist ekki og það leiðir til ófrjósemi eða dauða, er þá hægt að vera vitur eftir á?

Heimurinn er að breytast og Ísland með. Kröfurnar í makavali aukast með aldrinum og því þarf oft að kyssa þó nokkra froska til að finna prinsinn. Mér finnst alltof fáar stelpur gera kröfu um verjunotkun og ef þær gera það þá gerist eftirfarandi: Stelpan: „Ertu með smokk?“ Strákurinn: „Ha. Nei, bíddu, ertu ekki á pillunni? Ertu með kynsjúkdóm?“ Ef stelpa setur kröfu um gúmmíverjur þá er hún álitin sóðastelpa með óhreinan kjallara. Spurningin vekur því upp óþægilegar aðstæður fyrir báða aðila. Auðveldara er að loka augunum og njóta næstu þriggja mínútna.

Vinkona mín var að gramsa í töskunni minni um daginn og fann smokk. Þessi fundur vakti ómælda kátínu hjá henni og upphófst mikið grín um mitt samlíf. Vinkonan náði loks að jafna sig og horfði á mig spurnaraugum „ertu að hitta einhvern útlending?“ Þetta er viðhorf íslenskra stelpna í hnotskurn, það eru bara „útlendingar“ sem geta verið smitberar sjúkdóma. Á augabragði var ég orðin sóðastelpa.

Við lifum ekki lengur í samfélagi þar sem allir vita allt um alla. Sætu íslensku strákarnir fara með sitt kærulausa viðhorf hverja einustu helgi á skemmtistaðina, hvort sem er á Benidorm eða Reykjavík. Það sama gildir um stelpurnar. Kynsjúkdómar gera ekki greinarmun á útliti þótt tölfræðilega séð ættu þeir sem eru myndarlegri að vera líklegri smitberar. Sóðatyppin leynast víða og eina leiðin til að umgangast þau er að geta varið sig.

Það voru Bandaríkjamenn sem opnuðu augu mín. Drengirnir þar eru heilaþvegnir frá blautu barnsbeini að nota verjur. Þeim hefur verið gerð grein fyrir dýrum afleiðingum kæruleysis; enginn smokkur = ekkert kynlíf. Þetta er viðhorf sem við mættum taka okkur til fyrirmyndar. Það eru því ekki útlendingarnir sem við þurfum að vara okkur á, það eru þeir sem við teljum okkur þekkja svo vel.

Ég get ein borið ábyrgð á mér og mínu kynlífi. Sem upplýst ung kona þá ætla ég ekki að láta verjuleysi hans eða óöryggi mitt stoppa mig, ég ætla sjálf að sjá um mína vörn. Sá sem ekki smellir sér í „regnkápu“ fær ekki að heimsækja minn „helli“.




# Léttir og hreinsar andrúmsloftið

***Lofthreinsitæki sem veitir hæfilegum raka út í andrúmsloftið er fáanlegt hjá Rainbow á Dalbraut 3.***

Lítill plastkútur sem hálffylltur er af vatni og stungið í samband við rafmagn gerir hálfgert kraftaverk fyrir loftið á heimilinu. Með því að setja dropa af lyktar- og sótthreinsandi efni út í vatnið eyðir hann lykt og hentar því vel þeim sem vilja losna við matar-, reykinga- eða húsdýralykt. Hann vinnur verk sitt hljóðlega og þeir sem setja á hann tímarofa geta stillt hann þannig að hann sé í gangi þegar enginn er heima yfir daginn ef þannig hagar til. Að sögn Kristbjörns Harðarsonar hjá söluaðilanum Rainbow hefur tækið gefist vel. Einkum segir hann þá sem eiga við astma og ofnæmi að stríða finna mikinn mun á heilsu sinni. Engar síur eru í tækinu heldur hreinsar það loftið gegnum vatnið og Kristbjörn ráðleggur fólki að stilla tækinu upp nærri ofni þar sem hringrás er á loftinu fyrir. Tækið kostar 12.900 krónur og með brúsa af lyktar- og sótthreinsandi efni ásamt fjórum tegundum lyktarefnis er það á 15.500 krónur. Það er selt með tveggja ára ábyrgð. *- gun*



Tækið eyðir lykt og veitir raka.

# Hreiðrað um sig

FÁTT ER NOTALEGRA EN AÐ SKRÍÐA UNDIR GÓÐA DÚNSÆNG.

Æðardúnn er náttúruleg eðalvara sem fyrirtækið Æðardúnssængur ehf. að Skógarási 3 hefur unnið með í áraraðir. Þar er byggt á þekkingu og reynslu í hreinsun og meðhöndlun dúnsins en þó fylgst með þróuninni og nýlegri tækni beitt til að fiberþvo og gerlahreinsa dúninn samkvæmt ströngustu kröfum viðskiptavina. Í Æðardúnssængum ehf. er hægt að fá flestar stærðir og gerðir af æðardúnssængum.

Dúnhreinsiverksmiðjan var upphaflega á Skarði á Skarðsströnd og Hilmar Jón Kristinsson sem nú stýrir fyrirtækinu er 28. ættliðurinn sem sinnir þessu starfi þannig að fyrirtækið er byggt á gömlum grunni. Hann segir mest af dúninum selt til Japans og fyrirtækið sem hann skiptir við þar er álíka gamalt. Þar hefur sama ættin verið í dúnvinnslunni alla tíð. Hilmar segir árið í ár hafa verið fremur lélegt dúnár. „Veðráttan í vor hafði áhrif. Ætið virtist af skornum skammti og fuglinn því horaður og fremur lítill dúnn í hreiðrunum," segir hann og bætir við að þetta hafi verið þriðja árið í röð sem slíkt er upp á teningnum. *- gg*



Dúnsængur eru dásamlegar á köldum vetrarnóttum.

# Ný Nintendo

***Síðustu ár hefur Nintendo misst niður áður ráðandi stöðu sinni á leikjatölvumarkaði en vonast til að ná henni aftur með Nintendo Wii.***

Tölvan sjálf verður seint talin byltingakennd en hún verður ekki nærri jafn öflug og næstu kynslóðir Playstation og Xbox. Nintendo bindur vonir sínar ekki við öflugri grafík og hraðari vinnslu heldur breiðari markaðshóp og öðruvísi spilun. Þar kemur tromp Wii inn í spilið. Rétt eins og Nintendo bylti leikjaspilun með tölvuleikjafjarstýringum og analogstýringu, vonast þeir til að nýja Wii fjarstýringin geri það sama.

Fjarstýringin er í laginu eins og sjónvarpsfjarstýring. Hún er þráðlaus og auk þess að virka sem venjuleg fjarstýring skynjar hún hreyfingu og stöðu sína gagnvart sjónvarpinu. Ef þú ert að spila tennisleik þá sveiflarðu fjarstýringunni rétt eins og hún væri spaðinn og að sama skapi miðar þú á það sem þú ætlar að skjóta í skotleikjunum með því að beina fjarstýringunni að skotmarkinu.

Ef vel tekst til hefur Wii stjórnun sem er langtum virkari og áhrifameiri en aðrar tölvur. Eini gallinn er að nýir leikir, eins og t. d. Call of Duty 3, eru svo þungir í vöfum að tölvan ræður varla við þá.

Vélin er væntanleg til landsins 8. desember.



Nintendo Wii gæti bylt viðmóti leikjatölva.



480 8000 480 8000

TOYOTA SELFOSSI



Toyota Land Cruiser 100 TDI
4/2006, ekinn aðeins 9 þús km, leður, prófíl beisli, rafmagn í öllu ofl... Ásett verð 7.650 þús. ATH skipti á ódýrari.



Toyota Land Cruiser 100 TDI
8/2005, ekinn 16 þús km, ljóst leður, sóllúga, navigation kerfi, bluetooth, bakkmyndavél ofl... Ásett verð 7.490 þús. ATH skipti á ódýrari.



Vw Touareg V10 TDI
6/2003, ekinn 57 þús km, leður, rafmagn í öllu, loftpúðafjöðrun, samlitur ofl... Ásett verð 5.980 þús. ATH skipti á ódýrari.



Vw Touareg V8
3/2005, ekinn 18 þús km, leður, rafmagn í öllu ofl... Ásett verð 5.490 þús. ATH skipti á ódýrari.



Range Rover HSE
1/2004, ekinn 43 þús km, leður, topplúga, 20" krómfelgur, ofl... Ásett verð 7.850 þús. ATH skipti á ódýrari.



Toyota Land Cruiser 120 VX
11/2003, ekinn 67 þús km, leður, dráttarkr, 8 manna ofl... Ásett verð 4.490 þús.



Toyota Land Cruiser 120 GX
12/2004, ekinn 30 þús km, sóllúga, stærri spoilerinn, dráttarkr, ofl... Ásett verð 4.690 þús. Fallegur bíll.



Toyota Land Cruiser 120 GX
5/2005, ekinn 57 þús km, álfelgur, cd magasín, ofl... Ásett verð 4.490 þús. ATH skipti á ódýrari.



Toyota Land Cruiser 120 LX
5/2004, ekinn 59 þús km, 35" breyttur, kastaragrind og kastara, ofl... Ásett verð 4.650 þús. Sérlega fallegt eintak.



Toyota Land Cruiser 120 LX
3/2004, ekinn 76 þús km, 17" álfelgur, samlitur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 3.850 þús. ATH skipti á ódýrari fólksbíl.



Merecedes Benz ML 320
2/2000, ekinn 115 þús km, leður, filmur , ofl... Ásett verð 2.150 þús.



Jeep Grand Cherokee Limited
1/2003, ekinn 40 þús km, leður, rafmagn í öllu, sóllúga ofl... Ásett verð 2.850 þús. Áhvílandi 1.650 þús. ATH skipti á ódýrari.



Hyundai Santa Fe Dísel
4/2006, ekinn 5 þús km, dráttarkr, filmur, allur samlitur ofl... Ásett verð 3.190 þús.

Hyundai Santa Fe
5/2001, ekinn 85 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.650 þús. ATH skipti á ódýrari.



Toyota Yaris Sol MM
1/2006, ekinn 6 þús km, álfelgur, hliðarlistar, stóri spoilerinn, allur samlitur, ofl... Ásett verð 1.830 þús. Áhvílandi 1.615 þús. ATH skipti á ódýrari.

Toyota Avensis
4/2004, ekinn 40 þús km, sóllúga, xenon ljós, sumar- og vetrardekk á felgum, ofl... Ásett verð 2.050 þús. Áhvílandi 1900 þús. Fæst á 50 þús út + yfirtaka.




## Tveir góðir til sölu

VW Golf '98 ek. 165 þús., 1,6. Verð 290 þús. Uppl. í s. 847 1514. Hyundai H1 sendibíll '99, ek. 170 þús. 2,4L, 220w rafgeymir, gott hljóðkerfi með DVD. Verð 400 þús.



Corolla árg. '97, ek. 194 þús., sumar+vetrard. Verð 280 þús. Uppl. í s. 690 9067.



Hyundai Trajet diesel árg. '04. Sjálfsk. Ekinn 58 þ.km. Listaverð 2.200.000,- Tilboð 1.950.000. Uppl. í s. 695 7697.



Nissan Terrano árg. '02. 7 manna. Listaverð 1.730 þ. Tilboð 1.290 þ. Uppl. í s. 695 1239.



Toyota Carina E árg. '95. Vel með farinn, mikið búið að endurnýja. Alpine hátalarasett. Fylgja 2 gangar af dekkjum með. Verðhugmynd 300 þús. Uppl. í s. 690 6260.



4WD Suzuki Baleno station árg 98 sk.07 ekin 120þús beinskiptur góður fyrir veturinn verð 390,000 uppl í síma 893-5400



Benz, 1996 amg look, ekinn 126.000. Verð 1850. Áhvílandi 700 þús, 24 þús. á mán. S. 847 6232.



Flottur Range Rover árg 1996 ekinn 167. Þús ný skoðaður 07 Leður topplúga, sjálfskiptur, filmur, álfelgur, þjófavörn, rafmagn í öllu. Verð 1,590.þús uppl. í síma 895-8873



Limousine Lincoln Towncar árg 1997 bíll með öllu skoðaður 07 viðskipti fylgja verð 2.milljónir upp í síma 899-6220



Til sölu Cadillac DE Ville árg. '96, tilboð óskast. Uppl í síma 867 3022.




Toyota verðhrun! 30 ára afmæli fyrirtækis okkar og þú færð lægra verð á nýjum og nýlegum Toyota. Nýr torfærujeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.890.000, 4Runner (Ameriskur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000, RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

Yaris 2005. Dökkgrár, sjálfsk. 5d álfelgur, filmur. S. 698 6710 & 555 1710, eftir kl 18.

## Sjálfskiptur

Til sölu er Daihatsu Cuore árg. '00. Ekinn 85 þús. Skoðaður '07. Verð 400.000 kr. Tilboð 299.000 kr. 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 822 4167.

Til sölu Toyota Touring 4wd, ek. 200þ. Nýskoðaður. Góð dekk. Kúlukrókur. Verð 80þ. Uppl. í s. 894 3092.

## 0-250 þús.



Frábær bíll á 65% afslætti. Renault megane RN Classic. árg. '97 ekinn 147 þúsund km. 2 vetrardekk fylgja. S. 893 5055.



Verð að selja vegna flutnings erlendis. Suzuki Baleno '97. Tilboð 190þ. 861 6578.

Nissan Sunny árg. '92, bsk., verð 70 þús. eða tilboð. Halldór í s. 663 5391.

Hyundai Accent árg. '98 ek. 140 þús., ný skoðaður. Cd, fínasti bíll, verð 120 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



VW Polo 5.D ny vetrar og sumardekk, km. 78.000, smurbók, 50 þús. út + lánayfirtaka. 12.000 pr. mán (310.000 ). Gódur og traustur bíll. Sími 862 8296.



## Bull verð !

Skoda Fabia 1,4 vél, nýskr 8/2000 ekinn 112 þ km, rafmagn í rúðum, þokuljós, 5 gíra. Heilsársdekk. Góður bíll, verð 550.000- nú Tilboð 420.000- möguleiki á 100% láni uppl. í s. 899-3939 Bíllinn stendur hjá Toyota í Reykjanesbæ



Chrysler Stratus V6 árg. 1997, Ek. 127Þ. km SSK, ný skoðaður, ásett 350 S: 6606924



Fiat Marena Station árg 99 ný skoðaður 07 ekinn 120,000 góð dekk fæst á yfirtöku bílaláns 350,000 afborgun á mánuði 13,000 uppl í síma 895-8873

## 500-999 þús.



## Aðeins 18Þ Pr mánuð Fyrir Fallegan Station !!

Ford Focus ,Árg00,E-112Þ,5 Gíra,SK07,Abs,Fæst á 100% Láni 624Þ ,18Þ Pr mán,8972425



## Bíll í sérflokki á Frábærum kjörum !!

SUZUKI LIANA,Árg04,1600,Sk07,E-25Þ,CD,Ásett 1290þ, 100% Lán 1190þ,20þ pr,8200151



## Gullfallegur Sjálfskiptur Focus á láni !!

Ford Focus,Árg03,E-66Þ,SSk,SK07,Álf,V-dekk,1600,Fæst á 100% Láni 1134Þ,6618185

M. Benz C220 árg. '97, ek. 120 þús., gott eintak. Verð 900 þús. Áhv. 500 þús. Uppl. í s. 895 8675.

## 1-2 milljónir



Subaru Impreza Wagon 2000, 04/2005, ek. 21 þús., sjálfskiptur, 5 dyra. Verð 1790 þús. S. 555 3586 & 661 9683.

## 2 milljónir +



Pontiac Grand Prix árg. '04, ek. 62 þ., áhv. 2 millj., verð 2.6 millj., ath skipti á ódýrari. Uppl. í s. 895 1401.




Jeep verðhrun! 30 ára afmæli fyrirtækis okkar og þú færð lægra verð á nýjum og nýlegum Jeep. Nýr frá verksmiðju Jeep Grand Cherokee, Liberty og Compass frá Kr. 2.790.000. Lækkun dollar og tilboðsverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Bílar óskast

### TAXI

Leigubílstjórar og aðrir ath. Vantar fólksbíl station, má vera mikið ekinn, diesel eða bensín, skoða allt. Uppl. í síma 899 3939 Guðmundur.

## Jeppar



Glæsilegur Mercedes Benz ML 350 Inspiration árg. 2003 3500cc, ek. 90þ. km. Leður og lúga. Rafmagn í sætum, filmur,cd magasín, GPS, ESP, o.m.fl. Bíll í topp standi. Verð 3.990þ. ATH. Tilboð 3.490 stgr. Bíll.is s. 577 3777.



Nissan Terrano SE 2,7 TDI '99 ek.189 þ. Nýtt Olíuverk!! 33"sumar og ný nagladekk á crom/felgum, filmaður, 7manna vel með farinn. Verð 1250 þ. Nánari upplýsingar í s. 869 4926 Jón.

## BÍLAR TIL SÖLU


NÝR Mercedes Benz 815 Atego



Heildarþyngd 8,6 t
27 m3 kassi
MBB lyfta 1500kg
Þráðlaus fjarstýring
Heilopnun + gönguhurð
Bakkmyndavél
Útvarp CD
Spoiler

Vélheimar ehf

Þjónustuaðili: KHG Þjónustan

Eirhöfða 14, Reykjavík s. 587 5414

Mercedes Benz

ÚTBOÐ

HAFNARFJÖRÐUR

## Útboð, deiliskipulagsgerð
## Vellir 7.áfangi

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í gerð deiliskipulags vegna 7. áfanga Valla. Verkefnið felst í að vinna lögformlegt deiliskipulag ásamt greinargerð með skilmálum og tilheyrandi skýringamyndum.

Stærð svæðis er um 22 ha. Verklok eru 3. apríl 2007.

Við val á deiliskipulagshönnuði mun verkkaupi meta hæfni og verðtilboð hvers bjóðanda.

Útboðsgögn verða afhent í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá og með föstudegi 10. nóvember 2006.

Einnig má nálgast útboðsgögn án endurgjalds á vef VSB Verkfræðistofu www.vsb.is

Tilboðum skal skilað til Þjónustuvers fyrir kl 11:00, föstudaginn 24. nóvember 2006. Niðurstöður hæfnismats verða kynntar og verðtilboð opnuð kl. 11:00 föstudaginn 1. desember 2006 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

**Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði.**






FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



# FATAMARKAÐUR RAUÐA KROSSINS 11. NÓVEMBER





Kópavogsdeild Rauða krossins heldur fatamarkað **laugardaginn 11. nóvember kl. 11–16** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð.
Seld verða notuð föt á konur, karla, ungmenni og börn. **Verð: 300 kr./500 kr.**

Allur ágóði rennur í útskriftarsjóð fyrir munaðarlausa unglinga í Mósambík sem Rauði kross Íslands hefur stutt við bakið á og veitt námsaðstoð. Nemendur í MK annast markaðinn sem er lokaverkefni þeirra í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf. Kaffi á könnunni.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöðin Hamraborg 11
Sími 554 6626 / kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur



Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum -
**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breytingar á staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns og lagning vegar í Svartsengi, Grindavíkurbæ.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **11. desember 2006.**

**Skipulagsstofnun**


**Kópavogsbær**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 14. febrúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hagasmára 1. Í tillögunni felst að byggt verður 15 hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði samtals um 16.000 m2 að flatarmáli á norðvestur hluta lóðarinnar áfast Smáralind. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða auk tveggja hæða bílastæðapallur, norðvestan Smáralindar, breytist auk þess sem í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri tenginu milli Smáralindar og Smárahvammsvegar og jafnframt breytingu á tengingum Smáralindar við Fífuhvammsveg. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 27. júlí 2005.

Tillagan var lögð fram til fyrri umræðu og samþykkt á fundi bæjarstjórnar 11. október 2005 og var skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 24. október til 21. nóvember 2005 með athugasemdafresti til 5. desember 2005. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu 21. október 2005 og í Lögbirtingablaðinu 24. október 2005. Tillagan var jafnframt til kynningar á heimasíðu Bæjarskipulags. Athugasemdir og ábendingar bárust. Eftir að kynningartíma lauk var fundað með fulltrúum Lóðarfélags Lindarsmára 27-47 1. desember 2005.

Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 7. febrúar 2006. Enn fremur voru lagðir fram á fundinum minnispunktar bæjarverkfræðings og skipulagsstjóra varðandi bréf lóðafélagsins Lindarsmára 27-47 dags. 8. janúar 2006 þar sem fram koma athugasemdir og ábendingar lóðafélagsins við umrædda tillögu að turnbyggingu við Smáratorg og óskir um mótvægisaðgerðir. Eru minnispunktarnir dags. 6. febrúar 2006 og í þeim er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi mótvægisaðgerðir við Lindasmára 27-47 (oddatölur) vegna fyrirhugaðs turns við Smáralind:

- **Kópavogsbær samþykki að hækka mön eftir því sem aðstæður leyfa, um 0,75 - 1,0 m. Miða skal við að ekki þurfi að færa eða mjókka göngustíg við Fífuhvammsveg.**
- **Kópavogsbær lítur jákvætt á óskir um víxl-lokun manar o.fl.**
- **Kópavogsbær planti trjám í mön til að loka götum milli gróðurþyrpinga.**
- **Kópavogsbær komi þeirri ábendingu til hönnuða og framkvæmdaaðila fyrirhugaðrar turnbyggingar við Smáralind, Hagasmára 1, að þess verði gætt eins og kostur er að speglunar yfir aðliggjandi byggð gæti sem minnst frá byggingunni.**

Skipulagsnefnd samþykkti á fundinum að leggja til við bæjarráð að ofangreindar mótvægisaðgerðir verði samþykktar, enda er þá að mestu komið til móts við athugasemdir og ábendingar lóðafélags Lindarsmára 27-47 sem bárust á kynningartímanum. Skipulagsnefnd samþykkti umrædda tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hagasmára 1 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 6. febrúar 2006 og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn 14. febrúar 2006.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin sbr. bréf dags. 24 mars 2006 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 79/1997. Auglýsingin um gildistöku deiliskipulagsins er birt í B-deild Stjórnartíðinda 3. nóvember 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.


REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
Heilshugar um þinn hag

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

Suðurlandsbraut 50
Bláu húsin v/Faxafen
husid@husid.is
Sími 513 4300
www.husid.is

Frum

**Eldri borgarar — Hraunbær - Rvk.**



Gullfalleg vönduð íbúð á efstu (tíundu) hæð með ótrúlegu útsýni til allra átta.

Félagsmiðstöð Reykjavíkur er í viðbyggingu þar sem ýmis þjónusta í boði.

Bílskúr 24,6 fm með rafmagnsopnun fylgir íbúðinni.

Verð 32.5 m.

**Einbýli — Maragata - Vogum**



Mjög gott og vel skipulagt 221 fm einbýli að meðtöldum tvöföldum bílskúr á góðum stað í Vogum Vatnsleysuströnd.

Eignin er nánast fullkláruð og getur skilast fullbúin að innan 1.des. 2006.

Óskað er eftir tilboði í þessa eign. !!!

Til afhendingar strax!!!

**3ja herbergja — Lækjasmári - Kóp.**



Góða 3ja herbergja 95,1 fm íbúð á 7. hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi, ásamt 11,5 fm stæði í lokuðu bílskýli.

Séð er um þrif í sameign hússins.

Stutt í alla þjónustu í Smáranum.

Verð 27.9 m.

Höfum mikið úrval nýbygginga á skrá.
Nánar á www.husid.is



m 25 verslunum Bónuss
Bragð sem allir elska
Föstudagstilboð á kjúklingabringum!
50% afsláttur við kassann
...fyrir góðan dag!
Ferskt KS lambalæri
Kílóverð nú:
844 KR.
MERKT VERÐ 1299KR.
og vængir
0% láttur við kassann
ALEGGIR FERSKIR
Kílóverð nú:
323 KR.
RKT VERÐ 645KR.
4 hamborgarar
4 hamborgarabrauð
Nautaveisla
35% afsláttur við kassann
Fersk lambalæri
Slátrun 2006
tímabil!
4 hamborgarar með brauði
298 KR.
LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
...fyrir góðan dag!
Súpukjöt
I. flokkur
TUBORG
500 ml
39 KR.
Tuborg léttöl
30 sm hár
1299KR.
40 sm hár
1599KR.
60 sm hár
1899KR.
Ljósapýramídarnir
eru komnir!
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sjáðu verðið!
Kílóbrauð
59 KR.
Marsípanterta 800g
Nýjasta útspilið frá Stjána bakara!
Marsípanterta
599 KR.
Snickersís
59 KR.
SÆLGÆTI!
SNICKERS
ICE CREAM
Komið í Bónus!
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Svali
3 saman
79 KR.
Stórpakkning!
Pampers
Baby Dry
Pampers DUO
998 KR.
Jólajógúrt
Gaman að bursta tennurnar!
Rafmagnstannbursti
499 KR.
Bónus býður betur og betur!
Tilboðin gilda til sunnudags 12. nóvember eða á meðan birgðir endast

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Ragnheiður Elín á Alþingi

**Greinin er birt í heild á Visir.is**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi vill hafa enn meiri áhrif á hvert Ísland stefnir á næstu árum. Það er fagnaðarefni. Ragnheiður hefur mjög skýra sýn og veit nákvæmlega hvert ber að stefna og það sem meira er hvernig ná skuli á áfangastað.


GUNNAR EINARSSON

Ragnheiður Elín er ung og vel menntuð kona sem hefur með störfum sínum sýnt að henni er treystandi til að ná árangri. Hún er fylgin sér, fljót að greina kjarna máls og er ekki með óþarfa málalengingar. Slíka eiginleika vil ég að minn þingmaður hafi að minnsta kosti. Ég hvet kjósendur til að setja Ragnheiði Elínu í 4. sæti á lista Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi í prófkjörinu í dag.

*Höfundur er bæjarstjóri í Garðabæ.*

## Ágúst Ólafur þorir

**Greinin er birt í heild á Visir.is**

Hvernig væri að leyfa ungu kjörkuðu hugsjónafólki með ferskar áherslur að komast að? Fólki sem þorir að standa á sínu? Sýnir skilning á þörf almennings? Ég hef hugsjón fyrir velferð barna og er búin að finna þingmann sem ég treysti til að standa fyrir þeim breytingum sem mig langar að sjá. Eigum við ekki að leggja áherslu á að taka þátt í prófkjörum flokkanna og setja unga fólkið efst á listana? Ungt fólk með hugsjónir, áhuga á persónulegum þörfum manneskjunnar frekar en efnishyggju? Ég hef valið að styðja ungan þingmann, Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann Samfylkingarinnar. Hann hefur verið að leggja fram fjölmörg góð þingmál. Svona maður er að mínu skapi, ég vona að allir sjái hina miklu og góðu möguleika sem búa í stráknum! Komið, gerum breytingar, tökum þátt í prófkjörinu 11 nóvember hjá Samfylkingunni og styðjum þennan unga hugsjónamann!!!


ÁSA GRÉTA EINARSDÓTTIR

*Höfundur vinnur hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar.*

## Afastelpa á þing

**Greinin er birt í heild á Visir.is**

Bryndís Haraldsdóttir tekur þátt í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi, hún stefnir á 4.-5. sæti.

Bryndís er 29 ára gömul hún er af þessari nýju kynslóð ungra kvenna sem er að hasla sér völl í atvinnulífinu en er um leið eiginkona og móðir.


RÚNAR GUÐBJARTSSON

Bryndís hefur brennandi áhuga á að starfa að framgangi sjálfstæðisstefnunnar þar sem frelsi einstaklingsins er í hávegum haft svo og jöfn tækifæri allra til að þroska og nýta hæfileika sína. Ég hvet alla sjálfstæðismenn í Suðvesturkjördæmi að veita Bryndísi brautargengi í 4.-5. sæti í prófkjörinu, það verður engin svikinn af því.

*Höfundur er sálfræðingur og fyrrverandi flugstjóri.*

# Einkarekstur

**UMRÆÐAN**

Greinin í heild á Visir.is

Einstaklingsframtakið á að fá notið sín á öllum sviðum íslensks atvinnulífs. Samstarf einkaaðila og ríkisins í heilbrigðismálum er ekki bara áhugaverð þróun heldur líka nauðsynleg þróun. Einkarekstur þekkist reyndar víða í heilbrigðiskerfinu, læknastofur út um allan bæ eru reknar af einkaaðilum.

Okkur ber skylda til þessa að tryggja að farið sé vel með almannafé og því þarf stöðugt að leita hagræðingar þegar kemur að notkun opinbers fjármagns. Margir hafa í þessu sambandi bent á kosti einkareksturs þar sem einkaaðilar eru oft á tíðum færari en ríkið til að veita gæða þjónustu á góðu verði. Hinu opinbera ber enn að greiða fyrir þjónustuna og stuðla að öflugu eftirliti og tryggja með því gæði þjónustunnar og að vel sé farið með almannafé.


BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR

*Höfundur gefur kost á sér í 4.-5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*

# Skattasamkeppni

**UMRÆÐAN**

Greinin í heild á Visir.is

Skattalækkanir á undanförnum árum hafa skilað sér í auknum skatttekjum fyrir ríkissjóð. Svartagallsraus þeirra vinstri manna sem töldu að fótunum yrði kippt undan velferðarkerfinu með skattalækkunum reyndist því ekki á rökum reist. Þvert á móti hafa skattalækkanir styrkt getu okkar til að leggja fé í þá samneyslu sem sátt er um að halda úti. Reynslan kennir okkur að við eigum að halda áfram að feta braut skattalækkana.

Við verðum að búa til gott umhverfi til handa atvinnulífinu hér á landi þannig að auka megi enn frekar erlendar fjárfestingar. Þannig getur svigrúm skapast til þess að lækka enn frekar skatta og álögur á einstaklinga. Við þurfum því að byrja á því að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulífið svo að þetta svigrúm geti skapist.


PÉTUR ÁRNI JÓNSSON

*Höfundur gefur kost á sér í 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*


TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF.

TM

HLUTAFJÁRÚTBOÐ 10.–15. NÓVEMBER 2006

Fjárhæð útboðs: 6.000.000.000 kr.

Hlutafjárútboð Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík.

FJÁRHÆÐ ÚTBOÐS

Á hluthafafundi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. þann 26. september sl. var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé í félaginu um allt að 186.479.234 hluti. Stjórn félagsins hefur ákveðið að hækka hlutafé um 157.894.737 hluti sem nemur 16,9% aukningu hlutafjár. Heildarhlutir eftir aukninguna verða 1.090.290.905. Hlutirnir eru í sama flokki og þegar útgefnir hlutir. Hver hlutur er ein króna að nafnverði.

Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur sölutryggt sölu allra hluta. Hluthöfum er boðið að kaupa nýja hluti í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verð í útboðinu verður 38 krónur á hlut.

TILGANGUR ÚTBOÐS

Tilgangur útboðsins er að styrkja eiginfjárstöðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. vegna kaupa á hlutum í NEMI Forsikring ASA.

FORGANGSRÉTTARÚTBOÐ – FYRIRKOMULAG OG SKILMÁLAR

157.894.737 hlutir eru boðnir hluthöfum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í réttu hlutfalli við hlutafjáreign eins og hún var skráð í hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags þann 1. nóvember 2006.

Forgangsréttarútboðið stendur frá 10. nóvember kl. 10.00 til 13. nóvember kl. 19.00.

Áskriftum hluthafa ber að skila með rafrænum hætti á sérstöku áskriftarformi á vef Glitnis, www.glitnir.is. Kennitala og lykilorð sem send voru til hluthafa 2. nóvember eru nauðsynleg til að geta skráð áskrift. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að Internetinu geta hringt í Þjónustuver Glitnis í síma 440 4000 milli kl. 09.00 og 19.00 virka daga eða farið í næsta útibú Glitnis til að skrá áskrift sína. Nauðsynlegt er að hafa bréf þetta meðferðis til að skráning geti farið fram með réttum hætti. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með tölvupósti eða pósti ef hluthafi hefur ekki netfang. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

Hluthafar geta framselt forgangsrétt sinn í útboðinu að nokkru eða öllu leyti. Réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir fleiri eða færri hlutum en þeir eiga hlutfallslegan rétt til. Nýti einhverjir hluthafar ekki rétt sinn að fullu, skiptast þeir hlutir sem eftir standa á milli hluthafa sem hafa skráð sig fyrir hærri fjárhæð í hlutfalli við hlutafjáreign samkvæmt hlutaskrá í lok dags þann 1. nóvember 2006.

ALMENNT ÚTBOÐ – FYRIRKOMULAG OG SKILMÁLAR

Seljist ekki allir hlutir í forgangsréttarútboðinu munu þeir hlutir sem eftir standa verða boðnir í almennu útboði að loknu áskriftartímabili. Lágmarksáskrift í almenna útboðinu er 5.000.000 kr. að markaðsvirði. Umsjónaraðili fyrir hönd útgefanda hefur heimild til að velja eða hafna áskriftum að eigin vild. Glitnir áskilur sér rétt til að hætta við almenna útboðið ef 95% eða meira af nýjum hlutum verða seldir í forgangsréttarútboðinu.

Almenna útboðið stendur frá 14. nóvember kl. 10.00 til 15. nóvember kl. 19.00.

Áskriftum ber að skila með rafrænum hætti á sérstöku áskriftarformi á vef Glitnis, **www.glitnir.is**. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift.

NIÐURSTAÐA ÚTBOÐS

Niðurstaða sölu í almenna útboðinu verður tilkynnt Kauphöll Íslands þegar sölu lýkur. Þátttakendur geta, frá og með 17. nóvember, nálgast upplýsingar um úthlutun í útboðinu með sama hætti og skráning fór fram.

GREIÐSLA

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Gjalddagi greiðsluseðla vegna hlutafjárkaupa er þriðjudagurinn 28. nóvember 2006. Berist greiðsla ekki tímanlega má innheimta skuldina á þann veg sem lög heimila. Í stað þess að grípa til innheimtuaðgerða hefur bankinn einhliða heimild til að fella ógreiddar áskriftir niður og ráðstafa þeim til þriðja aðila.

AFHENDING HLUTA

Eigi síðar en 30. nóvember verða hlutirnir gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands og afhentir til hluthafa.

SKJÖL VARÐANDI SKRÁNINGUNA

Lýsing verður gefin út 10. nóvember á ensku og hana má nálgast í fréttakerfi Kauphallar Íslands, news.icex.is, og á heimasíðu Glitnis, **www.glitnir.is**.

Einnig er hægt að óska eftir útprentuðu eintaki hjá umsjónaraðila.

Glitnir banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, tmutbod2006@glitnir.is.

Reykjavík, 10. nóvember Glitnir banki hf.

GLITNIR

# Hver ber ábyrgð á hverju í innflytjendamálum?

**UMRÆÐAN**
Greinin birt í heild á Visir.is

Mikið hefur verið rætt um innflytjendamál í fjölmiðlunum um þessar mundir. Sumir telja straum erlendra verkamanna frá EES löndum vera ógn við íslensku þjóðina, og aðrir segja að innflytjendur séu nauðsynlegt vinnuafl í núverandi efnahagsaðstæðum á Íslandi. Mér finnst nauðsynlegt að skoða málin vel og finna hver er kjarni þess sem skiptir máli í alvöru, í staðinn fyrir að byrja að æpa: „stöðvum útlendinga!“

Að mínu mati verður að skoða tvö atriði í þessu samhengi: Í fyrsta lagi hvort fjölgun erlendra verkamanna sé of mikil og hröð. Í öðru lagi hvað þjóðin eigi að gera til þess að byggja upp framtíðarsamfélag með innflytjendum.


TOSHIKI TOMA

Varðandi fyrsta atriðið langar mig til að minna Íslendinga á eitt grundvallaratriði, sem virðist gleymast í umræðunni þessa daga. Frjálst flæði launafólks innan EES byggir á hugmyndum um hinn frjálsan markað. Hugmyndafræði EES samningsins felur í sér að markaðurinn stýri flæði fólks á milli landa. Erlent vinnuafl sækir hingað á meðan eftirspurn er eftir því á vinnumarkaði en um leið og eftirspurnin hættir stöðvast flæðið. Erlendir verkamenn flytjast til Íslands á meðan nóga vinnu er að fá. Stóriðju- og byggingaiðnaðurinn þarfnast erlendu verkamannanna til að halda verkefnum sínum áfram. Það er íslenska þjóðin sem stýrir þróun atvinnulífsins græðir vel á henni. Það er því ekki rétt að hugsa eins og að útlendingar þjóti til Íslands og krefjist vinnu. Ef þjóðin vill minnka straums erlends vinnuafls hingað til lands þarf hún að hægja á framþróun atvinnulífsins svo að hingað hætti að streyma fólk. Þessar ákvarðanir eru í höndum Íslendinga sjálfra en ekki útlendinga.

Varðandi seinna atriðið, má spyrja íslensku þjóðina hvað hún hyggst gera í innflytjendamálum. Á íslenskt samfélag að halda áfram á sömu leið og það hefur gert undanfarið ár? Ég held að óhætt sé að segja að engin skýr stefna hafi verið mótuð hingað til. Þó það sé vissulega gagnrýnisvert getur leynst í því tækifæri. Hægt er að fara þá leiðir sem ég tel mjög mikilvægar þ.e. annars vegar að vinna með innflytjendum sjálfum, og í öðru lagi að líta á málefni innflytjenda í þverpólitísku ljósi enda varða þau alla landsmenn hvort sem þeir eru af íslenskum eða erlendum uppruna óháð flokkspólitík.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*

# *Án samvinnu – engar umbætur*

**UMRÆÐA**
Menntamál

Um þessar mundir er verið að ganga frá starfs- og fjárhagsáætlun fyrir leikskólasvið og menntasvið Reykjavíkur. Áætlunin er leiðarvísir að því hvernig skólamálum skuli hagað í borginni næstu tíu árin. Skemmst er frá að segja að hún verður bara orðin tóm ef kennarar eru ekki hafðir með í ráðum og áhugi þeirra virkjaður.

Mikilvægt er að marka skýra framtíðarsýn í menntamálum með áherslu á aukið lýðræði og enn frekari möguleika íbúanna til þátttöku og áhrifa. Virkt lýðræði felur í sér að stjórnvöld hlusta af athygli þegar þegnarnir tala; einstaklingar, félaga- og hagsmunasamtök. Breyttir tímar kalla á nýja stjórnunarhætti. Fólk lætur ekki bjóða sér að fá tilskipanir að ofan sem það hefur ekki átt þátt í að móta og skilur jafnvel ekki tilganginn með.


ÞORGERÐUR LAUFEY DIÐRIKSDÓTTIR

Eftir að grunnskólinn flutti frá ríki til sveitarfélaga urðu skólamál stærsta verkefnið sem þau fást við. Það þarf öflugan hóp fólks til að vinna að skólaumbótum ef þær eiga að ná fram að ganga. Til að menntastefna Reykjavíkur verði annað og meira en orðin tóm þarf ennfremur góða leiðtoga til að stýra framkvæmd hennar. Leiðtoga sem virkja aðra með sér til að bæta umhverfið og takast á við breytingar.

Yfirmarkmið starfsáætlunarinnar er þetta: „Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.“ Þetta er markmið sem fólk getur sammælst um en ríkja þarf sátt um aðgerðirnar sem eiga að hrinda markmiðinu í framkvæmd. Kennarar hafa gagnrýnt núverandi stefnu í skólamálum fyrir stóra galla á framkvæmd hugmyndarinnar um skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám. Þessum athugasemdum ber að fagna og nota þær í stefnumótunarvinnunni sem nú er í gangi. Til þess að hin nýja áætlun njóti trausts og tiltrúar kennara þurfa þeir að tilheyra henni, finna að þeim er treyst til framkvæmda og þeim sýnd sanngirni og virðing. Menntastefnan þarf að vekja með þeim stolt og vilja til að vera með, hugsa gagnrýnið um starfið og koma með hugmyndir. Með kennara sem fulla þátttakendur í stefnumótun og síðar framkvæmd stefnunnar verður hún að raunveruleika. Ella ekki. Mistökin við framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám má ekki endurtaka.

*Höfundur er formaður Kennarafélags Reykjavíkur.*

# „Efasemdir“ um dauðarefsingu?

**UMRÆÐAN**
Dauðadómar

Valgerður Sverrisdóttir tjáir sig í gær í Fréttablaðinu um hengingardóminn yfir Saddam Hússein, fyrrverandi einræðisherra í Írak.

Hún segist telja að Hússein verði að sæta ábyrgð á gjörðum sínum, hann hafi látið drepa marga og beitt þjóð sína harðræði og svo framvegis. Úrskurðinn sé lögmætur, segir ráðherra. Og „okkar lögsaga“ nái ekki yfir annað en Ísland. Valgerður virðist telja skyldu sína að verja líflátsúrskurðinn. Kannski sem fulltrúi „viljugrar“ þjóðar?

Formáli utanríkisráðherra Íslendinga er athyglisverður: „Það að íslensk stjórnvöld hafi alltaf haft efasemdir um beitingu dauðarefsinga, þá ...“

Efasemdir?

Dauðarefsing var endanlega numin úr íslenskum lögum árið 1928.


MÖRÐUR ÁRNASON

Íslendingar hafa undirritað og lögfest mannréttindasáttmála Evrópu. Í 13. viðauka hans, sem alþingi samþykkti haustið 2003, eru tekin af öll tvímæli um dauðarefsingu – hún er óheimil, fyrir hvaða afbrot sem vera skal.

Hér er því ekki um neinar „efasemdir“ að ræða. Að landslögum og samkvæmt lögfestum alþjóðasamningum eru íslensk stjórnvöld andstæð hverskonar dauðarefsingu.

Það verður Valgerður Sverrisdóttir að hafa dug í sér til að segja – heima og heiman.

*Höfundur er alþingismaður fyrir Samfylkinguna*

# Samgöngubætur sem ekki þola bið

**UMRÆÐAN**
Umferðaröryggi

Samgöngumálin eru eitt af stóru málunum sem íbúar þessa kjördæmis horfast nú í augu við. Suðvesturkjördæmi hefur verið afskipt hvað fjárveitingar varðar til brýnna framkvæmda í vegamálum og er óskiljanlegt hvernig þau mál hafa þróast, nú á tímum jarðgangagerðar víða um land. Mér er spurn: Hvað hafa þingmenn þessa kjördæmis verið að gera í þessum málaflokki?


JÓN GUNNARSSON

Ég sé fyrir mér samgönguáætlun fyrir kjördæmið í tíu liðum og ég mun beita mér af alefli fyrir því að þeim verði hrint í framkvæmd á næstu fjórum til sex árum, fái ég til þess tækifæri. Öll verkefnin eru mjög brýn og þola ekki bið.

Arnarnesvegur verði lagður frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut. Þessi vegur mun leysa umferðarvandræði fólks sem á leið til eða frá efri byggðum Kópavogs. Vegurinn mun einnig létta mjög á umferð frá Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ sem leið á í Salahverfi, í efri byggðir Kópavogs sem og í Breiðholt, Norðlingaholt og Hádegismóa í Reykjavík.

Mislæg gatnamót á mótum Arnarnesvegar og Reykjanesbrautar sem greiða munu leiðir til og frá Kópavogi, Garðabæ og einnig Hafnarfirði um Reykjanesbraut. Mislæg gatnamót á mótum Vífilsstaðavegar og Reykjanesbrautar þjóna sama tilgangi fyrir Garðbæinga og Hafnfirðinga og mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar við Kaplakrika munu losa um hnútinn þar. Þá eru mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar við Bústaðaveg einnig nauðsynleg til þess að greiða leiðina frá Hafnarfirði, um Garðabæ og Kópavog til Reykjavíkur.

En það þarf að taka til hendinni víðar í samgöngumálum í kjördæminu. Ég tel mjög brýnt að ráðast í byggingu mislægra gatnamóta á mótum Hafnarfjarðarvegar, Reykjavíkurvegar, Fjarðarhrauns og Álftanesvegar. Einnig er nauðsynlegt að endurbyggja Álftanesveg þar sem bæði er að vegurinn er illa undirbyggður og um leið hættulegur. Einnig er breikkun Kringlumýrarbrautar um eina akrein í hvora átt frá Nýbýlavegi að Bústaðavegi nauðsynleg til þess að greiða fyrir umferð.

Ég tel einnig nauðsynlegt að ráðast í að tvöfalda vestasta hluta Nýbýlavegar ásamt byggingu hringtorga við Auðbrekku og Dalbrekku. Loks ber einnig brýna nauðsyn til að tvöfalda Vesturlandsveg frá Skararhólsbraut, í gegnum Mosfellsbæ að Þingvallavegi. Ég tel ekki þörf á að tvöfalda þennan veg lengra til norðurs vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar.

Þetta eru allt mjög brýnar framkvæmdir sem munu greiða stórlega fyrir umferð í kjördæminu og stuðla um leið að auknu umferðaröryggi.

Nú er mál til komið að taka til hendinni. Við þurfum kraft í kjördæmið.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og óskar eftir 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.**

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – **www.eirvik.is**

# Eru innflytjendur að yfirtaka Ísland?

**UMRÆÐAN**
Aðflutt fólk

Það er alveg ljóst að íslenska samfélagið er að breytast. Margir eru farnir að taka eftir breytingunum og meira að segja sumir orðnir áhyggjufullir. Menn eru að velta fyrir sér hvort þeir sem hér koma eru hryðjuverkamenn, mafíósar, nauðgarar, morðingjar eða hreinir glæpamenn. Litla samfélagið Ísland er í hættu og það þarf eitthvað að gera strax. Stjórnmálaflokkur nokkur er allt í einu að breytast í þjóðernisflokk? Sumir ætla að skipta um flokk meira að segja.

*Ég er á þeirri skoðun að yfirvöld leyfi þann fjölda fólks sem við getum höndlað, aðstoðað til að aðlagast vel og vera sjálfbjarga og íþyngir ekki samfélaginu á neinn hátt.*

Gott og vel en hvað er málið gott fólk? Eflaust er það alltaf við hæfi að hafa skynsamlega stefnu fyrir þennan málaflokk en menn þurfa virkilega að gæta orða sinna. Svo þurfa menn líka að kynna sér staðreyndirnar vel áður en þeir tjá sig.

Á síðustu árum hefur íslenska efnahagslífið breyst mikið og krefst það vinnuafls sem væri einfaldlega ekki í boði ef erlendra verkamanna nyti ekki við. Þetta er staðreynd hvort sem mönnum líkar eður ei. Fólk kemur þá til að manna stöðurnar og enginn getur sannað að þetta fólk steli vinnu frá innfæddum. Ef fólk á miðjum aldri fær ekki vinnu eins og pólitíkusar nokkrir halda fram því að atvinnurekendur vilja ráða ódýrt vinnuafl þá þurfa yfirvöld að skoða hvort sumir eru einfaldlega að misnota breytingarnar. En það er algjörlega óþarfi að koma með ummæli sem skapa fordóma, fælni, óþarfa áróður eða jafnvel hatur í garð fólks af erlendum uppruna í samfélaginu.


AKEEM CUJO OPPONG

Svo er það ekki skynsamlegt að koma með þessar athugasemdir um málefni innflytjenda án þess að koma með tillögur sem virka því að þá er þetta eintómt einhliða tal sem hjálpar ekki. Þeir sem eru að hrópa Ísland fyrir Íslendinga þurfa að gera sér grein fyrir því að í dag eru um 30.000 Íslendingar búsettir erlendis og er Ísland stór partur af svokölluðu alþjóðlegu samfélagi. Væri þetta betra eða þægilegra ef innflytjendur væru allir frá Vestur-Evrópu eða Norðurlöndunum?

Þeir sem tala um glæpagengi frá Austur-Evrópu eða annars staðar frá þurfa að gera sér grein fyrir því að bestu aðgerðirnar eru fyrir lögregluna að styrkja sig og fylgjast með alþjóðlegum glæpasamtökum. Eitthvað sem íslenska lögreglan er svo sannarlega að gera en í litlum samfélögum eins og okkar geta glæpagengi af einhverju tagi ekki þróað sína starfsemi. Að kanna hvort fólk er með sakaferil áður en því er leyft að koma til landsins virkar á mjög takmarkaðan hátt en það hefur verið prófað án mikils árangurs í sumum löndum. Ég er á þeirri skoðun að yfirvöld leyfi þann fjölda fólks sem við getum höndlað, aðstoðað til að aðlagast vel og vera sjálfbjarga og íþyngir ekki samfélaginu á neinn hátt. Við verðum að hætta að alhæfa og gæta að því hvað við segjum og hugsum. Við getum byggt upp betra samfélag sem þjónar öllum óháð uppruna. Við græðum ekkert á því að skapa vandamál sem eru ekki til staðar og þar af leiðandi skapað óþarfa ótta, óþægindi og óhug. Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum til góðs og forðast staðalímyndir.

Hættum nú að tala út í loftið og komum með ábendingar sem styrkja samfélagið og forðumst óþarfa ótta.

*Höfundur er formaður Ísland Panorama-samtakanna.*

**AF NETINU**

### Töfrasprotinn brotinn

**Launamunur kynjanna**

Ef marka má fréttir ríkisfjölmiðlanna í gærkvöldi fór fram mikil öskurkeppni á Alþingi í gær um svonefndan launamun kynjanna. Nýlegar mælingar sýna sama mun á launum karla og kvenna og fyrir 12 árum. Þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu kepptust við að hafa sem stærst orð og mestar heitstrengingar um þennan mun en hann mælist þó ekki síður hjá ríkinu, sem þingmennirnir stýra, en úti á almennum vinnumarkaði.
Þarna liggur þá töfrasprotinn brotinn. Fæðingarorlofslögin frá árinu 2000 áttu að útrýma þessum mun eins og hendi væri veifað. Þingmenn allra flokka trúðu því að þessi lög væru lausnin. Þingmenn vinstri flokkanna samþykktu að hæstu bæturnar sem Tryggingastofnun hefur greitt úr í sögu sinni færu til hátekjumanna. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins að Einari Oddi undanþegnum héldu fyrir skilningarvitin og samþykktu mestu varanlegu útgjaldaaukningu í síðari tíma sögu ríkissjóðs. Hæstu félagslegu bætur í heimi til efnafólks urðu staðreynd á Íslandi.
Útgjaldaaukningin varð raunar talsvert meiri en látið var í veðri vaka í greinargerð með frumvarpinu. Hún fór nærri 200% fram úr áætlunum fjármálaráðuneytisins

**Af andriki.is**

Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósahreppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi

Opinn fundur
með Jóni Gunnarssyni


Jón Gunnarsson


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir


Bjarni Benediktsson


Gunnar Birgisson

Opinn fundur verður á kosningaskrifstofu Jóns Gunnarssonar, Bæjarlind 14 Kópavogi, í kvöld kl. 20:00. Gestir verða þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson alþingismaður og Gunnar Birgisson bæjarstjóri. Á fundinum munu frambjóðendur spjalla um stefnumál sín við fundargesti. Léttar veitingar í boði. Allir eru velkomnir.

föstudagur 10. nóvember kl. 20.00

4. sæti

Jón Gunnarsson
Kraftmikinn mann á þing!

Það er mikilvægt að fólk með fjölbreytta reynslu taki sæti á Alþingi. Bakgrunnur Jóns Gunnarssonar er úr atvinnulífinu og hann hefur einnig verið í forystu Slysavarnafélagsins Landsbjargar um árabil. Í störfum sínum hefur Jón gegnt ábyrgðarstöðum þar sem oft hefur þurft að taka skjótar og fumlausar ákvarðanir. Við teljum mikilvægt að fá kraftmikinn mann á þing. Tryggjum Jóni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi laugardaginn 11. nóvember 2006. Verið alltaf velkomin á kosningarskrifstofuna Bæjarlind 14, Kópavogi.

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

# alltaf fjö

## allt ti
















## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 10. nóvember til 12. nóvember eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# ór í nettó

## il alls




nettó

RICHARD BURTON FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1925

*Ég er í raun frekar ánægður með það orð sem fer af mér. Að ég sé spillt séní úr velsku ræsi, fyllibytta og flagari. Þetta er frekar heillandi ímynd.*

***Stórleikarinn kom jafnan til dyranna eins og hann var klæddur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. NÓVEMBER 1926

## *Hirohito krýndur keisari*

Þennan dag árið 1926 var Hirohito krýndur keisari í Japan. Hann hafði þá stjórnað landinu í fimm ár sem ríkisstjóri. Hann ríkti til dauðadags árið 1989, eða samtals í 63 ár, þótt hann hafi reyndar verið sviptur bæði völdum sínum og guðdómi að lokinni seinni heimsstyrjöldinni. Við krýninguna árið 1926 tók hann sér nafnið Showa, sem mun þýða „upplýstur friður“, sem vart getur talist viðeigandi í ljósi þess að undir hans stjórn réðust Japanar inn í Kína og beittu þar mikilli hörku. Í beinu framhaldi af þeim hildarleik skall heimsstyrjöldin síðari á, þar sem Japanar skipuðu sér í flokk möndulveldanna ásamt Þjóðverjum og Ítölum og biðu hrikalegan ósigur.



**HIROHITO** Var keisari í Japan lungann úr 20. öldinni.

Framan af ferli sínum naut Hirohito þess að Japanar litu á keisara sinn sem guð. Í ársbyrjun árið 1946 lýsti hann því yfir í sögufrægu ávarpi að hann hafnaði þeim „ranghugmyndum að keisarinn sé guðlegur“. Hann hélt keisaratigninni en henni fylgdu einungis táknræn völd.

Hirohito fylgdist því með, meira sem áhorfandi en þátttakandi, þegar mikill uppgangur varð í efnahagslífi Japans á síðustu áratugum keisaratíðar hans.

Hann lést 7. janúar árið 1989, sama ár og Berlínarmúrinn féll.

## MERKISATBURÐIR

**1808** Osage-indíánar í Ameríku fallast á að yfirgefa landsvæði sín í Missouri og Arkansas í skiptum fyrir griðland í Oklahoma.

**1942** Þjóðverjar hertaka landsvæði Vichy-stjórnarinnar í Frakklandi.

**11973** Nokkrir tugir eintaka af bókinni Sláturhús 5 eftir Kurt Vonnegut eru brenndir á báli í Bandaríkjunum.

**1975** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sendir frá sér ályktun þar sem síonismi er lagður að jöfnu við kynþáttastefnu.

**1982** Leoníd Brésnev deyr eftir að hafa verið leiðtogi Sovétríkjanna í átján ár.

**1995** Rithöfundurinn og baráttumaðurinn Ken Saro-Wiwa er tekinn af lífi

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Theódórsdóttir Bjarnar**

húsmóðir,

lést mánudaginn 30. október á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Vilborg Sigríður Árnadóttir**
**Kristín Árnadóttir** **Ásgeir Þór Ólafsson**
**Björn Theódór Árnason** **Sigurlín Einarsdóttir Scheving**
**Einar Sveinn Árnason** **Margrét Þorvarðardóttir**
**Árni Árnason**
**Vilhjálmur Jens Árnason** **Hanna Birna Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir, tengdafaðir og afi okkar,*

**Stefán Hannesson**

Hagamel 24, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 7. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hildigunnur Friðjónsdóttir** **Guðlaugur Sigmundsson**
**Ólöf Stefánsdóttir** **Axel Guðbjörnsson**
**Jón Kristján Stefánsson** **Ása Björk Matthíasdóttir**
**Árni Guðlaugsson**
**Guðni Hrafn Guðlaugsson**
**María Kristinsdóttir**
**Bryndís Dagmar Jónsdóttir**
**Ásdís Elín Jónsdóttir**
**Stefán Matthías Jónsson**

---



†

*Elskulegur faðir minn, sonur og bróðir,*

**Stefán Karl Kristinsson**

lést af slysförum þann 29. október. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 13.

**Hansína Guðný Stefánsdóttir**
**Kristinn Ingimar Karlsson**
**Una Ósk Kristinsdóttir**

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn og vinur,*

**Daníel Daníelsson**

fyrrverandi verkstjóri hjá Eimskip,

andaðist á heimili sínu, Þinghólsbraut 35, Kópavogi, 7. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Helga Geirsdóttir**
**Sævar Hjálmarsson** **María Baldursdóttir**
**Hafþór Björgvin Jónasson**
**Baldur Sævarsson Lonni** **Björg H. Sigurbjörnsdóttir**
**Helga Sævarsdóttir**
**og langafabörn.**

---

GYLFI ÆGISSON: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

# Frumflytur nýjan texta við Sjúddiraírei á sextugsafmælinu

„Nei, nei, ég kvíði ekkert fyrir þessu, heilsan er aðalatriðið og ég er nokkuð brattur,“ segir Gylfi Ægisson sem fagnar í dag sextugsafmæli sínu en söngvarinn, málarinn og lagasmiðurinn var á hárgreiðslustofu þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég er bara að gera mig sætan og fínan fyrir stóra daginn,“ segir Gylfi og hlær. „Alla vega fínan,“ bætir hann við og skellir upp úr. Gylfi segist alltaf hafa hlakkað til allra afmælisdaga sinna en man þó ekki eftir neinum sem var eftirminnilegri en aðrir. „Ég átti hins vegar afmæli tíunda nóundaber því ég gat ekki sagt nóvember,“ útskýrir hann og brosir út í annað að minningunni.

Gylfi ætlar að fagna þessum tímamótum með því að mæta í viðtal á Rás 2 og þar frumflytur hann nýjan texta við lagið Sjúddirarirei ásamt þeim Þóri Baldurssyni, Tryggva Hübner og Rúnari Júlíussyni. „Þeir eru náttúrlega allir upphaflegir meðlimir Halastjörnunnar,“ segir Gylfi og upplýsir að Stolt siglir fleygið mitt sem Rúnar flutti hafi náð þeim einstaka árangri að vera vinsælasta lagið á Íslandi árið 1980 og næstvinsælast árið eftir. „Ég held að Heim í búðardal sé eina lagið sem hafi afrekað þetta líka,“ bætir Gylfi við. Um kvöldið ætlar hann síðan út að borða með eiginkonunni á Hótel Holti og njóta þeirra kræsinga sem þar er boðið uppá.



**ALLTAF HRESS** Gylfi Ægisson er sextugur í dag og fagnar tímamótunum með nýjum texta við lagið Sjúddirarirei.

Lagahöfundurinn segist ekki vera með neinn afmælisgjafalista, hann eigi allt sem hugurinn girnist. „Ég á gullfallega eiginkonu, bæði að innan og utan og heilbrigð börn,“ segir Gylfi sem þó minnist eins atburðar sem hafi glatt hann mjög en Gylfi hefur verið að keppa í skotfimi að undanförnu. „Ég varð nefnilega bikarameistari í frjálsri skammbyssu,“ segir Gylfi sem jafnframt sinnir málaralistinni af miklum móð og var að fara að byrja á nýju málverki sem á að vera tilbúið í byrjun desember. „Maður slær aldrei slöku við,“ segir hinn eiturhressi og sextugi Gylfi Ægisson. **freyrgigja@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,*

**Sigríður Gizurardóttir**

lífeindafræðingur, Kvisthaga 29, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 13. nóvember kl. 15.

**Lúðvík Gizurarson** **Valgerður Guðrún Einarsdóttir**
**Bergsteinn Gizurarson** **Marta Bergman**
**Sigurður Gizurarson** **Guðrún Þóra Magnúsdóttir**
**Dagmar Sigríður Lúðvíksdóttir** **Trausti Pétursson**
**Dóra Lúðvíksdóttir** **Einar Gunnarsson**
**Einar Lúðvíksson** **Georgina Anne Christie**
**Gizur Bergsteinsson** **Bylgja Kærnested**
**Dagmar Sigurðardóttir** **Baldur Snæland**
**Magnús Sigurðsson**
**Júlía Sigurðardóttir**
**Gizur Sigurðsson**
**Ólafur Sigurðsson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Arnar Loftsson**

---

## AFMÆLI

**Anna Brynjólfsdóttir**, Víðilundi 6, Akureyri, varð níræð þann 9. nóvember. Hún verður með heitt á könnunni á morgun, laugardaginn 11. nóvember, að Þingvallastræti 33 eftir klukkan 14.



**Þórunn Magnea Magnúsdóttir**, leikkona, er 61 árs.

**Svanfríður Jónasdóttir**, bæjarstjóri, er 55 ára.



---



†

**Jón Björnsson**

Svínadal, Skaftártungu,

verður jarðsunginn frá Grafarkirkju laugardaginn 11. nóvember kl. 14.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Björn Eiríksson.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# Ótrúlegt verð

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

## United 27" LCD sjónvarp

- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 900:1 og birta: 550 cd/m2
- 2x6w nicam stereo hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir



GOTT VERÐ 89.990kr

## United 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD ready
- Progressive scan
- Nicam stereo hljóðkerfi
- 2 Scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)



GOTT VERÐ 99.990kr

## Philips 42" plasma sjónvarp

- Upplausn: 1024x1080i punktar með skerpu 3.000:1
- Digital crystal clear og progressive scan
- HD ready
- Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1.400 cd/m2
- Contrast plus og active control
- 2x30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 scart, 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Svefnrofi, barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA 800x400 festingar (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 123,6x67,9x10,3 og þyngd: 39,2kg



TILBOÐ 209.990kr
Verð áður 229.990,-

## Philips 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Pixel plus myndtækni - eykur línufjölda og skerpu
- Contrast plus og progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 3.200:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Anti reflection og active control - minnkar glampa
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 93,5x55,8x12 og þyngd: 19,2kg



GOTT VERÐ 169.990kr



TILBOÐ 22.990kr
Verð áður 24.990,-

## Philips DVD og myndbandstæki

• Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki • Spilar öll kerfi • Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby digital • Nicam stereó myndbandstæki • Hægt að horfa á DVD meðan tekið er upp á myndband • Longplay og NTSC afspilun • RCA tengi að framan • 2 scart með RGB og SVHS tengi • Component (Y, Pr, Pb) tengi • RCA audio útgangur • Optical og coaxial tengi • Fjarstýring • Íslenskur leiðarvísir



GOTT VERÐ 16.990kr

## Funai DVD og myndbandstæki

• Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki • Spilar öll kerfi • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • DolbyDigital og DTS • 4 hausa myndbandstæki • Longplay • RCA tengi að framan • 2 scart og SVHS tengi • RCA hljóðútgangur • Digital coaxial tengi • Fjarstýring



GOTT VERÐ 19.990kr

## Thompson Heimabíókerfi

• 160w (5x25w og 1x35w) magnari • Fjölkerfa DVD spilari • Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox • Dolby digital, DTS og dolby pro logic II • FM útvarp með 40 stöðvaminnum • SCART (með RGB), component og SVHS tengi • Aux inn • Fjarstýring sem getur stýrt öðrum tækjum



TILBOÐ 14.990kr
Verð áður 24.990,-

## Philips heimabíókerfi

• Fyrirferðalítið og nett heimabíósett • 400w (4x25w og 2x50w RMS) digital magnari • Fjölkerfa DVD spilari • Video upsampling • 5 litlir hátalarar og bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby digital, DTS og dolby pro-logic II • FM útvarp með 20 stöðvaminnum • SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi • Aux inn • Fjarstýring

Gildir til 17. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## STUÐ MILLI STRÍÐA Tilhlökkun í nefnifalli og þolfalli

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** HLAKKAR TIL



Ég var alin upp við það að ég hlakkaði til ýmissa hluta en ekki að mig hlakkaði til þeirra. Engan í minni fjölskyldu hefur hingað til hlakkað til neins en allir hafa hlakkað til einhvers. Þetta hefur hins vegar breyst síðustu ár þar sem son minn hlakkar ítrekað til einhvers þegar ég vildi heldur að sonur minn hlakkaði til þess.

Ég verð að viðurkenna að það fer ferlega í taugarnar á mér að þrátt fyrir að tilhlökkun sé alltaf í nefnifalli heima hjá okkur skuli það hafa meiri áhrif á barnið að annars staðar í umhverfi þess er hún oft í þolfalli. Ég hef margreynt að útskýra fyrir stráknum að þótt einhverjir jafnaldrar hans segi „mig hlakkar til“ þá eigi hann samt að segja „ég hlakka til“. Hann samþykkir þetta í hvert einasta skipti en næst þegar tilhlökkunin verður mikil gleymir hann sér og segir þetta vitlaust.

Nýlega áttaði ég mig líka á því að vandamálið er víðtækara en svo að nokkur börn sem hann umgengst séu þau einu sem lýsa yfir tilhlökkun sinni í þolfalli. Ég er sjálf farin að heyra sífellt fleira fullorðið (og sæmilega talandi að öðru leyti) fólk segja „mig hlakkar til“. Ég er viss um að margir af þessum einstaklingum vita betur en nenna bara ekki að vanda sig, sem er mjög sorglegt því lítil eyru leynast víða.

Um daginn var ég svo að hlusta á barnalög í útvarpinu með syni mínum þegar ég heyrði hóp barna syngja „mig hlakkar svo til“ aftur og aftur og það var alveg kornið sem fyllti mælinn. Ég skil ekki hvernig á að vera hægt að kenna börnum að tala góða íslensku þegar efni sem er sérstaklega búið til handa þeim er bara eitthvert bull.

Ég er engan veginn sammála þeim sem segja að svona sé þróunin og við verðum bara að láta undan þar sem þeir sem vita ekki betur verða sífellt fleiri. Mér finnst þvert á móti að við ættum að reyna að gera okkar besta til að drepa niður alla tilhlökkun í þolfalli og vanda okkur svolítið þegar við tölum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fjölbreytt stemning á nýrri plötu

Hljómsveitin Í svörtum fötum hefur gefið út sína fjórðu plötu, Orð. Á plötunni eru tólf ný lög sem eru öll samin af meðlimum sveitarinnar, þar á meðal „Þessa nótt“ sem hefur fengið góðar viðtökur að undanförnu.

„Við vildum gera þetta sjálfir núna. Við erum ekki með „pródúsent“ en við höfum áður verið með Hafþór Guðmundsson og Þorvald Bjarna,“ segir Einar Örn Jónsson, hljómborðsleikari Í svörtum fötum. „Við þykjumst vera orðnir svo reyndir að við treystum okkur í þetta sjálfir. Þessi plata er aðeins meira „beisík“ og ekki eins mikið „pródúseruð“ og áður,“ segir hann. „Hún er mjög fjölbreytt. Við höfum mjög ólíkan tónlistarsmekk og leyfum því bara að haldast svolítið á plötunni. Það er hin og þessi stemning í gangi. Við höfum stundum reynt að halda okkur við ákveðna línu en núna var öllum gefinn laus taumurinn.“

Í svörtum fötum gaf ekki út plötu í fyrra vegna þess að söngvarinn Jónsi gaf þá út sína fyrstu sólóplötu. „Við hinir vorum orðnir helvíti hressir eftir pásuna og bandið kom með meira „innpútt“ en venjulega. Jónsi hefur átt flest lögin á hinum plötunum en bandið kom meira inn í þetta núna.“


**Í SVÖRTUM FÖTUM** Hljómsveitin Í svörtum fötum er að gefa út sína fjórðu plötu.

Síðustu þrjár plötur Í svörtum fötum hafa náð gullsölu og er engin ástæða til að ætla annað í þetta skiptið. Næstu stóru tónleikar sveitarinnar verða á Nasa 2. desember. -fb

# Kallar fram gæsahúð

Nýjasta plata tónlistarmannsins Jóhanns Jóhannssonar, IBM 1401 - A User's Manual, fær ágæta dóma á hinni virtu bandarísku tónlistarsíðu Pitchfork, eða 6,9 af 10 mögulegum.

„Platan byrjar mjög fallega en vegna langdregins miðhlutans er erfitt að mæla með IBM 1401-A User´s Manual sem heilsteyptu verki,“ segir í dómnum. „Jóhann er engu að síður heillandi tónskáld og bestu tónarnir á þessari plötu kalla fram gæsahúð.“

Gagnrýnandinn segist jafnframt fyrst hafa heillast af Jóhanni í laginu, Odi et Amo, af plötunni Englabörn sem kom út árið 2002. Þar hafi hann komið sterkur inn sem tónskáld með áhugaverðar hugmyndir um tækni og tónlist.


**JÓHANN JÓHANNSSON** Tónskáldið Jóhann Jóhannsson fær ágæta dóma á heimasíðu Pitchfork.


**BEATMAKIN TROOPA OG RAIN** Á meðal þeirra sem koma fram í kvöld eru Beatmakin Troopa og Rain.

# Hiphop á Barnum

Fyrstu tónleikarnir í mánaðarlegu tónleikahaldi Triangle Productions á Barnum verða haldnir í kvöld. Hiphop verður á efnisskránni í kvöld og koma fram Beatmakin Troopa, Steve Samplin, Rain og Agzilla.

Annars verða margar fleiri skemmtilegar og fjölbreyttar uppákomur í boði á Barnum í vetur, þar á meðal verður elektró- og rokktónlistarkvöld auk þess sem erlendir listamenn munu mæta til leiks eftir áramót.

Fjörið í kvöld hefst klukkan 22 og stendur yfir til 1.00. Aðgangur er ókeypis.


**JAMES BOND** Daniel Craig þykir fara á kostum í hlutverki njósnara hennar hátignar, 007.

# Forsala á netinu

Miðasala á almennar sýningar í Smárabíói og Regnboganum er hafin í fyrsta sinn á netinu á slóðinni midi.is/bio. Hingað til hefur midi.is verið leiðandi í sölu aðgöngumiða á tónleika, leiksýningar, íþróttaviðburði eða annað en nú hafa kvikmyndahúsin loksins bæst við.

Í dag hefst einnig forsala á heimsfrumsýningu á einni stærstu mynd ársins, Casino Royale, sem kemur í bíó föstudaginn 17. nóvember um land allt. Í Casino Royale er Daniel Craig í hlutverki James Bond og mega gagnrýnendur vart vatni halda yfir frammistöðu Craigs.



**Kl. 21.00**
*Söngvaskáldið Hörður Torfa heldur tónleika í Bæjarleikhúsinu í Vestmannaeyjum. Nú stendur yfir menningardagskráin Nótt safnanna í bæjarfélaginu og eru tónleikarnir hluti af henni.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Portrett af Skarði

Einar Falur Ingólfsson og Helgi Þorgils Friðjónsson opna óvenjulega sýningu í Anima galleríi kl. 17 í dag. Sýningin ber heitið „Portrett af stað" og geymir verk þeirra félaga í ljósmyndum, textum og málverkum er öll tengjast bænum Skarði á Skarðsströnd í Dalasýslu.

Engin önnur jörð á landinu hefur verið í eigu sömu ættar lengur en Skarð. Í jarðamatinu frá 1861 var Skarð talin þriðja hæsta jörð landsins og var meðal helztu höfuðbóla landsins um langan aldur. Jörðinni fylgir fjöldi eyja og hólma með ýmsum hlunnindum.



**SKARÐ Á SKARÐSSTRÖND** Bærinn var eitt helsta höfuðból landsins um langan aldur.

Landnáma segir frá landnámi Geirmundar heljarskinns, sem gerði sér bæ og kallaði Geirmundarstaði undir Skarði. Í kringum aldamótin 1200 bjó þar Húnbogi Þorgilsson, bróðir Ara fróða. Afkomendur Húnboga hafa síðan setið óslitið á Skarði.

Listamennirnir fóru að Skarði og skrásettu landið, mannvirki og íbúa þar á sinn persónulega hátt og gefur afraksturinn að líta á sýningunni.

Anima gallerí er opið þriðjudaga–laugardaga kl. 13–17. Sýningin stendur til 2. desember.

**> Ekki missa af …**

útgáfutónleikum í **Salnum** á sunnudaginn þar sem einvala lið tónlistarfólks flytur lög **Sigvalda Kaldalóns** sem nú koma út á hljómdiski.

bíódögum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands**. Á laugardaginn er komið að meistaraverkum **Chaplins** en um tónsprotann heldur **Frank Strobel**.

**Tilrauninni**, nýjasta verki **Stúdentaleikhússins** sem frumsýnt verður í **Austurbæ** á sunnudaginn.



**TÓMAS R EINARSSON TÓNLISTARMAÐUR**

## Tómas og kó í Dómó

Nýr diskur með lagasafni úr fórum Tómasar Einarssonar hefur verið undir geislanum víða um land frá því hann kom út fyrir fáum vikum. Diskinn kallaði Tómas Rom Tom Tom. Í kvöld kallar Tómas hluta af sveit sinni saman og telur í á Dómóbarnum nýja, Þingholtsstræti 5. Hefst latínsveiflan á miðnætti. Auk bassaleikarans Tómasar skipa sveitina þeir Kjartan Hákonarson trompet, Óskar Guðjónsson saxófónn, Samúel J. Samúelsson básúna, Ómar Guðjónsson gítar, Einar V. Scheving trommur og slagverk og Eyþór Gunnarsson kóngatrommur.

Þetta kvöld verður bara hitun fyrir alvöruslag: Hljómsveitin heldur til Kúbu í næstu viku og mun halda þar seinni útgáfutónleika vegna geisladisksins, þeir fyrri voru á Jazzhátíð Reykjavíkur í haust. Þar syðra munu piltarnir leika í tónleikahöllinni Casa de la Música. Þar bætast í hópinn fimm Kúbverjar, eyjarskeggjar sem leika á disknum.

Þeirra á meðal er trompetleikarinn Daniel „El Gordo" Ramos og tresgítarleikarinn César Hechevarría. Ekki hefur heyrst að íslenskar ferðaskrifstofur hyggist notfæra sér tækifærið og fljúga förmum af hrollköldum Íslendingum þangað suður þar sem sólin skín og rommið er drukkið ómælt, en gaman væri að vera þar fluga á vegg. -pbb

# Ekki öll kurl komin til grafar

**Rannsóknir hafa nú staðið yfir í fimm ár á hinum forna stað klaustursins á Skriðu sem síðar tók nafn sitt eftir klaustrinu og þekktur er undir heitinu Skriðuklaustur. Á morgun verður efnt til málþings í sal Þjóðminjasafnsins um rannsókir á klaustrinu**

Verkefnið hófst með tilstyrk Kristnihátíðarsjóðs, eitt margra verkefna sem sjóðurinn styrkti og var lengst af styrkt af honum, þó leitað væri fjármagns á fleiri stöðum: hjá Fornleifasjóði, sjóði Evrópusambandsins, Rannís og víðar. Hefur rannsóknin á klausturstæðinu leitt marga forvitnilega hluti í ljós en eyðan er stór um klaustrið í rituðum heimildum.

**Nokkrir áratugir**

Klaustrið í Fljótsdal var stofnað undir lok 15. aldar og lagt af við siðaskiptin. Er talið að um helmingur klausturbygginganna hafi verið grafinn upp. Engu að síður hefur rannsóknin nú þegar varpað nýju ljósi á hlutverk klaustursins í íslensku miðaldasamfélagi. Hún hefur jafnframt skerpt á fyrirliggjandi hugmyndum um andlega og veraldlega starfsemi íslenskra klaustra almennt.

Sjö fyrirlesarar verða með tillegg á þinginu: Skúli Björn Gunnarsson gerir grein fyrir stofnun og endalokum klaustursins. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur sem hefur leitt rannsóknina gerir grein fyrir greftrinum og því sem komið hefur í ljós. Guðrún Zoëga talar um sjúkdóma á miðöldum og skýrir frá þeim sjúkdómum sem greindir hafa verið á beinagrindum frá Skriðuklaustri, en meðal gripa sem fundist hafa eru gögn sem varpa ljósi bæði á lækningar og sjúkdóma og þykja athyglisverð. Þar verður talað um klausturgarða, Klaustur Maríu, tengsl klaustra við útlönd og tónlist í íslenskum klaustrum.



**BEINAGRIND ÚR SKRIÐUKLAUSTURSRANNSÓKNUM** Á myndinni má sjá greinileg ummerki sulls en hvíta kúlan er leifar kalkgerðar blöðru sem sullaveikibandormurinn hefst við í. MYND / SKRIÐUKLAUSTURSRANNSÓKNIR

**Litlar heimildir**

Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur hefur leitt rannsóknina frá upphafi og segir að hinn skammi tími sem klaustrið starfaði, rétt fimm áratugir, hafi sett mark sitt á rannsóknina. Aðeins eitt byggingarstig er að finna á svæðinu. Þar hafi ekkert verið byggt ofan á rústirnar eins og víða þekkist sem geri uppgröft á klaustrum flókinn viðfangs. Klaustrið var talið lítið en ritaðar heimildir um það og raunar allt er varðar Austurland eru af skornum skammti, meðal annars vegna brunans í Kaupmannahöfn þegar safn Árna Magnússonar fór forgörðum að hluta. Gröfturinn hefur aftur á móti leitt í ljós að byggingar klaustursins eru minnst 1200 fermetrar að flatarmáli. Byggingar hafa verið veglegar því þar hafa fundist tvennar tröppur sem benda til byggingarlags á tveimur hæðum. Komið hefur í ljós að klaustrið er reist í samræmi við evrópskar hugmyndir um stofnanir af þessu tagi. Íslensk klaustur voru í stíl við sambærilegar stofnanir Evrópu hvað byggingarlag varðar.

**Fimm ár enn**

Steinunn telur sig þurfa tíu miljónir á ári næstu fimm árin til að geta lokið verkinu. Kostnaður sé ekki aðeins mannahald, greiningar verði að sækja erlendis: Kolefnagreiningar hafi hún sótt til Florida og Árósa. Þá þurfi að greina frjókorn, skordýr, trjávið, dýra og mannabein. Allt þetta kostar sitt. Hún segir Fornleifasjóð vera styrktan í fjárlögum fyrir næsta ár, en talsvert vanti upp á að hann hafi sama bolmagn og Kristnihátíðarsjóður.

Miklvægt sé að koma niðurstöðum á framfæri og sé þingið nú um helgina meðal annars til þess. Þá sé í undirbúningi safnrit um rannsóknirnar til þessa og sé stefnt á útkomu þess á næsta ári. Þá verði ráðist í sýningu í Þjóðminjasafni 2008 með nokkrum af þeim rannsóknum sem hafi staðið yfir síðari ár.

Hún segir ýmislegt hafa komið í ljós þegar, eins og að formgerð bygginga í klaustrinu samsvari erlendum klaustrum. Íslendingar hafi löngum litið á kaþólsk klaustur sem auðsöfnunartæki kirkjunnar, en þau hafi haft stórt samfélagslegt hlutverk umfram það menningarhlutverk sem löngu sé viðurkennt og þekkt. Þannig hafi Skriðuklaustur verið sjúkrahús; þar hafi menn stundað handlækningar og lyflækningar. Bein úr kirkjugarðinum leiða það í ljós, auk læknisáhalda sem þar hafa fundist og greininga á frjókornum frá lækningajurtum.

**Kona með bók í kór**

Í kór kirkjunnar fannst bók í gröf konu en það er í annað sinn sem konugröf finnst á slíkum hefðarstað í kirkju. Tvær aðrar bækur hafa fundist í gröf og er það einstakt. Það eru því ekki öll kurl komin til grafar í uppgreftrinum á Skriðuklaustri. Þingið á morgun gerir ekki meira en tæpa á jaðri þess sem gröfturinn og rannsóknir á öllum gögnum koma til með að segja okkur um líf á Fljótsdal fyrir fimmhundruð árum – takist að fjármagna og ljúka rannsókninni þar eystra.

Málþingið á morgun er hið fyrra sem halda á um rannsóknir á Skriðklaustri en það hefst kl. 11 og er ráðgert að það standi í fjórar klukkustundir. -pbb









**MYNDLIST GUÐRÚNAR BERGSDÓTTUR** Sýningin Hugarheimar verður opnuð í Gerðubergi í dag.

# Litirnir dansa

Guðrún Bergsdóttir opnar sýningu á útsaumsverkum og tússteikningum í Boganum í Gerðubergi í dag. Litirnir dansa og iða fullir af kátínu og frelsiskennd og vitna um hina óheftu tjáningu sem sprettur fram úr hugarheimi Guðrúnar Bergsdóttur.

Guðrún hefur sótt fjölmörg námskeið hjá Fullorðinsfræðslu fatlaðra, nú Fjölmennt, meðal annars í textílsaumi og vélsaumi. Krosssaumsmyndirnar sem hún gerir eru ólíkar því sem hún gerði í skólanum; þar saumaði hún út áteiknað mynstur en núna kemur innblásturinn algerlega úr hennar eigin heimi og myndefnið er spunnið upp jöfnum höndum.

Árið 2000 fór Guðrún að vinna sjálfstætt með nál sinni og þæfði og í dag fremur hún algerlega frjálsan spunadans; einu mörkin eru stærð strammans því hugarheimur Guðrúnar spannar óravíddir. Áður en Guðrún tók til við að sauma út hafði hún málað tússmyndir sem bera sömu einkenni; sterkir litir og smá samfléttuð form með fullkomna og sjálfsprottna myndbyggingu, sem skólagengnir myndlistarmenn mættu öfunda hana af.

Guðrún hefur síðastliðin áratug unnið í Ási vinnustofu, sem er verndaður vinnustaður á vegum Styrktarfélags vangefinna, og síðustu sumur einnig í gróðurhúsinu í Bjarkarási hluta úr degi. Sýningarstjóri er Harpa Björnsdóttir en sýningin stendur til 21. janúar. -khh

## NÝJAR BÆKUR

Eineygði kötturinn Kisi & Hnakkarnir eftir Hugleik Dagsson er komin út hjá JPV. Hnakkavæðingin er hafin! Íslendingar fá ekki þverfótað fyrir hnökkunum, „athyglisverðu“ sjónvarpsefni þeirra og skerandi tónlistinni. Allt fræga fólkið vill vera eins og þeir, og enginn spyr spurninga. Tekst eineygða kettinum Kista að stöðva yfirgang hnakkanna með hjálp Kötu kanínu, úlpunnar Dúdú og Björns Jörundar? Í tilkynningu útgefanda segir: „Hér er á ferðinni epísk geim-ópera með uppáhalds eineygða kettinum ykkar í aðalhlutverki.“ Fyrri bækur Hugleiks hafa notið mikilla vinsælda en úrval mynda hans er nýlega komið út á breskum markaði.



Komin er út skáldsagan Feimnismál eftir Sigrúnu Davíðsdóttur. Ungur íslenskur ljósmyndari í New York er beðinn að taka myndir af konu sem er ekkja eftir frægan starfsbróður hans og vön fyrirsæta. Konan er einnig íslensk en hefur lítil tengsl við land og þjóð önnur en bernskuminningar sínar. Ljósmyndarinn ungi heillast af ekkjunni, lífsreynslu hennar, útgeislun og aldri – og hún hrífst af ákafa hans og einbeitni. Feimnismál er fyrsta skáldsaga Sigrúnar Davíðsdóttur. Sigrún hefur lengi verið búsett erlendis og er útvarpshlustendum að góðu kunn fyrir pistla sína. Sigrún Davíðsdóttir er fædd í Reykjavík 1955. Fyrsta bók hennar var matreiðslubók sem út kom 1978 og fleiri fylgdu í kjölfarið. Fyrir barnabókina Silfur Egils hlaut hún barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 1989. Úgefandi er Mál og menning.



# Talað um Kolbert

Það færist í vöxt að efna til umræðu í tengslum við áleitnar leiksýningar. Í kvöld verður spjall um Herra Kolbert, sviðsetningu Leikfélags Akureyrar sem hefur hlotið afbragðsviðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Sýningin hefur mikil áhrif á marga gesti og vakið umræður þar nyrðra. Af þeim ástæðum efnir LA til umræðu að lokinni sýningu á verkinu í kvöld í Borgarasal leikhússins. Aðstandendur sýningarinnar, með leikstjórann Jón Pál Eyjólfsson í broddi fylkingar, taka þátt í umræðunum og sitja fyrir svörum. Umræðunum stjórnar Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Barinn verður opinn meðan á umræðum stendur. Fyrir þá sem ekki verða á sýningunni er rétt að mæta um kl. 20.40.

Engin áform eru uppi um að sýna Herra Kolbert né næstu uppsetningar LA í Reykjavík. Uppsetningunni á Herra Kolbert hefur verið afar vel tekið og verður hún sýnd á Akureyri í nóvember og desember. Síðasta sýning á Herra Kolbert verður 16. desember. Ekki skapast svigrúm til leikferðar í höfuðborgina enda næsta verk, Svartur köttur, væntanlegt á fjal-irnar fljótlega í kjölfarið. Áætlun vetrarins hjá LA er afar þétt og gert ráð fyrir stífu sýningarhaldi í leikhúsinu á Akureyri.



Leikhúsferðir til Akureyrar hafa notið mikilla vinsælda síðustu misseri og allir hjartanlega velkomnir norður. Sýningarhald LA er með þeim hætti að sýningar eru sýndar í afmarkaðan tíma en reynt er að bregðast við aukinni eftirspurn með því að bæta við aukasýningum innan þess tímaramma sem hverri uppsetningu er ætlað. Í fyrra voru tvær uppsetningar LA, Fullkomið brúðkaup og Litla hryllingsbúðin, sýndar á fjölum í Reykjavík við miklar vinsældir. Þar var um undantekningar að ræða. - pbb


Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi 11. nóvember 2006

Drífa Hjartardóttir er

TRAUSTUR VALKOSTUR MEÐ REYNSLU!

Tryggjum Drífu Hjartardóttur, alþingismanni, 2. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi sem fram fer á morgun.

Drífa hefur 7 ára reynslu á Alþingi og 16 ára reynslu úr sveitarstjórn.

Hún hefur á farsælum stjórnmálaferli sínum sinnt þeim verkum sem henni hafa verið falin af samviskusemi og dugnaði, m.a. sem forystumaður þingmanna Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi!

Drífa hefur verið formaður landbúnaðarnefndar Alþingis síðan 2001. Hún á jafnframt sæti í fjárlaga- og utanríkismálanenfndum Alþingis og í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þá hefur Drífa um árabil átt sæti í miðstjórn og situr í stjórn þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgð okkar sem kjósum í prófkjörinu er mikil! Okkar verkefni er að stilla upp sigurstranglegum lista fyrir kosningarnar í vor.



2. SÆTI

Stöndum saman og tryggjum öflugri konu með mikla reynslu og farsælan stjórnmálaferil 2. sætið í prófkjörinu á morgun!

Stuðningsmenn







**ÚR SÝNINGU NEMENDALEIKHÚSSINS, HVÍT KANÍNA, SEM FRUMSÝND VAR Í VOR** Allar deildir Listaháskólans munu kynna starfsemi sína í dag. MYND/LISTAHÁSKÓLINN

# Opið hús í Listaháskólanum

**Listaháskólinn verður með opin hús um helgina en þá gefst forvitnum kostur á að kynna sér fjölbreytta starfsemi skólans.**

Álfrún G. Guðrúnardóttir, kynningarstjóri skólans, útskýrir að svona opinn dagur hafi verið haldinn um árabil en þá jafnan á virkum degi. „Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum hann um helgi en með því viljum við koma til móts við fleiri gesti, til dæmis þá sem eru bundnir í skóla eða vinnu og komast lítið frá.“

Um fjögur hundruð nemendur stunda nám í Listaháskólanum en dagskráin verður í þremur húsum skólans, á Sölvhólsgötu, Laugarnesvegi og Skipholti þar sem deildirnar fjórar; myndlistar-, leiklistar-, tónlistar og hönnunar- og arkitektúrdeild, kynna starfssemi sína. „Nemendur skólans, kennarar, fagstjórar og starfsfólk verður á staðnum. Hægt verður að fá leiðsögn um deildirnar auk þess sem feril- og inntökumöppur nemenda verða til sýnis,“ útskýrir Álfrún og áréttar að það hafi mælst vel fyrir. „Það er ekki gefið upp nákvæmlega hvað á að vera í inntökumöppunum sem nemendur okkar skila inn. Því hefur mörgum þótt gott að koma og sjá hvað í þeim er að finna.“ Gestir geta síðan spjallað við nemendur og aðstandendur skólans um aðbúnað og áherslur námsins, auk þess að fá nasasjón af list og listamönnum framtíðarinnar sem munu sýna afrakstur vinnu sinnar, hvort heldur með lifandi uppákomum eða eiginlegri sýningu á verkum. „Þetta er dálítið flókið því starfsemin er í þremur húsum. Þess vegna er dagskráin milli 11 og 15 svo allir hafi nægan tíma til þess að flakka milli,“ segir Álfrún. „Eða ef fólk vill kynna sér fleiri en eina deild. Gestir geta til dæmis slegið tvær flugur í einu höggi og farið niður á Sölvhólsgötu ef það er ekki visst um hvort það langar að vera tónskáld eða leikari, nú eða dansari.“

Markvissum gestum er þó ráðlagt að kynna sér ítarlega dagskrá dagsins á heimasíðu skólans, www.lhi.is. „Allir þeir sem hafa áhuga á námi í Listaháskólanum eru velkomnir,“ segir Álfrún að lokum, „þeir sem eru forvitnir að kynna sér þennan möguleika ættu endilega að kíkja í heimsókn. Stærsti markhópurinn hefur verið krakkar á framhaldsskólaaldri en auðvitað eru líka fjölmargir aðrir sem vilja láta draum sinn rætast og fara í hið langþráða listnám.“ - khh


Kringlukráin
Stuðbandalagið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

**Ljóðatónleikar Gerðubergs**
**Söngperlur Sigvalda Kaldalóns**
**Í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs**
sunnudagskvöldið 12. nóvember kl. 20
Miðasalan er hafin á www.salurinn.is
Aðgangseyrir: Kr. 3.000, eldri borgarar kr. 2.500
Í samstarfi við Salinn, Tónlistarhús Kópavogs

**Hugarheimar**
**Guðrún Bergsdóttir**
Verið velkomin á opnun sýningarinnar í dag kl. 16

***Síðasta sýningarhelgi***
**Flóðhestar og framakonur**
Afrískir minjagripir á Íslandi

**Reykjavík - Úr launsátri**
Ljósmyndasýning Ara Sigvaldasonar

Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 -17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**
**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, lau. 25/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 11/11 **kl. 14:00 uppselt**, sun. 12/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 18/11 **kl. 14:00 uppselt**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00**, sun. 7/1 **kl. 14:00** og **kl. 20:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld 10/11 **uppselt**, fim 16/11 **örfá sæti laus**, fös. 17/11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. **Sýningum lýkur fyrir jól!**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Í kvöld fös. 10/11 **uppselt**, lau. 11/11 **uppselt**, mið. 15/11 í **Fjölbrautaskóla Vesturlands** kl. 20:00, fös. 17/11 **kl. 10:00 uppselt**, og **kl. 13:00 uppselt**, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00**
**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 12/11 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fös. 17/11 **kl. 20:00**, fös. 24/11 **kl. 20:00**.

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu**
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 11/11 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 12/11 **kl. 11:00 uppselt** og kl. **12:15 uppselt**, aukasýningar lau. 18/11 kl. **11:00 uppselt og 12:15 uppselt.**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt**, sun. 26/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt**, lau. 2/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30 uppselt**, sun. 3/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30**.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 12/11 kl. 14 UPPS. Sun 19/11 kl. 14
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 17/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 16/11 kl. 20 UPPS. Fim 23/11 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

**MANNTAFL**
Í kvöld kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Síðustu sýningar.

**FJÖLSKYLDUSÝNING Íd**
Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS**
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

**MEIN KAMPF**
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 12/11 kl. 17 ath. breyttan tíma
Sun 19/11 kl. 20
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

**AMADEUS**
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

**DOGMA LEIKARANS**
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

**WATCH MY BACK**
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Í kvöld 10/11, sun 19/11, sun 26/11
kl. 20:10 Miðaverð 1.000

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11 kl. 9:30 og 13:00
Fös 24/11 kl. 9:30 og 13:00
Mán 27/11 kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**fös. 10. nóv.** -örfá sæti laus
**lau. 11. nóv.** -örfá sæti laus
**lau. 18. nóv.** -örfá sæti laus
**sun. 19. nóv.** -uppselt
**fim. 23. nóv.** -aukas
**fös. 24. nóv.**
**lau. 25. nóv.**
BEST Í HEIMI

Vinkjallarinn.is
Víngerðarefni fyrir kröfuharða!
TILBOÐ Í NÓVEMBER
ENSÍM ehf.
Suðurhraun 2
210 Garðabær
Sími: 564-4299

VELKOMIN Í ÞJÓÐARSÁLINA
EiN LEIKHÚSIÐ
Landsbankinn
MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is
**Fös. 10. nóv. kl.20** - örfá sæti laus
**Sun. 12. nóv. kl.20** - nokkur sæti laus
**Fös. 17. nóv. kl.20** - nokkur sæti laus
**Sun. 19. nóv. kl.20** - síðustu sýningar!
*"Frábær sýning í alla staði!" Starfsmenn Atlanta*
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!
**föstudaginn 10.nóvember kl. 20.00**
**sunnudaginn 12. nóvember kl. 20.00**
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna
SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur
Frumsýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR
STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN
ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL.12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

AUSTURBÆR
**danny** and the **deep** blue sea
**„pönkuð ástarsaga“**
**Vegna mikillar eftirspurnar**
**verða 2 aukasýningar**
lau 11. nóv kl. 20:00 örfá sæti laus
lau 11. nóv kl. 22:00 örfá sæti laus
**Aðeins þessar sýningar**
**Miðaverð kr. 2000**
**Sýningin fer fram á ensku**
**Hafið Bláa**
**Sýningar**
Sun 12. nóv kl. 13:30 örfá sæti laus
Sun 19. nóv kl. 13:30
**síðasta sýning fyrir jól**
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700**



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN Kynnir starf sitt fyrir ungum og öldnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fjölskyldusýningar dansflokksins

Íslenski dansflokkurinn opnar dyr sínar í nóvember og býður til þriggja fjölskyldusýninga sem henta jafnt ungum sem öldnum. Mat flokksins er að mikilvægt sé að auðvelda fólki að kynnast dansi og sjá hversu skemmtilegt það getur verið að koma á danssýningu. Almenn þekking á danslistum er ekki mikil á Íslandi en Íslendingar eru mikil leikhúsþjóð en oft þarf meira til að fólk mæti á danssýningar – að minnsta kosti í fyrsta skiptið!

Flokkurinn býður börnum, 12 ára og yngri, frítt á sýningarnar sem eru settar saman úr léttum og skemmtilegum brotum úr fyrri uppfærslum þeirra, Lúnu eftir Láru Stefánsdóttur, Súrt og sætt eftir Didy Veldman og Screen-saver eftir Rami Be'er. Ungmenni á aldrinum 13-16 ára fá aðgöngumiða á hálfvirði.

Sýningarnar verða á laugardögum í nóvember, sú fyrsta á morgun kl. 14. -khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

7 8 9 **10** 11 12 13

### Föstudagur

### OPNANIR

☐ 19.00 Samsýning níu kvenna verður opnuð á **Skúlagötu 61**. Listakonurnar **Dagbjört Guðmundsdóttir**, **Guðrún Helga Kristjánsdóttir, Helga Jensdóttir, Helga Sigurðardóttir, Kristín Tryggvadóttir**, **Laufey Johansen**, **Maja Siska**, **Margrét Brynjólfsdóttir**. Við undirbúning sýningarinnar hafa þær notið aðstoðar **Bjarna Sigurbjörnssonar** listmálara og gagnrýnanda. Sýningin ber yfirskriftina **40A 32D** og verður hún opin daglega kl.15-19 og um helgar kl.13-18 fram til 18. nóvember.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg**. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskri listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins.

☐ 10.00 Myndlistarkonan **Alice Clarke** heldur sýninguna **Take away** á efri hæð **Café Oliver** á Laugavegi. Sýningin er opin á þjónustutíma staðarins.

☐ 18.00 Sýning **Halldórs Ásgeirssonar**, **Hrauntákn**, í **Galleríi Dvergi** á **Grundarstíg** í Reykjavík er opin milli 18-20. Sýning Halldórs er framlag sýningarýmisins til Sequences listahátíðarinnar í Reykjavík, sem stóð yfir dagana 13.-28. október.

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Emil Friðfinnsson** og **Þórarinn Stefánsson** píanóleikari halda tónleika í **Dalvíkurkirkju**. Viðburður þessi er liður í verkefninu Tónleikar á landsbyggðinni sem styrkt er af **FÍH** og **F.Í.T.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Gjaldmælir dauðans telur

**[ BÓKMENNTIR ]**

UMFJÖLLUN

**Gjaldmælir dauðans**

Arnar er þrjátíu ára harkari sem ekur leigubíl fyrir gigtveikan frænda sinn. Hann er þjakaður af minnimáttarkennd enda hefur ýmislegt dunið á honum um árin og hann tók aksturinn að sér í von um að geta rétt úr kútnum fjárhagslega eftir að hafa siglt bókaútgáfu látins föður síns í þrot.

**Dýrkeypt ökuferð**

Síðdegis á nýársdag tekur hann farþega sem á eftir að setja ruglingslegt líf hans enn frekar úr skorðum en það er ljóst, nánast frá því að gjaldmælirinn fer að tifa, að farþeginn, Sigurbjörn, er ekki með öllum mjalla. Og eftir því sem mælirinn telur lengur versnar staða Arnars.

Sigurbjörn er vel stæður kaupsýslumaður á miðjum aldri. Í meira lagi drjúgur með sig og það sem verra er, pöddufullur. Bíltúrinn er því í meira lagi stefnulaus og langur en Sigurbjörn getur endalaust fundið upp á nýjum áfangastöðum sem hann lætur Arnar þeytast á milli.

Túrinn verður því býsna dýr og þegar farþeginn slær eign sinni á bílstjórann og bílinn með 150.000 króna eingreiðslu og dregur Arnar með sér í áramótafagnað á Hótel Valhöll á Þingvöllum verður ekki aftur snúið og það á heldur betur eftir að koma Arnari í koll að hafa gerst fylgdarsveinn fésýslumannsins.

Gleðin á Þingvöllum endar með ósköpum og áður en Arnar veit af er hann grunaður um morð og sér ekki aðra leið út úr ógöngunum en að reyna að leysa málið upp á eigin spýtur.

**Áhugaverð morðgáta**

Farþeginn er önnur sakamálasagan sem Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson skrifa í sameiningu en þeir tóku býsna góðan sprett árið 2002 með Í upphafi var morðið. Þar komu gruggug fjölskylduleyndarmál upp úr kafinu og svipaða sögu er að segja hér en leyndarmál, pukur og fjölskylduharmleikir koma hægt og rólega upp á yfirborðið í kjölfar morðsins og þegar loks kemur að skuldadögum er reikningurinn hár, ekki síst hjá þeim sem hafa látið gjaldmælinn ganga í áratugi.

Þeir félagar spinna söguna býsna vel framan af. Áhugi og forvitni lesandans er vakin strax í leigubílnum á nýársdag og eins og í almennilegri morðgátu liggja margir undir grun. Þá skemmir það ekki fyrir að eftir því sem Arnar sekkur dýpra í fortíðarfen fórnarlambsins rennur það æ betur upp fyrir lesandanum að hann hefur ekki verið alveg heiðarlegur sögumaður og tengist hinum myrta með ýmsu móti. Bíltúrinn örlagaríki var því ef til vill alls ekki hrein tilviljun þegar allt kemur til alls.

**Gott plott kallar á betri úrvinnslu**

Plottið stendur því fyllilega fyrir sínu en það hefði að ósekju mátt bæta meira kjöti á þá beinagrind. Persónurnar eru flestar einfaldar og dregnar fáum dráttum og þegar það kemur að því að binda endahnútinn á áhugaverða og haganlega spunna söguna taka höfundarnir ódýra útgönguleið. Það er kúnst að klára góðan reyfara og það þykir ekki traustvekjandi að láta persónurnar sjálfar úttala sig um plottið og skýra framvinduna í löngu máli en hér eru sextán síður lagðar undir þriggja manna tal í lokin þar sem persónurnar hnýta lausa enda. Þessi lausn er ljóður á annars ágætri spennusögu en kemur ekki í veg fyrir það að Árni og Páll Kristinn skila af sér slarkfærum reyfara og vel það.

Þórarinn Þórarinsson




**FARÞEGINN**

HÖFUNDAR: ÁRNI ÞÓRARINSSON OG PÁLL KRISTINN PÁLSSON

ÚTGEFANDI: JPV

**Niðurstaða:** Áhugaverð og skemmtilega spunnin glæpasaga líður fyrir einfalda afgreiðslu lausra enda. Höfundarnir hafa áður sýnt að þeir geta betur en Farþeginn stendur þó vel fyrir sínu sem þokkalegur reyfari og manni leiðist aldrei við lesturinn.




möguleikhúsið

**Höll ævintýranna**

Laugardaginn 11. nóv. kl 14.00 örfá sæti laus

Föstudaginn 17. nóv. uppsewlt

Sunnudaginn 26. nóv kl. 11.00 laus sæti

**Smiður jólasveinanna**

Sunnudaginn 26. nóv. kl. 14.00

Miðvikudaginn 29. nóv. kl. 10.00 uppselt

Föstudaginn 1. des. kl. 10.00 og 14.00 uppselt

Miðasala s. 562 5060
www.moguleikhusid.is




Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



ALL SAINTS



JÓHANN HELGASON

## Í SPILARANUM

**Sviðin jörð** - Lög til að skjóta sig við
**Califone** - Roots & Crowns
**Jóhann Helgason** - Söknuður
**Ben Frost** - Theory of Machines
**All Saints** - Studio 1

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Flýtir vegna Sykurmola*

Tónlistarmaðurinn Sufjan Stevens, sem leikur á tvennum tónleikum í Fríkirkjunni dagana 17. og 18. nóvember, hefur ákveðið að flýta fyrri tónleikunum um einn og hálfan tíma.

Ástæðan er sú að hann og fylgdarlið hans vilja ekki missa af afmælistónleikum Sykurmolanna sem verða í Laugardalshöll síðar um kvöldið. Einnig höfðu margir sem keypt höfðu miða á Stevens lýst yfir óánægju með að missa af Sykurmolunum.

Tónleikar Sufjans Stevens hefjast sem sagt kl. 18.30 og opnar húsið opnar kl. 18.00.



**SUFJAN STEVENS** Bandaríski tónlistarmaðurinn ætlar ekki að missa af tónleikum Sykurmolanna í Laugardalshöll.




## > Plata vikunnar

**Hafdís Huld - Dirty Paper Cup**

„Dirty Paper Cup er vel unnin poppplata sem virkar ágætlega án þess að vera frumleg eða afgerandi.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Meistari Jarvis og úthaldið*



Eitt af því sem hefur einkennt síðustu ár í popptónlistarheiminum er að hljómsveitir skjótast upp á stjörnuhimininn með ofsahraða og hverfa þaðan stundum jafnfljótt aftur. Fyrstu plötunni er hampað úti um allan heim. Svo kemur plata númer tvö sem er ekki svo slæm en bætir litlu við og svo þegar þriðja platan kemur út hefur enginn áhuga lengur.

Kannski hefur þetta alltaf verið svona, en með netmiðlum sem eru lesnir úti um allan heim og vefsvæðum eins og MySpace virðist leiðin á toppinn alltaf vera að styttast. Það er hins vegar spurning hvort einhver á eftir að muna eftir Arctic Monkeys, Lily Allen, Wolf Parade, M.I.A. og Arcade Fire eftir tíu ár. Eru ekki The Strokes, The Hives og hvað þær hétu allar þessar „The hljómsveitir" óðum að gleymast?



En svo eru undantekningar. Ein slík er hljómsveitin Pulp. Hún var stofnuð í Sheffield árið 1978, en náði ekki að vekja neina athygli fyrr en 1993 þegar hún fékk samning við Island fyrirtækið og sendi frá sér smáskífuna Do You Remember the First Time? Fyrstu 15 árin voru ströggl. Sveitin hraktist á milli fyrirtækja, en Jarvis Cocker og félagar höfðu úthald. Sem betur fer. Þrjár bestu Pulp plöturnar, His 'N' Hers, Different Class og This is Hardcore eru nýkomnar út í viðhafnarútgáfum og þær sýna og sanna að Pulp var langflottasta britpopsveitin. Bæði þegar litið er til tónlistar og texta. Þetta eru verk sem eiga eftir að lifa.

Pulp er hætt, en meistari Jarvis er að koma með sína fyrstu sólóplötu. „Jarvis“ kemur út í næstu viku hjá því fornfræga fyrirtæki Rough Trade. Það sem maður hefur heyrt af henni lofar mjög góðu.


# Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!


# Framtakssömu stelpurnar frá Svíþjóð vekja athygli

**Svíþjóð hefur lengi verið í fararbroddi á Norðurlöndunum í tónlist. Undanfarin misseri hafa verið sérstaklega glæst hjá sænsku tónlistarfólki, þar sem stúlkur hafa ekki síður verið áberandi en piltarnir eins og Steinþór Helgi Arnsteinsson greinir frá.**

Ef Svíar eru þekktir fyrir eitthvað þrennt þá er það án efa ljóst hár, örugga bíla og frábært popp. Síðastnefndi þátturinn hefur einmitt verið að blómstra um þessar mundir enda vita allir sem til þekkja að besta tónlist Norðurlandanna er að finna í þessu fallega landi (en ekki á Íslandi og hafiði það!). Dans- og elektrósenan hefur verið afar blómleg og frá Svíþjóð hefur einnig verið að koma eitt það almerkilegasta sem finna má í skynsamlegu poppi, og er Peter, Björn & John og Jens Lekman án efa bestu dæmin. Sænsku stelpurnar hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja. Þrjár þeirra hafa sem dæmi gefið út afar frambærilegar poppplötur á árinu sem allar eru þó gjörólíkar. Stelpurnar eiga það þó sameiginlegt að vinna nær alla sína tónlist sjálfar, þar á meðal að sjá upptöku og spila á flest hljóðfærin.

### Sú poppaða

Þekktust þessara þremenninga er án efa Jenny Wilson (sem átti að spila á Airwaves í ár en forfallaðist). Jenny hefur verið mjög áberandi í Svíþjóð undanfarin ár en erlendis hefur hún kannski helst verið þekkt fyrir að hafa sungið í laginu You Take Me Breathe Away. Í ár kom síðan út platan Love and Youth sem hefur verið að fá frábæra dóma víðast hvar, meðal annars fjórar stjörnur hjá Mojo. Rödd Jenny er þar í fyrrúmi en undir krauma fallegar poppmelódíur með ýmsum hljóðgervlahljóðum og öðru skreytingum, mætti jafnvel kalla þetta blöndu af Kate Bush og hæfilegum skammti af R´n´B. Í ár var Jenny síðan verið tilnefnd til fjölda verðlauna á sænsku Grammy-verðlaunahátíðinni.



**EFNILEG** Britta Persson er ein efnilegasta tónlistarkona Svía um þessar mundir.
MYND/MÄRTA THISNER



**FLOTT** Sarah Assbring eða El Perro Del Mar hefur vakið lukku á árinu fyrir dramatíska og íburðarmikla popptónlist sína.

**Fleiri áhugaverðar sveitir frá Svíþjóð:**
Lo-Fi-Fnk
Friska Viljör!
The Legends
Similou
José González
The Tough Alliance
Kazakstan
Pelle Carlberg
The Soundtrack of Our Lives
Suburban Kids With Biblical Names
Tingsek
Love is All

### Sú dramatíska

Önnur fríð og fallega sænsk stúlka, og góðvinkona Jenny, sem gert hefur góða hluti á árinu er Sarah Assbring. Hún er reyndar þekktust undir listamannsnafninu sínu El Perro Del Mar (Sæhundurinn). Plata, samnefnd henni, kom út á árinu hjá Memphis Industries í Bretlandi (The Go Team og The Pipettes eru hjá því merki) og hefur sú plata jafnvel verið að fá enn betri dóma en plata Jennyjar, meðal annars hjá hinum snobbaða en ofurvirta tónlistarnetmiðli Pitchfork. Tónlist El Perro er mun afturhaldssamari en tónlist Jennyjar og leitar hún í smiðju stúlknasveita frá sjöunda áratugnum. El Perro er samt lítið að herma eftir og er ekki nærri eins poppuð. Tónlist hennar er alveg sér á báti, þó að hljóðheimur hennar virðist kunnuglegur. El Perro er einnig góðvinur Jens Lekman og mun hann meðal annars taka upp næstu plötu sína í stúdíó hennar í Gautaborg.

### Sú einlæga

Nýjasta prinsessan úr sænsku poppi er hin 23 ára Britta Persson frá Uppsölum. Nýlega kom út platan Top Quality Bones and a Little Terrorist og í vikunni fékk hún meðal annars toppeinkunn hjá Stylus Magazine. Sjálf segir Britta að finna megi Gillian Welch, Mates of State og Elliott Smith í sér en þó eru áhrif söngkonunnar Cat Power og jafnvel Fleetwood Mac áberandi. Britta er án efa sú einlægasta ef stúlkunum þremur sem ég hef fjallað hér um, bjartari en El Perro Del Mar og einfaldari en Jenny. Að undanförnu hefur Britta síðan verið að hita upp fyrir hljómsveitina Grizzly Bear frá Brooklyn og er alveg ljóst að meira á eftir að heyrast frá þessu sænska fljóði á næstunni.

# Nirvana loks á DVD

Tónleikamyndin Nirvana-Live! Tonight! Sold Out! er loksins fáanleg á DVD-mynddiski. Upprunalega kom myndin út á VHS-spólu árið 1994.

Forsprakkinn Kurt Cobain kom með hugmyndina að þessari útgáfu ári eftir að tímamótaplatan Nevermind kom út 1991. Núna hefur Live! Tonight! Sold Out!! verið betrumbætt til muna fyrir þessa útgáfu á DVD. Litir hafa verið lagaðir, allt hefur verið endurhljóðblandað í 5,1 víðóma hljómi og aukaefni sem hefur aldrei áður sést hefur verið bætt á diskinn.

Mynddiskurinn er góð heimild um Nirvana frá heimstónleikaferð þeirra á árunum 1991-1992 og áfram til ársins 1993. Diskurinn inniheldur



**NIRVANA** Hljómsveitin Nirvana lagði upp laupana árið 1994.

samtals 22 lög ásamt viðtölum, baksviðstökum og upptökum frá æfingum sveitarinnar. Aukalögin eru tekin upp á tónleikum í Paradiso-klúbbinum í Amsterdam árið 1991. Frægar tökur eru á disknum af því þegar Kurt og Dave klæddu sig upp í kjóla á risatónleikum í Brasilíu, upptökur frá því þegar þeir voru aðalnúmerið á Reading tónlistarhátíðinni, sjónvarpsupptökur frá Top Of The Pops á BBC og fleira og fleira.

## Í BÚNINGSHERBERGINU PAUL MCCARTNEY



Leitarhundur fari yfir allt sem kemur nálægt listamanninum.
Tíu mínútum áður en McCartney mætir á staðinn skal rýma nærliggjandi götur fyrir komu hans og samferðamanna.
Til þessa þarf að minnsta kosti sex öryggisverði.
Húsgögn skulu ekki vera með dýraskinni.
Húsgögn í herbergi Pauls eiga að vera falleg og þægileg.
Fataskápur.
Ruslafata.
Manneskja sem getur hreinsað föt.
Plöntur og blóm, engin tré.



Allur matur skal vera grænmetismatur. Ekkert kjöt má vera á svæðinu.
Sex stórir ísskápar.
24 stór sápustykki.
Limósína fyrir listamanninn eftir tónleika. Í henni skulu ekki vera leðursæti.

## > Lög vikunnar

**The Shins - Australia**
Það styttist í nýju plötuna þetta lag er á pari við það besta frá sveitinni hingað til.



**The Magic Numbes – Taka a Chance**
Nýtt efni frá sykurpoppsveitinni sem erfitt er að fíla ekki.

**James Morrison - You Give Me Something**
Melódískt og nett að breskum sið.



**Malajube – Crabe**
Franskt sinfóníupopprokk sem festist á heilann.

**U2 & Green Day – The Saints Are Coming**
Þegar svona hressir strákar koma saman getur ekkert klikkað.

## NÝJAR PLÖTUR



**BIGGI**
**Id**
„Þótt lögin séu misjöfn að gæðum er heildarsvipurinn á Id nokkuð sterkur. Persónuleg og áhugaverð plata sem sýnir að Biggi er búinn að ná góðu valdi á rafpoppinu."
TJ

**DEFTONES**
**Saturday Night Wrist**
„Deftones stendur enn sem ein besta harða rokkhljómsveit dagsins í dag og hefur enn ekki stigið feilspor."
SHA

**LAIBACH**
**Volk**
„Á Volk eru útgáfur slóvensku ofursveitarinnar af fjórtán þjóðsöngvum. Platan er misjöfn að gæðum, en hugmyndin á bak við hana er ósvikin Laibach-hugmynd."
TJ

**LAY LOW**
**Please Don't Hate Me**
„Lay Low stimplar sig vel inn með vönduðu blús-kántrí sem ætti að falla vel í kramið hjá flestum. Depurðin í textunum gefur tónlistinni ennþá meiri vigt."
FB

**THE PIPETTES**
**We are the Pipettes**
„The Pipettes er stuðandi plata á marga vegu. Líklegast eina nýja útgáfa ársins sem fær þig til þess að langa til að tvista og gera lúftgítar á sama tíma."
BÖS

**MAGGA STÍNA**
**Magga Stína syngur Megas**
„Velheppnuð plata sem festir Möggu Stínu í sessi sem frábæran túlkanda á lögum og textum Megasar."
TJ

**HILDUR VALA**
**Lalala**
„Lalala kemur fáum á óvart og lögin lifa sennilega fram yfir jól, ekki mikið lengur en það og fyrir vikið er Lalala því bara ágætis dægurfluga."
FGG

**THE KILLERS**
**Sam's Town**
„Önnur plata The Killers er gerð með silkihönskum. Hljómur sem á ekki að geta gengið fram af neinum manni og nægilega gripandi á köflum til að hafa aðdáendur sátta."
BÖS

**BUBBI**
**06.06.06**
„06.06.06 er fínn afmælispakki sem ætti að falla í kramið hjá Bubbaaðdáendum. DVD-útgáfan nær enn betur að fanga þá hátíðarstemningu sem ríkti á tónleikunum."
TJ

**DATAROCK**
**Datarock Datarock**
„Norska sveitin Datarock heimsótti okkar á Iceland Airwaves á dögunum. Frumraun þeirra er eðal partíplata sem ætti ekki að skilja neinn mann eftir kyrran."
BÖS


# Í SVÖRTUM FÖTUM
## KEMUR ÚT Í DAG






NÝJASTA PLATAN FRÁ STRÁKUNUM Í SVÖRTUM FÖTUM ER MJÖG FJÖLBREYTT OG KOMA ÞEIR FÉLAGAR VIÐ Í ROKK OG RÓL, BALLÖÐUM OG ALLT ÞAR Á MILLI.

NÆLDU ÞÉR Í EINTAK Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR.

1.999kr.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

30 ÁRA SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HARPA PÉTURSDÓTTIR SEGIR AÐ MÖNNUM SÉ HOLLAST AÐ MUNA EFTIR AFMÆLUM

# *Kröfur á kröfur ofan!*

Það er alltaf svolítið fyndið að velta því fyrir sér hversu ólíkar kröfur karlmenn og konur gera til hvort annars í samböndum. Auðvitað er það misjafnt eftir pörum en ég er nokkuð viss um að við getum verið sammála um að á heildina litið séu kröfur kvenna til karlmanna heldur meiri en á hinn veginn.

Konur gera jafnan kröfu um það að mennirnir séu jafn mjúkir og tilfinninganæmir og þær, jafnvel þótt það sé þeim flestum ekki í blóð borið. Þeir þurfa líka helst að vera mjög snyrtilegir í umgengni og uppteknir af því að þurrka af þrátt fyrir að ansi mörgum þeirra sé í raun og veru slétt sama um þykkt rykskánarinnar á hillunum. Þá er máltækið um að það sem drepi mann ekki styrki mann, oft notað sem útskýring á því. Nei, en svona í alvöru talað þá er þetta mjög skemmtileg pæling. Ég sá nefnilega um daginn mjög gott dæmi um hvernig við konur getum verið. Þá var það þannig að ein vinkona mín átti þrítugsafmæli. Hún ákvað að láta reyna á manninn sinn og minntist ekki einu orði á það. Svo kom dagurinn stóri og ekkert gerðist. Hún hvorki sagði neitt né hagaði sér öðruvísi og viti menn, ekki hann heldur! Hann hafði steingleymt afmælinu. Um miðjan daginn hringdi hún í manninn sinn, kát að vanda, og minnti hann á að þau ætluðu að borða hjá foreldrum hennar um kvöldið. Þegar þau svo mættu sá hann að öll stórfjölskyldan var þangað mætt, honum til undrunar þar sem það gerist ekki svo oft. Þegar hann spurði í boðinu, hátt og snjallt yfir allan hópinn, hvað stæði eiginlega til, beindist athyglin öll að honum. Hann sagði mér sjálfur að honum hefði liðið eins og hann hefði hreinlega girt niður um sig og sprænt á gólfið eins og ekkert væri. Fólkið var stíft af einskæru skilningsleysi á manninum. Þá var hann klipinn hressilega í lærið af tengdamóður sinni sem hvíslaði að honum að konan hans ætti nú einu sinni þrítugsafmæli. Hann varð auðvitað eins og asni og heimtaði af guði að fá að hverfa samstundis af jörðinni. Honum varð þó ekki að ósk sinni og þurfti að sitja undir stríðnisskotum og kaldhæðnislegum kommentum um að hann væri hið fullkomna mannsefni það sem eftir lifði kvölds.

En svo komu afleiðingarnar! Og þær voru sko ekki af léttvægara taginu. Hann fékk í staðinn að stjana við konuna sína, nótt sem nýtan dag, í heilar tvær vikur. Annars hefði hann fljótlega fengið bréf frá lögfræðingi hennar, hann vissi það fyrir víst. Svo varð þó úr að hann sannaði sig heldur betur og hún varð jafn ánægð og ef hann hefði byrjað daginn á stórum afmæliskossi, eða svona næstum því! Ætli hann hefði brugðist við á sama hátt ef þessu hefði verið öfugt farið? Ég er nokkuð viss um að því hefði verið reddað á leiðinni heim úr boðinu!



# Fáklæddar fyrirsætur á Mýrdalsjökli

**Kvikmyndafyrirtækið Labrador hefur staðið í ströngu undafarið en hér á landi hefur tökulið frá breska raunveruleikaþættinum Make Me a Supermodel.**

Að sögn Selmu Karlsdóttur, framkvæmdarstjóra Labrador, hafa hátt í fimmtíu manns starfað við þessar tökur en starfsmennirnir komu í þremur hópum, tveir frá London og svo komu hingað tískuljósmyndarar frá New York til að festa herlegheitin á mynd. Tökuliðið hefur farið víða, var lengi uppi á Mýrdalsjökli þar sem fyrirsæturnar sátu fyrir í efnislitlum fötum og háhæluðum skóm. „Þær stóðu sig reyndar eins og hetjur og ein þeirra lagðist á snæviþaktan jökulinn og faðmaði hann," segir Selma og hlær. „Þær eru líka að keppa þannig að þær voru tilbúnar til að leggja ýmislegt á sig," bætir hún við. Þá var ferðinni einnig heitið á skemmtistaði borgarinnar, í Perluna og Bláa lónið þar sem tökunum lauk.



**Í RÉTTU STELLINGUNNI** Ekki var að sjá að þessari fyrirsætu þætti það mikið tiltökumál að vera léttklædd uppi á jökli og hún setti upp rétta svipinn fyrir tökuliðið.

Þátturinn með efninu frá Íslandi er sendur út á bresku sjónvarpsstöðinni Channel Five og sendu framleiðsluaðilarnir efni daglega í gegnum gervihnött til Bretlands. Tracy Manser, framleiðandi þáttanna, átti ekki orð yfir hversu vel hefði til tekist. „Þetta hefur bara verið ótrúlegt, allir eru mjög sáttir við þá þjónustu sem okkur hefur verið veitt og við komum alveg örugglega aftur hingað," sagði Tracy.

Sérstök dómnefnd velur bestu fyrirsætuna en í henni eiga meðal annars sæti Dylan Jones, ritstjóri GQ, tískuljósmyndarinn Perou og ofurfyrirsætan Rachel Hunter. Þættirnir njóta mikilla vinsælda í Bretlandi en þeim svipar mjög til hinna geysivinsælu þátta America's Next Topmodel. -fgg



**FÁKLÆDDUR Í SNJÓKOMU** Þessi karlmaður lét sér fátt um finnast og klæddi sig úr að ofan þótt kalt væri í veðri.



**RACHEL HUNTER** Er ein þeirra sem situr í dómefndinni og kemur til með skera úr um hver af fyrirsætunum stóð sig best á Íslandi.



**Á TÖKUSTAÐ** Selma Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Labrador ásamt Sigurði Frey Matthíassyni á tökustað, vel klædd, ólíkt fyrirsætunum.



**ENGIN MISKUNN** Fyrirsæturnar stóðu sig flestar eins og hetjur enda mikið í húfi, samningur við fyrirsætufyrirtæki.






# Fed krefst forræðis

Kevin Federline ætlar einnig að krefjast forræðis yfir sonum sínum tveimur sem hann átti með söngkonunni Britney Spears. Britney sótti um skilnað við hann í gær og krafðist forræðis yfir sonunum, sem eru eins árs og tveggja mánaða.

Sólarhring síðar sótti Federline einnig um forræði auk þess sem hann fór fram á fjárhagslegan stuðning frá Britney.

Að sögn lögfræðings Federline er rapparinn tilbúinn til að gera allt sem í hans valdi stendur til að vernda og ala upp börnin. Mun hann ekki láta ógna sér á nokkurn hátt eða afvegaleiða sig til að ná sínum markmiðum.

Vinur Britneyjar segir að söngkonan hafi flúið heimili þeirra í Malibu í síðustu viku eftir að Federline brjálaðist og tók að henda húsgögnum út um allt og lemja veggina. Hafði Britney víst gert grín að eiginmanninum fyrir tilburði hans á tónlistarsviðinu.



**BRITNEY** Britney Spears skömmu eftir að hún hafði krafðist skilnaðarins. Eins og sjá má reynir hún að brosa í gegnum tárin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

„Kevin hefur verið undir miklum þrýstingi. Það hefur verið baulað á hann á verðlaunahátíðum og tónleikar hans hafa verið illa sóttir," sagði vinur Britneyjar. „Britney hefur hlegið að Kevin. Hann virtist vera búinn að byrgja reiðina inni í sér. Hún vissi að hann myndi hvorki meiða hana né börnin en hún varð að komast í burtu."

# Heather klippt út

Myndskeið með Heather Mills hafa verið klippt út af tónlistarmynddiski sem Paul McCartney gefur út á næstunni og ber heitið The Space Within Us. Á honum verða upptökur af tónleikaferð kappans um Bandaríkin og herma fregnir að ekkert verði minnst á Mills sem þó ferðaðist vítt og breitt um Bandaríkin með McCartney og sást meðal annars láta hann hafa gítar á sviði fyrir framan þúsundir áhorfenda á einum tónleikunum. Þetta hefur nú allt verið fjarlægt vegna hörkunnar sem færst hefur í skilnað þeirra.



**PAUL MCCARTNEY** Allt myndefni sem tengist Heather Mills hefur verið fjarlægt af tónleikadiski sem Bítillinn fyrrverandi gefur út á næstu dögum.

Hjónakornin fyrrverandi hafa látið lítið fyrir sér fara undanfarna daga eftir allt fjölmiðlafárið sem ríkti í kringum skilnaðinn en ásakanir um vafasama hegðun í hjónabandinu gengu á víxl. Í bresku pressunni er því haldið fram að Mills sækist eftir 80 milljónum punda sem samsvarar tíu milljörðum íslenskra króna, en eignir McCartneys eru metnar á rúma 130 milljarða.

# Syngur Thriller

Fyrrverandi konungur poppsins, Michael Jackson, mun flytja lagið Thriller á heimstónlistarverðlaunahátíðinni sem verður haldin í London í næstu viku. Þetta verður í fyrsta sinn í níu ár sem Jackson treður upp í Bretlandi.

Lagið er að finna á samnefndri plötu Jacksons frá árinu 1982 sem hefur selst í yfir fimmtíu milljónum eintaka. Fékk platan átta Grammy-verðlaun á sínum tíma.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn síungi mun taka á móti heiðursverðlaunum í næstu viku.

Jackson mun í London taka á móti heiðursverðlaunum sem eru veitt þeim listamönnum sem hafa selt meira en hundrað milljónir platna.

Hinn 48 ára Jackson hefur að undanförnu dvalið í Bahrain og á Írlandi, þar sem hann hefur tekið upp lög á næstu plötu sína. Er hann óðum að jafna sig eftir að hafa verið sýknaður af ákæru um kynferðislegt ofbeldi gagnvart ungum dreng.

# Vala Matt í Íslandi í dag

Sjónvarpskonan góðkunna Vala Matt hefur gengið til liðs við dægurmálaþáttinn Ísland í dag á Stöð 2. „Ég er byrjuð að vinna efni og er bara mjög spennt. Þetta er eiginlega allt fólk sem ég hef unnið með áður og það hefur verið að gera frábæra hluti. Þess vegna verður þetta virkilega spennandi og skemmtilegt. Ég er líka vön því að gera spennandi hluti og finnst gaman að breyta reglulega til,“ segir Vala, sem var áður á Stöð 2 í vetur með þáttinn Veggfóður. „Ég hefði samt viljað taka Hálfdán með mér því mér finnst hann frábær sjónvarpsmaður og ég hef virkilega notið þess að vinna með honum.“

Vala mun einnig leggja fram smáefni í morgunþáttinn Ísland í bítið auk þess sem hún mun skrifa í tímaritið Veggfóður þar sem hún mun væntanlega halda áfram að fræða fólk um hönnun og innanhússarkitektúr eins og henni einni er lagið. -fb



**VALA MATT** Sjónvarpskonan góðkunna er á leiðinni í Ísland í dag. FRÉTTABLAÐIÐ HEIÐA.

# Vill verða ljóðskáld

Hinn ungi leikari Daniel Radcliffe, sem er þekktastur fyrir túlkun sína á galdrastráknum Harry Potter, vill gerast ljóðskáld í nánustu framtíð. Þessi sautján ára gamli leikari er til í að leggja leiklistarframann á hilluna ef hann „fyndi andann koma yfir sig“ eins og hann orðar það. Radcliffe segist einnig ekki vilja fara í háskóla því hann sé bara fyrir fólk sem veit ekki hvað það langar til að gera í lífinu. „Ég veit hvað mig langar að gera og því sé ég enga ástæðu til þess að fara í háskóla.“



**DANIEL RADCLIFFE** Er tilbúinn til að skipta leiklistinni út fyrir ritlistina.



**WILLIAMS** Varð rauður í framan og yfirgaf skemmtistaðinn eftir að Lindsay Lohan neitaði að taka undir viðreynslutakta söngvarans fræga.

**Laugardaginn 11.11 klukkan 11.00 opnar glæsileg verslun,**
Suðurlandsbraut 52.
(Bláu húsunum við Fákafen)



Glæsilegir samkvæmiskjólar, dragtir og fylgihlutir.

Emilía

Opið mán-fös 11-18 og lau 11-16
sími: 588 9925
Hjartanlega velkomin.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi

4. sætið

**Ég vil vinna fyrir þig!**

Hlíðasmára 2
Kópavogi
Sími 822 8650
www.sigurrosth.is

Reynsla, þekking, brennandi áhugi á þjóðmálum og næm tilfinning fyrir þörfum fólks eru höfuðkostir þeirra sem ná árangri fyrir kjósendur sína.
Nái ég því markmiði mínu að skipa 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi mun ég vinna fyrir þig.

Áralöng seta í bæjarstjórn Kópavogs, þátttaka í félagsmálum og reynsla af störfum Alþingis mun nýtast til góðra verka og áframhaldandi uppbyggingar íslensks samfélags á næsta kjörtímabili.

*Sigurrós Þorgrímsdóttir alþingismaður*



**Sigurrós til sigurs í 4. sæti** STUÐNINGSFÓLK







## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera frægur í Bandaríkjunum, eins og **Lindsay Lohan** veit væntanlega ungstirna best. Á þriðjudaginn lenti stúlkan nefnilega í þriðja árekstri sínum á tæplega tveimur árum. Talsmaður stjörnunnar segir papparazzi-ljósmyndara hafa klesst aftan á hana, en starfsfélagar ljósmyndarans eru sagðir hafa valdið hinum umferðarslysum Lohan líka. Papparazzar í Hollywood gætu því átt von á skömmum



frá Lohan, sem var ekki par ánægð með framkomu þeirra eftir áreksturinn í október í fyrra, þegar hún var á flótta undan flassinu.

**Christopher Walken** hefur tekið að sér hlutverk Ozzie Osbourne í nýrri mynd sem fjallar um ævintýri og uppátæki Mötley Crue. Mun stórleikarinn til dæmis leika í atriði þar sem Ozzie sýgur maurahóp upp í nefið á sér, en hann stóð í þeirri trú að þeir væru kókaín



og ekki skordýr. Á meðal annarra stjarna sem bregða mun fyrir í myndinni eru Val Kilmer og David Lee Roth úr Van Halen.

ICELANDAIR OG WWW.KAUPMANNAHOFN.DK KYNNA:
STUÐMENN OG SÁLIN
Í KÖBEN Í APRÍL 2007

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 34872 11/06



VERÐ FRÁ 59.700 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI Á HOTEL DU NORD Í EINA NÓTT.

Hljómsveitirnar Sálin hans Jóns míns og Stuðmenn koma saman á sameiginlegum tónleikum í Cirkusbygningen í Kaupmannahöfn síðasta vetrardag á næsta ári eða miðvikudaginn 18. apríl 2007. Hljómsveitirnar leika til skiptis undir borðhaldi frá kl. 19:30-22:00 og síðan fyrir dansleik á sama stað frá kl. 23:00-02:00.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum
VISA Punktarnir upp í
MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Du Nord og miði á tónleika og dansleik ásamt 3ja rétta kvöldverði (frá kl. 19:30 til 22:00) í Cirkusbygningen 18. apríl. Hægt er að velja um gistingu á fleiri hótelum í Kaupmannahöfn og í allt að 5 nætur. Í boði eru flugferðir til Kaupmannahafnar 17. apríl eða 18. apríl og frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur 19., 20., 21. eða 22. apríl. Eingöngu bókanlegt á netinu! Flugfar til Kaupmannahafnar gefur 3.000 Vildarpunkta. Vildarkortshafar VISA og Icelandair geta punktað niður ferðalagið. Munið ferðaávísunina frá Master Card. Takmarkað sætaframboð!







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | THE GUARDIAN | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 5:30 - 8 | B.i.12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i. 12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FLY BOYS VIP | kl. 8 - 10:50 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 - 10:50 | B.i. 16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5 | | | | |
| THE LAST KISS | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | | | |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ADRIFT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| BORAT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:45 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 6 | Leyfð | |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OPEN SEASON M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.16 |

www.sambioin.is 575 8900

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Reese Witherspoon** hefur sótt opinberlega um skilnað frá **Ryan Philippe**, um tveimur vikum eftir að hún tilkynnti að hún ætlaði að skilja við hann sökum óásættanlegs ágreinings. Witherspoon hefur óskað eftir fullu forræði yfir börnunum þeirra tveimur, **Ava** og **Deacon**.



Aðdáendur köngulóarmannsins brosa vafalítið út að eyrum um þessar mundir því nýtt tveggja og hálfrar mínútna sýnishorn úr Spider-Man 3 er komið á netið. Styttir sýnishornið vafalítið biðina eftir myndinni, sem er væntanleg eftir hálft ár, eða þann 4. maí á næsta ári.



Einn Baldwin-bræðranna frægu, **Daniel Baldwin**, hefur verið handtekinn fyrir að hafa stolið hvítum sportjeppa. Var honum stungið í steininn og hann ákærður fyrir stórþjófnað. Að sögn talsmanns lögreglunnar átti kunningi Baldwin bílinn og hafði hann ekki gefið leikaranum leyfi til að keyra hann.






hjá evans færðu mikið úrval af tískufatnaði og fylgihlutum á frábæru verði.

| | |
|---|---|
| kápur | frá 6.999 |
| dragtir | frá 7.499 |
| ökkla stígvél | frá 4.499 |
| fínar buxur | frá 3.499 |

stærðir 16-32

evans
kringlunni og smáralind
sími 522 8400



Fíton/SÍA

DOMO BAR 10.11.2006

○ Kl. 21.00

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
EGILS ÓLAFSSONAR

**Egill Ólafsson** flytur lög af nýju plötunni sinni, Miskunn dalfiska, auk þess sem hann kynnir nýja ljóðabók sína, Kysstu, kysstu steininn.

○ Kl. 24.00

KÚBAN-SVEIT
TÓMASAR R. EINARSSONAR

Svöl íslensk latínsveifla með sjóðheitu kúbönsku ívafi!

Kjartan Hákonarson – trompet
Óskar Guðjónsson – tenor sax
Samúel J. Samúelsson – básúna
Ómar Guðjónsson – gítar
Tómas R. Einarsson – bassi
Einar Valur Scheving – trommur og slagverk

DOMO RESTURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588






## > Páll undir feldi fram að áramótum

Knattspyrnukappinn Páll Einarsson er lagstur undir feld og búinn að breiða vel yfir höfuðið á meðan hann íhugar hvort hann á að halda áfram knattspyrnuiðkun. Páll stóð sig mjög vel með Fylki í Landsbankadeildinni síðasta sumar og Árbæingar vilja ólmir hafa Pál áfram í liðinu en hann sjálfur er ekki viss um hvort hann vilji halda áfram að sprikla enda búinn að standa í eldlínunni nokkuð lengi. Hann hefur fullan skilning Fylkismanna og þeir bíða þolinmóðir eftir ákvörðun sem kemur á nýju ári.



# sport

sport@frettabladid.is

BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON: LÍKAR VEL VIÐ LÍFIÐ Í ÞÝSKALANDI EN HANN LEIKUR MEÐ LÜBBECKE ÞAR Í LANDI

## *Góðir menn eru keyptir og þeir eiga að sýna það*

Birkir Ívar Guðmundsson, landsliðsmarkvörður Íslands í handbolta, kann vel við sig hjá þýska liðinu Lübbecke. Liðið hefur þó ekki farið vel af stað í þýsku deildinni í vetur og er í fallsæti eins og staðan er í dag.

„Þetta eru auðvitað töluverð viðbrigði. Maður er vanur að vinna átta tíma vinnudag og fara síðan á æfingar og spila. Þetta er kannski aðeins rólegra hérna en kannski meira álag handboltalega og meiri pressa,“ sagði Birkir Ívar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Birkir Ívar sagði að það væri ekki margt sem hafi komið sér á óvart í atvinnumennskunni í Þýskalandi.

„Það hefur kannski komið mér mest á óvart hversu vel liðin eru mönnuð og þá á ég við öll liðin. Maður vissi að þessi topplið væru mjög vel mönnuð en í rauninni eru öll liðin í deildinni vel mönnuð.“ Lübbecke er í næst neðsta sæti deildarinnar og hefur aðeins unnið einn leik af þeim tíu sem búnir eru af tímabilinu.

Birkir Ívar deilir markvarðarstöðunni með þýska markverðinum Torsten Friedrich. „Ég gerði mér alltaf grein fyrir því að tæki tíma fyrir mig að komast inní deildina. Ég var búinn að gera ákveðið plan um að gefa mér smá tíma til að komast inn í spilamennskuna hérna og sá tímapunktur er að fara að koma. Ég er nokkuð ánægður með tvo síðustu leiki hjá mér þannig að þetta er allt á uppleið. Við skiptum þessu á milli okkar en markvörðurinn sem er með mér hefur spilað ívið meira en ég.“



Birkir Ívar sagði að ekki væri lagt meiri áhersla á markmanns þjálfun þarna úti en hér heima.

„Hérna er það bara þannig að menn eru keyptir af því að þeir geta eitthvað og þeir eiga bara að sýna það. Menn eiga bara að kunna sitt fag.“

HM í handbolta er í Þýskalandi í janúar og Birkir Ívar verður væntanlega í eldlínunni þar.

„Við Íslendingar erum með vel mannað lið í öllum stöðum og erum með góðan þjálfara. Við erum líka með ungt lið sem er samt með reynslu. Ef við náum að halda lykilmönnum eins og Óla Stefáns ómeiddum, þá eigum við alveg að geta eitthvað á þessu móti,“ sagði Birkir Ívar Guðmundsson.

Fimleikasamband Íslands:

## Ræddi ekki andlegt ofbeldi

**FIMLEIKAR Kristján Erlendsson, formaður Fimleikasambands Íslands, staðfesti við Fréttablaðið í gær að aðeins hefðu ásakanir um líkamlegt ofbeldi hjá fimleikafélaginu Björk verið athugaðar af sambandinu.**

**Fimleikasambandið sá ekki ástæðu til að ræða við Þóri Gunnarson, föður níu ára stúlku sem hætti að æfa hjá félaginu vegna andlegs ofbeldis þjálfara að því er Þórir segir.**

**Þórir kvartaði yfir málinu skriflega áður en dóttir hans hætti. Þegar Fréttablaðið spurði þjálfarann, sem Þórir kvartaði við, að því hvort einhverjar kvartanir hefðu borist frá foreldrum vegna einhvers af þjálfurum félagsins var því staðfastlega neitað. Engar kvartanir hefðu borist. Það sagði þjálfarinn áður en Þórir greindi frá sögu dóttur sinnar.** - hbg

Áfall fyrir Liverpool:

## Sissoko verður lengi frá

**FÓTBOLTI** Mohamed Sissoko, miðjumaður Liverpool, varð fyrir því óláni í leik Birmingham og Liverpool á miðvikudaginn að fara úr axlarlið. Sissoko var haldið á sjúkrahúsi nóttina eftir atvikið og Rafael Benitez, stjóri liðsins, óttast að leikmaðurinn verði lengi frá.

„Við vitum ekki hve lengi hann verður frá keppni en það gæti verið langur tími. Það gæti verið meira en einn mánuður. Sissoko hefur verið óheppinn með meiðsli. Þetta eru ekki mjög algeng meiðsli. Ég hef ekki séð atvikið í endursýningu en þetta var algjört slys,“ sagði Benitez eftir leikinn gegn Birmingham. - dsd

# Ekkert bendir til að börn séu í hættu

**Kristján Erlendsson, formaður Fimleikasambands Íslands, segir að athugun sambandsins á þjálfun hjá fimleikafélaginu Björk hafi ekki leitt neitt vafasamt í ljós. Fimleikasambandið sér því ekki neina ástæðu til þess að aðhafast frekar í málinu. Aðilinn sem kom málinu af stað er hissa á niðurstöðunni.**

**FIMLEIKAR** Stjórn Fimleikasambands Íslands fundaði á miðvikudagskvöldið með fulltrúum frá Fimleikafélaginu Björk vegna ásakana um líkamlegt ofbeldi gegn átta ára stúlkum sem bornar voru á einn þjálfara félagsins af nemendum í íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ. Annar þjálfari hjá sama fimleikafélagi var síðan sakaður um andlegt ofbeldi gegn níu ára stúlku. Báðir þjálfararnir eru erlendir.

„Við fórum yfir stöðuna með fulltrúum Bjarkar. Fimleikasambandið hefur staðið fyrir athugun á því hvernig málum sé háttað hjá félaginu og við finnum ekkert að hjá Björkunum,“ sagði Kristján Erlendsson, formaður Fimleikasambands Íslands, við Fréttablaðið í gær.

**Ekkert bendir til þess að börn séu í hættu**

„Við finnum engar vísbendingar um að börn séu í hættu hjá félaginu. Hins vegar þarf meiri tíma til að gera formlega úttekt. Við erum búnir að ræða við þjálfara hjá félaginu, foreldra og það er búið að bera þetta undir þjálfara hjá öðrum félögum. Þetta er það sem við getum gert hratt og vel. Þessi vinna er öll búin. Á þessu stigi sér Fimleikasambandið ekki neina ástæðu til að gera neitt í málinu hjá Björkunum.“

Við hversu marga þjálfara og foreldra hafði verið rætt við vildi Kristján ekki tjá sig um og hann vildi heldur ekki greina frá því hverjir hefðu tekið viðtölin við þessa aðila.

Foreldrar barnanna, sem eru í hópnum þar sem hið umdeilda atvik átti sér stað, eru sáttir við frammistöðu þjálfarans og hafa ekki yfir neinu að kvarta í hans þjálfunaraðferðum.

Þeir hafa allir kvittað undir yfirlýsingu þess efnis að þeir standi á bak við þjálfarann.

**Ávallt í skoðun hvað betur má fara hjá fimleikahreyfingunni**

„Hér er aftur á móti mál sem þarf að skoða miklu betur en tíminn hefur leyft okkur að gera. Við erum alltaf að skoða hvað betur má fara í fimleikahreyfingunni og þetta mál fer í þann farveg,“ en hver er þessi farvegur og hvernig hyggst Fimleikasambandið nákvæmlega fylgja málinu eftir?

„Í fimleikum er það þannig að samband við foreldra er mjög náið og foreldrarnir hafa góðan og greiðan aðgang að þjálfurum. Þannig að ef það koma upp einhverjar athugasemdir þá hafa félögin tekið mjög myndarlega á því. Ef það er ekki gert þá skaðar það félagið, iðkendur og sambandið við foreldra,“ sagði Kristján Erlendsson, formaður Fimleikasambands Íslands.

Það var Jón Páll Pálmason, nemandi við íþróttaakademíuna, sem kom málinu af stað þegar hann kvartaði formlega við Björk yfir því sem hann sá á æfingu stúlknanna. Fréttablaðið innti hann eftir viðbrögðum við niðurstöðu málsins.

„Fyrstu viðbrögðin eru þau að ég er hissa. Við sem hópur munum skoða hvað við gerum í framhaldinu,“ sagði Jón Páll en hann var ekki einn um að vera ósáttur við þjálfunaraðferðirnar sem hann sá heldur allir samnemendur hans sem eru 27 talsins.

Hópurinn sendi formlega yfirlýsingu um málið til ÍSÍ, ÍBH og Bjarkar vegna málsins síðastliðinn föstudag. henry@frettabladid.is




**EKKERT ÓEÐLILEGT Í GANGI Í HAFNARFIRÐI** Fimleikasamband Íslands segir ekkert óeðlilegt við þjálfunaraðferðir þjálfara fimleikafélagsins Bjarkar og sambandið mun ekki aðhafast frekar í málinu. Myndin er erlend og tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


BMW 1 línan 1.6



Árgerð 04/2005. Ekinn 31 þús km.
Beinskiptur. Einn eigandi.
Í fullri ábyrgð frá B&L. Þjónustubók.
Verð 2.350.000 kr. Áhvl c.a 1.500.000 kr.
Upplýsingar í síma 824 5003


Gott gengi Gummersbach kemur stjórn félagsins verulega á óvart:

## Alfreð er einn besti þjálfari heims

**HANDBOLTI** Gengi Íslendingaliðsins Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni í vetur hefur vakið verðskuldaða athygli enda var ekki búist við sérstaklega miklu af liðinu fyrir tímabilið. Miklar mannabreytingar áttu sér stað hjá félaginu og Alfreð Gíslason þjálfari sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að hann væri sáttur tækist liðinu að ná þriðja sæti í deildinni.

Gummersbach er nú á toppi deildarinnar og ósigrað í Meistaradeildinni. Hans-Peter Krämer, stjórnarformaður félagsins, er hæstánægður með árangurinn og játar það fúslega að hann átti ekki von á slíku fyrir tímabilið.

„Stjórnin er furðu lostin yfir því hversu vel gengur. Þetta gengi er eitthvað sem við áttum ekki von á. Aðalástæðan fyrir þessu góða gengi er þjálfarinn Alfreð Gíslason sem að mínu mati er einn besti þjálfari heims,“ sagði Krämer við þýska netmiðilinn Handball World.



**ALFREÐ GÍSLASON** Er að gera frábæra hluti með Gummersbach. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Það eru svo sannarlega breyttir tímar hjá þessu fornfræga félagi því fyrir aðeins fimm árum rambaði Gummersbach á barmi gjaldþrots og framtíðin var síður en svo björt.

„Við getum hugsanlega blandað okkur í baráttuna um titilinn en við erum ekki sigurstranglegasta liðið í þeirri baráttu. Mér persónulega finnst við vera nokkuð á eftir Kiel eins og staðan er í dag.

Við stöndum samt betur að vígi þar sem Kiel á eftir að heimsækja okkur,“ sagði Krämer.

Með Gummersbach leika Íslendingarnir Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson, Sverre Andreas Jakobsson og Guðlaugur Arnarsson. - hbg




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.

Middlesbrough:

# Reglum breytt fyrir Southgate

**FÓTBOLTI** Gareth Southgate, stjóri Middlesbrough, hefur fengið grænt ljós frá enska knattspyrnusambandinu til að stýra liðinu áfram í ensku úrvalsdeildinni. Reglur sambandsins segja til um að framkvæmdastjórar verði að vera með svokallað UEFA Pro leyfi til að fá að stýra liðum.



GARETH SOUTHGATE

Southgate var með undanþágu frá þessari reglu þar sem hann hefur ekki enn klárað það stig þjálfunar og sú undanþága rann út í gær. „Gareth Southgate er staðráðinn í því að klára þetta stig þjálfunar eins fljótt og auðið er og hann mun gera það. Þangað til mun hann halda áfram að stýra Middlesbrough,“ sagði Keith Lamb, stjórnarformaður Middlesbrough. - dsd

Breskir fjölmiðlar segja líklegast að Eggert Magnússon kaupi West Ham:

# Eggert var í slagtogi með Tony Cottee en lét hann síðan róa

**FÓTBOLTI** Baráttaun um völdin í West Ham vekur mikla athygli í Bretlandi og fjölmiðlar þar í landi virðast á einu máli um að Eggert Magnússon og félagar leiði kapphlaupið um völdin í félaginu. Breska blaðið The Independent greinir frá því að líklegt sé að Eggert leggi fram formlegt tilboð í næstu viku þegar hans fólk verður búið að skoða bókhald félagsins.

Það er einnig athyglisvert að fram kemur í grein The Independent í gær að gamla markamaskínan Tony Cottee hafi verið í fjárfestahópi Eggerts í upphafi en hafi síðan verið látinn róa af. Tony Cottee hefur lengi verið orðaður við félagið og samkvæmt blaðinu íhugar hann að gera tilboð í félagið með nýjum aðilum.

Fram kom í fjölmiðlum á miðvikudag að breyting hefði orðið á fjárfestahópi Eggerts sem væri nú norrænn.

Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, er aðalbakhjarl Eggerts og það þykir styrkja stöðu þeirra félaga að Björgólfur hyggst greiða fyrir félagið með eigin peningum en ekki peningum Landsbankans. - hbg



**TONY COTTEE** Hefur lengi haft augastað á West Ham. Hjálpaði Eggerti Magnússyni að komast af stað en var síðan skilinn eftir. Cottee sést hér í leik með West Ham á sínum tíma en hann var vinsæll leikmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**RAFAEL BENITEZ** Hefur verið að koma Liverpool á rétta braut undanfarið eftir erfiða byrjun. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Benitez:

# Gæti yfirgefið Liverpool

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Rafael Benitez, stjóri Liverpool, yfirgæfi félagið ef tilboð bærist frá stóru félagi í Evrópu. Þetta var haft eftir umboðsmanni framkvæmdastjórans, Manuel Garcia Quilon.

„Benitez myndi falla vel að ítalska boltanum og leikstílnum þar í landi og hann er einn af þremur bestu framkvæmdastjórum í heimi. Ef áhugavert tilboð bærist frá stóru félagi þá myndi Benitez klárlega íhuga það. Ef þessi staða kæmi upp þá gæti hann jafnvel yfirgefið Liverpool,“ sagði umboðsmaðurinn í gær. - dsd




# Ferðamála-ráðstefnan 2006

**Íslensk ferðaþjónusta í örum vexti**

**- hvað með gæði, vöru og þjónustu?**

**16. nóvember 2006 - Reykjavík, Hótel Loftleiðir**

## Dagskrá:

kl. 09:30 Skráning og afhending gagna
kl. 10:00 Setning, Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
kl. 10:05 Ávarp samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson

**Niðurstöður nýjustu kannana hvað segja þær okkur?**

kl. 10:25 Kynntar niðurstöður úr gæðakönnun meðal innlendra ferðamanna
kl. 10:50 Kynntar niðurstöður úr gæðakönnun meðal erlendra ferðamanna
kl. 11:10 Pallborðsumræður um hvað gæðakannanirnar segja og hvað má lesa úr þeim? Oddný Óladóttir, verkefnastjóri Ferðamálastofu, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, Bjarni Ásgeirsson, Better business world wide og Þórdís Pálsdóttir, sölustjóri Reykjavík Hotels. Stjórnandi: Ingjaldur Hannibalsson, prófessor Háskóla Íslands
kl. 12:00 Hádegisverðarhlé*

**Standast gæði íslenskrar ferðaþjónustu væntingar?**

kl. 13:15 Robert Dean Felch, eigandi og framkvæmdastjóri Iceland Saga Travel (USA)
kl. 13:40 Ásgeir Friðgeirsson, ráðgjafi Samson eignarhaldsfélags
kl. 14:00 Pallborðsumræður um hvort gæðin séu í samræmi við væntingar neytenda? Robert Dean Felch, Ásgeir Friðgeirsson, Pétur Rafnsson, verkefnastjóri Ferðamálastofu, Friðrik Brekkan, leiðsögumaður. Stjórnandi: Berglind Viktorsdóttir, gæðastjóri Ferðaþjónustu bænda
kl. 14:45 Kaffihlé
kl. 15:00 Framkvæmd Ferðamálaáætlunar 2006 – 2015 Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
kl. 15:30 Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálastofu fyrir árið 2006
kl. 15:45 Afhending lokaverkefnisverðlauna Ferðamálaseturs Íslands fyrir árið 2006
kl. 16:00 Samantekt: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar Háskólans á Hólum
kl. 16:15 Ráðstefnuslit
kl. 16:30 Móttaka í boði samgönguráðherra

**Ráðstefnustjóri: Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar og ferðamála, Reykjavíkurborg**

Skráning á www.ferdamalastofa.is Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálastofu í síma 464 9990 og í gegnum upplysingar@icetourist.is

* Ath. Ekkert ráðstefnugjald, ráðstefnugestir greiða einungis kr. 1.950,- fyrir hádegisverð.

www.ferdamalastofa.is

Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board






**FREDDY ADU** Mikið efni og hefur oft verið sagður helsta von Bandaríkjamanna í knattspyrnu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Manchester United á eftir bandarískum táningi:

# Í viðræðum um Adu

**FÓTBOLTI** Breskir og bandarískir fjölmiðlar sögðu frá því í gær að bandaríski táningurinn Freddy Adu væri væntanlegur á æfingu hjá Manchester United 18. nóvember en enska liðið sendi frá sér yfirlýsingu snemma í gær þar sem félagið neitaði þessum sögusögnum.

Síðar í gær sendi Manchester United frá sér aðra tilkynningu þar sem fram kom að liðið væri í viðræðum um að fá strákinn til æfinga hjá félaginu.

Adu er ekki nema 17 ára gamall og hefur lengi verið orðaður við stærstu félagslið í heimi. Adu hefur leikið með DC United undanfarin þrjú ár en hann hóf að leika í bandarísku atvinnumannadeildinni 14 ára gamall.

Adu er þó ekki samningsbundinn DC United heldur er hann með samning við deildina sjálfa, Major League Soccer. Samningur hans við MLS rennur út eftir eitt ár en strákurinn má ekki yfirgefa bandaríska liðið fyrr en hann hefur náð átján ára aldri, en það mun gerast í júní á næsta ári.

Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, er líklegur til að bjóða í leikmanninn ef Adu nær að heilla stjórann en vitað er af áhuga Chelsea á stráknum.

Freddy Adu hefur lýst yfir áhuga sínum á að spila í Evrópu innan fárra ára. „Mitt er að fara til Evrópu og ef það tækifæri býðst fljótlega mun ég grípa það tækifæri,“ sagði Adu. - dsd

Real Madrid kaupir þó að markaðurinn sé lokaður:

# Real Madrid búið að kaupa arftaka Roberto Carlos

**FÓTBOLTI** Real Madrid hefur gengið frá kaupum á vinstri bakverðinum Marcelo frá brasilíska liðinu Fluminense, samkvæmt spænskum blöðum. Kaupverðið er talið vera um sex milljónir evra, eða um 522 milljónir íslenskra króna.

Sevilla var einnig með augastað á Marcelo en nú virðist Real Madrid hafa haft betur.

„Strákurinn vill bara koma til Madrid. Það má vel vera að aðrir hafi verið að bjóða í Marcelo en hann vill aðeins verða leikmaður Real Madrid,“ sagði heimildarmaður innan félagsins.

Marcelo er 18 ára gamall og er talinn vera upplagður arftaki Roberto Carlos bæði hjá brasilíska landsliðinu og nú hjá Real Madrid. Marcelo mun ganga í raðir Real Madrid í janúar. - dsd

# ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

# FLATSKJÁ TILBOÐ




## UNITED

**LTV27W60**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn,Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990

---

12v/220v




**UNITED** **LTV15L52**

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, texta-varpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**TILBOÐ ▶ 34.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990




**Dantax** **20LCDB3**

20" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Scart, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, heyrnar-tólatengi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 49.990**

FULLT VERÐ kr. 64.990




**PHILIPS** **23PF4321**

23" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 450:1 skerpu, 20w stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-i tengi (styður VGA, SVGA, XGA og WXGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 79.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990




**GRUNDIG** **LW825605**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður WXGA) og textavarpi.

**TILBOÐ ▶ 129.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




**JVC** **LT26A61**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam Stereó hljóðkerfi, textavarpi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS, Compo-nent og PC tengi (DVI), borðstandi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 139.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990

---




**THOMSON** **32LB132B5**

32" LCD HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi með BBE Viva Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Compo-nent, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ ▶ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990




**DIBOSS** **LT40H5LPH**

40" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (WXGA) upplausn, Progressive Scan, Antireflex og Digital Comb Filter, HD Ready, 1000:1 skerpu og 8ms svartíma, (H/V): 176/176° sjónsviði og 500 cd/m2 birtustigi, 20w Nicam stereó hljóð-kerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), HDMI og Component tengi, heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi. Passar fyrir VESA festingar.

**TILBOÐ ▶ 199.990**

FULLT VERÐ kr. 259.990




**PHILIPS** **42PF5331**

42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ ▶ 209.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990




**PHILIPS** **37PF7331**

37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus mynd-tækni,Digital Noise Reduction og Progressive Scan, HD Ready, 2.400:1 skerpu, Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ ▶ 239.990**

FULLT VERÐ kr. 269.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Leikmannamál:

# Frank Posch yfirgefur Fram

**FÓTBOLTI Þýski varnarmaðurinn Frank Posch er genginn í raðir Stjörnunnar í Garðabæ. Posch lék með Fram í sumar við góðan orðstír og lék alla leiki liðsins, en Fram vann fyrstu deildina með þó nokkrum yfirburðum.**

**Frank Posch lék því aðeins eitt tímabil með Fram en hann gekk í raðir félagsins í vor og samningur hans við Fram var að renna út.**

**Lárus Guðmundsson þjálfari Stjörnunnar hefur verið dugleg-ur að safna liðsstyrk upp á síðkastið því fyrr í vikunni gekk unglingalandsliðsmaðurinn Elvar Freyr Arnþórsson til liðs við Stjörnuna frá Val.** - dsd

Enski boltinn:

# Rannsókn á veðmálum

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið hefur farið af stað með rannsókn í kjölfar vísbendinga sem borist hafa um meint veðmál nokkurra framkvæmdastjóra í úrvalsdeildinni. Stjórarnir eiga að hafa veðjað um úrslit leikja í úrvalsdeildinni.

„Við munum kanna hvort einhver brot á okkar reglum hafa verið framin og tökum glaðir við öllum vísbendingum í þessu máli,“ sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins í gær.

Ekki hefur komið fram hvaða framkvæmdastjórar þetta eru en samkvæmt reglum enska knattspyrnusambandsins er framkvæmdastjórum og leikmönnum óheimilt að veðja á leiki sem þeir eru tengdir á einhvern hátt. - dsd

Valur vann auðveldan útisigur á FH í efstu deild kvenna í gær, 21-30.

# FH sá aldrei til sólar gegn Val



**KOMIN Í GEGN** Valsstúlkan Sigurlaug Rúnarsdóttir er hér komin í gegnum FH-vörnina og skorar eitt af tveim mörkum sínum í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** Valur vann öruggan sigur á FH í DHL-deild kvenna í gær þegar liðin mættust í Kaplakrika í gær. Lokatölur urðu 21-30 en Valsstúlkur gerðu út um leikinn í fyrri hálfleik.

Það var ljóst frá fyrstu mínútu leiksins í hvað stefndi, en Valsstúlkur náðu strax undirtökunum í leiknum. Vörnin hjá Val vann vel saman og í kjölfarið fylgdi góð markvarsla frá Jólöntu Slapikiene, sem varði tólf skot í fyrri hálfleik, og ógrynnin öll af hraðaupphlaupum.

FH liðið virtist missa fljótt dampinn í sínum leik, sóknir þess gengu ekki sem skyldi og þær réðu ekkert við hraðaupphlaup Valsstúlkna. Það var engu líkara en Linn Mångset væri með algjört skotleyfi í fyrri hálfleik því hún skaut án afláts en skoraði þó einungis tvö mörk í ellefu skotum sínum í fyrri hálfleiknum, sem er ótrúlegur árangur út af fyrir sig.

Valsstúlkur leiddu í hálfleik, 16-6, og allt stefndi í stórsigur gestanna. Leikurinn róaðist mikið í síðari hálfleik og það var eingöngu spurning um hve stór sigur Vals yrði. Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, tók á það ráð að leyfa stelpum sem sátu mestmegnis á bekknum í fyrri hálfleik að spreyta sig í þeim síðari og við það jafnaðist leikurinn.

Markamunurinn minnkaði þó lítið sem ekkert og hélst á bilinu níu til ellefu mörk. Þó að munurinn hafi verið mikill gáfust FH-stúlkur ekki upp og héldu áfram að sækja.

Leikurinn fjaraði þó út og níu marka sigur Vals varð staðreynd í leik þar sem gestirnir kláruðu leikinn í fyrri hálfleik með góðum varnarleik, markvörslu og hraðaupphlaupum.

„Ég átti von á FH-stelpunum grimmum og þær byrjuðu frekar slappar en þær gáfust ekkert upp og náðu góðum seinni hálfleik út úr þessu. Engu að síður þá erum við með betri mannskap og áttum að vinna þennan leik,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals sem var ánægður með fyrri hálfleikinn hjá sínu liði.

„Við vorum að spila fína vörn í fyrri hálfleik en svo kom smá losarabragur á þetta í seinni hálfleiknum. Það er stutt í næsta leik og við náðum að hvíla okkur ágætlega í seinni hálfleiknum,“ bætti Ágúst við.

„Það var fullt af jákvæðum hlutum í þessu, sérstaklega í síðari hálfleiknum. Stelpurnar gáfust ekkert upp en við töpuðum þessum leik á fyrstu 20 mínútunum. Mórallinn var mjög góður í seinni hálfleiknum og við sýndum að við getum þetta alveg,“ sagði Halldór Kristjánsson þjálfari FH eftir leikinn í gær. - dsd

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| FH-VALUR | 21-30 |

**Mörk FH (skot):** Ásta Agnarsdóttir 8/6 (8/6), Andrea Olsen 4 (12), Þóra Helgadóttir 3 (7), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (6), Linn Mångset 2 (11), Marianne Marx 1 (1), Hafdís Hinriksdóttir 1 (4).
**Varin skot:** Marit Grovdal 11, L. Miliauskaite 4.
**Fiskuð víti:** 6 (Þóra 3, Andrea 3).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Ásta, Andrea, Marianne).
**Utan vallar:** 0 mínútur.
**Mörk Vals (skot):** Ágústa Björnsdóttir 8/4 (12/4), Arna Grímsdóttir 5 (6), Alla Georgíusdóttir 5 (8), Hildigunnur Einarsdóttir 4 (5), Rebekka Skúladóttir 3 (4), Brynja Steinsen 2 (4), Sigurlaug Rúnarsdóttir 2 (5), Soffía Gísladóttir 1 (1).
**Varin skot:** Jólanta Slapikiene 13, Pavla Skavronkova 5.
**Fiskuð víti:** 4 (Hildigunnur 2, Ágústa, Katrín).
**Hraðaupphlaup:** 9 (Hildigunnur 3, Arna 2, Sigurlaug, Ágústa, Alla, Soffía).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

| | |
|---|---|
| AKUREYRI-GRÓTTA | 16-22 |
| FRAM-HK | 31-30 |

*Evrópukeppnin í körfu:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-GRAN CANARIA | 72-92 |

**Stig Hauka:** Helena Sverrisdóttir 25 (10 stoðs., 7 frák.), Ifeoma Okonkwo 16 (11 frák.), Sigrún Ámundadóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 6, Hanna Hálfdánardóttir 3, Guðrún Ámundadóttir 3, Bára Hálfdánardóttir 2, Unnur Jónsdóttir 2.

Larry Brown:

# Fær rúman milljarð

**KÖRFUBOLTI New York Knicks hefur samþykkt að greiða Larry Brown 1.258 milljónir vegna þess að félagið rak hann þegar Brown átti fjögur ár eftir af samningi sínum við félagið.**

**Knicks ætlaði sér stóra hluti er það réð Brown til starfa en hann stóð engan veginn undir væntingum og var strax rekinn. Undir hans stjórn vann Knicks 23 leiki en tapaði 59. Á þessu eina tímabili prófaði Brown 42 mismunandi byrjunarlið en árangur liðsins undir hans stjórn var sá slakasti frá árinu 1986.** - hbg


FÉLAG ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK,
KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS OG SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI

RÁÐSTEFNA UM FRAMLAG ELDRI BORGARA TIL SAMFÉLAGSINS

HALDIN Í KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS, STAKKAHLÍÐ
11. NÓVEMBER 2006

DAGSKRÁ

Kl. 13.00 Setning: Gísli Kjartansson
*formaður stjórnar Sambands íslenskra sparisjóða*
Kór Félags eldri borgara í Reykjavík
Ávarp: Bryndís Víglundsdóttir

Kynning á niðurstöðum rannsóknar: Ingibjörg H. Harðardóttir

Kl. 14.30 Kaffiveitingar

Kl. 15.00 Kynning á niðurstöðum rannsóknar: Amalía Björnsdóttir
Samantekt á niðurstöðum rannsóknar: Auður Torfadóttir
Ávarp: Margrét Margeirsdóttir
Kór Félags eldri borgara í Reykjavík

Kl. 16.30 Ráðstefnuslit: Gísli Kjartansson

*Allir sem telja sig málefnið varða eru velkomnir*
*Aðgangur er ókeypis*

FÉLAG ELDRI BORGARA · FEB
KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI




**BARÁTTA** Haukastúlkur gáfu ekkert eftir á Ásvöllum í gær en það dugði ekki til.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haukastúlkur hófu leik í Evrópukeppninni:

# Tuttugu stiga tap hjá Haukum gegn Canaria

**KÖRFUBOLTI** Fyrsti leikur Haukastúlkna í Evrópukeppninni fór fram á Ásvöllum í gær er Íslandsmeistararnir tóku á móti spænska liðinu Gran Canaria. Fyrirfram var ljóst að það yrði við ramman reip að draga enda spænska liðið mjög sterkt.

Spænska liðið tók strax völdin í leiknum og hafði sjö stiga forystu eftir fyrsta leikhlutann, 12-19. Þær spænsku héldu áfram að keyra á Haukastúlkur í öðrum leikhluta og þegar flautað var til leikhlés var munurinn fimmtán stig, 33-48.

Þessi munur hélst í þriðja leikhluta en þær spænsku bættu aðeins við sig í lokaleikhlutanum og lönduðu að lokum verðskulduðum 20 stiga sigri, 72-92.

Helena Sverrisdóttir átti stórleik hjá Haukunum með 25 stig, 10 stoðsendingar og 7 fráköst. Ifeoma Okonkwo var einnig sterk með 16 stig og 11 fráköst. - hbg

# Afnemum VSK

## af öllum húsgögnum

Álagður virðisaukaskattur á húsgögn á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti

## Auka afsláttur af völdum vörum

## allt að 40%

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Gildir til 12. nóvember



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

## > Angelina Jolie



Þessi frábæra leikkona fæddist 4. júní 1975 í Los Angeles. Eins og margir vita er hún dóttir leikarans Jons Voight og er í sambúð með Brad Pitt. Nýjustu fréttir herma að hún ætli að leika í myndinni Sin City 2 sem er áætlað er að komi út á næsta ári. einnig leikur hún í myndinni Hackers! sem er sýnd á Stöð 2 bíó í dag.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINNN ÞÓRARINNSON KANN GOTT AÐ META

# Góðir þættir á slæmum tíma

Sýningar á annari þáttaröð bandarísku gamanþáttanna Arrested Development eru byrjaðar á Stöð 2 og ekkert nema gott um það að segja. Manni finnst samt einhvern veginn að þessum frábæru þáttum mætti finna fínni stað í dagskrá stöðvarinnar en klukkan hálf ellefu á fimmtudagskvöldum.

Arrested Development eru með frumlegustu og fyndnustu gamanþáttum sem komið hafa frá Bandaríkjunum, höfuðvígi sjónvarpsmenningarinnar, um árabil og ættu því tvímælalaust að flokkast sem svokallað „primetime“ efni. Örlög þáttanna ytra voru þrátt fyrir þetta, illu heilli dapurleg þar sem þeir voru slegnir af nánast í miðjum þriðja árgangi. Hárfínn og klikkaður húmorinn var víst ekki alveg að skila sér til Kananns þannig að þótt Evrópubúar hafi tekið þáttunum opnum örmum runnu þættirnir sitt skeið of fljótt. Harmakvein og mótmæli dugðu ekki til að bjarga Arrested Development en við njótum þess á klakanum að þættirnir duttu seint í sjónvarp hér þannig að það er enn af nógu að taka.

Arrested Development eru án efa besta fjölskyldugrín frá því Löður var og hét og þættirnir minna um margt á þá eðalsápu enda eru persónurnar í báðum tilfellum svo kengsúrar að það er ekki annað hægt en kolfalla fyrir þeim.

Þá eru handrit þáttanna mikil listasmíð og samtöl persóna og tvíræðir orðaleikir eru meira að segja góðir á breskan mælikvarða. Og til þess að gera gott enn betra er hver leikarinn öðrum betri þannig að það leggst allt á eitt til þess að gera Arrested Development að fyrsta flokks sjónvarpsefni. Væru þessir þættir ekki búnir að vera fáanlegir á DVD um nokkurt skeið væri óverjandi að sýna þá ekki á besta tíma á laugardagskvöldum.



**MICHAEL BLUTH** Situr uppi með að geta ekki valið sér ættingja og er eini meðlimur Bluth-fjölskyldunnar sem er nokkurn veginn í lagi.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Punk´d MTV



▶ **20.00** Envy STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Scissor Sisters SIRKUS



▶ **21.45** Rock Star SJÓNVARPIÐ



▶ **23.15** Masters Of Horror SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir (9:18)** (Disney's Little Einsteins)
**18.25 Ungar ofurhetjur (3:26)** (Teen Titans I)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Babel** (Babel) Frönsk/kanadísk ævintýramynd frá 1999. Frá örófi alda hafa Babelar gætt jarðarinnar en nú þurfa þeir hjálp mannfólksins til að bjarga heiminum. Leikstjóri er Gérard Pullicino og meðal leikenda eru Mitchell David Rothpan, Maria de Medeiros og Tchéky Karyo.
▶**21.45 Rokkstjarnan** (Rock Star) Bandarísk bíómynd frá 2001. Söngvara í hljómsveit sem flytur lög eftir aðra listamenn býðst að ganga í uppáhaldshljómsveitina sína. Leikstjóri er Stephen Herek og meðal leikenda eru Mark Wahlberg og Jennifer Aniston.
**23.30 15 mínútur** (15 Minutes) Bandarísk spennumynd frá 2001. Lögreglan í New York á í höggi við tvo austurevrópska glæpamenn sem taka kvikmyndir af ódæðum sínum og reyna að koma þeim að hjá sjónvarpsstöð. Leikstjóri er John Herzfeld og meðal leikenda eru Robert De Niro, Edward Burns, Kelsey Grammar, Avery Brooks, Charlize Theron, Kim Cattrall og Melina Kanakaredes. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**1.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Envy**
**8.00 Kangeroo Jack**
**10.00 Hackers**
**12.00 Owning Mahowny**
**14.00 Kangeroo Jack**
**16.00 Hackers**
**18.00 Owning Mahowny**
▶**20.00 Envy**
**22.00 To Kill a King**
**0.00 Independence Day (e)**
**2.20 The North Hollywood Shoot-Out**
**4.00 To Kill a King**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir)Leyfð öllum aldurshópum.
**9.20 Í fínu formi 2005** (Í fínu formi 2005)
**9.35 Oprah (119:145)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir** (samsending með NFS)
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina).
**13.50 Valentína**
**14.35 Extreme Makeover: Home Edition (17:25)**
**16.05 Skrímslaspilið**
**16.25 Nýja vonda nornin** Leyfð öllum aldurshópum.
**16.45 Engie Benjy**
**16.55 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)Velkomin til Springfield. Simpson-fjölskyldan eru hinir fullkomnu nágrannar. Ótrúlegt en satt.
**17.20 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir)Leyfð öllum aldurshópum.
**17.45 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons - NÝTT (21:22)**
**20.30 Freddie (8:22)** (Dollars And No Sense) Nýir gamanþættir með Freddie Prinze Jr. í aðalhlutverki. Í þáttunum leikur hann ungan og kvensaman meistarakokk sem lendir í þeirri vandræðalegu stöðu að þurfa að búa með þremur eldri konum; ömmu sinni og frænkum - með spaugilegum afleiðingum.
**20.55 Cheaper by the Dozen**
**22.35 Balls of Steel (1:6)** (Fífldirfska) Ferskir og fjörlegir breskir skemmtiþættir í anda bandarísku Jackass og íslensku Strákanna þar sem allt gengur út á fífldirfskuna. Hvað eru menn tilbúnir að leggja mikið á sig fyrir athyglina? Hversu fáránleg met eru menn tilbúnir að slá fyrir það eitt að komast að í þessum geggjaða skemmtiþætti.
**23.15 The Hulk** Bönnuð börnum.
**1.30 The Ladykillers** Bönnuð börnum.
**3.10 The Simpsons**
**3.35 Ísland í bítið e**
**4.55 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Sigtið (e)**
**15.00 The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir.
**15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e**
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Gegndrepa (e)** Ný, íslensk þáttaröð þar sem barist er með vatn að vopni. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna.
**20.10 Surface**
**21.00 The Biggest Loser**
**21.55 Law & Order: Criminal Intent** Fjögur ungmenni deyja þegar bíll þeirra verður fyrir lest og í fyrstu virðist sem þau hafi framið sjálfsmorð.
**22.45 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gamansería.
▶**23.15 Masters of Horror** Hrollvekja kvöldsins kallast Chocolate en leikstjóri hennar er Mick Garris. Einmana og þunglyndur ungur maður fer að upplifa undarlega hluti sem tengjast fallegri ungri konu sem hann hefur aldrei hitt áður. Aðalhlutverkið leikur Henry Thomas (strákurinn úr E.T.). STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**0.05 Sigtið (e)** Íslensk gamansería um vonlausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson.
**0.35 C.S.I: Miami (e)** Bandarísk sakamálasería.
**1.35 Close to Home - Ný þáttaröð (e)** Bandarísk sakamálasería.
**2.35 C.S.I: New York (e)** Bandarísk sakamálasería.
**3.25 Beverly Hills 90210 (e)**
**4.10 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi.
**20.00 Wildfire** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**21.00 Scissor Sisters - Live from London** Sirkus sýnir frá tónleikum Scissor Sisters sem fram fóru á Trafalgar Square í London þann 16. september síðastliðinn. Hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur. Sú fyrri, „Scissor Sisters“ kom út fyrir tveimur árum og sló hún strax í gegn. Nú í haust gaf hljómsveitin síðan út sína aðra breiðskífu, „Ta Dah“ og fór sú plata beint á toppinn um alla Evrópu.
**22.00 8th and Ocean (e)**
**22.30 The Newlyweds (e)**
**23.00 South Park (e)**
**23.30 Chappelle/s Show (e)**Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
**0.00** Sirkus Rvk (e)
**0.30 Pepper Dennis - NÝTT (1:13) (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
**1.15 X-Files (e)**
**2.00 Hell´s Kitchen (e)**
**2.45 Entertainment Tonight (e)**
**3.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Tottenham - Chelsea (frá 05. nóv)**
**16.00 West Ham - Arsenal (frá 05. nóv)**
**18.00 Upphitun**
**18.30 Liðið mitt (e)**
**19.30 Liverpool - Reading (frá 04. nóv)**
**21.30 Upphitun**
**22.00 Enski boltinn**
**0.00 Dagskrárlok**




Gefðu þér góðan tíma

Byrjaðu snemma og njóttu þess að undirbúa jólin í rólegheitunum

**Nýtt kortatímabil**

Opið til 19 í dag og 10–18 á morgun

Kringlan

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.55**

### CHEAPER BY THE DOZEN



Vinsæl gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Steve Martin í hlutverki fjölskylduföður sem á hvorki fleiri né færri en tólf börn. Þegar hann fær draumastarfið, að þjálfa stórt fótboltalið, þarf stórfjölskyldan að flytja úr smábænum í borgina. Á sama tíma rætist draumurinn einnig hjá konu hans og móður barnanna þegar hún fær bók eftir sig útgefna. En það þýðir að hún þarf að fara í burtu til að kynna bókina og pabbi gamli neyðist því til að vera í fyrsta sinn einn heima og hugsa um ólátabelgina tólf – sem er ærið verk, svo ekki sé fastar að orðið kveðið. Og ekki bætir úr skák að pabbi gamli er ekkert lítið klaufskur. Aðalhlutverk: Steve Martin, Bonnie Hunt, Piper Perabo. Leikstjóri: Shawn Levy.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ THE KING OF QUEENS Á SKJÁ EINUM KL. 15.00

Skjár einn heldur áfram að sýna þessa frábæru gamanþætti um líf Doug Hefferman, pabba hans, Arthur, og eiginkonuna hans, Carrie, í Queens-hverfinu í New York. Núna þegar þetta er skrifað er þegar búið að framleiða átta seríur af þessum þætti og fleiri eru víst á leiðinni. Það er greinilegt að fólk vill fylgjast með ævintýrum Dougs, það er ekki spurning.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Flakk **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Stórt í smáu **20.10** Síðdegi skógarpúkanna **21.05** Út um víðan völl: Ljóð og lag **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.05 Íþróttahetjur**

**18.30 US PGA** í nærmynd (US PGA 2006 - Inside the PGA Tour) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér fáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**18.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem farið er allar íþróttir eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjöldamörg ár við miklar vinsældir.

**19.25 Spænski boltinn - upphitun** Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast, hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið, viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.

**19.50 X-Games 2006 - þáttur 1**

**20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07)Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**21.15 KF Nörd (11:15)** Logi Ólafsson þjálfari Nördana grípur á það ráð að senda Nördana í sveit. Þar sem Nördarnir hafa fengið stjórnumeðferð að undanförnu grípur Logi á það ráð að koma þeim niður á jörðina. Puða þeir og strita í íslensku bændasamfélagi og þar sem þeir eru þangað komnir er ekki úr vegi að leika knattspyrnu við sanna karlmenn úr sveitinni.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker**

**23.30 Pro bull riding (Kansas City, MO - Cabela´s Classic)**

**0.25 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu.

**1.00 NBA 2005/2006 - Regular Season (New Jersey - Miami)**

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Det var kattens **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Teenagetesten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Mr. Nice Guy **20.00** TV Avisen **20.30** Lige på kornet **22.35** Pansernæven **0.20** Boogie Listen

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt 1**2.05** Langrenn: Sprint, kvinner og menn **13.00** Siste nytt **13.05** Langrenn: Sprint, kvinner og menn **14.00** Siste nytt **14.05** Langrenn: Sprint, kvinner og menn **14.15** Anne fra Bj¢rkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.35** Gnottene - musikkvideo **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synn¢ve **19.55** Nytt på nytt **20.25** F¢rst & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.05** Espen, Kurt, Alejandro og Askil **0.10** Usett: Hilsen Norge

## SVT 1

**11.05** På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Mamma, pappa, barn **21.40** Mäklarna **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** To End All Wars **0.25** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fær Sandra Birgisdóttir fyrir framtakssemi sína og drifkraft, en í næstu viku keppir hún á heimsmeistaramóti í pool, fyrst Íslendinga.*



**LÁRÉTT 2** teikning af ferli, **6** píla, **8** for, **9** neitun, **11** óreiða, **12** gera kunnugt, **14** hvæsa, **16** skóli, **17** tillaga, **18** heyskaparamboð, **20** tveir eins, **21** glufa.

**LÓÐRÉTT 1** tónlistartegund, **3** guð, **4** nískupúki, **5** titill, **7** sakamálasaga, **10** utan, **13** nálægt, **15** tigna, **16** sægur, **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** graf, **6** ör, **8** aur, **9** nei, **11** rú, **12** kynna, **14** fnæsa, **16** ma, **17** ráð, **18** orf, **20** ll, **21** rifa.

**LÓÐRÉTT: 1** fönk, **3** ra, **4** aurasál, **5** frú, **7** reyfari, **10** inn, **13** nær, **15** aðla, **16** mor, **19** ff.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Frjálslyndi flokkurinn
2. Demókrataflokkurinn
3. Britney Spears


PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Sheraton Real de Faula
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

Tottenham–Wigan
+ 24.–27. nóv. 58.900 kr.
Önnur ferð Tottenham-klúbbsins á Íslandi. Sú fyrri var afar vel heppnuð og er engin ástæða til að ætla að svo verði ekki þegar Spurs taka á móti Wigan. Heimamenn ætla sér sigur og ekkert annað á White Hart Lane. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 3 nætur, íslensk fararstjórn og miði á leikinn.

Berlín í jólaundirbúningi
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

George Michael
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.

Aðventuferð til Trier
– 8.–11. des. 59.900 kr.

Chelsea–Arsenal
– 9.–11. des. 69.900 kr.

Arsenal–Portsmouth
– 15.–17. des. 59.900 kr.

Óli Palli og The Pogues
+ 16.–18. des. 59.180 kr.
Keisari Rokklands á Rás 2, Óli Palli, ætlar að sjá um Rokklandsferðir Express Ferða í vetur. Í desember fer Óli Palli með góðan hóp til London og verður farið á tónleika með The Pogues. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði, rúta til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og miði á tónleikana.

Arsenal–Man. City
– 30.–31. jan. 54.900 kr.

Liverpool–Everton
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Skeggbylgja meðal íslenskra karlmanna

Sífellt fleiri íslenskir karlmenn eru skeggjaðir. Þetta er sérstaklega algengt meðal þekktra Íslendinga en almennt má segja að komið sé í tísku að vera með skegg. Logi Bergmann Eiðsson var með þeim fyrstu sem reið á vaðið og í kjölfarið birtist Haukur Hólm með myndarlegt skegg. Fleiri virðast vera að bætast í hópinn.

Hárgreiðslumaðurinn Gummi á Mojo segist verða meira var við að karlmenn safni skeggi. „Það er einhver Baltasars-fílingur í gangi," segir Gummi og vísar þar til leikstjóra Mýrarinnar sem ósjaldan skartar myndarlegu alskeggi. „Þetta er nú líka veðurtengt enda eru menn síður með skegg þegar sól er hátt á lofti," bætir hann við.

Misjafnt er hvort menn safni skeggi starfs síns vegna, eins og fjölmargir leikarar, eða einfaldlega til að hressa upp á útlitið. Meðal annarra kunnra skeggapa má nefna Daníel Ágúst Haraldsson og Ingvar E. Sigurðsson.

Guðmundur segir jafnframt að skeggið geti verið karlmennskudæmi en ekki sé mikið um sítt skegg. „Sumir hafa kannski verið önnum kafnir, ekki nennt að raka sig og svo líkað vel við það sem þeir sáu í speglinum. „Ég veit það líka af eigin reynslu að þegar maður tekur sköfuna fram og lætur skeggið fjúka lítur þú út eins og tólf ára drengur," segir Gummi og því gæti hér verið um ráð til að sýnast ábyrgðarfyllri. „Ég veit um lækni sem safnaði alltaf skeggi áður en hann fór á fundi hjá stjórnendum spítala til að sýnast grimmari," bætir Gummi við. **-fgg**



**LOGI BERGMANN** Reið á vaðið hjá fjölmiðlamönnum og lét skeggið vaxa.

**BALTASAR KORMÁKUR** Skeggið hans er orðið að tískutákni hjá íslenskum karlmönnum.

**GUMMI Á MOJO** Segir skeggið geta verið merki um karlmennsku og vald.

**ATLI TÝR ÆGISSON:** VILL AÐ JÓLIN BYRJI Á RÉTTUM TÍMA

# Segir snemmbúnum jólaundirbúningi stríð á hendur

Mörgum blöskrar að jólaskreytingar skuli vera komnar upp, jólalög fari bráðum að hljóma á öldum ljósvakans og jólin séu hreinlega komin í byrjun október eða miðjan nóvember. Atli Týr Ægisson hefur opnað netsíðuna atli.askja.org/jol/ þar sem hann birtir nöfn þeirra fyrirtækja sem hafa gerst sek um að flýta öllu því sem tengist jólunum. „Ég er ekki beint að mótmæla jólunum heldur frekar ótímabærum jólaundirbúningi," segir Atli en þetta er þriðja árið í röð sem hann hefur þennan háttinn á og hefur síðan notið mikilla vinsælda en þar geta gestir fengið afnot af borða sem á stendur. „Jólin mín byrja í desember – jól á réttum tíma". Á heimasíðunni segir Atli að þessi ótímabæri jólaundirbúningur spilli fyrir hinum alvöru jólum og að margir séu hreinlega orðnir dauðþreyttir á þeim þegar þessi hátíð ljóss og friðar gengur í garð.

Meðal þeirra fyrirtækja sem nefnd eru á listanum má nefna Kringluna sem Atla telst til að hafi verið skreytt með jólaskrauti í lok október og IKEA sem hóf að selja jólavörur 12. október. „Þetta er svolítið þreytandi," segir Atli. „Menn mættu svona aðeins fresta þessu fram til loka nóvember eða byrjun desember," bætir Atli við og segist ekki ætla að versla við þau fyrirtæki sem hafi þennan háttinn á, að flýta jólunum. Hann segist þó ekki vita til þess að útvarpsstöðvar séu farnar að spila jólalög en það styttist örugglega í það.

Atli er ekki sá eini sem berst gegn þessari þróun því sambærileg samtök má finna í Noregi sem heita „Gi oss jula tilbake" eða Gefið okkur jólin aftur og er þar harðlega mótmælt þeirri brjáluðu efnishyggju sem fylgi jólahaldi. Á Íslandi eru jafnframt samtökin um gleðileg jól starfrækt í Hafnarfirði en þar eru bæjarstarfsmenn í óða önn að koma upp jólaskreytingum þótt ekki hafi verið kveikt á þeim. Atli stundar söngnám við Tónlistarskólann í Hafnarfirði hjá Guðlaugi Viktorssyni og segist söngvarinn ekki vera farinn að æfa jólalögin. „Ekki enn í það minnsta," segir hann og hlær.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**ATLI TÝR** Ætlar að sniðganga þau fyrirtæki sem hafa gert sig sek um að hefja jólaundirbúningin of snemma.



**JÓLASKRAUT** Að mati Atla eru margir orðnir dauðþreyttir á jólunum þegar þau loksins ganga í garð.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Barneignir breyta lífi fólks til mikilla muna. Því fékk plötusnúðurinn **Sóley Kristjánsdóttir** að kynnast þegar hún eignaðist fyrsta barn sitt fyrir skemmstu. Sóley hafði um nokkurt skeið átt óvenjulegt gæludýr sem hún kunni afar vel að meta. Sóley átti langa, rauðleita slöngu sem átti það til að sleppa úr búri sínu og valsa um íbúð Sóleyjar. Ekki þótti öruggt að nýfædd dóttir Sóleyjar og slangan væru á sama heimili og því varð dýrið að fara.



Sjálfur meistari ljósvakans, **Ingvi Hrafn Jónsson**, er farinn að blogga. Ingvi Hrafn er staddur á Key Largo á Flórída í „Hrafnaþingssumarfríi" eins og hann kallar það. Hann undirbýr nú opnun vefsjónvarps eins og Fréttablaðið hefur greint frá en í millitíðinni bloggar hann á blog.central.is/hrafnathing og fer mikinn í fyrstu færslu sinni. Hann hælir **Davíð Oddssyni** sem miklum manni en er um leið með umvöndunarorð fyrir forsætisráðherrann fyrrverandi. „Það sem veldur mér hugarangri, er að þessi ágæti maður virðist hafa gleymt því að hann er hættur stjórnmálaafskiptum. Mér sýnist hann vera þungt haldinn af fráhvarfseinkennum eftir að hafa verið óskasveinn þjóðarinnar í aldarfjórðung. Hann er að búa sér til einhvers konar yfirforsætisráðherraembætti og notar stýrivaxtauppistönd til að gagnrýna eftirmann sinn til hægri og vinstri. Gersamlega óþolandi," skrifar Ingvi Hrafn. **-hdm**



# Egill telur að sér vegið á Stöð 2

„Þetta er rétt, ég er mjög ósáttur," segir Egill Helgason, stjórnandi Silfurs Egils.

Á bloggsíðu Steingríms Sævarrs Ólafssonar er því haldið fram að Egill sé afskaplega ósáttur við það hversu lítils stuðnings Silfrið nýtur meðan allt er lagt í nýjan þátt, Pólitík, sem fjallar um hliðstætt efni og Egill hefur haft til umfjöllunar. Egill sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa lesið blogg Steingríms en svo virðist sem bloggarinn fari býsna nærri um sannleikann.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar tvö, vildi ekki tjá sig um málið á þessu stigi utan þess sem hann sagðist ekki kannast við neina óánægju af hálfu Egils. Hann bætti einnig við að öll samtöl sín við starfsmenn Stöðvarinnar væru trúnaðarmál.

Egill vildi ekki staðfesta neitt í þá veruna að hann væri á leið frá 365 enda væri enn ýmislegt á huldu um hvernig málum yrði háttað.

Ljóst er að ef Egill hættir á Stöð 2 er sjónvarpsstöðin búin að missa öflugan mann nú þegar kosningar eru á næsta leiti enda fáir jafnvel inni í þeirri kosningabaráttu sem nú er hafin og Egill Helgason. **- fgg**



**SIGMUNDUR ERNIR** Vildi ekki tjá sig og sagði öll samtöl sín við starfsmenn stöðvarinnar vera trúnaðarmál.



**EGILL HELGASON** Ósáttur á Stöð 2 og er sagður íhuga að hætta.

HRINGUR TANKADOS EFTIR DAN BROWN

# FRÁ HÖFUNDI DA VINCI LYKILSINS

## ÓUMDEILDUR MEISTARI HINNAR ÚTHUGSUÐU SPENNUSÖGU

„Heimurinn sem Hringur Tankados lýsir er því miður ekki fjarri raunveruleikanum.“
**MacDonnell Ulsch**, forstjóri Öryggisráðs Bandaríkjanna




SELD Í MEIRA EN 1.000.000 EINTÖKUM

Þýðandi: **Anna María Hilmarsdóttir**

BJARTUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## *Gamla fegurðardrottningin*

ÞRÁ okkar eftir því að vera konungdæmi kristallast í einskærum áhuga á gömlum fegurðardrottningum. Sú sem einu sinni hefur verið Ungfrú Ísland, Ungfrú Norðurland, Ungfrú heimur, á glæsilegan feril vísan á forsíðum glanstímarita og við ritun sjálfsævisagna það sem eftir er.

**ÞAÐ** er sama hvað þeir líta stórt á sig Jónarnir Ársælarnir, Reynarnir Traustasynir eða Jónasarnir Jónassynir, allir breytast þeir í gapandi drengi sem sitja við fótskör gamalla fegurðardrottninga og drekka af þeirra, að því er virðist, ótæmandi viskubrunni.

**ALLAR** þær viðtalsbækur sem gefnar hafa verið út um gamlar fegurðardrottningar fylla heila deild á Borgarbókasafninu. Sama hvernig tíðin er, uppsveifla eða samdráttur, gamla fegurðardrottningin selur alltaf.

**GAMLA** fegurðardrottningin stendur oftar en ekki á krossgötum. Hún skilur oftar en aðrar konur. Hún hefur lag á að koma sér fyrir í miklu fíneríi í útlöndum og er dugleg við að miðla okkur sýn Íslendingsins sem býr erlendis.

**REYNDAR** er sjálfsbjargarviðleitni gömlu fegurðardrottningarinnar aðdáunarverð. Þó hún sé skilin eftir, jafnvel einstæð móðir, atvinnulaus og gömul, hefur hún alltaf efni á að keyra um á Benz og búa í rándýru einbýlishúsi þar sem hún segist vera að rækta garðinn sinn.

**HÚN** á oftar en ekki erlendan, dularfullan en góðan vin, sem sér henni fyrir háum lifistandard og veitir henni tækifæri á að ferðast um heiminn í leit að sjálfri sér.

**ÞESSARI** gömlu fegurðardrottningu trúum við og treystum í einu og öllu, líkt og hún væri okkar eigin móðir. Við kaupum tímaritin með viðtölum við hana og gleypum í okkur visku hennar um lífið, hvernig hún féll og reis upp aftur, hvernig hún hefur komist að því hve hverfult lífið er og að við eigum að passa okkur á þeim ljónum sem á vegi okkar geta orðið.

**ÚT** frá þessari visku gömlu fegurðardrottningarinnar sofnum við værum svefni, eins og mamma hafi lesið fyrir okkur sögu og farið með bænirnar á rúmstokknum. Við trúum engu slæmu upp á gömlu fegurðardrottninguna. Hún er okkar fjallkona. Hún er okkar María mey.


Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar
og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

